

**Fornleifaskráning í Árneshreppi I:
Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsfjarðar**



Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson



Fornleifastofnun Íslands
FS221-02052
Reykjavík
2003

*Forsíðumynd er af rústum Fagrahvamms (Eyðishúsa) St-020:002. Myndina tók
Oddgeir Hansson.*

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

1. INNGANGUR	4
2. LÖGGJÖF UM MINJEVERND	5
3. FYRRI ATHUGANIR Í HREPPNUM	6
4. FORNLEIFASKRÁ	8
ST-009 Gjögur	8
ST-010 Reykjanes	23
ST-011 Ávík minni	32
ST-012 Ávík meiri	42
ST-013 Finnbogastaðir	52
ST-014 Bær	60
ST-015 Árnes	68
ST-016 Melar	79
ST-017 Norðurfjörður	83
ST-018 Krossnes	88
ST-019 Fell	97
ST-020 Munaðarnes	101
ST-021 Eyri	109
ST-022 Ingólfsfjörður	114
5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ	119
Bæjarhólar og bæjarstæði	119
Kirkjur og mannabein	122
Verbúðir	123
Sel og beitarhús	125
Stekkir og kvíar	126
Mótekja	127
6. NIÐURSTÖÐUR	127
HEIMILDASKRÁ	130
Viðauki: Óstaðsetjanlegir minjastaðir úr fornleifaskrá Hunter College	139
Kortaskrá	
Kort 1: Yfirlit yfir fornleifar og landamerki	132
Kort 2 : Gjögur og Reykjanes	133
Kort 3: Litla- og Stóra-Ávík	134
Kort 4: Finnbogastaðir, Bær og Árnes	135
Kort 5: Melar	136
Kort 6: Norðurfjörður, Krossnes og Fell	137
Kort 7: Ingólfsfjörður, Eyri og Munaðarnes	138

1. Inngangur

Sumarið 2002 fór fram fyrri áfangi fornleifaskráningar í Árneshreppi á Ströndum. Þessi skýrsla fjallar um afraksturinn, fornleifar á 14 bæjum á svæðinu milli Gjögurs og Ingólfsfjarðar. Ragnar Edvardsson safnaði heimildum um fornminjar í Árneshreppi öllum.¹ Samkvæmt skýrslu hans voru 815 minjastaðir í hreppnum, þar af 422 á svæði því sem hér er fjallað um. Við vettvangsvinnu fjölgaði minjastöðum um 40 og voru því samtals 462 eða að meðaltali 33 á jörð. Síðari áfangi fornleifaskráningar í hreppnum fer fram sumarið 2003.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu með einni undantekningu þó, kafli um byggðasögu verður ekki birtur fyrr en með seinni skýrslu að ári liðnu. Áhugasömum skal bent á 2. kafla í skýrslu Ragnars sem er yfirlit um sögu byggðar í Árneshreppi. Annars er uppbygging skýrslunnar á þennan veg: Fyrst er í stuttu máli sagt frá löggjöf um minjavernd (2. kafli) og þá kemur kafli um fyrri fornleifarannsóknir á svæðinu (3. kafli). Í kjölfar hans fylgir skrá yfir fornleifar (4. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á öllu svæðinu (6. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða.

Um vettvangsvinnu sáu Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson. Birna skráði minjar á Gjögri, Reykjanesi, í Litlu- og Stóru-Ávík og hluta Árness. Oddgeir skráði á Eyri, í Munaðarnesi, á Felli, Melum og í Norðurfirði. Uggi skráði minjar á Finnbogastöðum, Bæ, Krossnesi og í Ingófsfirði. Birna sá um ritstjórn, skýrsluskrif, kortagerð o.fl. Verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar, fornleifafræðings. Heimildamönnum öllum í Árneshreppi er þakkað

¹ Ragnar Edvardsson 2002.

fyrir hlýjar móttökur og ómetanlega aðstoð. Sérstakar þakkir fá Gunnsteinn Gíslason fyrir veitt húsaskjól og margvíslega hjálp og Haukur Jóhannesson sem las yfir hluta skýrslunnar.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

3. Fyrri athuganir í hreppnum

Margþættar fornleifaathuganir fóru fram í Árneshreppi á árunum 1988-1991. Voru þær gerðar í tengslum við umfangsmikið verkefni sem bar yfirskriftina „The Icelandic paleoeconomy project“. Að því komu vísindamenn frá ýmsum löndum. Markmiðið með verkefninu var að varpa ljósi á samspil manns, sjávar og náttúru, og lifnaðarhætti Strandamanna á miðöldum.

Grafið var á tveimur stöðum: í Akurvík, við merki Reykjaness og Gjögurs og í gamla bæjarhól Gjögurs. Lokaniðurstöður hafa enn ekki birst á prenti og hér er því stuðst við framvinduskýrslu.² Tóftirnar í Akurvík voru í mikilli hættu vegna sjávarrofs og sást vel í mannvistarlög í rofabakka þegar rannsóknin hófst. Þau voru kortlögð og í uppgreftinum var lögð áhersla á að skoða gerð mannvirkjanna í bakkanum en ekki var grafið nema að takmörkuðu leyti ofan í þau. Tóftirnar reyndust vera af verbúðum og fundust alls leifar 7 misgamalla búða sem byggðar voru hver ofan í aðra. Tvö búsetuskeið voru tímasett með kolefnisgreiningu á dýrabeinum. Því fyrra lauk á 13. öld en hinu síðara á þeirri 15. Töluvert kom upp af gripum sem oft finnast í mannabústöðum, t.d. krítarpípum. Það var álit vísindamanna sem stóðu að rannsókninni að frekari kannana væri þörf í Akurvík en ekki hefur þó orðið af þeim enn. Í bæjarhólnum á Gjögri var grafið upp úr súrheysgryfju sem gerð hafði verið

² Sjá: McGovern & Amorosi 1992.

snemma á 20. öld. Fljótlega kom í ljós að hóllinn samanstendur að mestu af upphlöðnum ösku- og ruslalögum. Í honum fannst mikið af dýrabeinum sem geta gefið ómetanlegar upplýsingar um þróun búskapar og atvinnuhátta á Gjögri. Sem dæmi má nefna að í neðstu lögunum var mikið af beinum úr óvenju stórum þorski og selabeinum en þegar ofar dró urðu fiskbeinin smærri auk þess sem þeim fækkaði í hlutfalli við bein úr húsdýrum. Töluvert fannst af gripum eða brotum úr gripum og þóttu tveir þeirra, brot úr beinkambi og klébergsbrot, benda til langrar búsetusögu á staðnum, e.t.v. allt frá 10. öld. Gefur þetta góð fyrirheit og ljóst að fullnaðarrannsókn á bæjarhólnum gæti skilað ómetanlegum niðurstöðum.

Gögn um fornleifaskráningu sem gerð var í Árneshreppi á þessum tíma hafa aldrei verið fullunnin og eru einungis varðveitt í dagbókum í Hunter College, New York. Skráðir voru 75 staðir, langflestir á Gjögri, Reykjanesi og Ávíkurbæjunum, þá aðallega á Ávíkurdal. Ragnar Edvardsson fór yfir gögnin þegar hann safnaði heimildum um minjar í hreppnum. Í skýrslu hans segir:


Taka verður fram að 1990 voru minjastaðirnir ekki staðsettir með hnitum, og skráningarnar oft gerðar af fólki sem ekki var staðkunnugt þannig að oft leikur talsverð óvissa á um hvar viðkomandi staður er og ekki víst að allsstaðar hafi tekist að flokka staðina rétt á jarðir.³

Það kom glögglega í ljós við upphaf skráningar 2002 að upplýsingarnar frá 1990 eru almennt mjög takmarkaðar og óljósar og ollu þær töluverðum heilabrotum við vettvangsvinnu. Suma staðanna var unnt að finna aftur og þá var þeim lýst upp á nýtt, hnit tekin og rústir teiknaðar upp. Fjölda staða eða alls 27 var hins vegar ekki unnt að staðsetja eða bera kennsl á út frá fyrirbyggjandi upplýsingum. Langflestar þessara minja eru litlar tóftir eða gryfjur sem gætu af takmörkuðum lýsingum að dæma tengst torfristu, móskurði og heyskap. Listi yfir þessar óstaðsetjanlegu minjar er birtur í viðauka aftan við skýrsluna, sjá bls. 139.

³Ragnar Edvardsson 2002, 3

4. Fornleifaskrá

Fjallað er um hverja fornleif í skránni eins og dæmið hér að neðan sýnir:



ST-009 Gjögur

Dýrleiki 4 hundruð. "Þann tíma kom hallæri svá mikit á Ísland, at ekki hefir jafnmikit komit. Þá tók af nálíga allan sjávaraflla ok reka. Þat stóð yfir í mörg ár.... Þorsteinn hét maður, er bjó á Reykjanesi... Einarr hét sá maður, er bjó at Gjögru. Hann var landseti Kaldbeklinga ok skyldi geyma reka þeirra þeim megin fjarða..." (Grettis saga Ásmundarsonar, kaf.9, bls. 24)
Tún 1.3 ha. 1917. 1/2 slétt.


ST-009:001 Gjögur bæjarhóll bústaður

65°59.274N 21°21.103V

"Stærsti hóll í túninu nefnist Hjallhóll [011]. Rani tekur við af honum lægri en hóllinn en nokkru hærri en Andrésarflöt, sem liggur milli sjávar og Rana. Bæjarhóll var við bæinn," segir í örnefnalýsingu. Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum, eru skráð munnmæli eftir Tryggva Sigurlaugssyni frá Grænhól: "Munnmæli herma að bærinn á Gjögru hafi upphaflega verið í Akurvík [043] en síðan verið fluttur suður á Hvítsanda, þá á Djúpubúðarhóla [008] Og að lokum að Gjögru. Sagan gæti í raunveruleikanum verið eitthvað á þá leið að þeir sem fyrstir settust þarna að hafi valið Akurvík vegna þess hve skammt er þaðan á fiskimið en er á reyndi hentaði lendingin ekki og bærinn og verbúðirnar voru færð. Gæti ekki verið að minni um upphaflegt val bæjarstæðis geymist í þessari sögu?" Geysistór hóll er á Gjögru, beint norðan og norðvestan við gamla Gjögurbæinn, en það er steinhús. Bærinn var færður af bæjarhólnum um 1860 og þá byggður fast austan við staðinn þar sem steinhúsið stendur (sjá 027). Hluti bæjarhólsins, þar sem hann rís hæst, var nefndur Hjallhóll og líklegt að þar hafi verið reistur hjallur eftir að bærinn var fluttur af hólnum. Norðan og austan við hólinn eru sléttuð tún, nú hólftuð í 3-4 beitarstykki. Sunnan við hólinn er gamla íbúðarhúsið á Gjögru sem áður var getið sem nú er haft til sumardvalar auk gamals bárujármsklædds fjárhúss og skúra sem eru að hruni komnir. Bæjarhóllinn er alls 80 x 50 m stór og liggur austur-vestur. Vesturhluti hans er lægri og að hluta aðskilinn frá þeim eystri með dálitilli dæld. Að norðan er hóllinn allt að 4-5 m hár og þar eru í honum nokkrar dældir, ein þeirra er eftir súrheysgryfju. Árið 1990 könnuðu tveir bandarískir prófessorar, Thomas McGovern og Thomas Amorosi, mannvistarlög í hólnum. Verkið var unnið í tengslum við stærra verkefni í Ármeshreppi, The Icelandic Paleoeconomy Project. Aðeins var grafið upp úr áður nefndri súrheysgryfju sem gerð hafði verið í hólinn á 20. öld og því aðeins lítill hluti bæjarhólsins skoðaður. Mannvistarlögin reyndust geysipykk og full af brenndum beinum, öskulögum, veggjaleifum o.fl. Mikið var um dýrabein í ruslalögnum. Var athyglisvert að í eldri lögum voru sela- og fiskbein í miklum meirihluta og fiskbeinin flest úr mjög stórvöxnum þorski. Í yngri lögum, ofar í haugnum, var einnig mikið um fiskbein en úr mun minni þorskum. Þá voru selabein fá en töluvert fannst af beinum úr húsdýrum, t.d. kindum. Breytingar á búskaparháttum sjást því mjög glögg á úrgangi sem þessum. Nokkuð fannst af gripum í bæjarhólnum. Tveir þeirra, brot úr beinkambi og klébergsbrot benda til langrar búsetu á Gjögru, jafnvel allt frá því á 10. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gjögur, 6; Túnakort frá 1917; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 31; McGovern og Amorosi 1992



ST-009:002 *Krókvör* heimild um lendingu

65°59.271N 21°21.248V

"Landamerkjálækur milli Kjörvogs og Gjögurs rennur út í Brandsvík. Brandsvíkurklettur var sunnanvert við víkina en er nú horfinn vegna hafnarbóta. Fram af honum var mikil flúra. Nú er þar bryggja. Sunnan við hana er Krókvör," segir í örnefnalýsingu. Krókvör er vikið sunnan við núverandi bryggju á Gjögri. Vik í klettótta strönd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Gjögur, 1**ST-009:003** *Hjálmarsvör* heimild um lendingu

65°59.265N 21°21.241V

"Sunnan við hana [bryggjuna] er Krókvör [002]. Við hlið hennar er Hjálmarsvör. Sameiginleg innsigling er í varimar, en síðan er beygt á bakborða inn í Krókvör, sem er krókmynduð. Hjálmarsvör er kennd við Hjálmar, föður Sörla [Hjálmarssonar, f. 1902] sem bjó hana til um 1910," segir í örnefnalýsingu. Hjálmarsvör var fast suðaustan við Krókvör 002. Vik í grýtta klapparfjöru. Nú er steypt plan niður að vörinni og er róíð frá henni. Í fjörunni er mjög fingerður sandur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Gjögur, 1**ST-009:004** *Ræpa* heimild um lendingu

65°59.226N 21°21.212V

"Næsta vör [við Jónsvör sem gerð var 1924] er Ræpa. Það er gamalt uppsátur. Sagt var, að nafnið stafaði af því, að þrengsli voru í vararmynni, svo að erfitt var að komast upp í hana og því sagt, að vörin væri ræpuleg," segir í örnefnaskrá. Ræpa eða Ræpuvör er um 30 m NNV af Kallahúsi sem er syðst og vestast þeirra húsa sem standa á Gjögri. Vörin er 120 m suðvestur af bæjarhól 001 og er sýnd á uppdrætti af Gjögri frá 1913 eftir Niels Jónsson. Sandvör sem klettur verja bæði að norðan og sunnan. Syðri klettarnir eru stærri.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Gjögur, 2; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913**ST-009:005** *Broddanesbúð* heimild um verbúð

65°59.220N 21°21.157V

"Grjóturð er síðan út að Broddanesbúðartanga, sem á korti herforingjaráðs nefnist Gjögurstangi. Broddanesbúðarklettur eru upp af tanganum. Á klettinum stóð búð, sem hét Broddanesbúð. Nú eru þar tóftir, en síðast mun hafa verið búið þar um 1914-15," segir í örnefnalýsingu. Kletturinn sem lýst er er 20-30 m suðvestur af Kallahúsi, en það er syðst og vestast þeirra húsa sem standa á Gjögri.


Töluverðir klettur eru fremst á tanganum en slétt graslendi uppi á þeim. Garðar Jónsson man eftir tóftarbrotum nálægt þar sem tanginn rís hæst. Þar er nú hrúga af sjávarmöl. Ekki fann skrásetjari tóftabrot við vettvangskonun en skv. Hauki Jóhannessyni sést örlítið veggjarbrot fremst á klettunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Gjögur, 2**ST-009:006** *gerði kálgarður*

65°59.993N 21°19.225V

Pollvík heitir lítil vík sunnan Akurvíkur 043. Við hana norðanverða eru leifar gamals kálgarðs. Reyndar eru margir unglegir kálgarðar á svæðinu, flestir enn í notkun en umræddur garður er greinilega eldri en aðrir garðar á svæðinu. Grasi gróin brekka, mót suðri eða suðaustri, svo tekur við stórgrýti við fjöruna.

Gerðið virðist torfhlaðið og er alls um 30 x 15 m. Það er í meginatriðum tvískipt, eru hólfin álíka breið, um 8 m hvort. Austara hólfið teygir sig þó lengra að sjónum, alls hátt í 15 m en vesturhólfið er ekki nema rúmlega helmingur þess á lengd. Beggja megin við syðri endann á lengra hólfinu eru hlaðin við það litlar tóftir, sú austari virðist opin í suður en vestari tóftin hefur ekkert sýnilegt op. Við hana að vestan mótart fyrir garðhleðslu. 10-15 m suður af kálgarðinum er stök tóft, óregluleg og sigin og öll úr lagi gengin, um 5 x 5 m að stærð og nálægt því að vera hring- eða sporöskjulaga. Ekki sjást dyr á henni.

Hættumat: engin hætta**ST-009:007** *Stekkur* tóft stekkur


65°59.288N 21°20.401V

"Hleinabúðir eru tangi með hleinum austan við voginn (Bæjarvog). Upp á Hleinabúðum var búinn til

Stekkur upp úr gömlum tóftarbrotum. Niður af Stekknum fram á tangann var girtur Nátthagi (047)," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er á litlum tanga rúma 500 m austur af bæ.

Tanginn er lægstur fremst, við sjóinn, þar er hann grýttur og með klettum á tveimur stöðum. Milli klettanasanna er gróin dæld og upp af henni höll þar. Stekkurinn er.

Tóftin var skoðuð af rannsóknarhópi frá Hunter College, New York sumarið 1990. Í skýrslu þeirra segir: "The structure seemed to serve two purposes. An animal structure, perhaps a sheep house. B) A fox blind. The fox blind is later addition to the sheep house. The entrances face down slope, for drainage of the animal structure. The central part of the animal structure has a turf and stone foundation. Perhaps the first phase of construction. Then the secondary turf room to the left, finally the fox blind on the right."



Tóftin er stæðileg og með þremur hólfum, alls 14 x 7 m. Stærsta hólfið er í miðjunni með dyr í suður, reglulegt. Óljósara hólfið er vestan við það og gæti hafa verið opið bæði í norður og suður. Minnsta hólfið er austast, yfir því hangir enn lítill mæniás úr rekavið og tvær spýtur úr þaki. Líklegt er að sá hluti hafi verið

notaður sem skotbyrgi í seinni tíð. Ekki er ljóst hvort nokkuð af þeim hleðslum sem nú sjást eru upprunalega úr Hleinabúðum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Gjögur, 2; Fornleifaskrá, Hunter College, Zooarchaeology laboratory.

ST-009:008 *Djúpubúðarhólar* örnefni verbúð

Samkvæmt Hauki Jóhannessyni eru hólar, sem heita Djúpubúðarhólar, norðan við Hleinabúðir (sjá 007). Nafnið bendir til að þar hafi verið verbúð. Hólanna er ekki getið í örnefnalýsingu og þeir voru ekki skoðaðir sumarið 2002. Reyndar fundust rústir skammt frá þeim, þær eru hér skráðar nr. 031. Haukur telur að tóftir séu á Djúpubúðarhólum en ekki verður úr því skorið hér hvort um sömu mannvirki er að ræða og 031.

ST-009:009 *Sog* heimild um lendingu

65°59.906N 21°18.985V

"Hákarlavogshaus er endinn á Austurklettum. Gjögursviti stendur á honum. Hann er þverhníptur niður að Hákarlavogi sem er smávogur. Austasti hluti vogsins nefnist Sog. Í því var lending," segir í örnefnalýsingu. Sogið er lítil og mjó vík sem skerst inn úr Hákarlavogi til austurs, rúma 300 m suðaustur af Akurvík 043. Soginu er skýlt af lágu klettatanga að sunnan. Í honum er heit uppspretta. Í seinni tíð hefur verið steipt um hana svo myndast dálítil laug og æ hún notuð sem baðstaður frá Gjögri. Sogið er um 10 m breið og 70 m löng vík, girt klettum að sunnan. Þess má geta að mjög sokknar tóftir eru nánast við Sogið, sjá 023.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Gjögur, 3

ST-009:010 *Gugguvarða* varða

65°59.358N 21°20.398V

"Skammt ofan við upptök hans (Akurvíkurlæk) eru svonefndir Melar, sem ná yfir mikið af landi jarðarinnar. Á þeim er flugvöllur. Á leið frá Gjögri til flugvallarins er kúpóttur steinn, sem nefndur er Hvíldarsteinn. Vel má hugsa sér að þangað hafi verið áfangi, þegar menn voru að bera rekavið heim að bæ. Skammt frá er varða, sem nefnist Gugguvarða. Ekkert er vitað um nafnið, segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við hana segir: "Hér nefnir Valdimar tvö örnefni Gugguvörðuholt og Gugguvörðu. Ingimar minnir að Valdimar hafi sagt, að þessi örnefni hafi til verið í Gjögurslandi og hann heyrð þau ungur, en nú glötuð, hvar eru." Örnefnið Gugguvarða er ekki lengur þekkt.

Líklegast er að varðan hafi verið á svæðinu norður af Hleinatanga, sunnan við veg að flugvelli. Þar er ágætlega afmarkaður melur með stórum klöppum og gæti einhver þeirra verið Hvíldarsteinn. Hvergi sést hins vegar vörðubrot á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Gjögur, 4; Ö-Gjögur, aths. og viðb. B, 2

ST-009:011 heimild um hjall

65°59.248N 21°21.060V

Á korti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 sést að hjallur var beint sunnan við gamla bæinn 027.

Þar er nú sléttaður bakki fram af skúrum sem eru fast austan við íbúðarhúsið frá 1913.

Jakob Axelsson man eftir gömlum timburhjalli á þessum stað en þar sjást nú engar mannvirkjaleifar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gjögur, 6; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:012 tóft rétt 65°59.782N 21°19.043V
Gjögursviti stendur við vestanverðan Hákarlavog, tæpa 2 km norðaustan bæjar, á töluverðu klettabelti. Norður af klettunum er graslendi upp af voginum. Undir klettum þessum að norðan er tóft. Grasþýfi er undir klettunum. Land lækkar þaðan til norðausturs, að láglendinu við voginn.

Greinileg, þrískipt tóft sem gæti verið af lítilli rétt. Hún er hlaðin undir þverhníptum klettum, allt að 5-6 m háum. Næst þeim er einfalt hólfi, um 8 x 9 m, opið í suður en við það að austan minna hólfi sem snýr eins, um 4 x 6 m. Fremst við vegginn sem aðskilur hólfin tvö er lítið, ferkantað hólfi, um 3 x 3 m, ekki eru sjáanlegar dyr á því. Víða sér í grjót í innanverðum veggjum sem sumstaðar styðjast við jarðfasta kletta.

Hættumat: engin hætta



ST-009:013 *Hjálmarsholt* heimild um skotbyrgi

65°59.578N 21°20.596V

"Þegar farið er veginn, sem liggur upp frá Gjögri, eru Hellur skammt ofan við túnið, vestanvert við veginn. Þetta eru flatar hellur. Nær þorpinu eru Neðri eða Lægri Hellur, nokkru ofar Efri eða Hærri Hellur. Austur frá þeim, austan við veginn, eru tveir stakir steinar, Stórusteinar. Austar er svonefnt Hjálmarsholt, sem mun vera kennt við föður Sörla [Sörli var fæddur 1902], en hann byggði þar skothús," segir í örnefnalýsingu. Hjálmarsholt er austan við veginn að Gjögri um það bil þar sem hann mætir veginum frá Hólmavík. Holtið er með stórum, jarðföstum klöppum en ekki mjög stórt um sig. Austar taka við hálfgrónir móar með melum og flögum á milli. Engar leifar skotbyrgis sjást á holtinu, þó eru þar fúaspýtur sem hafa verið úndar saman. Jakob Axelsson telur að skotbyrgið hafi verið úr timbri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gjögur,6

ST-009:014 þúst

65°59.243N 21°21.088V

Samkvæmt Jakobi Axelssyni var hár og mikill rústahóll vestan við hjallinn 011, milli hans og staðarins þar sem Félagsbúð 017 stóð áður. Þar sem rústahóllinn var er nú fremur slétt grasflöt innan girðingar umhverfis Kallahús. Innan hennar eru síðustu leifar hólsins. Hóllinn er nú nær alveg útflattur og sést aðeins hvar hann var vegna mikillar grósku á því svæði. Stærð er um 10 x 12 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-009:015 *Veröld* heimild um verbúð

65°59.238N 21°21.162V

Í Strandamannabók Péturs Jónssonar frá Stökkum er Veröld talin meðal verbúða sem stóðu við Bæjarvog. Á uppdrætti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 er húsið Veröld sýnt 30-40 m beint austur af Ræpuvör 004 og stendur skv. uppdrættum heldur sunnar en við Bæjarvog. Í örnefnalýsingu segir hinsvegar að Veröld hafi verið annað nafn á Heljartóft sem var sambyggð Bænum að austanverðu. Tveimur fyrrnefndu heimildunum ber nokkurn veginn saman um staðsetninguna og því er farið eftir þeim hér. Enginn núlifandi heimildamaður á Gjögri veit hvar Veröld stóð. Á þessum stað, þ.e. 30-40 m austur af Ræpuvör, stendur nú hús klætt rauðu járnvið norðvesturhorn girðingarinnar um Kallahús. Engar leifar sjást af Veröld og enginn kannast nú við hús með þessu nafni á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gjögur,5; Pétur Jónsson 1947: Strandamannabók, 115; Haukur Jóhannesson

2001: Stundir á Ströndum, 29; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:016 *Nesbúð/Fellsbúð* heimild um verbúð

65°59.229N 21°21.154V

Á korti Nielsar Jónssonar frá 1913 sést að tvær sambyggðar verbúðir, Fellsbúð og Nesbúð, voru ásamt tveimur öðrum samföstum kofum, upp af Sigurðarvogi. Í örnefnalýsingu segir: "Bróðir hans [Valdemars Thorarensen] byggði hús, sem næst stendur, Kallahús. Það stendur upp af Sigurðarvog, þar sem Nesbúð, kennd við Kaldrananes stóð. Búðin stóð uppi svo að Sörli muni." Búðir þessar hafa því staðið þar sem Kallahús er nú. Í Strandamannabók eftir Pétur Jónsson frá Stökkum segir: "Árið 1938 var aðeins eitt búðarskrifli uppistandandi (Nesbúð). Allar hinar höfðu þá verið rifnar niður fyrir löngu og tóftir margra þeirra því nær jafnaðar við jörðu." Slétt, afgirt grasflöt er kringum Kallahús.

Öll ummerki um búðirna eru horfin. Á korti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 kemur fram að

Fellsbúð sé þá notuð sem fjárhús. Samkvæmt Hauki Jóhannessyni hurfu búðaleifarnar endanlega þegar Kallahús var reist.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Ö-Gjögur, 5; Pétur Jónsson 1947: Strandamannabók, 124; Kort Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913


ST-009:017 *Félagsbúð* heimild um verbúð 65°59.231N 21°21.121V

Á korti Níelsar Jónssonar frá 1918 sést að verbúð, Félagbúð, stóð upp af Innri Bæjarvogstanga, austan við Nesbúð og Fellsbúð 016. Í örnefnalýsingu segir: "Félagbúð var austan við Nesbúð. Þar voru gerðar súrheystóftir." Hún hefur þá líklega verið þar sem nú er bílskúr austan við Kallahús.

Bílskúrin stendur á sléttu, afgirtri flöt. Austan við hann vottar reyndar óljóst fyrir rústabungu 014 sem jöfnuð var út en ekki er víst hvort hún var eftir Félagbúð eða önnur mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Ö-Gjögur, 5



ST-009:018 tóft býli 65°59.351N 21°21.231V

Vestan við veginn heim að Gjögri, 60-70 m norðaustur af Grænhól 032 sjást hleðsluleifar og leifar af grunni undan íbúðarhúsi. Gróin brekka í halla mót suðri.

Þúst sést í brekkunni og ofan við hana undirstöður sumarhúss sem aldrei var klárað. Þústin er ferköntuð, um 7 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Fram eða suður af henni er L-laga hleðsla, 8 x 8 m að stærð, líklega leifar af kálgarði. Húsið sem þarna stóð var úr timbri en sennilega með grjóthlöðnum grunni. Hlaðin fjárhús voru fast austan við húsið.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-009:019 tóft 65°59.290N 21°20.988V

Tóftarbot er tæpa 100 m norðaustur af bæ 001. Það er 35 m norðvestur af hrörlegum fjárhúsum en þar stóð Bæjarbúð 029 áður. Óslétt graslendi.

Tóftin er alveg sigin, 4x 3 m að stærð og snýr NA-SV. Í tóftinni vottar fyrir tveimur samhlíða dældum en dyr sjást ekki og hvergi sér í grjóti í veggjum. Veggjahæð er mest um 0,2 m. Ekkert er vitað um tóftarbot þetta en það gæti hafa tilheyrt Bæjarbúð 029.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-009:020 frásögn

65°59.265N 21°20.966V

Jakob Axelsson man eftir tóftarbotum á sjávarbakkanum fram eða suður af hrörlegum fjárhúsum, um 100 m austur af gamla íbúðarhúsinu (byggt 1913) á Gjögri. Sléttur og gróinn, sandborinn sjávarbakki, mikið rofinn fremst vegna ágangs sjávar. Fram af honum er sandströnd. Ekkert sést eftir af tóftunum og ekki er vitað hvers konar mannvirki stóðu þarna. Talið er að þeim hafi verið rutt burt að hluta en sjórinn hafi e.t.v. brotið hluta þeirra.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ST-009:021 *Jónsbúð* heimild um verbúð

"Jónsbúð. Þessa búð bygði Jón Hallvarðsson í Naustvíkum. Var þar við nokkur ár fyrir venjulegan vertoll. Liggur síðan í eyði" segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 344


ST-009:022 tóftir

65°59.993N 21°19.244V

Tóft er beint norðan við flugbrautarendann á Gjögri, í krika milli slóða sem liggur í Akurvík 043 og vegar að heitri laug sem er austan Hákarlavogar. Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum segir: "Við norðurenda flugbrautarinnar má sjá votta fyrir allmiklum tóftum sem gætu verið af bæ." Reyndar eru einnig mannvistarleifar norðar í Akurvík, sjá nánar 043.

Gróin, lág hæð upp af Akurvík, land fer lakkandi til austurs fram af tóftinni. Í Akurvík er nokkur jarðhiti og sandborinn jarðvegur, því kjöraðstæður til kartöfluræktar. Þar er mikið af kartöflugörðum og því töluvert um mannaferðir. Vegarslóði niður í víkina liggur fast suðaustan við tóftirnar.

Á þessum stað er stór en mjög siginn rústahóll auk stakrar tóftar sem er suðaustan við hann. Hóllinn er alls 19 x 15 m stór og mörk hans nokkuð skýr þótt hvergi sé hann hærri en um 0,5 m. Í honum mótast fyrir nokkrum hólfum, misskýrum. Norðantil í honum austanverðum sjást 4 hólf, tvö þau vestari virðast samtengd.



Vestan þeirra er svo eitt stakt hólf. Syðri hluti hólsins er nokkuð óleggri, enda sundurskorinn af kindagötum. Stök tóft og einföld er um 6 m austur af NA-horni hólsins, rúmlega 4 x 4 m á stærð. Hvergi sést í grjót í hleðslum og hvergi op á tóftaveggjum.

Hættumat: hætta, vegna ágangs


Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 31

ST-009:023 tóftir

65°59.850N 21°19.125V

Í Hákarlavogi, austur af þeim stað þar sem vogurinn gengur lengst inn í landið, eru tóftir. Þær eru frammi á bakkanum þar sem land rís hæst. Tóftirnar eru 10-20 m vestan við veg að heitri laug sem notuð er frá Gjögri. Grasi gróinn sjávarbakki, rof er í honum við sjávarkampinn.

Tóftirnar eru mjög signar og ógreinilegar. Alls sjást þrjár reglulegar dældir í bungu á bakkanum. Sú nyrsta er stærst, um 5 x 4 m og snýr norður-suður. Utan í bungunni mótast fyrir veggjum að norðan og vestan. Hinar tvær tóftirnar eru 10 m suðaustar, fremst á bakka sem sjór hefur brotið af. Þær líta út eins og reglulegar, aflangar dokkir, hvor um sig um 3-4 m löng og snúa hér um bil norður-suður.



Hættumat: hætta, vegna rofs


ST-009:024 Samsonarbúðir heimild um verbúð

"Lítill lækur skilur að Gjögurstún og Samsonarbúðatún, sem er austar. Það er upp af Halldórsvog. Á því voru allmikil merki um búðir, sem nefndust Samsonarbúðir, en e.t.v. hafa einhverjar þeirra fyrrum átt önnur nöfn," segir í örnefnalýsingu. Á uppdrætti Níelsar Jónssonar frá 1913 eru sýndar allnokkrar búðir samfastar upp af Halldórsvogi: Hellubúð, Minni Hellubúð, Jónatanshús og Kleyfabúð. Á þær er ekkert minnst í örnefnalýsingu nema Hellubúð. Sörli Hjálmarsson, f. 1902, sem örnefnalýsingin var höfð eftir, vissi ekki hvar Hellubúð hafði verið. Í Strandamannabók sem út kom 1947 er ekkert minnst á Samsonarbúðir en þar er hinsvegar sagt frá tveimur Hellubúðum og Kleifabúð við Halldórsvog. Líklegt virðist að Hellubúð, Minni Hellubúð, Jónatanshús og Kleifabúð hafi í seinni tíð verið kallaðar Samsonarbúðir allar saman. Samkvæmt korti Níelsar er staðurinn um 30 m austur af þeim stað þar sem

Bæjarbúð 029 stóð áður. Á þeim stað, þ.e. Á Bæjarbúðarstæðinu, eru nú hrörleg fjárhús úr timbri og járn. Slétt graslendi. Lækurinn sem rann á milli túnanna tveggja er horfinn. Öll ummerki um búðir þessar eru horfin.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Gjögur, 6; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Pétur Jónsson 1947: Strandamannabók, 114-115



ST-009:025 tóft kálgarður

Tóft sést vel fast sunnan við heimreið, um 20 m austur af íbúðarhúsi Garðars Jónssonar. Á sama stað er sýnd bygging, hjallur, á korti Nielsar Jónssonar sem 1913.

Grasblettur milli heimreiðar og íbúðarhúss úr timbri.

Það sem nú sést af tóftinni er 7 x 10 m stórt en líklega hefur hún að hluta lent undir vegi. Ná hleðslur allt að 0,7 m hæð og sést grjót í þeim sumsstaðar. Smágerður rabbabari vex í vesturhluta garðsins og telur Garðar Jónsson að hún hafi verið notuð sem kálgarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:026 Reykjanesbúð heimild um verbúð

65°59.260N 21°21.042V

Á uppdrætti Nielsar Jónssonar frá 1913 sést að verbúð, Reykjanesbúð, stóð fast austan við gamla steinbæinn á Gjögri. Á túnakorti frá 1917 sést hús á svipuðum stað, sem líklega er Reykjanesbúð. Hún hefur staðið þar sem nú eru gömul fjárhús og hjallar úr timbri, líklega heldur nær fjárhúsunum. Þetta er 30-40 m austan við steinbæinn gamla frá 1913.

Fjárhúsin eru illa farin og verða e.t.v. rifin fljótleg. Greinileg hólmyndun er undir þeim en fram eða suður af hólum gróinn en sandborinn bakki við sjóinn.

Engin ummerki sjást eftir Reykjanesbúð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Túnakort frá 1917; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913


ST-009:027 heimild um bústað

Á korti Nielsar Jónssonar 1913 sést að gamli torfbærinn á Gjögri stóð fast austan við steinhúsið sem þá var tiltölulega nýbyggt. Þangað var hann færður, af bæjarhól 001 löngu fyrir 1860. Vegalengdin milli bæjahóls og þessa yngra bæjarstæðis er um 40-50 m.

Austan steinhússins er nú slétt grassvæði en fast við það að austan og norðan er allhár hóll þar sem Reykjanesbúð 026 stóð áður. Ekkert sést til gamla bæjarins og alls engin hólmyndun er á staðnum. Jakob Axelsson man eftir hluta af rústum hans suðaustan við steinbæinn. Honum hefur greinilega verið rutt út. Einstakir hlutar bæjarins eru merktir á kortinu frá 1913. Suðvestast eru tvö aðskilin hól, merkt "Bærinn" og "Bærhús". Út frá "Bænum" hefur verið litið afhýsi til vesturs. Suðaustast eru tvö minni hól og þar stendur "Húsavíkurbúð (gömul tóft)" og "Kálgarður og tóftirnar". Þá eru norðvestast á bæjarstæðinu tvö hól, merkt "Smiðja J.Th." og "Fjárhúsatóftir". Norðaustast er svo eitt hól, ómerkt. Allir þessir hlutar bæjarins hafa verið sambyggðir skv. kortinu. Umfang bæjarhúsa hefur verið um 30 x 20 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913



ST-009:028 tóft skotbyrgi

Tóft af skotbyrgi er á kúptum hól í víkinni austan við Hleinatanga, þar sem Stekkur 007 er.

Kúptur grashóll á lítilli klettasnös sem skiptir víkinni í tvennt. Móar og melar eru upp af henni.

Tóftin var skoðuð af rannsóknarhópi frá Hunter College 1990 og í handriti frá þeim segir: "Structure appears to be modern blind dug into the natural landscape. The sub-surface rock and þúfur would permit this. The blind affords a good view of the landscape south of the air-field."

Skv. Jakobi Axelssyni er tóftin af skotbyrgi en hann telur að hún hafi verið byggð á eldri

rústum. Byrgið er að mestu niðurgrafið, um 2 x 1,5 m stórt en veggir hafi verið hlaðnir upp með grjóti að innanverðu. Leifar timburpaks liggja í tóftinni og hefur verið tyrft yfir það. Aflöng dæld, um 20-30 cm breið, liggur frá byrginu niður hólinn til suðausturs. Það gæti hafa verið ræsi sem hefur átt að veita vatni úr byrginu, enda hefur verið kuldalegt fyrir refaskyttu að hirst ofan í byrgi hálffullu af vatni. Heildarstærð hólins er um 15 x 12 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskrá, Hunter College, Zooarchaeology laboratory.

ST-009:029 Bæjarbúð heimild um verbúð

65°59.290N 21°20.988V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð hús í norðurjaðri túns, austarlega. Á svipuðum stað er sýnt hús á uppdraetti Nielsar Jónssonar frá 1913, nefnt Bæjarbúð. Húsið hefur staðið 80-100 m norðaustur af steinhúsinu frá 1913. Bunga í tiltölulega sléttu túni, tæpa 20 m norðan við sjávarbakka.

Á þessum stað eru illa farin fjárhús á greinilegri, gróskumikilli bingu sem líklega er rústahóll. Engar hleðslur eru sjáanlegar. Jakob Axelsson hefur heyrt að Bæjarbúð hafi staðið þar sem fjárhúsin eru nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913


ST-009:030 tóft rétt

65°59.260N 21°21.011V

Á túnakorti frá 1917 sést að kálgarður var um 70 m austur af gamla steinbænum á Gjögri. Þar mótast enn fyrir hleðslum.

Hleðslurnar eru utan í bakka sem hallar mót suðri. Fram eða suður af þeim er sléttur sjávarbakki en svo sendin fjara.

Á þessum stað voru kálgarðar en síðar byggð upp rétt í þeim skv. Garðari Jónssyni. Enn sést hlaðið út frá bakkanum til suðurs, myndast þar hólf, alls um 20 m




langt og 8 m breitt. Ofan við hólfíð eru gömul timburfjárhús og austur af þeim gamall og hálfgróinn taðhraukur. Framan við hann, inni í hólfinu, er lítið hólf, um 5 x 5 m að stærð. Í framhaldi af þessu svæði öllu til austurs kemur sléttur stallur þar sem einhverskonar mannvirki hefur verið. Sumsstaðar er stallurinn markaður með timbri að framanverðu og vottar fyrir hleðslum við hann austast. Að honum meðtöldum er svæðið alls 40 x 8 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-009:031 tóftir

65°59.230N 21°19.513V

Á strandlengjunni vestur frá skotbyrgi 028 mótast greinilega fyrir a.m.k. þremur tóftum. Sú vestasta er 180 m vestur af skotbyrginu og 40-50 m norður af sjávarbakkanum. Þýfðir móar upp af bröttum bakka. Sumsstaðar eru melar inn á milli. Tóftirnar eru á svæði sem er alls um 180 x 50 m stórt. Þær verða hér aðgreindar með bókstöfum. A) Vestasta tóftin er lítil og úr lagi gengin. Hún er nálægt því að vera hringlaga, 4 x 4 m að stærð og líklega með op í suður,



að sjónum. Veggir eru mjög signir og vart meira en 0,3 m háir. B) Næsta tóft er 40 m austar. Hún er hlaupin í þúfur, snýr norðvestur-suðaustur, dyr sjást hvergi á henni. Stærð 5 x 9 m og eru veggir mest um 0,15 m háir. Í þessari tóft fór að sjást í hvalbein fyrir um 10 árum og var grafið í hana til að ná þeim upp. Frá tóftinni eru aðeins um 5 m fram á brattan sjávarbakka. C) Um 35 m austar er þriðja tóftin, milli tveggja rekaviðarhlassa, á nefi sem skagar fram í grösugan hvamm undir sjávarkampinum. Hún er mjög sigin en þó skýr, 7 x 5 m stór. Dyr eru nokkuð greinilegar austarlega á suðausturhlið sem snýr að sjónum. D) Rúma 30 m austur af þessari tóft (C) og um 50 m norðvestur af skotbyrgi 028 er áberandi grænn og rústalegur hóll norður af klapparnefi, stærð um 20 x 15 m. Engar hleðslur sjást þó og því erfitt að staðfesta að þar séu byggingaleifar undir sverði.

Hættumat: engin hætta

ST-009:032 *Grænhóll* heimild um býli 65°59.321N 21°21.302V

Býlið Grænhóll var um 180 m norðvestur af bæjarhúsunum á Gjögri. Þar stendur nú íbúðarhús með sama nafni. Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum, segir: "Snemma á öldinni var skipt tveimur smábýlum út úr Gjögri. Fagrabrekka [038] næst Víganesi og Grænhóll nær Gjögri." Ekki er nú búið á Grænhóli og húsið stendur autt, meira að segja yfir sumarið. Þar bjó fyrstur Niels Jónsson um 1904. Ávöl grasbunga en slétt tún umhverfis hana. Fram af bungunni hallar niður að sjónum, til suðurs. Vestur af íbúðarhúsinu eru gömul útihús. Samkvæmt túnakorti Grænhóls frá 1917 stóðu tvö útihús í Grænhólstúni. Það austara var um 20 m vestur af íbúðarhúsin. Þar stendur nú laslegt hús úr timbri og járn. Hitt stóð rúma 100 m vestur af Grænhól, þar er nú sléttá tún og engar húsarústir sjáanlegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 28; Túnakort 1917

ST-009:033 *Þórðarbúð* heimild um verbúð

"Í landinu eru vermannabúðir. Þórðarbúð. Búðina hefur Þórður Guðmundsson að Húsavík og geldur með hásetunum lifrar hálfturni í xv álnir, skiftist búðarleigan til betalings millum skipverjanna eftir proportion. Þessi búð er uppsmíðuð innan átta ára. Búðina heldur hann sjálfur við margt," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343

ST-009:034 *Andresarbúð* heimild um verbúð

"Í Andresarbúð. Andres Magnússon hefur bygt þessa búð. Hann geldur eftir hana xv álnir í lifur, so sem áður segir, eftir proportion milli skipsverjanna," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343

ST-009:035 *Meinþröng* heimild um verbúð 65°59.246N 21°21.196V

Samkvæmt uppdrátti Níelsar Jónssonar frá 1913 stóð hús sem hét Meinþröng um 30 m norðaustan við Ræpuvör 004. Þar er fremur sléttur grasbakki, neðar eru klappir við Ræpuvör.

Húsið er horfið. 10 m suðaustan við staðinn vottar reyndar fyrir 4-5 m langri þráðbeinni hleðslu og má vera að hún hafi tengst húsinu. Ekkert er vitað um Meinþröng og nafnið ekki þekkt í dag. Þó er hugsanlegt að þetta hafi verið verbúð, sú sama og lýst er svo í örnefnalýsingu: "Næsta hús [við Jóns Sveinssonar hús] var byggt upp úr búðinni Ræpu, sem var upp af samnefndri vör." Ræpa var einmitt kölluð svo því að þrengsli voru í vararmynni, hún þótti "ræpuleg".

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gjögur, 5; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 29; Kort Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:036 *Timburhús* heimild um bústað 65°59.263N 21°21.221V

Á uppdrátti Níelsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 sést að svonefnt "Timburhús" stóð rúma 100 m suðaustur af Grænhól 032. Í örnefnalýsingu segir: "Næst [við Steinhús] kom hús úr timbri, venjulega kallað Timburhús en stundum Hjálmarshús, byggt nokkru seinna af föður Sörla [Sörli var fæddur 1902]. Af því stendur aðeins grunnurinn, en húsið sjálft var rífið 1942 og flutt til Djúpuvíkur."

Sléttur kambur ofan við klapparfjöru.

Nú stendur íbúðarhús á þessum stað, það var reist á grunni gamla hússins sem reyndar var steypdur upp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gjögur, 5; Kort Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:037 heimild um hjall

65°59.263N 21°21.229V

Á uppdrætti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 sést að hjallur hefur staðið á litlum odda milli Hjálmarsvarar 003 og Jónsvarar 008. Lítil oddi, mest um 5 m breiður. Öll ummerki um hjallinn eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:038 *Fagrabrekka* bæjarstæði býli

65°59.319N 21°21.489V

Býlið Fagrabrekka stendur 150 m VSV af Grænhól 032. Í örnefnalýsingu segir: "Úr Gjögurslandi var selt stykki, sem náði frá Landamerkjalek niður undir sjó, 100 faðmar í horn. Þar var byggt og nefndist Grænhóll. Úr því landi var síðar seld lóð sjávar megin undir hús, sem nefnist Fagrabrekka." Fagrabrekka var að líkindum ekki byggð fyrr en 1910-1920. Óslétt túnbrekka mót suðri, hallar að sjónum. Húsið stendur á ávölum hól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Gjögurs, 5; Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:039 *Björnsbúð* heimild um verbúð

"Björnsbúð. Hana bygði fyrst Þórður Bjarnason að Felli við Trjekyllisvík....Hún hefur legið í eyði í næst undanfarin tvö voru, því Björn Jónsson, sem fyrir venjulegan toll var þar áður, hefur ei komið," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343-344

ST-009:040 *Sigurðarbúð* heimild um verbúð

"Sigurðarbúð. Hana hefur í fyrstunni uppbyggt Halldór heitinn Magnússon. Nú hefur þessa búð Sigurður Jónsson í Bæ á Selströnd," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343

ST-009:041 *Búð Einars Pálssonar* heimild um verbúð

"Búð Einars Pálssonar. Búðina bygði sálugi Páll Gunnlaugsson, faðir Einars Pálssonar, og hafði þar skip og síðan Einar eftir hann," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343

ST-009:042 *Búð Einars Magnússonar*

heimild um verbúð

"Búð Einars Magnússonar. Búðina hefur byggt Jón Magnússon á Hafnarhólmi. Geldur hann og skipverjarnir vertollinn, so sem áður segir um skipin í sömu verstöðu, og í sama máta Einar Magnússon að sínum parti," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 343

ST-009:043 *Akurvík* tóftir

66°00.045N 21°19.335V


"Næsta vík norðan við hana [Pollvík] er Akurvík, sem Akurvíkurlækur fellur í, landamerki Gjögurs og Reykjaness. Hann er örstuttur með mjög heitu vatni," segir í örnefnalýsingu. Um Akurvík segir í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum: "Í Akurvík eru fornar búðartóftir og öskuhaugar sem bendir til útgerðar á þessum stað. Þessar búðir virðast vera verbúðir og umgjörð öskuhaugsins bendir til stuttrar búsetu. Aldursgreiningar benda til að búðseta hafi verið frá um eða fyrir 1100 og fram á fimmtánda öld. Þetta eru elstu aldursgreindu verbúðir á Íslandi. Nú er það sögn fróðra sjómanna og bænda á þessum slóðum að ekki sé hægt með góðu móti að gera út á þessum stað nema í logni og ládaudum sjó. Ef eitthvað ýfist veður og sjór er ólendandi." Akurvík er nánast beint norðan við flugvöllinn á Gjögri. Þangað liggur vegarslóði. Tóftirnar sem hér um ræðir eru norðaustarlega í vikinni, norðan við lækinn sem rennur niður í hana. Strangt til tekið eru þær því í Reykjaneslandi.



Akurvík. Tóftirnar eru í bakkanum um miðbik myndarinnar

Allstór vík sem opnast mót suðaustri. Upp af sjávarkampinum eru grösugar brekkur með miklum kál- og kartöflugörðum sem margir eru enn í notkun. Þykir staðurinn afsþyrnugóður til ræktunar, enda jarðvegur sandborinn og velgja í jörðu. Tóftirnar eru uppi á bakka sem er rofinn að sunnanverðu, þar er barð sem slútir fram. Vafalaust er hluti tóftanna horfinn af sökum rofs. Bakkin er gróinn að ofanverðu og fremur sléttur að ofan, ofan við hann er smáklettur. Hann

er allt að 1 m hár sé staðið við hann að sunnan þar sem rofið er. Mikill sandur sést í rofinu en engar hleðslur. Þar grillir í skeljabrot. Uppi á bakkanum, fremst, vottar fyrir þremur hólfum í bingu sem er 14 x 6 m og liggur langsum með bakkanum, norðvestur-suðaustur. Það austasta er um 5 x 1 m, líkt skoru og liggur norður-suður. Vestur af því er hringlaga hólf, rúmlega 2 x 2 m og allra vestast í bungunni hólf eða skora sem snýr austur-vestur og er um 3 x 1 m. Tóftir þessar voru kannaðar árið 1990 af vísindamönnum frá Hunter College, New York. Var könnunin hluti af stærra verkefni, The Icelandic Paleoecomy project. Ekki var grafið í tóftirnar nema að litlu leyti, annars var megináhersla lögð á að kortleggja mannvistarlög í rofabakka sem liggur meðfram þeim og var 14-15 m langur þegar könnunin fór fram. Þykkt mannvistarlagi í bakkanum var allt að 1,25 m. Unnt var að aðgreina 7 aðskildar byggingar og líklega misgamlar. Algengasta stærð tóftanna reyndist að innanmáli um 1 - 1,5 x 2 - 2,75 m. Þótti það koma vel heim og saman við stærð verbúða sem þekktar eru frá síðari öldum. Sá hluti minjanna sem næst var kartöflugörðunum var skemmdur að einhverju leyti og þótti ekki líklegt að fornleifauppgröftur þar myndi gefa góða raun. Þar sem gólflög sáust inni í tóftunum voru greinileg eldsmerki, þ.e. viðarkol, móaska og eldsprungið grjótt. Leifar eldstæðis fundust í einni tóftinni sem kölluð var "F". Veggir allra tóftanna voru hlaðnir úr torfi eingöngu þrátt fyrir að grjótt sé í fjörunni skammt frá tóftunum. Þótti það til merkis um að þeir hefðu ekki átt að halda uppi þungu þaki, e.t.v. hefði verið tjaldað yfir tóftirnar. Á tveimur stöðum fundust heilleg hvalbein sem hugsanlega hafa verið notuð sem byggingarefni eða til að styðja við vegg. Áðurnefnd tóft "F" hafði greinilega fyllst upp af rusli eftir að hætt var að nota hana. Lega ruslalaganna, sem samanstóðu einkum af öskuleifum og dýrabeinum, þótti benda til að búseta hefði ekki verið höfð árið um kring í tóftum þessum. Lögin voru almennt 20-30 cm þykk en á milli þeirra höfðu náð að myndast náttúruleg sandlög. Líklegt er að tóftirnar séu frá 14.-15. öld. Til þess bendir einkum þrennt: a) Ekki er minnst á býli eða verbúðir við Akurvík í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í upphafi 18. aldar og líklegt að það hafi þá verið löngu komið í eyði. b) Gjóskulag sem talið var frá 14. öld fannst undir tóftunum. c) Engir munir sem oft finnast í mannbústöðum frá síðari hluta miðalda komu í ljós, s.s. leirkersbrot eða krítarpípur. Það var álit vísindamanna sem stóðu að rannsókninni að frekari kannana væri þörf í Akurvík. Ekkert hefur þó orðið af þeim hingað til.



Þykkt mannvistarlagi í bakkanum var allt að 1,25 m. Unnt var að aðgreina 7 aðskildar byggingar og líklega misgamlar. Algengasta stærð tóftanna reyndist að innanmáli um 1 - 1,5 x 2 - 2,75 m. Þótti það koma vel heim og saman við stærð verbúða sem þekktar eru frá síðari öldum. Sá hluti minjanna sem næst var kartöflugörðunum var skemmdur að einhverju leyti og þótti ekki líklegt að fornleifauppgröftur þar myndi gefa góða raun. Þar sem gólflög sáust inni í tóftunum voru greinileg eldsmerki, þ.e. viðarkol, móaska og eldsprungið grjótt. Leifar eldstæðis fundust í einni tóftinni sem kölluð var "F". Veggir allra tóftanna voru hlaðnir úr torfi eingöngu þrátt fyrir að grjótt sé í fjörunni skammt frá tóftunum. Þótti það til merkis um að þeir hefðu ekki átt að halda uppi þungu þaki, e.t.v. hefði verið tjaldað yfir tóftirnar. Á tveimur stöðum fundust heilleg hvalbein sem hugsanlega hafa verið notuð sem byggingarefni eða til að styðja við vegg. Áðurnefnd tóft "F" hafði greinilega fyllst upp af rusli eftir að hætt var að nota hana. Lega ruslalaganna, sem samanstóðu einkum af öskuleifum og dýrabeinum, þótti benda til að búseta hefði ekki verið höfð árið um kring í tóftum þessum. Lögin voru almennt 20-30 cm þykk en á milli þeirra höfðu náð að myndast náttúruleg sandlög. Líklegt er að tóftirnar séu frá 14.-15. öld. Til þess bendir einkum þrennt: a) Ekki er minnst á býli eða verbúðir við Akurvík í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í upphafi 18. aldar og líklegt að það hafi þá verið löngu komið í eyði. b) Gjóskulag sem talið var frá 14. öld fannst undir tóftunum. c) Engir munir sem oft finnast í mannbústöðum frá síðari hluta miðalda komu í ljós, s.s. leirkersbrot eða krítarpípur. Það var álit vísindamanna sem stóðu að rannsókninni að frekari kannana væri þörf í Akurvík. Ekkert hefur þó orðið af þeim hingað til.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Gjögur, 4; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 31; McGovern, Thomas & Thomas Amorosi. 1992. Archaeological Investigations in Arneshreppur, Northwest Iceland

ST-009:044 tóftir heystæði


65°59.891N 21°21.129V

Fast við veginn frá Gjögri til Trékyllisvíkur, austan við syðri hluta Gjögursvatns, eru tvær tóftir. Þetta er 1,1 km norður af bæ. Önnur er austan en hin vestan vegar.

Þýft, gróft graslendi, sumsstaðar vott með starargróðri. Landinu hallar niður að Gjögursvatni.

Vestari tóftin er innan við 10 m frá veginum. Hún virðist torfhlaðin og er gróskumeiri en umhverfi. Hún snýr N-S með dyr í suður, alls 4,5 x 8 m. Hin tóftin er tæpum 50 norðaustar og eins og áður segir austan vegarins. Hún líkist heystæði, er um 5 x 6 m, eins og sporöskjulaga upphækkun. Þó er ekki útilokað að op hafi verið í norðvestur. Víða vottar fyrir dældum umhverfis tóftirnar sem gætu verið eftir gamlar mógrafir og er líklegast að annaðhvort séu tóftirnar af heystæðum eða eftir að hlaðið hefur verið um mó.


Hættumat: engin hætta



ST-009:045 tóft fjárhús

65°59.286N 21°21.181V

Afi Garðars Jónssonar hafði fjárhús á Gjögri og enn sést tóft af því. Hún er fast norðan við veginn að gamla Gjögursbænum, eilítið austar en miðja vegu milli Grænhóls 032 og gamla steinhússins á Gjögri. Á þessum sama stað er merkt hús, hjallur, á kort Níelsar Jónssonar frá 1913. Ekki er ljóst hvort fjárhúsið hafi verið á sama stað, hugsanlega sambyggt eða jafnvel byggt á rústum hjallsins. Hjallurinn og fjárhúsið eru hér skráð saman. Smáþýft graslendi. Tóftin er greinileg. Hún snýr norðvestur-suðaustur en ekki er augljóst hvar dyrnar hafa verið, þó líklega að norðvestan. Stærð er 8 x 7 m. Tóftin skiptist í tvennt eftir endilöngu en þó líkist það ekki garða, enda er dýpi mun meira



sunnantil í tóftinni. Vegurinn liggur fast við suðurvegginn.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:046 tóft fjárhús 65°59.298N 21°21.181V

20-30 m NNV af fjárhústóft 045 eru leifar grjóthlaðins grunns undan fjárhúsi. Smáþýft graslendi. Á þessum stað stóð fjárhús sem var að mestu úr timbri en hafði grjóthlaðinn grunn. Enn vottar fyrir grunninum þó hann sé algróinn. Han er 14 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-009:047 Náttthagi hleðsla náttthagi

65°59.281N 21°20.359V

"Hleinabúðir eru tangi með hleinum austan við voginn (Bæjarvog). Upp á Hleinabúðum var búinn til Stekkur [007] upp úr gömlum tóftarbrotum. Niður af Stekknum fram á tangann var girtur Náttthagi," segir í örnefnalýsingu. 20-30 m suður af Stekk vottar fyrir hleðslu. Grasbakki ofan við grýtta fjöru.




Á þessum stað sést einföld steinaröð sem virðist of regluleg til að geta verið náttúruverk. Hún er sokkin í svörð og virðast sumir steinanna raunar vera jarðfastir. Hleðslan sést á alls um 8 m kafla. Leifar af girðingu, lélegir rekaviðarstaurar, eru ofar, hjá steknum og er líklegt að nátthaginn sem lýst er í örnefnaskrá hafi verið girtur með girðingu en ekki grjóttvegg. Hefði grjóthleðslan átt að afmarka nátthaga á tanganum er ljóst að það svæði hefði verið mjög lítið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gjögur, 2

ST-009:048 tóft heystæði 65°59.985N 21°22.019V
Lítið nes gengur út í Gjögursvatn að vestan. Á því er tóft. Gróíð og þurrt nes. Frá staðnum eru rúmir 5 m að vatnsborði. Tóftin er eins og upphækkun með dálitlum torfkraga á brúnunum, þó ekki að austanverðu. Hún líkist mest heystæði eða stöðum þar sem hlaðið hefur verið um mó. Stærð er 6 x 4 m og hæð um 0,3 m. Mógrafir sjást ekki í námunda við staðinn en líklegt er að þar hafi verið heyjað.

Hættumat: engin hætta




ST-009:049 *Búð Sr.Bjarna* heimild um verbúð
"Búð Sr. Bjarna. Búðina hefur Sr. Bjarni sjálfur uppbyggt. Skip á hann þar eitt, sem gengur á vorin til hákalla, so sem umgetur áður í Árnesi," segir í Jarðabók Árna og Páls. Ekkert er nú vitað um hvar þessi búð stóð né heldur aðrar verbúðir sem uppi stóðu þegar jarðabókin var gerð í upphafi 18. aldar.

Heimildir: JÁM VII, 342

ST-009:050 heimild 66°00.009N 21°19.373V
Jakob Axelsson man eftir tóft við Akurvík, hér um bil þar sem nú er norðvestasti kálgarðurinn þar, á austurbakka Akurlækjar. Nú eru margir kál- eða kartöflugarðar á þessum stað við víkina. Tóftin er alveg horfin en hún var gróskumikil og áberandi. Ekki er vitað af hvers konar mannvirki hún var.

Hættumat: hætta, vegna ágangs



ST-009:051 tóft íshús 65°59.334N 21°21.447V
Tóft er um 30 m norðaustur af Fögrubrekku 038.

Efst á þýfðum túnskika en frá tóftinni hallar til suðurs. Skurður er við norðurhlið tóftarinnar en lækur rennur með henni að austan.

Tóftin er af íshúsi sem hlaðið var úr torfi og grjóti. Uppi standa austur- og norðurveggur og mynda 90° horn, hæð veggja er allt að 1,1 m. Virðist húsið hafa verið um 7 x 8 m stórt. Það mótast fyrir undirstöðum veggja að sunnan og vestan þótt þeir séu nær alveg horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-009:052 *Steinhús* heimild um bústað 65°59.308N 21°21.235V
Samkvæmt korti Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913 stóð stórt hús, nefnt Steinhús eða Blokkin þar sem nú er gömul bensínstöð, tæpa 60 m ASA af Grænhól 032.

Gömul bensínstöð á malarplani, norðan hennar er grasbali.

Húsið er alveg horfið og mun hafa verið rífið um 1970. Það var steinsteypt íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Níelsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:053 *Fiskiskúr V.N.Norðurfjarðar* heimild um skemmu 65°59.311N 21°21.250V
Samkvæmt korti Níelsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 stóðu þrjú hús í röð vestur af svonefndu

Steinhúsi 052 en suðaustan við Grænhól 032. Það sem næst stóð Steinhúsi er merkt "Fiskiskúr V.N.Norðurfjarðar". Á þessu svæði er nú að hluta til grasflöt og að hluta mól, hluti gömlu heimkeyrslunnar að Grænhóli. Við hana grillir í steypuleifar sem gætu verið eftir húsgrunn. Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:054 *Fiskiskúr C.F.Jensens* heimild um skemmu 65°59.306N 21°21.257V

Samkvæmt korti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 stóð stakt hús sunnan við fiskiskúr 053. Það var skv. merkingu á korti "Fiskiskúr C.F. Jensens kaupm.". Ekki er vitað hvenær húsið var byggt eða hvert byggingarefnið var. Þar er nú grasbali milli heimkeyrslu og vegar að bryggju. Engar leifar hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:055 tóft útihús 65°59.286N 21°21.198V

Tóft er um 10-15 m norðaustur af íbúðarhúsi Garðars Jónssonar.

Grasbali. Þarna var grjóthlaðin eldiviðargeymsla sem var rifin þegar íbúðarhúsið var byggt 1987. Reistur hefur verið staur með baujurólu á suðurvegg tóftarinnar og vegurinn að Gjögursbænum gamla (byggður 1913) liggur fast við norðurvegginn. Tóftin er nokkuð ógreinileg og lítið eftir af veggjum. Hún er um 4 x 6 m og snýr norður-suður, dyr gætu hafa verið á suðaustur- eða norðvesturhorni. Ekki sést grjót í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-009:056 heimild um útihús

Í grein Hauks Sigurðssonar um íshús á Gjögri segir: "24.júní 1904 flutti Niels [Jónsson] í nýreist íbúðarhús sem hann nefndi Grænhól. Var hann síðan jafnan kenndur við þennan bæ sinn. En 6. júní næsta ár skrifar hann í dagbók sína að Jakob Thorarensen hafi mælt honum lóð á Gjögri "rjett vestanvert við ístopt herra P. Frænda...." Hér mun Niels eiga við Pétur Guðmundsson, sem þá var kominn hátt á sjötugsaldur, og var sjómaður á Gjögri alla tíð. Af orðum Nielsar verður að ráða að þarna hafi verið ófullgerð ísgeymsla eða leifar ísgeymslu." Ekkert er nú vitað um íshústóft þessa eða hvar hún var.

Heimildir: Haukur Sigurðsson: Íshús Nielsar Jónssonar á Gjögri, 130

ST-009:057 heimild um útihús

Í grein Hauks Sigurðssonar um íshús á Gjögri kemur fram að Niels Jónsson hafi í búskapartíð sinni reist tvö íshús ásamt nokkrum nágrönnum sínum. Annað var reist 1905 (060) en hitt líklega nokkru síðar en var þó í notkun 1912. Í fasteignamati 1917 kemur fram að tvö íshús úr torfi hafi verið á Gjögri og eru það líklega hús Nielsar. Á korti sem Niels gerði sjálfur 1913 sést eitt íshús á Gjögri, suðaustur af Grænhól (sjá nr. 058). Líklegt er að það sé annað húsanna sem Niels byggði en þó ekki fullvíst.

Heimildir: Haukur Sigurðsson: Íshús Nielsar Jónssonar á Gjögri, 130

ST-009:058 heimild um útihús

65°59.314N 21°21.266V

Samkvæmt korti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 stóðu þrjú hús í röð vestur af svonefndu Steinhúsi 052 en suðaustan við Grænhól 032. Miðhúsið er á kortinu merkt sem "íshús". Vel er hugsanlegt að það sé sama og 060 eða 057 en þó ekki fullvíst. Líklegt er að það hafi verið, líkt og þau íshús sem heimildir greina frá á Gjögri, úr torfi og grjóti.

Á þessu svæði er nú að hluta til grasflöt og að hluta mól, hluti gömlu heimkeyrslunnar að Grænhóli.

Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:059 heimild

65°59.317N 21°21.276V

Samkvæmt korti Nielsar Jónssonar af Gjögri frá 1913 stóðu þrjú hús í röð, jafnvel samföst, vestur af svonefndu Steinhúsi 052 en suðaustan við Grænhól 032. Vestasta húsið, vestan við íshús 058, er alveg ómerkt á korti Nielsar. Ekki er vitað hvers konar hús það var.

Á þessu svæði er nú að hluta til grasflöt og að hluta mól, hluti gömlu heimkeyrslunnar að Grænhóli.

Húsið er horfið. Það hefur snúið með dyr mót vestri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913

ST-009:060 heimild um útihús

Í grein Hauks Sigurðssonar um íshús á Gjögri kemur fram að Niels Jónsson hafi í búskapartíð sinni reist tvö íshús ásamt nokkrum nágrönnum sínum. Annað var reist 1905 en hitt líklega nokkru síðar en var þó í notkun 1912 (057). Í fasteignamati 1917 kemur fram að tvö íshús úr torfi hafi verið á Gjögri og eru það líklega hús Nielsar. Á korti sem Niels gerði sjálfur 1913 sést eitt íshús á Gjögri, suðaustur af Grænhól (sjá nr. 053). Líklegt er að það sé annað húsanna sem Niels byggði en þó ekki fullvíst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-010 Reykjanes

Dýrleiki 12 hundruð. "Þann tíma kom hallæri svá mikit á Ísland, at ekki hefir jafnmikit komit. Þá tók af nálíga allan sjávarafla ok reka. Þat stóð yfir í mörg ár.... Þorsteinn hét maður, er bjó á Reykjanesi... Einn hét sá maður, er bjó at Gjögri. Hann var landseti Kaldbeklinga ok skyldi geyma reka þeirra þeim megin fjarða..." (Ísl.sög. VI, Grettis saga Ásmundarsonar, kaf.9, bls. 24)

[Upplýsingar um stærð túns 1917 vantar, hafa ekki fylgt með á túnakorti.]

ST-010:001 Reykjanes bæjarhóll bústaður

66°00.749N 21°22.414V


"Reykjanesbærinn stóð efst í túninu fast við Reykjanesgil og við vesturenda Rimanna. Nú stendur þar eftir einmana hlaða en önnur hús eru að mestu fallin. Þar var búið til 1959. Reykjanes þótti góð jörð til búskapar en lending er þar mjög erfið." Bærinn stóð suðaustan undir Reykjarneshyrnu og er heimkeyrslan að honum til norðurs frá aðalveginum, hér um bil miðja vegu milli Gjögurs og Litlu-

Ávíkur. Bæjarhóllinn er augljós, vestast í túninu sunnanverðu. Um 30 m norðan við hann rennur bæjarlækurinn. Á

túnakorti frá 1917 sést að tvö stök hús stóðu austan við íbúðarhúsið. Ljóst er að þau hafa staðið á bæjarhól og hafa því ekki sérnúmer hér í skránni.

Hóllinn er efst í grösugu túni sem hallar niður til norðausturs, í átt að sjónum.


Engin hús standa nú á hólnum sem virðist óskemmdur og sker sig mjög úr túninu. Austast á hólnum er ferköntuð hleðsla á þrjár hliðar en opin í norðvestur. Hún er algróin og mest 0,5 m há. Það var skipatóft, þar voru smíðuð skip. Við norðurhluta hennar er steypur grunnur undan húsi, alls 6 x 4 m. 15 m norðaustur af honum vottar fyrir



öðrum húsgrunni, 5 x 10m og sjást þar miklar timburleifar og leifar þils. Hóllinn er hæstur nyrst, þar á hábungunni er hringlaga hleðsla, 3 x 3 m, gæti verið undan súrheysturni. Norðaustast, neðan við hápunkt hólins, er lægri hól samfastur honum, áberandi kúptur og reglulegur, um 5 x 5 m. Ekki er útilokað að það sé gamall öskuhaugur. Annars er heildarstærð hólins allt að 60 x 50 m og hæðin mest um 2 m.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory; Túnakort frá 1917; Haukur Jóhannesson: Stundir á Ströndum, 32.



Kort af Reykjanessláni 1917, tóftum sem sjást nú hefur verið bætt inn

ST-010:002 Bænhúsflöt heimild um bænhús 66°00.722N 21°22.432V

"Bænhúsflöt er í túni suður af bænum. Helgi [Jónsson f. 1930] veit ekki um, að þarna hafi verið bænhús", segir í örnefnalýsingu. Af þessari lýsingu að dæma hefur flötin verið sunnan við bæjarhól 001. Þar er tiltölulega slétt tún. Þó er það greinilega þýðara nær bæjarhól en þegar fjær dregur. Engar áberandi þúfur eða þústir sjást og alls ekki víst hvar bænhúsið hefur staðið.

Gamla bæjarstæði Reykjaness var skoðað af bandarískum fornleifafræðingum frá Hunter College, New York, sumarið 1990. Með í för var Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, fornleifafræðingur. Hann tók eftir mannvistarleifum sem hann tengdi við bænhúsið. Í handriti segir: "Haukur Jóhannesson (4.07.90) mentioned that there are stories about a bænhús- He has also recorded them. I (VÖV) wondered today what structure 6 in the complex is. The structure has at least one clear corner. Inside it there are þúfur long ones, oriented E/W." Ekkert fannst sem passar við þessa lýsingu Vilhjálms Arnar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 1; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory

ST-010:003 Sauðarhóll þúst fjárhús 66°00.809N 21°22.198V

"Sauðarhóll var einstakur hóll neðarlega á túninu. Þar mun hafa verið sauðahús", segir í örnefnalýsingu. Áberandi hóll sem gæti passað við þessa lýsingu er í túninu tæpa 200 m norðaustur af bæjarhól 001. Þar er einmitt sýnt útihús á túnakorti frá 1917.

Sléttuð tún er umhverfis hólinn.

Hólinn hefur verið sléttuður en samanstendur mjög líklega úr rústaleifum, enda er hann gróskumikill,

sker sig úr og er með smádældum í. Hóllinn snýr N-S og er alls um 10 x 20 m. Ekki sést grjót í honum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 2; Túnakort 1917

ST-010:004 *Hjallavöllur* heimild um hjall 66°00.854N 21°22.165V

"Neðsti hluti túnsins heitir Hjallavöllur. Fiskhjallar voru þar í eina tíð", segir í örnefnalýsingu. Hér er þá væntanlega átt við norðaustasta hluta túnsins, enda er hann neðstur og næst sjó. Túnið er slétt, fram af því eru brattir sjávarbakkar en alls um 100 m að sjó. Engar rústir eru sjánlegar þótt sumsstaðar gægist stakir steinar upp úr túninu. Benda má á að leifar af rúst eru í norðvesturhorni túnsins, sjá 025.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 2

ST-010:005 garðlag túngarður 66°00.717N 21°22.304V


Hlaðinn túngarður er með túninu að austan og norðan.

Túnið er slétt, í halla mót norðaustri. Utan þess að austan og norðaustan er smápýfður mói.

Túngarðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti, gróinn en býsna heillegur og sumstaðar vel yfir 1 m á hæð. Syðst stefnir hann í norðaustur en sveigir svo nálega beint í norður. Um miðbik hans liggur slétt, svæði út frá honum til austurs; það er ferkantað, líklega tæplega 100 x 100 metrar, afgirt með unglegri grjótgardi sem þó er samtengdur þeim sem hér er lýst. Á þessum stað stóð um tíma íbúðarhús á síðari hluta 20 aldar. Eldri túngarðurinn er alls tæplega 300 m að lengd, á upptök sín 100 m suðaustur af bæjarhól 001. Þar er hlöðutóft 007 samhlaðin honum að austan.

Hættumat: engin hætt

ST-010:006 tóft 66°00.708N 21°22.524V



Tóft er uppi á hæð vestan við heimkeyrslu en sunnan túns, tæpa 40 m norðvestur af Bólbrekku 014. Skammt vestan við er gil sem bæjarlækurinn rennur í. Gróðurýr hæð, melur er á henni suðvestan við tóftina. Hundapúfa er norðar, frammi á gilbarminum. Tóftin er hringmynduð og algróin en hleðslur rýrar og litlar um sig. Stærð 4 x 4 m og rof á suðurvegg gæti bent til dyra þar. Hleðsluhæð ekki nema 0,1 m og grillir í grjót á nokkrum stöðum. Hugsanlegt er að hlaðið hafi verið um mó uppi á hæðinni, enda var mótekjustaður hinumegin við gilið og ekki virðist um eiginlega húsveggi að ræða.

Hættumat: engin hætt

ST-010:007 tóft hlaða 66°00.719N 21°22.304V

Fast upp við upptök túngarðs 005, syðst, 100 m norðaustur af bæjarhól 001, er tóft sem líklega er af hlöðu.

Utan túns eru smápýfðir móar.

Niðurgrafin tóft, 5 x 8 m stór. Túngarðurinn hefur þjónað sem vesturlangveggur. Dýpt tóftarinnar er allt að rúmum metra. Að mestu er gróið yfir hleðslur en botninn er fullur af spýtnarusli.

Hættumat: engin hætt

ST-010:008 *Lending* heimild um lendingu 66°00.908N 21°22.152V

"Kolluklettur er klettur í fjörunni norður af Hundshálsi. Hann er skammt sunnan við Lendingu, sem er beint neðan við bæinn", segir í örnefnalýsingu. Lendingin hefur verið í voginum sem er beint niður af túninu, líklega nærri þeim stað þar sem nauststóftir 028 eru.


Fjaran er grýtt og nokkuð um sker í innsiglingunni þótt líklega hafi verið auðvelt fyrir kunnuga að sneiða hjá þeim.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 3

ST-010:009 *Stekkur* tóft stekkur 66°01.002N 21°22.560V

"Næst koma tvær víkur, Heimri og Nyrðri Keflavík. Nyrðri víkin takmarkast af kletti, sem heitir Mölvíkurklettur. Norðan við hann er lítil vík, Mölvík. Út af Heimri Keflavík er sker, sem alltaf stendur upp úr, Skarfasker. Ofan við Nyrðri Keflavík var Stekkur", segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er í




hvilft suðaustan í Reykjaneshyrnu, skammt ofan við fjallsræturnar. Þetta er 500 m norður af Reykjanesbænum.

Grösug hvilft í halla mót suðaustri. Hún er ágætt aðhald, enda náttúrulega afmörkuð, annarsvegar af Reykjaneshyrnu og hinsvegar af þverhníptum klettum við Nyrðri-Keflavík.

L-laga tóft, alls um 10 x 8 m. Þótt hún skeri sig býsna vel úr þýfinu er hún aflöguð og veggheðslur litlar um sig. Líklega hafa hólfin að nokkru leyti verið grafin inn í brekkuna. Það glittir í grjót í veggjum sem virðist brimsorfið sjávargrjót úr fjörunni fyrir neðan. Ekki er ljóst hvar rekið hefur verið inn í stekkin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 3



ST-010:010 *Grafarlækjarflói* náma mógrafir

66°00.667N 21°23.933V

"Austan við Mýrarhnúk er Grafarlækjarflói. Þar eru mógrafir," segir í örnefnalýsingu. Grafarlækjarflói er um 1,5 km vestur af Reykjanesbænum, sunnan við Þjóðveg.

Dálítið vatn er norðan við hnúkinn og mýrlendir flóar þar í kring.

Líklegt er að mór hafi verið tekinn á stóru svæði austan við hnúkinn og einnig umhverfis vatnið. Þar sjást víða mógrafir, sumar unglegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykjaness, 4

ST-010:011 *Sandlækjaholt* náma mógrafir

66°00.134N 21°22.915V

"Flóinn, sem Sandlækir renna um, Sandlækjarflói, nær frá fjallsrótum niður undir vatn, sem heitir Mjóavatn. Austan við Sandlækina er langt holt, Langholt, að nokkru í Kjörvogslendi. Neðst Reykjanes megin í Sandlækjarflóa er holt, sem nefnist Sandlækjaholt. Þar eru mógrafir," segir í örnefnalýsingu. Mjóavatn er rúma 500 m suðvestur af Stekk 012 við Stekkjarvatn.

Holtið er með melum efst en mýrardrögum neðar, þegar nær dregur vatninu.

Víða eru slakkar meðfram vatninu sem líklega eru gamlar mógrafir, á a.m.k. 200 m löngu og 50 m breiðu svæði. Ekki er ólíklegt að mór hafi einnig verið tekinn austan við vatnið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 5

ST-010:012 *Stekkur* tóft stekkur

66°00.282N 21°22.020V


"Stekkarvatn er stutt fyrir ofan bæinn að Reykjanesi. Það dregur nafn sitt af Stekk, sem einhvern tíma hefur verið norðan við vatnið. Nokkur tóftarbrot sjást þar. Umhverfis vatnið er Stekkjarvatnsflói. Há þúfa norðan vð vatnið heitir Stekkjarvatnsþúfa", segir í örnefnalýsingu. Stekkjarvatn er lítið vatn vestur af Gjögursvatni, þau eru aðskilin af mjóu eiði. Norðvestan við það er tóft, um 30 m frá vatnsbakkanum. Þetta er rúma 900 m suðvestur af bæ.

Tóftin er á þurru móaholti sem er norðan vatnsins. Á þessum slóðum er jarðvegur þunnur og skammt niður á mel.

Tóftin er sigin en greinileg, alls 5,5 x 3,5 m stór, virðist hafa haft op til suðvesturs - að vatninu. Ekkert aðhald er á staðnum frá náttúrunnar hendi og ekki að sjá að oft hafi verið byggt á staðnum. Það vottar fyrir hleðsluleifum þvert yfir tóftina innanverða og á henni vestanverðri er þúfnabingur. Hleðsluhæð er aðeins um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 5



ST-010:013 náma mógrafir

66°00.693N 21°22.684V

"Gilholt er vestan við Reykjanesgil. Þar eru mógrafir. Gilið rennur um djúpa laut, Kaplalat, rétt ofan við bæinn", segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækurinn er vestan bæjar og rennur um Reykjanesgil. Mógrafir sjást fast vestan við Þjóðveg skömmu eftir að komið er yfir gilið á norðurleið. Mýri. Frá henni eru 20-30 m að læknum. Greinilegar mógrafir sjást á svæði sem er a.m.k. 20 m breitt og 70 m

langt.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 5

ST-010:014 Bólbrekka tóftir kvíar

66°00.707N 21°22.479V

"Brekka upp af bænum nefnist Bólbrekka. Þar eru gamlar tóftir", segir í örnefnalýsingu. Tóftir eru fast norðvestan við heimkeyrsluna, þar sem komið er að hliði á túngirðingunni. Þetta er um 80 m suður af bæjarhól 001. Þýfð og sumsstaðar grýtt brekka upp af túni, vel gróin, sérstaklega í kringum tóftirnar.



Í Bólbrekku eru 2-3 tóftir, misgreinilegar. Austasta tóftin er einungis 3-4 m frá heimkeyrslunni, hún er unglegst þeirra og veggir hennar rísa hæst. Tóftin snýr N-S með dyr í norður, niður brekkuna, stærð 5 x 9 m. Lítið hól er sambyggt tóftinni um miðbik að austanverðu, það er með dyr í vestur og er alls 3 x 3 m að stærð. Hæð veggja er allt að 1,2 - 1,3 m mælt innanfrá aðalhólfinu en það er

að hluta til grafið inn í brekkuna. Aðeins sér í grjótt innan veggja og þar sem rof eru í veggjum. Framan við dyraopið er áberandi bunga, líklega manngerð og standa leifar af tréstaup upp úr henni. Þar mun hafa verið úvarpsloftnet og var hlaðið upp að staurnum. Tæpum 20 m vestar er önnur skálarlaga tóft sem gæti verið af hlöðu. Skálin er 5 x 5 m og er smágrjótt í botni hennar. Ekki mótast sjáanlega fyrir hleðslum í börmum sjálfrar skálarinnar en hins vegar eru mjög signar hleðslur fram af henni og mynda hól sem opnast í norður, um 5 x 5 m stór. 10 m norðvestur af þessari tóft er önnur skál, nokkru stærri en sú sem fyrir var lýst en gæti verið náttúruverk að öllu leyti.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Örnefnaskrá Reykjaness, 5

ST-010:015 Byrgi tóft beitarhús

66°00.467N 21°20.528V

Beitarhúsatóft er norðvestur af Laugavíkurtanga, að norðanverðu við vík sem þar skerst inn í bakkann. Þetta svæði er nefnt Byrgi og um það segir í örnefnalýsingu: "Hluti af ströndinni nefnist Byrgi, frá Hvalhamri að Gíslareka. Ekki er vitað, af hverju nafnið Byrgi er dregið." Bæði beitarhúsin, sem nú eru þekkt frá Reykjanesi, þ.e. þetta sem hér er skráð og 019, eru í Byrgi. Ekki er óhugsandi að þar hafi áður verið hlaðin fjárbyrgi sem útigangsfé gat leitað skjóls í. Staðurinn er hentugur til fjörubeitar að vetrum. Hann var einnig skoðaður í fornleifaskráningu árið 1990 af vísindamönnum frá Hunter College, New York.

Sléttur grasbakki ofan við sjávarkampinn. Ofan við hann er hár en gróinn bakki, líklega eldri sjávarbakki. Þar fyrir ofan taka við þurrir harðlendisbakkar. Ágætt aðhald frá náttúrunnar hendi er á þessum stað. Ungleg tóft með garða, hlöðu og sambyggðu hólfi sem gæti verið aðhald. Húsið er alls 14 x 7 m stórt, þar af er hlaðan 7 m löng. Húsið snýr A-V með dyr á SA-horni. Garðinn er grjóthlaðinn úr grófu fjörugrjóti, sömuleiðis veggirnir en þó er einnig í þeim torf. Í norðausturhorni er dálítið hól, um 2 x 2 m sem sýnilega hefur verið þak á lengur en húsinu, leifar af því liggja í tóftinni. Hugsanlegt er að þar hafi verið byrgi sem notað hefur verið eftir að húsið var aflagt, t.d. skotbyrgi. Áfast húsinu að suðaustan er e.k. Upphækkun, greinilega manngerð,



8 x 5 m að stærð. Í framhaldi af henni er svo hól sem er alls um 10 x 10 m stórt, hleðslur eru lágar og litlar um sig. Við vesturhlið þess og húsanna liggur bíslóði með ströndinni. Hann liggur gegnum hólfid vestast. Samkvæmt upplýsingum frá fyrrum ábúanda voru gerðir kálgarðar í Byrgi eftir að hætt

var að nota beitarhúsin, á það líklega bæði við um þennan stað og 019.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Reykjanes, 2; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-010:016 tóft

66°00.883N 21°22.008V

Sunnanvert við Lendingu 008 er stakur klettur, líklega Kolluklettur. Um 20 m sunnan við hann er lítill lækur sem rennur niður í fjöruna. Beggja vegna við hann mótast fyrir tóftarbrotum, rétt ofan við sjávarkampinn. Neðst í grösugri brekku sem nær frá túnfætinum og að grjótfjöru.

Tóftirnar eru mjög óljósar og alveg hlaupnar í þúfur. Hvor þúst um sig er um 5 x 5 m að stærð og sú nyrðri er skýrari að því leyti að dæld sést í henni. Grjót sést ekki í veggjabrotunum. Tóftirnar eru aðskildar af læknum sem er mjór og vatnslítill.

Hættumat: engin hætt

ST-010:017 tóft


66°00.881N 21°22.064V

Næstum beint ofan við Lendingu 008, fast norðan við vegarslóða sem liggur niður að sjónum neðan bæjar, er tóft.

Slétt graslendi neðan við bratta en stutta brekku sem nær frá túnfæti niður í fjöru.


Tóftin er einföld, snýr með dyr í norðaustur, að sjónum. Hún er 6 x 6 m stór, veggir eru algrónir og lítið farnir að síga, hátt í 1 m háir.

Hættumat: engin hætt



ST-010:018 hús skotbyrgi

66°00.888N 21°22.107V



Upp af Lendingu 008, 35 m VNV af tóft 017 eru leifar af torfhúsi.

Slétt graslendi neðan við bratta en stutta brekku sem nær frá túnfæti niður í fjöru.

Húsið, sem hefur enn uppihangandi þak, virðist hafa verið byggt inni í eldri tóft. Hún er alls 6 x 6 m stór en húsið sjálft aðeins um 6 x 3 m. Dyr á tóftinni eru á austurhorni, hinsvegar sjást engar dyr á húsinu. Tvær stoðir styðja undir þakásinn en annars hefur þakið hvílt á veggjunum. Sperrur hafa verið um 8 hvorumegin, yfir þær hefur verið tyrft og hellur lagðar á torfið. Samkvæmt heimildamanni í Litlu-Ávík var þetta skotbyrgi, a.m.k. í seinni tíð.

Hættumat: engin hætt


ST-010:019 Byrgi tóft beitarhús

66°00.530N 21°20.747V

Beitarhúsatóft er í svonefndu Byrgi, niður við sjó. Þetta er 1,3 km austur af bæ og rúma 200 m norðvestur af beitarhúsatóft 015. Um byrgi segir í örnefnalýsingu: "Hluti af ströndinni nefnist Byrgi, frá Hvalhamri að Gíslareka. Ekki er vitað, af hverju nafnið Byrgi er dregið." Bæði beitarhúsin, sem nú eru þekkt frá Reykjanesi, eru í Byrgi. Ekki er óhugsandi að þar hafi áður verið hlaðin fjárbyrgi sem útigangsfé gat leitað skjóls í. Staðurinn er hentugur til fjörubeitar að vetrum.

Sléttur grasbakki ofan við sjávarkampinn. Ofan við hann er hár en gróinn bakki, líklega eldri sjávarbakki. Þar fyrir ofan taka við þurrir harðlendisbakkar. Ágætt aðhald frá náttúrunnar hendi er á þessum stað.


Þessi tóft er líklega eldri en 015, a.m.k. eru vegghleðslur bæði grónar og farnar að síga. Hún samanstendur af húsi án hlöðu og hólfi þar sunnan við. Tóftin er 12 x 6 m að stærð en hólfið um 12 x 10 m. Ekki er gott að sjá hvort dyr á húsinu hafa verið til austurs, beint út að sjónum eða til suðausturs út í sambyggða hólfið. Ekki er útilokað að dyr hafi verið á báðum stöðum. Þúfnakragi er inni í húsinu, langsum með norðurhlíð og gætu verið leifar af garða. Líkt og í tóft 015 eru hleðslur í hólfinu við húsið mun umfangsminni en í veggjahleðslunum. Ekki lítur út fyrir að þær hafi nokkurntíma verið háar. Tóftin var skoðuð sumarið 1990 af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York. Samkvæmt



upplýsingum frá fyrrum ábúanda voru gerðir kálgarðar í Byrgi eftir að hætt var að nota beitarhúsin, á það líklega bæði við um þennan stað og 015.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykjanes, 2; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.



ST-010:020 tóft 66°00.384N 21°20.500V

Tóft er 150 m suður af beitarhúsatóft 015, vestan við stóran stein undir fjallinu sem Laugarvíkurtangi kemur í framhaldi af.

Sléttlendi neðan við fjallshlíð, þar er mikið af stórgrýti sem hrunið hefur úr fjallinu en vel gróið inn á milli.

Tóftin er alveg sigrin og hlaupin í þúfur. Sé staðið á jörðu niðri er erfitt að greina á henni nokkurt lag. Ef klifrað er upp á klettinn fæst mynd á þústina. Hún er alls um 12 x 10 m að stærð, byggð upp við klettinn og þannig þjónar hann hlutverki austurveggjar. Hún skiptist í tvö hólfi, hið minna er norðar, um 2 x 4 m en syðra hólfið allt að 3 x 6 m. Hvergi sér í grjóti í hleðslum og ytri brún bunnar er óskýr og rennur saman við þýfið umhverfis.

Hættumat: engin hætta



ST-010:021 tóft útihús 66°00.799N 21°22.317V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í norðurjaðri miðs túns, 80-90 m norðaustur af bæ 001. "Fjárhús stóðu með nokkru millibili á miðju túninu sjávar megin við bæinn. Húsaflöt er flöt milli þeirra", segir í örnefnalýsingu. Líklega hefur þetta hús eða hluti þess verið eitt af þeim.

Sléttad tún í kring en bæjarlækurinn rennur skammt norðvestan við. Á þessum stað er nú tóft sem samanstendur af þremur hólfum. Hún er alls 20 x 7 m stór og snýr NA-SV. Vestast er lítið hólfi, 4 x 4 m með op í suðvestur. Þar er trjárusl í botni. Þá kemur næsta hólfi, 11 x 6,5 m með dyr í austur. Í norðurhluta þess er mikið spýtnabrák, e.t.v. úr þriðja hólfinu sem er svo fullt af þakfni að erfitt er að lýsa því nákvæmlega. Þó er stærð um 7 x 6 m og grillir í steipt kar, líklega sauðfjárbað nálægt norðausturhorni og garða í framhaldi af því. Greinilegt er að þessi hluti tóftarinnar hefur verið lengur í notkun en hin hólfin sem áður var lýst. Þess má geta að fjárhús í Reykjanestúni voru notuð sem beitarhús frá Litlu-Ávík eftir að búskapur leið undir lok í Reykjanesi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort frá 1917.



ST-010:022 tóft útihús 66°00.769N 21°22.417V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 40 m NA af bæ 001. Þar er tóft.

Í norðausturjaðri túns, milli bæjarhóls og lækjar.

Á þessum stað eru 3-4 samfastar tóftir, alls 25 x 7 m. Sú sem næst er bæjarhól er heillegust og líklegt að það hús hafi staðið er túnakort var gert 1917. Sennilegt er að það sé hlaða, enda nokkuð niðurgrafin. Stærð hennar er 5 x 5 m og dyr í suðaustur, grjóti er í veggjum innanverðum. Töluverður hóll er undir þessari tóft og líklegt að hún sé byggð á eldri rústum. Samfast henni að norðan er hólfi, 4 x 4 m stórt, ekki sést hvar dyr hafa verið á því. Þar norðan við kemur framhald á tóftinni en ekki sjást þar vegghleðslur, einungis upphækkun sem er tvískipt, alls 6 x 10 m. Töluverðar timburleifar eru á norðurhluta hennar í grunnri dæld. Norður af henni er sigrin tóft með óreglulegum vegghleðslum, 5 x 5 m og sjást dyr ekki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-010:023 þúst útihús

66°00.768N 21°22.216V

Í Reykjanestúni, 95 m suðaustur af útihústóft 021, eru áberandi dældir í hól, líklega leifar af tóft sem sléttað hefur verið yfir. 10 m sunnar er túngarður 005.

Sléttað tún.

Tvær dældir sjást í hólum, hann er vart meira en ógreinileg bunga sem á sér engin skýr mörk. Sú stærri er um 3 x 2 m og vottar fyrir grjóti á 2 stöðum í brún hennar. Norður af henni vottar fyrir ógreinilegri dæld, ekki meira en 2 x 2 m. Sennilega hafa staðið útihús þarna sem hafa þegar verið aflögð 1917, þegar túnakort var gert.

Hættumat: engin hætta

ST-010:024 tóft fjárhús


66°00.782N 21°22.308V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús rúma 80 m norðaustur af bæ. Þar er nú tóft. "Fjárhús stóðu með nokkru millibili á miðju túninu sjávar megin við bæinn. Húsaflöt er flöt milli þeirra", segir í örnefnalýsingu. Líklega hefur þetta hús verið eitt af þeim.

Sléttað tún í halla mót norðaustri. Tóftin er af stórum fjárhúsum sem voru notuð sem beitarhús frá Litlu-Ávík eftir að búskapur lagðist af í Reykjanesi og tóftin því stæðileg. Í henni eru tveir garðar, líklega torfhláðir bálkar, enn eru á þeim jötustokkar úr tré. Veggir eru að mestu leyti úr torfi nema allra neðst, þar vottar fyrir grjóti. Greinilega sést að norðurgafi hefur verið úr tré. Dyr hafa verið í suður, þannig snýr húsið ekki niður brekkuna heldur skáhallt á hana. Töluvert rof er í þeim veggjum sem snúa mót vestri, enda leita kindur þar skjóls. Húsið er alls 15 x 12 m. Hlaða hefur líklega verið í norðurenda, þar enda garðarnir 4-5 m frá veggjum. Hún hefur þó ekki verið niðurgrafin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort frá 1917; Ö-Reykjanes,

**ST-010:025** þúst

66°00.878N 21°22.172V


Tóftarbot er í nyrsta og vestasta hluta túnsins, 300 m NNA af bæjarhól 001.

Sléttað tún er sunnan við en þverhnipt brekka niður í fjöru að norðan og austan.

Ógreinileg, óregluleg og sigin þúst, hefur líklega verið sambyggð túngarði 005 en leifar af honum sjást út frá henni til austurs. Stærð 6 x 7 m. Norðausturveggur virðist greinilegur við fyrstu sýn en við nánari skoðun er líklegra að það sé hluti túngarðs og tóftin hafi þannig verið byggð í garðshorninu. Þess má geta að neðsti hluti túns var kallaður Hjallavöllur (sjá 004) og ekki útilokað að á þessum stað hafi staðið hjallur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort frá 1917

**ST-010:026** tóft útihús

66°00.794N 21°22.328V

Tóft er í túnjaðri, 5 m ofan við tóft 021.

Norðausturjaðar túns, bæjarlækur rennur fast við tóftina.


Tóftin er allsigin og hefur líklega ekki verið uppistandandi 1917, enda kemur hún ekki fram á túnakorti sem þá var gert. Hún snýr N-S með dyr í norður og gæti verið af fjárhúsi. Stærð 10 x 6 m. Ekkert sést af grjóti í veggjum, þeir eru mest um 0,4 m háir.

Hættumat: engin hætta

ST-010:027 tóft

66°00.853N 21°21.951V

Tóft er uppi á sléttum bakka sunnan við Lendingu 008 og 400 m austur af bæjarhól 001. Sléttur og þurr bakki en um 15 m norðar er þverhnipt brekka niður í fjöru. Mikið þýfi er beint vestan við tóftina. Tóftin er greinileg, lítil og hringlaga með dyr í norðaustur, í átt að sjónum. Hún er 3,5 m í þvermál og veggir algrónir, rúmlega hálfur metri á hæð. Grjót sést aðeins við dyraopið. Ekki er ljóst til hvers húsið hefur verið notað en gíska mætti á að það hafi verið þurkkhjallur.




Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-010:028 tóftir naust

66°00.890N 21°22.164V

Beint upp af Lendingu 008, um 30-40 m norður af skotbyrgi 018 við víkina, eru tóftir.

Grösug brekka sem hallar mót norðaustri. Bæjarlækurinn rennur í gili út í sjó 20-30 m norðar.




Á þessum stað sjást 3 tóftir sem sýnast samfastar, tvær af þeim eru líklega af naustum eða uppsátrum. Sú vestasta er bátslaga, oddmynduð innst, mest um 5 m breið en 10-12 m löng. Hleðslur eru ekki áberandi, enda tóftin að mestu grafinn inn í brekkuna. Á tveimur stöðum liggja rekaviðar-raftar yfir hana þvera. Það eru hvolfré sem bátar voru geymdir á yfir vetur. Austur af henni er áföst tóft, jafnlöng og breið en ekki með jafnhvösum enda. Ofan við hana er klettur. Fast suðaustan við þessa tóft er lítið hólflaðið inn í brekkuna, 2 x 2 m og sést gjörlla grjót í hleðslum. Dyr eru í


norðaustur, í átt að sjónum. Fimm metra austur af henni er naustlaga hvílt, mikið rofin neðst, 4 x 10 m. Hún hefur ekki á sér reglulegt tóftaryfirbragð og gæti verið náttúruleg að mestu.

Hættumat: engin hætta

ST-010:029 tóft 66°01.000N 21°22.348V
Tóft er uppi á klettasnos norðvestur af Þjófavogi, rúma 150 m austur af stekk 009. Grasi gróinn klettur en þverhniptir klettur eru fram af honum. Lítil, næstum hringlaga tóft, um 3 x 3 m. Hún virðist torfhlaðin, er mjög sigin og veggir mosavaxnir. Hleðslur eru ekki umgangsmiklar og hvergi sést op. Mögulegt er að hér hafi verið hlaðið um mó en sunnar, neðan við rætur Reykjaneshyrnu, eru mýrar sem virðast vænlegar til mótekju.



Hættumat: engin hætta



ST-010:030 tóft

66°00.842N 21°24.036V

Mýrarhnúkur er sérkennilegur þríhyrndur tindur suðvestur af Reykjaneshyrnu. Tóft er í línu milli hyrnunnar og hnúksins, um 30 m sunnan við þjóðveg. Holt í halla mót suðri en neðan þess er mýri.

Tóftin er hlaupin í þúfur en þó sést að grjót hefur verið í veggjum. Hún er 9 x 5 m að stærð, snýr SV-NA en dyr sjást ekki. Þúfnaröð sem liggur þvert yfir tóftina sunnanverða gæti bent til að hún hafi verið tvískipt. Hugsanlega hefur mór verið settur þarna upp, mór var tekinn í Grafalækjarflóa skammt neðar sjá 010.

Hættumat: engin hætta

ST-010:031 tóft

66°00.138N 21°21.837V

Norðan við Gjögursvatn, á sléttum bakka milli tveggja lítilla voga, er regluleg upphækkun sem líkist mjög siginni rúst. Þetta er 300 m SSA af Stekk við Stekkjarvatn 012. Gróíð, þýft holt við vatnið, um

15 m eru frá tóftinni að vatnsborði. Þúst sem hlaupin er í þúfur svo að vegghleðslur sjást ekki. Þó eru útlínur skarpar. Þústin er um 9 x 5 m NA-SV, snýr og mótar fyrir lítilli dæld í suðausturhorni, ekki stærri en 2 x 2 m.

Hættumat: engin hætt

ST-010:031-032 óstaðsetjanlegar fornleifar, sjá viðauka bls. 139.

ST-011 Ávík minni

Dýrleiki 6 hundruð.

Tún 1.9 ha. 1917. 1/2 slétt.

ST-011:001 Ávík Minni bæjarhóll bústaður 66°01.251N 21°25.501V

Núverandi íbúðarhús í Minni-Ávík stendur á bæjarhólum, vestast í túninu, en ekkert sést eftir af gamla bænum. "Búhóll er hóllinn sem bærinn stendur á og liggur hann í suðvestur að ánni. Ármegin í hólum skal vera heimkynni huldufólks," segir í örnefnalýsingu. Malarplan er við íbúðarhúsið að norðaustan og þaðan hægt að aka áfram til norðausturs, að fjárhúsum og öðru íbúðarhúsi sem stendur rúma 100 m eða meir austur af bæjarhól. Bæjarhóllinn er fremur ógreinilegur og hefur verið lækkaður mikið, síðast 1992. Þá var byggt við íbúðarhúsið að norðan og steiptur kjallari undir þann hluta. Var komið niður á mannvistarlög, allt að 2,5-3 m djúp og kom upp úr þeim mikið af ösku og beinum. Á þessum stað var hóllinn mjög hár og var m.a. hægt að láta bíldrúslu renna í gang niður af honum. Hluti af gamla bænum stóð uppi norðan við íbúðarhúsið eftir að það var byggt á árunum 1937-1938. Hann var notaður að hluta sem geymsla eftir það, t.d. var geymdur í honum mór (en mór var tekinn í Litlu Ávík fram yfir 1960). Suðurmörk bæjarhóls eru enn nokkuð skýr um 10 m framan við íbúðarhúsið. Áætluð stærð hólís er um 50 x 70 m. Sjór hefur líklega brotið af vesturhluta hólísins, þar er rofabakki og sæust vafalítið mannvistarlög ef sniðið væri skoðað vandlega. Bakkinn á þessum stað er allt að 4 m hár.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917; Ö-Litla Ávík HJ, 2

ST-011:002 Varðan örnefni 66°01.146N 21°25.208V

"Örnefni upp af túninu og út með sjónum: Leiðarhamar, Brekkur, Varðan....." segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir að Varðan sé lítill grjóthóll á Lægri-Brekku, á brúninni ofan við bæinn. Varðan er uppi á klettabrún 300 suðaustur af bæjarhól 001. Klettasnasir, grónar að ofanverðu. Á þessum stað er smáhjalli sem kallaður var Varðan þótt ekki sé kunnugt um að þar hafi nokkurntíma verið hleðslur. Líklega er það því að heiman frá bæ séð er hjallinn ekki ósvipaður vörðu. Ekki er óhugsandi að hann hafi verið eyktarmark.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Litla Ávík, 1; Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:003 garðlag túngarður 66°01.210N 21°25.291V

Neðan við túnið á Hjalla 004 sjást túngarðsslitur.

Þetta er á fremri (nyrðri) brún túnsins, niður af því taka við hjallar og klettur allt niður að túninu í Litlu-Ávík. Hjallatúnið er enn slegið að mestu. Túngarðurinn er greinilegur á 40-50 m kafla framan við syðri hluta túnsins. Þetta er ógróin steinhleðsla, 0,3-0,5 m há, mest 4 umför af hleðslum.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

ST-011:004 Hjalli heimild um býli 66°01.212N 21°25.206V

"Örnefni upp af túninu og út með sjónum: Leiðarhamar, Brekkur, Varðan, Hjallar og þar á nýbýlið Hjalli," segir í örnefnalýsingu. Hjalli stóð uppi á Hjöllunum, tæpa 250 m austur frá Litlu-Ávík. Býlið var fyrst byggt um 1930, það var torfbær, og um tíma stóðu meira að segja tvö íbúðarhús í túninu.


Þar er nú sléttuð tún. Nú sjást engar tóftir í túninu, það var sléttuð fyrir 1980.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 1

ST-011:005 Litli-Stekkur þúst stekkur 66°01.415N 21°25.314V

"Örnefni upp af túninu og út með sjónum: Leiðarhamar, Brekkur, Varðan, Hjallar og þar á nýbýlið Hjalli. Bólið, Krókur, Litli-Stekkur, Litlastekksnes.....," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu sem Haukur Jóhannesson tók saman segir: "Litli-Stekkur er vík vestan á Litla-Stekksnesi. Upp á nesinu vestanmegin var skothús [sjá 021]. Tóftir eru ofan í Litla-Stekk." Litli-Stekkur er við sjóinn, rúma 300 m norðaustur af bæjarhól 001. Gróinn hvammur við sjóinn, brattar en lágar brekkur eru uppfrá honum



að túni sem er á stallinum fyrir ofan.

Eiginlegar tóftir eru ekki áberandi og kann það að skýra hvers vegna örnefnið virðist vera að færast yfir á víkina. Það sem sést eru tvær dældir, sú syðri er stærri, 9 x 5 m og virðist geta verið náttúruleg en hin er 2 x 6 m og full af grjóti sem gæti verið hleðslugrjót. Norðaustan við hana vottar reyndar fyrir ógreinilegri, lítilli dæld og má greina óljósar hleðsluleifar við enda hennar. Milli aðaldældanna tveggja gengur gróin tunga fram og er töluvert af spýtnarusli á henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 1; Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:006 Gamli-Nátthagi tóft+garðlag nátthagi
66°01.490N 21°24.821V

"Örnefni upp af túninu og út með sjónum: Leiðarhamar, Brekkur, Varðan, Hjallar og þar á nýbýlið Hjalli. Bólið, Krókur, Litli-


Stekkur, Litlastekksnes, Vogar upp af þeim Vogamýri, Stekkjarnestangi, Stekkjarvík, Djúpuvík, heim af henni Gamli-Nátthagi og heimar Litli-Nátthagi," segir í örnefnaskrá. Í lýsingu Hauks Jóhannessonar segir að Gamli-Nátthagi sé hlaðið gerði yst á Nesjunum. Gamli-Nátthagi er hátt í 70 m norður af Litla-Nátthaga 007.

Tún er inni í nátthaginum og hefur skurður verið grafinn í honum austanverðum til að þurrka það upp.

Nátthaginn er hlaðinn til norðvesturs út frá allháum klettum. Hleðslur hans standa enn býsna vel og eru lítt grónar, allt að 8 umför hleðslugrjóts. Lögun nátthagans er regluleg og er hann nánast ferhyrndur, stærð alls 60 x 45 m. Op er á honum nálægt suðvesturhorni og þar liggur bíslóði í gegn inn á túnið. Upp við klettavegg, inni í nátthaginum suðaustarlega er hlaðin tóft, tvískipt. Þetta voru kvíar að sögn Sigursteins Sveinbjörnssonar. Stærð tóftarinnar er um 4,5 x 9 m. Rekið hefur verið inn í syðra hólfið, sem er stærra, að sunnanverðu en nyrðra hólfið er opið í vestur. Ekki virðist hafa verið op milli hólfa tveggja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 1; Ö-Litla-Ávík HJ, 3



ST-011:007 Litli-Nátthagi gerði nátthagi 66°01.433N 21°24.872V

"Örnefni upp af túninu og út með sjónum: Leiðarhamar, Brekkur, Varðan, Hjallar og þar á nýbýlið Hjalli. Bólið, Krókur, Litli-Stekkur, Litlastekksnes, Vogar upp af þeim Vogamýri, Stekkjarnestangi, Stekkjarvík, Djúpuvík, heim af henni Gamli Nátthagi og heimar Litli-Nátthagi," segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Hauks Jóhannessonar segir að Litli Nátthagi sé hlaðinn af torfi og grjóti. Litli-Nátthagi er tæpa 600 m norðaustur af bæ en um 330 m austur af Litla-Stekk 005. Þangað liggur bíslóði til norðurs frá bæ.

Grösugar brekkur og svo flatlendi norðan undir klettahömrum. Nátthaginn er hlaðinn niður frá klettunum á þrjár hliðar og er næstum ferkantaður nema hvað suðvesturhlið er býsna bogadregin.

Stærð er alls 50 x 35 m og hefur verið rekið inn um up á norðausturhorni. Að sunnan og suðaustan er náthaginn lokaður af klettum; skarð er í þá vestarlega og þar er hlaðið fyrir þversum á tveimur stöðum þannig að lítið hólfi myndast, um 5 x 5 m og er ekkert op sjáanlegt á því. Hleðslur eru víðast hvar heilar og ógrónar, allt að 8 umför af hleðslum sjást en ekki eru þær allsstaðar vandaðar. Ekki sést neinsstaðar heilleg tóft inni í náthaganum en þó vottar fyrir þúst og smáhleðslum í honum nálægt norðvesturhorni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 1; Ö-Litla-Ávík HJ, 3

ST-011:008 Þórðarhellir hleðsla bústaður 66°01.529N 21°23.421V

Í örnefnalýsingu segir: "Í Reykjaneshyrnu austanverðri, rúman klukkutíma gang frá Litlu-Ávík, er hellir sá, sem Þórðarhellir er nefndur. Er hann undir allháu hamrabelti; og er þaðan brött 20-30 m grjótskriða niður að sjó." Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum, segir: "Annars vegar segja munnmæli að Þórður Guðbrandsson, sá sem brenndur var 1654 í Kistu, hafi losnað á bálinu og leynst með reyknun og komist í Þórðarhelli og svo í erlenda duggu. Hins vegar er saga af útilegumanni sem Þórður hét og var í tygjum við heimasætuna í Litlu-Ávík og hljóp hún að heiman og bjó með Þórði í hellinum. Þórður átti að gera þar út og draga bát sinn upp í brattan bakkann undir hellinum. Föður stúlkunnar þótti þetta ekki við hæfi og sótti að Þórði með margmenni, en hann varðist. Að lokum náði bóndi dóttur sinni en Þórður komst undan í kletta og varðist með grjóti. Sagan segir að bóndinn hafi fallið í aðför þessari." Hellirinn er 1,6 km norðaustur af bænum í Litlu-Ávík. Hægt er að fylgja kindagötum með ströndinni að honum en sumsstaðar liggja þær í miklum bratta og klöngrast þarf niður í vikur og yfir skriður. Kindagata liggur framfyrir hellismunnann sem er líklega í um 30-40 m hæð yfir sjávarmáli. Vatn drýpur fram af háum kletti ofan við hellismunnann.

Hellismunninn hefur nú nær alveg lokast af aur og því varð ekki komist inn í hellinn. Munninn er um 5-6 m breiður en aðeins 30 sm hár, rétt svo að hægt sé að gægjast niður í hellinn. Þegar þetta er ritað eru hjólbörur og tvær skóflur við hellinn og lítur út fyrir að einhverjir hafi ætlað að moka út úr honum. Reyndar eru verkfæri þessi farin að ryðga nokkuð.

Í Strandapóstinum 1968 segir frá Þórðarhelli, bæði frá munnmælasögum sem honum tengjast sem og hellinum sjálfum. Þar er birt lýsing Tómasar víðförla Guðmundssonar (1829-1895) á hellinum: "Dyr hans eru so lágar að inn verður að ganga hálfboginn. Liggur hann niðrá við þegar eins faðms langt er inn komið. Er hann þrjár álnir á hæð út við allt um kring, inn í miðju fullar fimm, tíu álna langur, fimm til sex breiður; í miðjunni er bálkur eða veggur hlaðinn úr köntuðu grjóti. Á öllum röndum hans eru lagðir langir steinar hvor við ann (an). Bálkur þessi er þrjár álnir langur, ein og hálf breiður og eins á hæð. Rjáfur hellisins er hvelft. Lítil birta er í hönum og ekki er þar lestrarbjart um hádag. Kaldur óþefur er í honum og lá mér við ógleði þegar inn kom. Sandskriða brött liggur úr stórgryttri fjöru til hjallans sem hellirinn er í, en hjallinn er á að gizka átta til tíu faðma hár. Slétt er bergið og svartlitt. Ekki sér dyr hellirsins fyrr en að þeim er komið. Inngangur hans er hér um tveggja álna breiður og stórgrytishrúga nokkur framan fyrir og hylur op hans." Síðsumars 1960 fór Símon Jóh. Ágústsson við fjórða mann í leiðangur í hellinn en þá þurfti að skríða inn í hann niður á við. Þeir mældu hann nákvæmlega og reyndist hann 10,5 x 12 m stór en mest 3,1 m hár. Engin óræk merki fundust um mannvist en þar var talsvert af köntuðu lausagrjóti. Bálkinn sem Tómas lýsti sáu þeir ekki en töldu hugsanlegt að hann ætti við stóran kantaðan stein nálægt hellismiðju. Símon hefur eftir Jóni Samsonarsyni (d. 1962) frá Finnbogastöðum að á unglingsárum hans hafi sést leifar af hleðslu hægra megin þegar komið var inn í hellinn en hún var horfin 1968. Giskar Símon á að um sé að kenna tíðum ferðum skólabarna í hellinn. Leiðangursmenn grófu tvær litlar holur, 1-1 1/2 skóflustungur á dýpt, í hellisgólfið sem sagt var "gert úr fínu svörtu dufti". Þar fundust nokkur kindabein og tófuskoltur. Sumarið áður hafði Ólafur Briem menntaskólakennari einnig kannað hellinn en ekki fundið mannvistarleifar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 1; Strandapósturinn 9, 1975; Strandapósturinn 2, 1968; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 35

ST-011:009 Gíslabali tóftir býli 66°00.177N 21°25.082V

"Gíslabali nýbýli úr landi Litlu-Ávíkur" segir í örnefnalýsingu. Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum, segir: "Nokkuð hátt í hlíðinni undir Örkinni sést grænn túnblettur. Þar stóð smábýlið Gíslabali sem búið var á til 1959. Ábúendur þar byggðu afkomu sína aðallega á útræði frá Gjögri en höfðu fáeinir skepnur með." Gíslabali er nálægt mynni Ávíkurdals austanverðs, 2 km SSA af bæ 001. Af heimildum að dæma hefur býlið einungis verið byggt um skamma hríð, ekki byggst fyrr en eftir 1845 og farið í eyði 1959. Bærinn stóð í litlu túni sem ekki er lengur í rækt, í halla mót norðri. Lækur rennur um túnið vestan við bæjartóftina.

Tóftirnar voru skoðaðar af fornleifafræðingum frá Hunter College sumarið 1990. Í dagbókarfærslu

þeirra segir: "The farm still has its fe pumping visible and working, also a possible clothes-drier standing near the farm house. Six structures. Two animal house, the farm house, a mystery stone structure and a small turf enclosure. There is also one garden on the right side of the tún. The farm was recently abandoned, somewhere in the late 1950's. It would seem that the farmers at Stóra and Litla Ávík use the farmstead for sheep grazing. Gíslabæli must also be a recently added cot or tenant holding. There is no mention of the farm in the 1706 Árni Magnússon census, nor the 1845." Nokkrar



tóftir eru sjáanlegar í Gíslabalatúni. Hér á eftir verða þær merktar með bókstöfum til einföldunar. A) Með hliðsjón af túnakorti frá 1917 má sjá að bæjartóftin er sú tóft sem er neðst eða nyrst tóftaklasans sem er ofarlega í túninu, austan við lækinn. Alls er tóftin um 16 x 17 m að stærð og samanstendur af tveimur hlöðnum hólfum og svo reglulegum stalli þar sem ætla má að hafi verið timburhús. Annað hólfið er austan við stallinn, opið í norður, alls um 6 x 6 m að stærð. Hitt hólfið er sunnan við, snýr eins og hið fyrra en er hátt í 5 x 10 m að stærð. Upphækkunin þar sem húsið hefur staðið er 6 x 8 m stór; þar liggja bæði steinsteyptur strompur og ryðgað járnör, líklega einnig reykháfur. Ekki er hólmyndun undir rústunum og ekki líklegt að uppsöfnun mannvistarleifa hafi verið mikil á þessum stað. B) Tóft er um 65 m suðaustur af bænum (A), efst í túninu austan lækjar. Hún snýr með op í norður og er tví- eða þrískipt, alls 10 x 12 m að stærð. Veggir eru hlaðnir úr stórgrýti. Austast er fjárhús (10 x 5 m) með dyr í norður. Í því er stuttur, grjóthlaðinn garði. Vestur af því, samfast, er niðurgrafið hól, líklega hlaða. Vestast í hlöðunni er lítil og mjó kró, um 6 x 2 m, opin í norður. Þar sem þessi tóft er er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. C) Tæpa 20 m norður af tóft (B) er fjárhústóft með hlöðu og garða. Hún er alls 13 x 8 m stór, snýr N-S með dyr í norður. Hlaðan er breiðari en húsið. Veggir eru að mestu grjóthlaðnir og standa enn 5 umför af hleðslum í austurvegg hlöðu sem er niðurgrafin. Garðinn er ógróinn, ofan á honum eru leifar af steyptri plötu og nyrst í honum, næst dyrunum, er steyptr baðþró. Á þessum stað er sýnt útihús á túnakorti frá 1917. D) Um 60 m vestur af bæjarrústinni (A) og vestan við bæjarlækinn er hlaðið gerði, líklega kálgarður. Stærð alls 27 x 20 m. Garðurinn nálega ferhyrndur og umgirtur einfaldri torfhleðslu sem er allt að 0,6 m há. Op er á honum efst, að sunnanverðu, og út frá því beggja vegna ganga hleðslur til suðurs, upp hlíðina. Austan við austari hleðsluna rennur smáspræna. Ekki er gott að sjá hvaða hlutverki þessar hleðslur hafa þjónað, nema e.t.v. hafi þær hjálpað til við að veita vatni á garðinn. E) 60 m suðvestur af (B), efst í Gíslabalatúni vestan bæjarlækjar, er lítil tóft. Fram af henni er brött brekka. Tóftin er illa farin, rofin að innan og liggja kindur greinilega oft í henni. Stærð 2,5 x 4 m og opnast hún til norðurs. Grjóthrun er innan veggja og virðist sem tóftin hafi verið niðurgrafin. F) Sjötta tóftin sem skráð var á Gíslabala

er neðst og nyrst í túninu, um 100 m norður af bæjarrúst (A). Þar er farið að bera meira á mýrargróðri en ofar í túninu. Tóftin er ferhyrnd, 7 x 4 m að stærð og snýr A-V. Veggir eru lágir og ekkert op sjáanlegt. Líklega hefur þetta verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 2; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory; Túnakort Gíslabala frá 1917; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 35

ST-011:010 Sel tóftir sel


66°00.281N 21°25.898V

"Gíslabali nýbýli úr landi Litlu-Ávíkur. Upp af honum er Arkarhjalli, Arkarhvolf og Arkarkollur. Vestanvert við Arkarhvolf er Skál upp af henni Lambatindur. Vestan við Skálina er Reyðarfell. Vestan við Skálina eru Lambatungur. Fjörtíuhestaengi upp af því Selbungur. Sel, Móholt, Stakkagarðsholt í endanum á því við ána er Grásteinn", segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Hauks Jóhannessonar segir að Sel sé á litlu holti við Ávíkurána. Selið er við Ávíkurá, 650 m VNV af Gíslabala 009.

Þurrt holt við ána en mýrar eru umhverfis það.

Tóftirnar eru stæðilegar og virðast í svipuðu ásigkomulagi og seltóftir í Stóru-Ávík ST-012:037 sem


eru gegnt þeim, handan við ána. Tvær aðskildar tóftir eru á holtinu. Sú stærri er norðar og austar. Hleðslur eru allt uppundir 1 m á hæð en samt sem áður teknar að hlaupa í þúfur. Tóftin skiptist í 4-5 hólf. Annars vegar eru 2 samhliða hólf vestast, hvort um sig um 5-6 m breið en 7-8 m löng. Erfitt er að slá því föstu hvar dyr hafa verið, þó virðist vestara hólfíð opið í suður en hitt í norður. Um 6 m austar eru a.m.k. tvö hólf til viðbótar, sambyggð í stefnu N-S en það syðra er



óljóst og hlaupið í þúfur. Samanlögð stærð þessa hluta er um 10 x 5 m en frá honum norðanverðum liggur breið garðhleðsla áfram til vesturs 6-8 m. Þannig tengist þessi tóftahluti þeim hólfum sem áður var lýst. Rúma 2 m suðvestur af þessari tóft er stök og einföld tóft frammi á bakka, um 5 x 4 m stór, því sem næst ferköntuð og hefur op á miðri suðurskammhlið en hún snýr fram á brúnina. Seltóftirnar voru skoðaðar af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York, sumarið 1990. Í lýsingu þeirra stendur: "Ávíkurdalur. Site appears to be sel like complex. It is located on the southern/eastern bank of a stream bank – the ground falls rapidly to the west. The structures are well-preserved with tall walls. There is some slumping and steep trail erosion, especially on the southern end – hammocks on south as well. No midden visible but 2 sheep bones on streambank below structure e but these look recent. Hight of walls: A)40cm. B)40cm. C)40-50cm. D)40-50cm. E)30cm."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík, 2; Ö-Litla-Ávík HJ, 4; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.



ST-011:011 tóft

66°00.563N 21°25.389V

Suðvestur af Breiðavatni, sem stundum er einnig nefnt Gíslabalavatn, er tóft. Lækur sem heitir Mólækur rennur í sveig sunnan við hólinn. Umhverfis hólinn er mýrlent og sjást þar mjög víða mógrafir (034).


Tóftin er næstum hringlaga, 5 x 6 m. Engar dyr eru á henni og hleðslur fremur litlir um sig, aðeins um 0,2 m háar. Grjót sést neðst í veggjunum. Líklegt er að þarna hafi verið settur upp mór til þurrkunar. Um 5 m norður af tóftinni er lítil gryfja, 2 x 2 m og um 1 m djúp. Uppmöksturinn úr henni liggur ógróinn við hliðina.

Hættumat: engin hætta

ST-011:012 Ból tóftir

66°01.288N 21°25.306V

"Ból er ofan við nýrra íbúðarhúsið og Langhól og ofan við grjótgarðinn [016] en neðan við Hjalla," segir í örnefnalýsingu. Upp af bænum í suðaustri eru dálítill klettabelti utan í Reykjaneshyrnu. Neðan



við neðsta klettabeltið er láglendisræma og Ból eru þar undir klettunum. Þetta er rúma 160 m austur af bæ. Sléttlendir og grösugir balar undir klettum. Sigursteinn hefur heyrt að kýr hafi verið mjólkaðar á bolum líkt og á stöðlum. Á þessum stað vottar fyrir tveimur tóftum. Norðar er lítill tóft, 3 x 5 m að stærð, mjög óglögg, næst því að vera þríhyrnd að lögun. Örmjór, þurr lækjarfarvegur er fast upp við hana að austan. Um 20 m norðaustar er aflöng skora með óljósum hleðslum utan um, alls 5 x 7 m, virðast dyr snúa í norðaustur. Fleiri tóftir eru sunnar á Bóli, sbr. 013.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:013 Ból tóft útihús 66°01.281N 21°25.322V

Sunnarlega á Bóli 012, 10-15 m ofan við túngarð 016, eru tóftir. Sléttlendir og grösugir balar undir klettum.

Tvær eða þrjár tóftir eru á þessum stað. Sú nyrsta er greinileg en sigin, snýr A-V með dyr í vestur, í átt niður brekkuna, að bænum. Hún er alls 8 x 5 m að stærð, einföld að gerð. Enn sér glögg í grjót innan veggja. Tóftin er meira niðurgrafin en upphlaðin og lítur út eins og venjuleg útihúsatóft, gæti t.d. Verið af fjárhúsi. Um 20 m sunnar er djúp dæld norðan undir stórum kletti, grjót er í botni hennar. Hún er regluleg, 7 x 4 m að stærð og gæti hugsanlega verið manngerð. 15 m norðvestur af henni er mjög óljós, tvískipt tóft, sokkin í þufur. Alls 7 x 5 m að stærð, opnast í norðvestur. Innra hólfið er mun minna en það ytra.

Hættumat: engin hætta

**ST-011:014** Beð heimild um tún

66°01.257N 21°25.415V

"Beð(in) eru ofan við íbúðarhúsið og sést móta fyrir þeim í túninu, þar er þríhyrningslagður blettur afmarkaður af grunnum skurðum," segir í örnefnalýsingu. Þetta er um 70 m suðaustur af bæ.

Sléttað tún. Ekki sást móta fyrir Beðum þegar staðurinn var skoðaður, enda gras fremur hátt. Byrjað var að slétta tún á bænum milli 1950 og 1960.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:015 Smiðjuholt tóft útihús

66°01.213N 21°25.508V

Tóft er 70-80 m suðvestur af bæjarhól 001, norðan við heimreiðina. Þetta er allra austast á svonefndu Smiðjuholti. Um það segir Haukur Jóhannesson í lýsingu sinni: "Smiðjuholt er holtið sem liggur í



bugnum til austurs neðan við Nautavað. Á því stóð smiðja en síðar Reykkofi." Þýft graslendi. Dálítil mýrarlækur rennur austan við tóftina. Tóftin er af húsi sem síðast var notað sem reykkofti en vitað er að hann var byggður á eldri tóftum. Tóftin snýr N-S og er 5 x 6 m stór, hún hefur dyr vestarlega á norðurhlið. Hún er mikið rofin að innanverðu vegna ágangs kinda. Veggir standa vel enn, allt að rúmum metra en stutt er síðan grind og þak voru rifin af kofanum. Dálítil bunga er undir tóftinni. Ekki er vitað um tóftir annarsstaðar á Smiðjuholti og ekki sjást greinilegar húsarústir annarsstaðar á því. Þar sem það rís hæst, suður af þessum stað, er gróðurlítið og skammt niður á mel; þar eru nú geymd gömul bílhæ og ýmis tól og tæki.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2


ST-011:016 garðlag túngarður

66°01.283N 21°25.364V

Heillegur túngarður er enn með túninu að austanverðu.

Sléttad tún er innan hans en mórar utan við, nema að sunnanverðu þar sem túnið hefur verið stækkað til suðurs, út fyrir túngarðinn þótt hann hafi ekki verið skemmdur. Garðurinn er grjóthlaðinn. Hann er alls um 230 m langur og víðast hvar ógróinn þótt hleðslur séu yfirleitt óhrundar. Hann sést fyrst austan við heimkeyrsluna, liggur þaðan 30-40 m til austurs en sveigir svo til norðurs með austurhlið túnsins, líklega um 170 m. Þá sveigir hann til vesturs, í átt að vegarslóða sem liggur áfram norður að Stekk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-011:017 heimild um huldufólksbústað

66°01.238N 21°25.523V

"Búhóll er hóllinn sem bærinn stendur á og liggur hann í suðvestur að ánni. Ármegin í hólnum skal vera heimkynni huldufólks," segir í örnefnalýsingu. Búhóll mun vera hólrani, lægri en bæjarhóllinn en þó áfastur honum að suðvestan. Hóllinn er brattur að vestanverðu, niður að ánni. Þar er þó dálítið flatlendi. Ekki er ómögulegt að hóllinn sé í raun framhald af bæjarhól 001 og feli í sér mannvistarleifar, gæti t.d. verið öskuhaugur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:018 Nautavað heimild um vað

66°01.145N 21°25.592V

"Ávík er niður af bænum, allstór vík og í hana fellur Ávíkurá sem í daglegu tali er aðeins nefnd Áin. Nautavað er á ánni skammt fyrir ofan Smiðjuholt [015]. Þar sem vaðið er tekur áin bug til vesturs," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er 200 m sunnan við bæ. Áin er hvorki djúp né vatnsmikil á þessum stað, um 5 m eru á milli bakka. Gamall bíslóði lá hér yfir í Stóru-Ávík og sér enn glögg fyrir honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:019 náma mógrafir

66°00.972N 21°25.480V

Mór var tekinn suðaustan við Ávíkurá og norðvestan heimreiðar, skammt neðan þjóðvegarins. Þetta er

um 500 m suður af bæ. Mýrlendir slakkar upp af Ávíkuránni. Á þessum slóðum er foss í henni. Víða sjást greinilegar, uppgrórnar mógrafir á svæði sem er um 70 x 20 m.


Hættumat: engin hætta

ST-011:020 frásögn huldufólksbústaður

66°01.110N 21°25.421V

Leiðhamar er fast austan við heimreiðina, 270 m SSA af bæjarhól 001. Í æsku sinni heyrði Sigursteinn Sveinbjörnsson oft að þar byggi huldufólk. Kletturinn er áberandi, sérstaklega frá bænum séð.

Hættumat: engin hætta



ST-011:021 tóft skotbyrgi 66°01.427N 21°25.279V

"Litli-Stekkur [005] er vík vestan á Litla-Stekksnesi. Upp á nesinu vestanmegin var skothús," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er austan við klett um 30 m norðaustur af Litla-Stekk. Þetta er tæpa 400 m norðaustur af bæ.

Tóftin er byggð upp við lágan klett. Vestan við hann er gróinn hvammur en að austan er sléttáð tún í rækt sem nær alveg að tóftinni.

Tóftin er lítil og að nokkru leyti grafin inn í lágan hól. Hún er alls um 3 x 2 m að stærð. Dyr snúa í austur, frá hólnum. Tóftin er algróin, í henni er gamalt timbur sem gæti að hluta til verið leifar af þaki. Þá er tóftarleg og gróskumikil þúst sunnan við klettinn, iðagrænn óreglulegur þúfnabingur, 6 x 8 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2

ST-011:022 tóftir

66°01.530N 21°24.734V


"Djúpavík er austan við Stekkjarvík og skilst frá henni af lítilli klettasnös," segir í örnefnalýsingu. Víkin er norðaustur af Gamla-Nátthaga 006. Niðri í henni, við sjóinn, eru tóftir.

Grösugt láglendi í djúpri hvilft sem gengur upp af ströndinni. Snarbrattir bakkar eru upp á alla vegu og sjórinn lokar hvilftinni af að norðanverðu.

Tvær tóftir sjást við Djúpavík auk stakrar hleðslu. Austast er tvískipt tóft, hlaðin undir kletti. Austara hólfið hefur ekki sjáanlegar dyr, er 5 x 7 m. Minna hólfið er 4 x 5 m með op í norður. 5 m vestar er grunn tóft eða hvilft, 5 x 9 m að stærð, opin í norður, að sjó (sem er 20-30 m fjær). Hún er býsna bátslaga og minnir á naust. 5 m vestur af henni er stök, bogamynduð hleðsla, alls 5-6 m löng. Ekkert er vitað um hlutverk tóftanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 2



ST-011:023 tóftir

66°01.609N 21°23.590V

Þegar gengið er út í Þórðarhelli 008 er m.a. Farið yfir Ytra-Hagavíkurnef. Á því eru rústir, norðan við greinilegar kindagötur. Þetta er 1,6 km NA af bæ í beinni loftlínu en býsna erfitt er að komast þangað því þræða þarf kindagötur eftir bröttum skriðum og klöngrast ofan í grýttar víkur.

Mjög grösugt klettaneft, á því er dálítið undirlendi, þó í smáhalla mót norðri. Annars er hvergi mikið undirlendi á þessum slóðum. Upp af nefinu til suðurs er hálfgróin skriða og vestan við hana gengur lítið gil upp fjallið. Nefið er hátt og þverhnipt að norðanverðu.

Rústirnar eru alveg hlaupnar í þúfur og því erfitt að henda reiður á þeim. Aðeins eitt hól er greinilegt, um 5 m norðan við götuna. Það er um 2 x 2 m að stærð og mjög sokkið. Stórþýft og rústalegt er á svæði norðan við töftina sem er alls um 15 x 20 m stórt en einnig á totu sem gengur suður frá henni og allt suður fyrir götuna, sá rani er um 8 x 6 m að stærð. Nokkrir jarðfastir klettir eru á rústasvæðinu. Ekkert er vitað um hlutverk þessara rústa en örnefnið Hagavík bendir auðvitað til að þeir hafi verið nýtt.


Hættumat: engin hætt

ST-011:024 Móholt töftir 66°00.337N 21°25.600V
Tvö lítil, aðskilin holt eru í mýri tæpa 500 m VNV af Gíslabala 009. Á þeim eru töftir. Í örnefnalýsingu segir: "Ofan við Stakkgarðsholt [035] eru Móholt og er nafnið í fleirtölu, enda holtin tvö. Efra-Móholt er lítið en Neðra-Móholt er stærra. Á þeim voru mótóftir og hlaðið upp með og tyrft yfir." Þurr holt í mýri, milli þeirra er mýrarsund.

Ein töft er á syðra holtinu, 4 x 4,5 m að stærð, virðist með op á norðurvegg. Veggir eru litlir um sig og lágir, ekki meira en 0,2 m. Á nyrðra holtinu eru tvær töftir. Sú syðri er 5 x 7 m stór, hugsanlega opin til norðurs. Grjót sést í veggjum hennar sem þó eru hvergi háir. Þremur metrum norðar er töft sem er um 6 x 5 m að stærð. Á henni sjást engar dyr en hún virðist skiptast í tvennt með þvervegg sem þó nær ekki yfir alla töftina. Dældir sem líklega eru grónar mógrafir eru í mýrarsundinu milli holtanna.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 4




ST-011:025-031 óstaðsetjanlegar fornleifar, sjá viðauka bls.139.

ST-011:032 töft

66°00.445N 21°25.365V

Sunnan í lágu holti rúma 500 m norður af Gíslabala 009 er töft.



Lágt og þýft móaholt, hér snýr það mót suðri. Mýri er suður af því.

Mjög regluleg og heilleg töft, alls 17 x 12 m að stærð. Hún er tvískipt, austara hólfíð er 7 m breitt en það vestara 10 m. Hólfin eru alveg aðskilin með vegg. Líklegt virðist að þetta hafi verið kálgarður fremur en hús eða rétt, enda sést hvergi hentugt op til innrekstrar þótt votti fyrir rofi syðst á stærra hólfinu. Þá eru veggir lágir, ekki nema um 0,3 m þrátt fyrir að hleðslur séu heillegar. Hugsanlegt er að eldri töftir séu efst á holtinu, fast sunnan við töftina og e.t.v. Að hluta til undir henni. Þar er mikið stórþýfi með djúpri dæld í. Svæðið er alls um 20 x 10 m stórt og fast vestan við það vottar fyrir fornlegri töft um 5 x 7 m að stærð sem virðist opin í norður.

Hættumat: engin hætt

ST-011:033 Grásteinn heimild um huldufólksbústað

66°00.452N 21°25.754V

"Grásteinn er stakur steinn á smáholti í tanga sem gengur vestur í ána. Steinninn er um 1,5 metrar á hæð og grár að lit. Ekki mátti vera með háreisti í grennd við Grástein," segir í örnefnalýsingu. Steinninn er yst á holti sem skagar að Ávíkúrá til vesturs, rúma 700 m norðvestur af Gíslabala 009. Lýsingin bendir til að þar hafi átt að búa huldufólk. Steinninn er á brún holts, við á. Steinninn er áberandi og stakur, rúmlega 1 m hár. Fast norðaustan við hann er heytöft 035.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 4

ST-011:034 *Mólækur* náma mógrafir 66°00.552N 21°25.467V
Mólækur rennur frá Breiðavatni, sem einnig er nefnt Gíslabalavatn, í Ávíkurá.
Rauðleitur lækur sem rennur í mýrardragi.

Víða sjást dældir við lækinn eftir mógrafir, sumar unglegar, þ.á.m. ein norðan við miðbik lækjarins sem er um 1 x 8 m stór. Hún er mjög regluleg og með vatn í botni. Mór var tekinn í landi jarðarinnar a.m.k. framyfir 1960. Norðan við Mólæk er hálfgróinn melhóll; á honum er tóft og líklegt að þar hafi mór verið settur upp til þurrkunar (sjá 011).

Hættumat: engin hætta

ST-011:035 *Stakkgarðsholt* tóft heystæði 66°00.451N 21°25.750V
"Stakkgarðsholt er milli Grásteins [033] og Gíslabala [009] og er stórt um sig. Þar voru heystæði," segir í örnefnalýsingu. Tóft er á holtinu, fast upp við Grástein 033.

Þurrt móaholt í mýri. Tóftin er regluleg, 4 x 4 m stór. Líklega er hún torfhlaðin, a.m.k. sér ekki í grjót í veggjum sem einungis eru 0,1-0,2 m háir. Ekki sjást dyr á tóftinni og ekki fundust fleiri tóftir á Stakkgarðsholti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Ávík HJ, 4

ST-011:036 heimild um lendingu 66°01.290N 21°25.504V
Lending var austantil í Ávík, beint niður af skemmu 038. Dálítið vik skerst hér upp í fjöruna. Þetta var erfið lending og þurfti að sæta sjávarföllum. Vikið er aðeins um 5-6 m breitt en um 15 m langt (á fjöru).

Hættumat: engin hætta

ST-011:037 heimild um fjós 66°01.260N 21°25.486V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús fast norðan eða norðaustan við bæjarhól 001. Þar er nú slétt hlað en ljósastaur er einmitt þar sem húsin stóðu. Á þessum stað voru fjós og hlaða en af þeim sést ekkert lengur. Sund var milli bæjar og fjóss, líklega 2-3 bílbreiddir skv. Sigursteini Sveinbjörnssyni..

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:038 heimild um skemmu 66°01.285N 21°25.480V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús rúma 60 m norður af bæjarhól 001. Þar er nú slétt malarplan milli fjárhúss og núverandi skemmu sem er notuð til að saga rekavið. Áður stóð gömul skemma á þessum stað en hún var rifin, líklega þegar nýja skemman var byggð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:039 frásögn naust 66°01.285N 21°25.482V
Á túnakorti frá 1917 sést að kálgarður var fast sunnan við skemmu 038. Ekki kannast Sigursteinn Sveinbjörnsson við hann en segir að einmitt þarna hafi verið tóftir af naustum. Þetta er nálega beint upp af lendingu 036. Á þessum stað er nú slétt malarplan milli fjárhúss og núverandi skemmu sem er notuð til að saga rekavið.

Tóftirnar eru horfnar vegna ágangs sjávar. Töluvert landbrot varð hér í ofsaveðri 1995.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:040 heimild um fjárhús 66°01.294N 21°25.402V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús fáeina metra norðan við hesthús 041. Grasþýfi á litlu svæði fast austan við núverandi hlöðu. Mikið hefur verið fyllt upp innan við 10 m suðvestar, til að koma heyi inn í hlöðuna. Á þessum stað stóðu síðast timburfjárhús með steiptum grunni, niðurlögð 1977, en vitað er að fjárhús úr torfi og grjóti voru þar á undan þeim. Aðeins dálítið sund skildi að útihúsin tvö, 040 og 041. Þar sem sundið var er nú vegur í Stekkjarvík.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:041 heimild um hesthús 66°01.288N 21°25.397V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í túnjaðri um 80 m NA af bæjarhól 001, fast sunnan við 040. Austan við staðinn eru smáklettir innan túngarðs. Nú eru hlaðar af rekavið þar sem hesthúsið stóð

áður. Þarna var grjóthlaðið hesthús sem var enn notað þegar Sigursteinn Sveinbjörnsson (f. 1938) man eftir. Húsið var byggt norðan við stóran klett en var rífið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:042 heimild um fjárhús

66°01.251N 21°25.363V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 100 m austur af bæjarhól 001.

Sléttað tún í smáhalla mót norðvestri. Á þessum stað stóðu fjárhús sem voru aflögð 1958. Ekki er þó ljóst hvenær þau voru rifin. Engar leifar þeirra sjást nú nema hvað gróður er fíngerðari og dekkri þar sem þau stóðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:043 þúst fjárhús

66°01.207N 21°25.391V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í suðausturhorni túns, 100 m suðaustur af bæjarhól 001.

Sléttað tún. Það hefur verið stækkað til suðurs en samt stendur gamall túngarður 016 enn þar sem gamla túnið endaði. Húsið er horfið. Á þessum stað stóð kofi sem notaður var sem reykkofti undir það síðasta en hafði áður verið fjárhús. Hann var rifinn. Myndarlegur hóll sést í túninu og sker sig úr því, um 10 x 8 m stór og 0,5 m hár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-011:044-059 óstaðsetjanlegar fornleifar, sjá viðauka bls. 139.

ST-012 Ávík meiri

Dýrleiki 8 hundruð.

Tún 3.9 ha. 1917. 2/5 slétt.

ST-012:001 Ávík Meiri bæjarhóll bústaður

66°01.222N 21°25.907V

"Bæjarlækur rann utan við bæinn í sjó. Hann fraus á vetrum. Stóraflöt hét flöt niður undan bænum, framan við lækinn. Áframhald af henni er Túnn. Á því var Jensflöt næst Stóruflöt og síðan Túnnflöt. Ofan við flatirnar var Bali. Hann náði að Bæjarlæk og fram á bakka. Ofan við hann var Bakhluti fram á bakka. Hann var bak við bæ, en gengið var inn í gamla bæinn frá suðri. Neðan við bæinn voru Hólar og Hólaflatir en Brunnhúsflatir milli Hólaflata og Bakhluta. Á þeim var brunnur [sjá 009]. Ofan og framan við bæ var Breiðipartur. Framan við hann var hlaðinn Náthagi, notaður til innrekstrar og var sleginn. Flöt, sem líka var nefnd Stóraflöt, var við lækinn móti Lækjarflöt. Milli Stóruflatar og Breiðaparts var hlaðin tröð heim að bæ [sjá 011], en hún mun nú horfin", segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús stendur á bæjarhólnum þar sem gamli bærinn stóð áður, sá sem sýndur er á túnakorti frá 1917. Norðvestur af íbúðarhúsinu er skemma.

Heimreiðin liggur að hólnum úr norðvestri og sléttuð tún eru upp að honum á nær alla vegu.

Áberandi hólmyndun er norðaustan við húsið og eru mörk bæjarhóls þar skýrust. Hann teygir sig einkum norður og norðaustur fyrir húsið sem var reist nálægt 1976. Þegar verönd var sett framan við það fyrir um tveimur árum þurfti að grafa niður staura. Ábúandi, Guðmundur Jónsson, varð var við mikið af ösku og beinum og ætlaði aldrei að komast á fast með staurana. Hóllinn er um 60 x 70 m að stærð og hæð hans líklega vel á annan metra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 5

ST-012:002 Lending heimild um lendingu

66°01.262N 21°25.797V

"Ávíkurá rennur til sjávar á landamerkjum Stóru- og Litlu-Ávíkur. Nokkuð út í sjó, framanvert við árósin, er nokkuð stór hlein, sem ekki varð gengið út í um flóð. Hún var áður nefnd Bogahlein. Ekki er vitað um tildrög nafnsins. Nú mun hún vera nefnd Bolahlein. Stundum var lent við hana. Frá árósnunum er malar- og sandfjara fram eftir neðan við malarhamb. Nokkru framar en hleinin er svokölluð Lending, þar sem lent var við fjöruna," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu sem Haukur Jóhannesson tók saman segir: "Nokkru utan við Bolahlein er svonefnd Lending og var þar lent í fjörunni." Lendingin var í vikinni sem er rúma 100 m austur af bæ. Smágrýtt fjara við Ávíkina.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 1; Ö-Stóra-Ávík HJ, 2

ST-012:003 *Nátthagi* garðlag nátthagi

66°01.214N 21°26.846V

"Framan við Hundavog eru háir klettabakkar og þá tekur Bæjarvík við fram af bæ, nokkuð stór. Heimst (eða yst, en það hefði ekki verið sagt) í henni er stór klettur, sem heitir Hrafnaklettur, heldur hærri en bakkarnir, nokkuð bil á milli. Fáir gátu klifið hann. Í bilinu milli hans og bakkanna var gamall Nátthagi, sem hætt var að nota, þegar Ingibjörg [Guðmundsdóttir, fædd 1914 í Stóru Ávík] vissi," segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn er 120 m vestur af bæjarhól 001, niður við sjóinn.

Grýtt fjara og brattir bakkar eru upp af henni. Milli Hrafnakletts, sem er nyrst og austast við víkina, og bakkans myndast djúp kvos. Hún er að nokkru leyti grösug en mikið hefur hrunið í hana af stórgrýti, mest líklega úr Hrafnakletti.




Nátthaginn er afmarkaður með einni hleðslu sem liggur í sveig frá Hrafnakletti til suðurs, að bakkanum. Að öðru leyti er hann lokaður af klettum að sunnan og suðaustan. Næst bakkanum er hleðslan heilleg og allt að 9-10 umför, laglega hlaðin. Þegar nær dregur Hrafnakletti er hún hins vegar hrunin. Heildarlengd hefur verið 30-35 m. Upp við Hrafnaklett, nánast í framhaldi af hleðslunni, er hlaðið byrgi, um 2 x 2 m. Það er mjög heillegt, hlaðið á þrjár hliðar en kletturinn þjónar sem austurveggur. Ekki er vitað

hvaða hlutverki það gegndi en þó mögulegt að það hafi verið þurrkhjallur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 2

**ST-012:004** *Höfðagata* gata leið

"Yfir Höfðann lá reiðvegur frá bænum fram í Trékyllisvík. Hann nefndist Höfðagata yfir Höfðann. Ekki sást til mannaferða að Ávíkum úr þeirri átt, fyrr en komið var á Höfðann," segir í örnefnalýsingu Stóru-Ávíkur. Gatan hefur væntanlega legið um Höfðann sunnanverðan og svo uppfyrir klettana ofan Kolgrafarvíkur 006. Á Höfðanum sjást leifar af vegi sem steinar hafa verið lagðir meðfram. Hann er rúmlega 2 m breiður og sést á 20-30 m kafla. Líklegast virðist að hann hafi náð frá bæ og niður í Kolgrafarvík. Ekki sést til annarra troðninga eða reiðgata.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 3

ST-012:005 *tóftir*+garðlag

"Undir og framan undir Höfðanum er lítil vík, sem heitir Höfðavík, mjög stórgrýtt. Næsta vík er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur, rústir af honum, hlöðnum úr grjóti og torfi. Hann var um 15 mínútna gang frá bæ. Framan við Stekkjarvík er nes, sem heitir Stekkjarnes, en krakkarnir kölluðu það stundum Fagranes," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarnes lokar Bæjarvík af að vestanverðu. Á því vestanverðu eru tóftir, um 500 m vestur af bæ. Ekki er vitað hvaða hlutverki þær gegndu en tóft

sem jafnan er kölluð Stekkur er ofan í Stekkjarvíkinni (sjá 021).

Nesið er þverhnipt niður í sjó. Að ofan er það gróið en þó klettur á því, einkum að norðaustan en aðrir minni að vestan. Undir minni klettunum að norðan eru tóftir.

Nesinu er lokað af með hleðslu sem liggur frá klettunum á vestanverðu nesinu suður fyrir eystri klettana. Alls er hún 40-50 m löng og virðist að mestu úr torfi. Fast norðan við austurhluta hennar eru smá klettahólar; við þá þá að norðvestan eru tvær tóftir. Þær eru að miklu leyti hlaupnar í þúfur. Óljóst mótur fyrir tvískiptri tóft, alls um 10 x 6 m stórri. Stærri hólfið er hlaðið út frá litlum kletti en hitt kemur þvert á það að norðanverðu. Um 5 m sunnar er mjög skýrt, stakstætt hólfið, um 2 x 2 m en ekki sjást á því dyr.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 3

ST-012:006 *Kolgrafarvík* gryfja kolagröf

66°01.089N 21°27.140V

"Þá kemur stór vík, sem heitir Kolgrafavík. Engar sagnir eru um kolagerð þar, en víkin er einhver besta rekavík í Stóru-Ávíkurlandi", segir í örnefnalýsingu Stóru-Ávíkur. Í örnefnalýsingu sem Haukur Jóhannesson tók saman segir: "Víkin vestan við Knarrarnes er stór og skerst djúpt inn. Hún nefnist Kolgrafarvík og nafnið stafar vafalítið af kolagerð enda hafa fundist fornar kolagrafir á grundinni upp af henni. Kolgrafarvík er ein besta rekavíkin í Stóru-Ávíkurlandi...Upp af víkinni er Kolgrafarvíkurgrund og upp af henni Kolgrafarvíkurklettur." Kolgrafarvík er stór vík austur af Kistunesi, um 1 km vestur af bæ. Klettanes markar víkina að austan og vestan. Víkin er bogamynduð með grýtttri strönd. Allmikið undirlendi er upp af sjávarkampinum, um 50 m breiður hvammur. Upp af honum kemur allhár bakki og mýrlendi þar fyrir ofan. Þrjár mjög greinilegar kolagrafir sjást austarlega í víkinni, um 30 m norðvestan við sérkennilegan, tumlaga klett. Sú syðsta er 20-30 m frá sjávarkampinum, 2,5 x 3 m að stærð. Næsta er 3 m norðaustar, 2,5 x 2,5 m að stærð. Sú þriðja er allt að 10 m norðaustar, óreglulegri, um 3 x 2 m að stærð. Allar líta þær út eins og grunnar dældir með torfkraga umhverfis, almennt ekki meira en 0,5 m djúpar og torfkraginn er um 0,2 m hár. Ekki er ólíklegt að fleiri, ógreinilegri dældir í víkinni séu einnig eftir kolagrafir en þessar þrjár eru greinilegastar.



Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 4; Ö-Stóra-Ávík HJ, 3

ST-012:007 *Kista* heimild um aftökustað

66°01.173N 21°27.452V

"Í næsta vogi (við Kolgrafarvík) er Kista, eins konar gjá með þverhniptum hamraveggjum, opin niður í sjó, og hægt er að komast niður í hana ofan frá. Sandbotn er í henni. Þarna var síðasta galdrabrenna á Íslandi á 17. öld. Venja var, að nefna ekki sérstaklega Kistu frá Stóru-Ávík, heldur voginn og Kistu einu nafni Kistuvog og stundum Galdravog," segir í örnefnalýsingu. Í bók Hauks Jóhannessonar, Stundir á Ströndum segir: "Innan við Knarrarnes er Kistunes, lágt klapparnes. Klappirnar eru smástuðlaðar og sérkennilega kúpóttar. Nær á miðju nesinu er lítill og þröngur vogur sem heitir Kistuvogur." Í bók Hauks segir nánar frá brennunni. Þrír menn voru brenndir seint í september 1654. Þeir hétu Grímur Jónsson, Egill Bjarnason og Þórður Guðbrandsson. Kista er við Kolgrafarvík 006 norðanverða, í dálitlu nesi þar sem það byrjar að skera sig frá landi. Þetta er 1,2 km vestur af bæ. Lágir klettur eru víða á nesinu en annars er það gróið inn á milli.


Haukur Jóhannesson lýsir Kistu svo: "Skoran er um 30 m löng og 2-3 m á breidd og víða 2-4 m á dýpt. Þarna hefur háttáð vel til brennugerðar. Stutt að sækja við í Kolgrafarvík og góður súgur verið upp gjána." Gjáin er þröng, víðast hvar undir 2 m á breidd og allt að 5 m djúp. Hún liggur NA-SV en grynkar jafnt og þétt eftir því sem fjær dregur sjónum. Lengd hennar er alls 40-50 m og nær hún út í sjó.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 4; Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 36

ST-012:008 *Naustarvöllur* tóft naust66°01.244N 21°25.773V

"Nú verður aftur byrjað við Ávíkurá. Túnið nær að henni. Naustarvöllur (svo) er næst sjó. Neðan við hann voru naust," segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Hauks Jóhannessonar segir: "Nokkru utan við Bolahlein er svonefnd Lending og var þar lent í fjörunni. Upp af Lendingunni [002] var Naust og Naustavöllur." Naustarvöllur er langur túnrani sem teygir sig austur frá bæ, að Ávíkurá. Sléttað tún. Norðaustan við Krosskletta, sem eru við vesturenda Naustarvallar, vottar fyrir naustlegri tóft. Hún er



algróin, 4 x 6 m að stærð og snýr með op niður að sjónum sem virðist hafa brotið framan af henni. Tvær aðrar tóftir á Naustarvelli eða við hann gætu einnig verið af naustum (sjá 013 og 025).

Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 4-5; Ö-Stóra-Ávík HJ, 2

ST-012:009

Brunnhúsflatir

heimild um brunn

66°01.242N 21°25.887V

"Neðan við bæinn voru Hólar og Hólaflatir en Brunnhúsflatir milli Hólaflata og Bakhluta. Á þeim var brunnur," segir í örnefnalýsingu. Brunnhúsflatir var heiti á þeim parti túnsins sem er fast uppvið austanverðan bæjarhól 001. Sléttað tún. Á þessu svæði var brunnur sem fyllt var upp í. Ekki sést því til hans lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 5

ST-012:010 *Nátthagi* garðlag nátthagi

66°01.144N 21°25.992V

"Ofan og framan við bæ var Breiðipartur. Framan við hann var hlaðinn Nátthagi, notaður til innrekstrar og var sleginn," segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn er sunnan við leifar af steypu fjárhúsi þar sem áður stóð eldra fjárhús, sbr. 030. Þetta er tæpa 130 m suðvestur af bæ.

Slétt nýrækt er innan nátthagans en þýfðir móar utanvið. Bogadreginn torfgarður er fast suðvestan við uppistandandi súrheysturna. Hann er unglegur og er allt að 1,2 m hár, á honum er girðing. Nátthaginn er opinn til vesturs en einnig er op á honum norðaustast, austan við fjárhúsleifar sem eru við jaðar nátthagans. Lengd garðhleðslunnar er alls um 120 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 5

ST-012:011 heimild um leið

66°02.211N 21°25.921V

"Milli Stóruflatar og Breiðaparts var hlaðin tröð heim að bæ, en hún mun nú horfin", segir í örnefnalýsingu. Tröðin hefur líklega verið á sömu slóðum og heimreiðin er nú. Hún kemur ekki fram á túnakorti frá 1917 og hefur þá annaðhvort ekki verið búið að hlaða hana eða hún verið komin úr notkun. Vegur liggur heim að bænum úr suðri, beggja megin við hann eru sléttuð tún næst bænum. Tröðin er alveg horfin.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 5

ST-012:012 *Hraun* tóftir beitarhús

66°01.078N 21°25.604V

"Ofan við tún var mýri, sem náði út að á og upp að svökölluðum Mel.....Bær sem hét Hraun, var byggður ofan við Melinn. Þar eru rústir. Þar var búið 1908-48," segir í örnefnalýsingu. Nú eru steyp



fjárhús á þessum stað, 350 m suður af bæ. Fast austan við þau eru rústir. Túnbleðill norðan undir móaholti. Ávíkurá rennur í gili innan við 100 m austar. Stærsta tóftin er af beitarhúsum sem snúa N-S, með dyr í norður. Þar hafa verið tvö sambyggð hús, hvort um sig með garða, og stór hlaða aftan við þau. Reyndar er eystra húsið ekki nema um 7 m langt en það vestara 10 m. Í eystra húsinu nær garðinn ekki nema um hálfa leið fram að dyrum og ekki gott að sjá af hverju það stafar. Alls er tóftin um 13 x 15 m að stærð. Rúmum 15 m suðvestar eru leifar af tóft. Það sem eftir stendur eru hleðslur á 3 hliðar en tóftin er op í norður, stærð alls um 10 x 5 m að stærð. Hugsanlega hefur verið rutt framanaf tóftinni. Dyr eru á suðvesturhorni. Innan við þær að austanverðu standa feysknar leifar tunnustafa upp úr jörðinni, þar hafa verið tvær niðurgrafnar tunnur. Rúma 10 m norðvestar eru hleðsluleifar, mynda hól sem er alls um 10 x 10 m að stærð en engin hleðsla er að norðanverðu. Inni í tóftinni eru leifar af gamalli trillu. Ekki er hægt að segja til um hvaða hlutverki tvær síðarnefndu tóftirnar hafa gegnt. Vitað er að meirihluti rústa sem tengdust bænum Hrauni lenti undir steypu fjárhúsunum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 6

ST-012:013 tóft naust 66°01.244N 21°25.821V
Beint ofan við Lendingu 002, undir svonefndum Krossklettum er aflöng hvílt sem gæti verið tóft af nausti.


Grösug, aflíðandi brekka er frá klettunum fram á sjávarkampinn. Hvíltin sker sig mjög úr brekkunni, er um 3 x 10 m stór og um 0,3 m djúp. Eiginlegar hleðslur sjást ekki. Sá hluti túnsins sem gengur lengst til austurs frá þessum stað heitir Naustarvöllur og þar eru tvær aðrar tóftir sem einnig gætu verið af naustum (sjá 008 og 025).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-012:014 Fornaból tóftir kvíar

"Fornaból heitir á Mónum. Þar sést móta fyrir smátóftum. Þar mun hafa verið kvíaból. Það er á annað hundrað metra frá bæ. Rétt ofan við það er steinn, sem nefndur var Grásteinn áður, en fékk nafnið Silfursteinn, þegar Ingibjörg [Guðmundsdóttir, f. 1914] var barn. Krakkarnir á bænum fóru að nefna hann því nafni, en á steininn glittir í sólskini," segir í örnefnalýsingu. Fornaból er um 50 m vestan heimreiðar en 200 m suðvestur frá bæ.



Mýri er sunnan og suðvestan við en Fornaból er á lágum klettum sem standa upp úr henni. Klettarnir eru að mestu grónir.

Þrjú tóftabrot sjást á klettunum á svæði sem er alls um 18 x 12 m stórt. Þar sem klettarnir rísa hæst mótast fyrir tóft með hleðslum á 3 hliðar, um 5 x 5 m að stærð. Um 5 m norðvestur frá því mótast fyrir annarri tóft upp við dálitla klettabungu, um 3 x 5 m að stærð. Báðar þessar tóftir eru mjög óljósar og alveg hlaupnar í þúfur. Ofan við þá síðarnefndu eru tvö

agnarlítil, samhlaðin hól, alls 2,5 x 1,5 m. Þau sýnast bæði opin í suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 6

ST-012:015 Álfakirkja frásögn huldufólksbústaður 66°01.072N 21°26.155V

"Aðeins framar og ofar eru Klimpur, sem eru klettaborgir. Mikil trú var á, að þar byggi huldufólk. Klimpumýri er í kringum klettana. Hún var álagablettur og mátti ekki slá hana," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu sem Haukur Jóhannesson tók saman segir að stærsti kletturinn hafi verið kallaður Álfakirkja. Klettarnir eru rúma 300 m suðvestur af bæ.

Áberandi klettapyrping í mýri. Álfakirkja er sannarlega réttnefni á stærsta klettinum, enda er hann þak- eða strýtulaga og rakinn huldufólksbústaður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 6

ST-012:016 gerði rétt

66°01.160N 21°26.574V

Tóft af stórrí rétt er beint upp af Stekkjarvík 021. Sléttir grasbakkar en klettabelti að austanverðu.

Réttartóftin virðist mjög ungleg þótt veggir, sem eru mestmegnis úr torfi, séu víða rofnir. Hún er nánast ferköntuð og stendur á bersvæði, einföld og um 40 x 50 m. Vegna rofa er ekki ljóst hvar rekið hefur verið inn. Hjá suðvesturhorni virðist hafa verið lítið hólfi sambyggt réttinni að utan en það er óljóst.

Hættumat: engin hætta

ST-012:017 tóft heystæði

66°00.826N 21°27.326V

Tóft er um 100 m ofan eða sunnan vegarins í Trékyllisvík, í stefnu beint upp af Kolgrafarvík 006 og 1,3 km vestur af bæ. Mýri sem hallar mót norðri neðan við rætur Finnbogastaðafjalls.

Tóftin er fremur óregluleg upphækkun, um 6 x 9 m stór. Hún rennur saman við mýrina að sunnanverðu og er sjálf að mestu hlaupin í þúfur. Hæð er ekki nema um 0,2 m og sést grjóti á einum stað í. Líklegast er að tóftin sé af heystæði, enda ekkert aðhald á staðnum en hins vegar ágæt slægjulönd í mýrunum umhverfis.

Hættumat: engin hætta


ST-012:018 heimild um býli

66°01.235N 21°25.852V

Hús Jóns Mangasonar, pósts, sem uppi var fyrrihluta 20. aldar, stóð ofanvert við Krosskletta sem eru í túninu. Þetta er 70-80 m austur af bæjarhól 001. Stórbýfi er uppi á klettunum. Þeir eru hérumbil í sömu hæð og túnið umhverfis en sú hlið sem snýr niður að sjónum er brattari.

Engin ummerki sjást lengur um húsið. Býlið var nefnt "Á klettunum" og stóð til um 1910.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



ST-012:019 tóft

66°01.025N 21°25.542V

Stök tóft er rúma 100 m suður af Hrauni 012.

Tóftin er byggð í miðri brekku, býsna brattri, utan í móaholti sem hallar mót norðri.

Tóftin er 6 x 6 m að stærð, hringmynduð og að mestu grafin inn í holtið. Hún er rúmlega 1,5 m djúp og gæti verið heytóft. Dyr snúa í norður, ógrónar grjóthleðslur sjást í suðurvegg innanverðum. Gróska er meiri í tóftinni en í holtinu umhverfis.

Hættumat: engin hætta

ST-012:020 hleðsla

66°01.162N 21°26.468V

Beint austan við réttartóft 016 er aflangt klettabelti, allt að 40-50 m langt, sem liggur N-S. Hleðslur sjást í skorum á nokkrum stöðum í klettunum.

Klettabelti, almennt ekki meira en 2-3 m hátt. Vestur af því er gróið sléttlendi.

Á 6-7 stöðum hefur grjóti verið hlaðið í skorur á klettabeltinu, að því er virðist þar sem ætla mátti að kindur gætu komist upp. Erfitt er þó að sjá tilgang með þessu þar sem engin hleðsla er uppvið klettana þótt það væri tilvalinn staður fyrir aðhald. Líklegast er að þarna hafi verið girðing og hlaðið undir hana sumsstaðar. Mest eru hleðslurnar 4-5 umför grjóts og allar á bilinu 1-3 m langar.

Hættumat: engin hætta

ST-012:021 Stekkur tóft stekkur


66°01.218N 21°26.559V

"Undir og framan undir Höfðanum er lítil vík, sem heitir Höfðavík, mjög stórgrýtt. Næsta vík er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur, rústir af honum, hlöðnum úr grjóti og torfi. Hann var um 15 mínútna gang frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er ofan í Stekkjarvík, rétt tæpa 500 m vestur af bæ. Bratt er niður að víkinni og sáralítið undirlendi þar niðri en gott aðhald frá náttúrunnar hendi.

Tóftin er tvískipt, lítt gróin en veggir að mestu hrundir. Syðra hólfið snýr A-V með dyr í austur, alls 7 x 3,5 m stór, en hitt snýr þvert á það og er með op í norður, stærð 5,5 x 6 m. Ekki er opið milli hólfanna tveggja. Tóftin er full af rekavið og rusli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 3



ST-012:022 tóftir 66°00.196N 21°26.211V
800 m austur af Strákadys 023, sunnan við lágt grjótholt sem liggur með Ávíkurá, eru tóftir. Þetta er 240 m suðvestur af Seli 037. Lágt, þurrt holt og lítið um sig.

Nyrst á holtinu er sigrin tóft og alveg lynggróin, 3,5 x 5 m að stærð, ferköntuð, og bogamyndað hólf áfast henni að sunnan, 3 x 3 m. Hæð 0,2-0,3 m. Um 15 m sunnar er er mikill gróskublettur og líklegt að þar hafi verið tóftir þótt þar sjáist ekkert nema þýfi nú. Tóftir þessar voru skoðaðar sumarið 1990 af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-012:023 Strákadys þjóðsaga

"Neðan og framan við Pálsslægju, við Miðflóa, er Sigurðarlæna, slétt og þurr flöt, Neðan við hana nær ánni er Þorsteinsengi. Framan við Sigurðarlænu og Pálsslægju er Þróttarhvammsholt, hátt holt, sem nær upp í fjall. Hæst á því er dys, sem kölluð er Strákar eða Strákadys. Sagt var að þar hafi verið dysjaðir tveir smalar, annar frá Stóru-Ávík. Þeir áttu að hafa rifist og drepist hvorn annan," segir í örnefnalýsingu. Strákadys er innarlega í Ávíkurdal vestanverðum, 1 km suður af Seli 037. Hátt, ógróið grjótholt, aflangt efst og er þar langsum náttúrulegur grjótruðningur. Syðst á honum er dysin.

Dysin er grjóthrúga sem borin hefur verið saman, of óregluleg til að kalla hana vörðu. Skófir vaxa á grjótinu og er hrúgan um 3 x 1 m að stærð. Ólíklegt er að nokkur maður hafi verið dysjaður uppi á holtinu. Benda má á að svipaðar sagnir eru þekktar víða, t.d. á bænum Öndverðarnesi í Grímsnesi og á a.m.k. tveimur bæjum í Leirár- og Melasveit.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 9

ST-012:024 garðlag túngarður


66°01.346N 21°25.973V

Nyrst í Ávíkurtúni, um 10 m norðan við tóftir 034 og 035, eru túngarðsleifar.

Endimörk túns við sjóinn. Reyndar ná grænir geirar framfyrir túngarðinn út að stórgrýti í fjörunni.

Túngarðsslitur sjást á um 50 m kafla en stendur þar vart steinn yfir steini og vafalaust hefur sjór unnið á hleðslunni í illviðrum. Mest eru eftir 2-3 umför af hleðslum. Garðurinn er heillegastur norðvestast, hjá klettum sem þar eru.

Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs



ST-012:025 Naustarvöllur tóftir naust 66°01.226N 21°25.679V


"Nú verður aftur byrjað við Ávíkurá. Túnið nær að henni. Naustarvöllur (svo) er næst sjó. Neðan við hann voru naust," segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Hauks Jóhannessonar segir: "Nokkru utan við Bolahlein er svonefnd Lending [002] og var þar lent í fjörunni. Upp af Lendingunni var Naust og Naustavöllur liggur með vikinni." Tóft er norðarlega á Naustarvelli, en það er rani sem gengur til austurs úr heimatúninu. Tóftin er 170 m austur af bæ.

Sléttað tún.


Tóftin er 5 x 9 m að stærð, op er á norðurhlið, að sjónum sem er um 20 m norðar. Veggir eru algrónir og nánast signir, hvergi sér í grjót. Annað hús hefur líklega verið þar sem raninn rís hæst, um 8 m vestar. Þar er ferköntuð þúst með dæld í miðju, alls 4 x 4 m að stærð. Stærri tóftin gæti verið af nausti. Tvær aðrar tóftir sem eru vestar á vellinum, nálægt Krossklettum, gætu einnig verið af naustum (sjá 008 og 013)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 4-5; Ö-Stóra-Ávík HJ, 2



262V



Kort af túni Stóru-Ávíkur 1917

ST-012:026 náma mógrafir

66°00.943N 21°27.093V

Mór var tekinn fram til 1970 í svonefndum Bekkjum við Kolgrafarlæk, en hann rennur niður í Kolgrafarvík 006. Mýri sem klettur standa upp úr hér og þar.


Mógrafir sjást t.d. um 100 m norðan vegarins í Trékyllisvík, austan lækjarins, gegnt framræstum túnum sem eru vestan við lækinn. Alls eru grafirnar hér á svæði sem er um 50 x 10 m, mest um 0,4 m djúpar. Vafalaust eru mógrafir víðar á svæðinu en einhverjar gætu hafa lent undir túni.

Hættumat: engin hætta

ST-012:027 Tóftir tóft

66°01.307N 21°25.892V

"Stóraflöt var nafn á flöt niður undan bænum. Næst neðan við hana var Jensflöt og neðst var Túnnesflöt. Á milli tveggja síðustu flatanna voru Tóftir en þar var búið snemma á síðustu öld," segir í örnefnalýsingu Hauks Jóhannessonar. Um 60 m suðaustur af 035 og rúma 160 m norður af bæjarhól 001 er sigin, marghólfa tóft. Lýsingin gæti átt við hana eða tóft 034. Smáþýft tún, innan við 10 m eru að túngarði 024 sem markar það að norðan.



Tóftin er sigin en greinileg, alls 4 hól og 15 x 15 m stór. Tvö hólfanna eru samsíða og álíka stór, snúa SV-NA, hvort um sig um 5 x 12 m en ekki sjást á þeim dyr. Þriðja hólfid liggur út frá eystra hólfinu til austurs og er um 5 x 4 m en fjórða hólfid snýr þvert á aflöngu hólfins nyrst, 12 x 6 m. Ekki sjást heldur dyraop á tveimur síðartöldu hólfunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefnalýsing Stóru-Ávíkur HJ, 3

ST-012:028 þúst útihús 66°01.206N 21°26.008V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús tæpa 80 m vestur af 001. Sléttað tún.
Ekki er rúst á þessum stað heldur aflangur, áberandi hóll sem gæti að hluta til verið myndaður af rústaleifum. Hann er um 6 x 10 m stór en rennur saman við túnið að norðanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:029 heimild um útihús 66°01.180N 21°26.063V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í túnjaðri rúma 100 m suðvestur af bæ. Sléttað tún. Fram af því er hér hár og brattur bakki niður í fjöru. Engin merki sjást um hús á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:030 heimild um útihús 66°01.172N 21°26.016V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 80-90 m SSV af bæ.
Sléttað tún. Sunnan við það er Nátthagi 010. Á þessum stað sjást miklar, steypar leifar fjárhúsa sem hafa verið rifin að hluta. Alls sjást í þeim a.m.k. fjórir garðar, baðþró, hlaða og leifar tveggja súrheysturna. Engar hleðslur sjást í þessum húsum en líklegt verður að teljast að þarna hafi áður staðið eldri fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:031 heimild um útihús 66°01.218N 21°25.869V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 20-30 m suðaustur af 001. Stórþýfi utan í klettum. Húsið er horfið en dálítill þúst er á þessum stað og gæti falið í sér rústaleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:032 heimild um útihús 66°01.216N 21°25.815V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 10 m vestur af tóft 033. Sléttað tún. Húsið er horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:033 tóft útihús 66°01.223N 21°25.791V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús rúma 80 m austur af 001. Þar er nú tóft.
Sléttað tún er umhverfis, austan við tekur landið að halla niður að sjónum.
Tóftin er öll úr lagi gengin þótt ekki sé hún mjög sigin. Hún líkist mest þúfnabing, 8 x 6 m stór. Hún snýr NA-SV og gengur lítill veggstúfur út frá suðvesturhorni hennar til austurs. Dyr sjást ekki.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:034 tóft útihús 66°01.332N 21°25.957V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í nyrsta hluta túnsins, rúma 200 m norður af bæ. Leifar þess sjást enn.
Smáþýfður túnjaðar.
Greinileg og stæðileg tóft með 4-5 hólum. Hún er alls 15 x 12 m að stærð. Vestast er einfalt, aflangt hól með dyr í suðaustur, 12 x 5,5 m. Frá norðurenda þess til norðausturs er hól með garða, sýnilega fjárhús. Dyr á því eru í norðaustur, stærð um 5 x 8 m. Við hlið þessa hóls eru tvö minni, það nyrðra með dyr í norður og er smáhól, aðskilið, fremst í því, við dyrnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917



ST-012:035 tóft útihús 66°01.329N 21°25.952V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús innan við 10 m austur af 024.
Smáþýfður túnjaðar.



Á þessum stað er tvískipt tóft, 10 x 7 m stór. Minna hólfið er með veglegri og þykkari veggjum, 5 x 5 m stórt og snúa dyr í suður eða suðaustur. Stærri hólfið er vestan við, 7 x 5 m stórt. Ekki sjást dyr á því og ekki hægt að sjá að opið hafi verið milli hólfa tveggja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-012:036 náma mógrafir

66°00.417N 21°27.064V

Greinileg mógröf er fast austan við læk, um 800 m vestan við Selás (sjá 037).

Lækurinn rennur í mýrlendu dragi. Ferköntuð gröf sem er tvískipt, allt að 0,7 m djúp en alls 15 x 8 m stór. Ofar með læknum eru víða slakkar sem gætu verið eldri mógrafir.

Hættumat: engin hætta

ST-012:037 Sel tóftir sel


66°00.305N 21°26.038V

"Framan við Áarflóa er Selás og liggur hann inn dalinn. Við ásin, skammt frá ánni eru tóftir af seli en ekki er vitað hvenær þær voru notaðar. Tóftirnar heita Sel og í kringum þær er Selpartur," segir í örnefnalýsingu sem Haukur Jóhannesson tók saman. Í eldri örnefnalýsingu segir: "Þangað er a.m.k. Þriggja kortéra gangur frá bæ." Í Ávíkurdal, gegnt seltóftum ST-011:010 í Litlu-Ávík, eru miklar rústir á holti. Þær eru 1,6 km suður af bæ. Lágt, þurrt holt, þaðan eru 30-40 m að Ávíkurá. Mýrlent er umhverfis holtið.

Tvær, aðskildar tóftir eru á holtinu. Sú austari er stæðileg og marghólfa, fremur ungleg að sjá. Hún er 15 x 9 m og snýr N-S, alls 4 hólfi. Annars vegar eru tvö aflöng hólfi samhliða en mislöng nyrst í tóftinni, bæði með dyr í austur. Hið nyrðra er 8 x 4 m en syðra 5 x 4 m. Hins vegar er stórt hólfi sem snýr N-S um miðbik rústarinnar, alls um 8 x 6 m, hugsanlega hafa verið dyr á suðausturhorni þess. Þá er lítið hólfi með op til austurs samfast því að sunnan, stærð um 5 x 4 m. Síðast en ekki síst er aðskilin tóft um 2 m vestan við suðurhluta rústabungunnar, hún gæti verið af litlu aðhaldi, op er á því á norðausturhorni og snýr því að stóru tóftinni sem áður var lýst. Hún er um 6 x 4 m stór.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík HJ, 5; Ö-Stóra-Ávík, 8



ST-012:038 náma mógrafir


66°00.360N 21°26.035V

Miklar og greinilegar mógrafir er um 100 m norður af Seli 037.

Mýrlendi milli nokkurra lítilla holta.

Greinilegar og líklega fremur ungar mógrafir á svæði sem er a.m.k. 70 x 70 m stórt. Þær eru allt að 1,2 m djúpar. Mikil bleyta er í botni þeirra en þar vex jafnframt stór.

Hættumat: engin hætta



ST-012:039 tóftir

66°00.394N 21°26.013V

Á holti sem er beint ofan við mógrafir 038 eru tóftir.

Þurrt holt við mýri.

Tóftirnar eru a.m.k. þrjár talsins. Sú syðsta er 4 x 2 m að stærð og snýr N-S, 13 m norðaustur af henni er önnur sem snýr eins en er 3 x 7 m að stærð og um 30 m norðaustur af henni er ólöguleg þúst handan við mýrarlænu sem skerst inn í holtið. Þústin er 8 x 4 m, snýr hérumbil þvert á hinar og lítur út fyrir að hún hafi skipt upp í tvö hólfi. Allar þessar tóftir eru lágreistar með fremur umfangslitlum vegghleðslum og líta helst út fyrir að geta verið heystæði ellegar hleðslur eftir

móhrauka.

Hættumat: engin hættu

ST-012:040 *Neðri Mór/Efri Mór* heimild um mógrafir 66°01.038N 21°26.095V

"Ofan við veg, upp af Hrauninu, eru fyrst þurrir mór. Ofan við þá eru Háubakkar við ána, þó ekki mjög háir. Ofan við móana, upp af Klímpum, eru Neðri- og Efri-Mór. Þar var mikil mótekja áður," segir í örnefnalýsingu. Neðri- og Efri-Mór hafa þá verið í mýrinni ofan við Álfakirkju 015.

Mýri. Víða vottar fyrir dældum sem líklega eru gamlar mógrafir, aðallega austan við Klímpur, í áttina að Fornabóli 014.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, 7

ST-012:041 *Fjósatunga* örnefni fjós

Í örnefnalýsingu Hauks Jóhannessonar segir: "Í túninu voru einnig Fjósatunga og Lambhústunga." Ekki fengust upplýsingar um hvar Fjósatunga var.

Heimildir: Ö-Stóra-Ávík, HJ, 4

ST-012:042 *Lambhústunga* örnefni lambhús

Í örnefnalýsingu Hauks Jóhannessonar segir: "Í túninu voru einnig Fjósatunga og Lambhústunga." Ekki fengust upplýsingar um hvar Lambhústunga var.

ST-012:043 **óstaðsetjanleg fornleif, sjá viðauka bls. 139.**

ST-013 Finnbogastaðir

Dýrleiki 16 hundruð. 1805 er eyðihjáleigan Litlanes talin með. Gerðist Finnbogi þar höfðingi ok stjórnarmaður yfir því fólki, ok váru honum þar allir vel viljaðir. Hann kallaði þann bæ á Finnbogastöðum, er hann bjó á, ok var bæði mikill ok sköruligr. Finnbogi lét gera kirkju mikla á bæ sínum ok fekk prest til ok helt hann vel ok sæmiliga at öllu því, er honum til heyrði. (Ísl.sög.IX, Finnboga saga ramma, kaf. 39 bls.357)

Tún 7.0 ha. 1917. 4/5 slétt.

ST-013:001 *Finnbogastaðir* bæjarhóll bústaður 66°00.629N 21°29.595V

"Upp með læknum að utanverðu (út í áttina að Stóru-Ávík) var Fimmálfavöllur. Hann náði upp að bæjarlæk sem rann utan við bæ, milli bæjar og fjóss, og beygði síðan í Húslæk..... Ofan við bæjarlæk var Bæjarpartur, sá partur sem bæjarhúsin stóðu á", segir í örnefnaskrá. Núverandi íbúðarhús stendur á bæjarhólum gamla, þó ekki alveg á þeim stað sem gamli bærinn stóð heldur nokkrum metrum norðaustar. Heimreiðin liggur upp á hólinn og er hægt að aka hringinn í kringum húsið. Bílastæði er norðan- og sunnan við húsið. Hóllinn er grasi vaxinn. Kartöflugarður er fast vestan við húsið, sem er tvílyft steinhús, og enn vestar er gamall steypur grunnur. Tún eru á alla vegu. Hóllinn er 48 x 76 m stór og snýr austur-vestur. Gamli bærinn stóð nokkrum metrum suðvestar en núverandi bæjarhús. Engin ummerki sjást eftir gamla bæinn, en framhliðin vísaði til vesturs. Kjallari er undir núverandi íbúðarhúsi. Einhverju sinni gróf Guðmundur Þorsteinsson fyrir vatnslögn vestan við núverandi íbúðarhús og kom þá niður á hleðslur og iðagrænan mykjuhaug.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 3; Túnakort frá 1917

ST-013:002 *Handasti-Nátthagi* heimild um nátthaga 66°00.670N 21°30.086V

"Landamerkjalekur milli Finnbogastaða og Bæjar rennur í Árnésá. Nesið við ána heitir Nátthaganes eða Litlanes. Þar er nú tún og barnaskóli. Áður fyrr voru þar nátthagar, Handasti-, Mið-, og Heimstinátthagi. Þarna sést fyrir gördum, en hætt var að nota þá sem nátthaga, þegar Guðjón man til", segir í örnefnaskrá. Túnið umhverfis Finnbogastaðaskóla kallast Handasti Nátthagi. Túnið er um 380 m vest-norð-vestur af bænum (001) og er í rækt.

Sléttað tún. Það er innan girðingar sem tilheyrir Finnbogastaðaskóla.

Engin merki um nátthagann eru sjáanleg. Snúrustaurar eru á flötinni.


Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 2, Túnakort 1917.

ST-013:003 *Mið-Nátthagi* heimild um nátthaga

66°00.669N 21°30.008V

"Landamerkjalækur milli Finnbogastaða og Bæjar rennur í Árnésá. Nesið við ána heitir Náthaganes eða Litlanes. Þar er nú tún og barnaskóli. Áður fyrr voru þar náthagar, Handast, Mið-, og



Kort af túni Finnbogastaða 1917

Heimstináttagi. Þarna sést fyrir görðum, en hætt var að nota þá sem náthaga, þegar Guðjón man til. Horn af Heimstanáttaga var síðar girt með gaddavír og fékk nafnið Gaddavírshagi," segir í örnefnaskrá. Túnið Mið-Náthagi er nær Finnbogastaðabænum (sunnar) heldur en Handasti-Náthagi


002. Túnið er um 320 m vest-norð-vestur af bænum 001. Túnið er í rækt.
Ræktað tún. Gamli olútankar eru rétt vestan við gamla túnjaðarinn að vestan.
Engin merki um náthagann eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 2, Túnakort 1917

ST-013:004 *Heimsti-Nátthagi* garðlag náthagi 66°00.683N 21°29.944V

"Landamerkjalækur milli Finnbogastaða og Bæjar rennur í Árnésá. Nesið við ána heitir Náthaganes eða Litlanes. Þar er nú tún og barnaskóli. Áður fyrr voru þar náthagar, Handast, Mið-, og Heimstinátthagi. Þarna sést fyrir gördum, en hætt var að nota þá sem náthaga, þegar Guðjón man til. Horn af Heimstanátthaga var síðar girt með gaddavír og fékk nafnið Gaddavírshagi," segir í örnefnaskrá. Heimsti-Nátthagi er heiman við Mið-Nátthaga, um 280 m vest-norð-vestan við bæ 001. Ræktað tún og gaddavírsgirðing umhverfis.



Í suðausturhorni Heimsta-Nátthaga er hlaðinn garður úr torfi sem gæti verið leifar náthagans en Guðmundur Þorsteinsson telur hleðsluna vera yngri, að um sé að ræða leifar af mannvirki því sem kallað var Gaddavírshagi en hann hafði að hluta verið gerður á rústum gamla náthagans. Garðurinn er rétt tæplega 40 m langur og 1 m breiður og er mesta hleðsluhæð um 0,8 m. Róf er í vegginn á stöku stað sem er beinn og liggur norður-suður. Við norðurendann virðist eitthvað hafa verið hlaðið út frá veggnum en er mjög óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 2, Túnakort 1917

ST-013:005 *Gunnarstóftir* heimild um fjárhús 66°00.696N 21°29.782V

"Horn af Heimstanátthaga [004] var síðar girt með gaddavír og fékk nafnið Gaddavírshagi. Nær bænum, í túnjaðrinum næst sjó, voru fjárhústóftir, nefndar Gunnarstóftir. Ekkert er vitað um nafnið", segir í örnefnaskrá. 30 m vestan við þjóðveginn, í norðausturhorni túnsins voru tóftir sem Guðmundur Þorsteinsson telur að geti verið Gunnarstóftir. Ræktað tún. Tóftirnar eru alveg horfnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 2

ST-013:006 *Kleppa* þjóðsaga 66°00.393N 21°29.526V

"Vestan við Skarðsvíkurmýri og Finnbogastaðavatn er mikið mýrasvæði sem var torfarið áður en það var ræst fram. Þar heita Finnbogastaðamýrar. Ofarlega í þeim er klapparholtið Kleppa", segir í bókinni Stundir á Ströndum eftir Hauk Jóhannesson (s.39). Kleppa var tröllkerling sem bjó í Trékyllisvík og þótti Finnbogi rammi þrengja að sér. Hún tók það til bragðs að klippa gras á undirlendinu og mælti svo fyrir að ekki sprytti þar meira gras. Að því búnu settist hún á hækjur sér og meig óskaplega og skóp þannig mýrasvæði mikið sem hún sagði að skyldi vera upp frá því ótræði. Finnbogi rammi reiddist kerlingu og átti að hafa grýtt bjargi úr egg Finnbogastaðafjalls yfir Kleppu og drepði hana. Skarð er efst í klettabelti fjallsins, Stóraskarð, þar sem bjargið sat áður en Finnbogi reiddist. Klappaholtið Kleppa er tæplega 500 m sunnan við bæ 001. Flatt mýrasvæði sem nær frá túnnum Bæjar og teygir sig upp í hlíðar Finnbogastaðafjalls. Stakt klappaholt eða klettur sem er töluvert gróinn. Rís 5-10 m úr umhverfinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson 2001: Stundir á Ströndum, 39.

ST-013:007 frásögn hjallur 66°00.715N 21°29.628V

Rétt sunnan við heimreiðina að Finnbogastöðum, þar sem þjóðvegurinn liggur nú, var hákarlahjallur og annar norðan við heimreiðina með nokkurra metra millibili. Þjóðvegur, heimreið og girðing. Aðeins

nokkrir metrar áttu að hafa verið á milli hjallanna. Engin ummerki sjáanleg. Guðmundur Þorsteinsson taldi að þeir hafi verið úr torfi, grjóti og rekaviði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-013:008 heimild um myllu

66°00.668N 21°29.656V

"Upp með læknum að utanverðu (út í áttina að Stóru-Ávík) var Fimmálnavöllur. Hann náði upp að Bæjarlæk sem rann utan við bæ, milli bæjar og fjóss, og beygði síðan í Húsálæk. Skjólsgóð laut var neðarlega í þessum parti, við Húsálækinn, nefnd Paradís. Ofar var myllutóft í laut við lækinn", segir í örnefnaskrá. Húsálækur er hugsanlega nefndur eftir íbúðarhúsinu. Um 100 m norðnorðaustur af bænum 001 var mylla. Framræsluskurður liggur á milli túna þar sem Húsálækur rann. Yfir honum var myllan. Í skurðarbakkanum sem er nær bæ 001 er lítill geil þar sem myllan var. Annars sjást engin ummerki hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 2-3

ST-013:009 Húsapartur heimild lambhús

66°00.626N 21°29.465V

"Partur sem hét Fletta, var út og niður af Eiríksvelli. Ekkert er vitað um nafnið. Hólar, Smáhólar, voru sjávarmegin við hana. Upp af Eiríksvelli var gata út úr túninu. Upp af henni var Húsapartur. Þar voru húsatóftir", segir í örnefnaskrá. Húsapartur er um 40 m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu.

Ræktað tún. Ekki sjást þar ummerki af neinu tagi. Guðmundur Þorsteinsson segist þó halda að þar hafi verið lambakofar og/eða reykhus.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 3

ST-013:010 Náthagar garðlag náthagi

66°00.630N 21°29.348V

"Í framhaldi af túninu utanverðu voru svonefndir Náthagar. Í þeim var Ból (026), þar sem færivíar voru og kýr voru mjólkaðar. Það var á að giska 3 mínútna gangur frá bæ", segir í örnefnaskrá. Tæpa 200 m í austur frá bæ 001. Á staðnum eru heyrúllur geymdar. Sléttað og niðurtraðkað svæði sem er rétt við steipt fjárhús. Ummerki eru ekki önnur en þau að hlaðinn veggur sést vel. Veggstubburinn er úr torfi og liggur norðvestur-suðaustur og hefur sennilega verið syðsti hluti Náthagans og einnig túngarður, að áliti Guðmundar Þorsteinssonar. Nú er gaddavírsgirðing uppi á garðinum sem er rétt tæplega 50 m langur, 0,5 - 1 m á breidd og er hæstur 0,8 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 3

ST-013:011 Kumlabrekkur örnefni heystæði

66°00.848N 21°28.745V

"Frá Króklæk eru Grundir upp af Sandinum. Þar er nú sumarbústaður. Eftir Grundunum rennur Grundarlækur, sem stundum var þurr á sumrum. Utan við Ytri-Sandodda er Fúlavík. Þar safnast saman þari, sem oft var slæm lykt af. Hún nær út að Brekkum, sem áður munu hafa verið nefndar Kumlabrekkur. Guðjón kannast við það nafn. Ekkert er vitað um það", segir í örnefnalýsingu. Kumlabrekkur skera þjóðveginn og ná frá Finnbogastaðafjalli og niður að sjó.

Brekkurnar (hryggurinn) eru grónar grasi, mosa og hrossanálum en stutt er niður á grjót.

Engar heimildir eru fyrir kumli á staðnum nema í nafninu. Engin sérstaklega líkleg ummerki og mun líkegra að átt sé við heystæði en greftrunarstað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 4

ST-013:012 tóft fjárhús

66°00.874N 21°28.162V



"Malarhryggur við sjó, utan við lækinn (Vatnslækur), heitir Brattamöl. Upp af henni er Skarðsgrund, slétt grund. Upp af ytri hluta víkurinnar er klettabelti, sem heitir einu nafni Heimraskarð. Í því er skarð, sem heitir Sauðaskarð. Þar neðan við eru tóftir af gömlum beitarhúsum", segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 60 m frá grjótfjörinni og rétt rúman 1 km norðaustur af bænum 001.

Milli þjóðveggar og sjávar eru um 300 m breið spilda sem tóftin er á - harla slétt og grasi vaxin. Mikill reki er á þessum stað.

Tóftin snýr norður-suður, er 12 x 7 m og skiptist í tvö hólf. Töluvert er af stórum steinum neðst í veggjum sem annars eru að mestu leyti út torfi. Hægt er að grilla í þrjár steinaraðir á stöku stað. Mesta hleðsluhæð veggja er um 0,6 m. Gólf minna hólfins, 5 m x 3 m innanmál, austur-vestur,

norðanmegin í tóftinni, er töluvert hærri en gólf stærra hólfsins sem er 6 m x 5 m að innanmáli. Op er á milli hólfa, austast á innveggnum. Einnig eru op á norður- og suðurútrætti, bæði eru þau austast á útrættjunum. Pálína Þórólfsdóttir telur að tóftin sé af stækk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 4

ST-013:013 *Hellisgrundir* hús beitarhús

66°01.040N 21°27.848V

"Hellisgrundir heitir sléttlendi upp af víkinni [Pollavík]. Þar er nú tún og beitarhús. Upp af grundunum eru Hellisbakkar. Upp af Helli er slitróttur klettur til fjalls. Í honum er Ytraskarð, þar sem reiðvegurinn [014] lá", segir í örnefnaskrá. Nokkru heiman við Ytraskarð liggur jeppaslóði frá þjóðveginum niður að sjó, niður á flötina, því þangað er sóttur reki. Hellisgrundir eru um 1.5 km norðaustur af bæ 001. Snöggur grasbolli, alveg niður við sjó. Grunn vík eða vogur.

Húsið stendur og er enn undir þaki en gót eru komin í þekjuna þótt sperrur hangi enn uppi. Framhlið hússins, sem er 7 m x 6 m, snýr suður. Langveggir eru úr torfi og grjóti en eru þónokkuð hrundir. Á norðurgafli, sem er úr flettum rekaviði og er heill, eru tvennar dyr og einn gluggi. Á suðurgafli, sem einnig er úr rekaviði, er einn gluggi en vesturhluti gafsins er fallinn. Stoðir og sperrur eru úr rekaviði (10 -15 cm þykkum, sívölum). Á einum stað hefur bárujárnsplötu verið skotið innan við torfvegginn. Grjóthlaðinn garði er í miðju hússins, svo gott sem heill og tvær krær sitthvorumegin. Húsið er um 2,8 m á hæð upp í mæni. Að sögn Guðmundar Þorsteinssonar var húsið reist um miðjan 6. áratug 20. aldar.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 5

ST-013:014 *Ytraskarð* gata leið

66°00.798N 21°28.180V


"Upp af Helli er slitróttur klettur til fjalls. Í honum er Ytraskarð, þar sem reiðvegurinn lá", segir í örnefnaskrá. Sprengt hefur verið úr téðum kletturana fyrir þjóðveginum og skarðið þannig verið skemmt, en rétt við þar sem sprengt var, sést reiðleiðin fast austan við þjóðveginn.

Smáhæðótt og gróin holt en skarðið sjálf er í kletturana.

Skarðið hefur verið sprengt þegar þjóðvegurinn var lagður eða endurbættur og er ekki lengur eiginlegt skarð heldur er rof í kletturann þar sem þjóðvegurinn liggur í gegn. Vestan vegar heldur raninn áfram upp í hlíð Finnbogastaðafjalls. Leiðin er fremur óskýr en sést þokkalega hér um bil samhliða þjóðveginum norðan við Ytraskarðið. Ein gata er greinilegust þótt víða megi greina fleiri götur samhliða. Leiðin var helsta reiðleiðin þegar fólk koma að sunnan til Trékyllisvíkur, og öfugt, að sögn Guðmundar Þorsteinssonar

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 5



ST-013:015 *Beitarhúshjalli* tóft beitarhús 66°00.737N 21°27.750V


"Neðsti hjallinn í fjallinu í stefnu upp af Ytra-Skarði heitir Beitarhúshjalli. Ekki er vitað um beitarhús þarna", segir í örnefnaskrá. 200 - 300 m suðvestur af þjóðveginum, á neðsta hjalla axlarinnar, er tóft. Um 1.5 km austur af bæ 001.

Neðarlega í hlíðum Finnbogastaðafjalls, á miðri öxl fjallsins, er hlíðin gróin grasi, mosa og ljónslöpp og er harla grýtt. Beitarhúshjallinn sjálfur er ekki í miklum halla og er nokkuð þýfur.

Tóftin snýr austur-vestur, er 7 x 4 m og er op hér um bil fyrir miðju á norðurlanghlið. Tóftin er óskipt og stendur í töluverðum halla mót norðaustri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 5



ST-013:016 *Tófugirðing* heimild um vörslugarð 66°00.626N 21°29.418V

Tófugirðing er í miðju Náthaga-túninu, á milli 009 og 010. Um 150 m austan við bæinn og 60 m suðsuðvestan við núverandi fjárhús.

Ræktað tún.

Rústin liggur norður-suður á, 8 m og 2 m á breidd. Fínmöskvað vírnet liggur þar í kuðli og áfastar nokkrar spýtur. Það mótir fyrir torfhleðslu þar sem vír- og timburramminn hefur staðið. Í girðingunni voru tófur aldar vegna skinnanna fram undir miðja 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-013:017 náma mógrafir

66°00.555N 21°28.686V

"Neðra- og Efra Kýrholt eru að mestu gróin holt við fjallsrætur upp af innri enda Skarðsmýrar. Mótak var í mýrinni við Kýrholtin, talinn mjög góður mór", segir í örnefnaskrá. Mógrafasvæðið er um 700 m suðsuðaustur af Finnbogastaðabænum 001. Mýrlendi sem teygir sig upp í hlíðar Finnbogastaðafjalls. Svæðið er um 200 m x 200 m að flatarmáli - allt meira og minna sundurgrafið. Grafirnar eru grónar en töluvert blautar. Sú dýpsta er rétt um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 6

ST-013:018 *Mýramógrafir* náma mógrafir

66°00.576N 21°29.167V

"Mýrar náðu niður að Skothúsala, [sjá 027] og túngirðingu. Mór var tekinn í mýrinni ofan við Skothúsala og grindaður á honum. Þarna var djúpt mótak", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru 300 - 350 m suður af Finnbogastaðabænum. Heimafólk á bænum kennir grafirnar við mýrina og kallar þær Mýramógrafir. Ekki svo blaut mýri. Ræktað tún til austurs og norðurs frá mýrinni. Svæðið er um 100 m x 150 m að stærð - nokkuð sundurgrafið. Bakkar eru grónir og grafir tiltölulega þurrar. Dýpst um 1,2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 6-7

ST-013:019 *Litlanes* heimild um býli

66°00.677N 21°30.128V

"Í landinu í einum stað eru tóftir og girðing, sem sýnist kunni að hafa verið býli, en af því veit enginn að segja. Kann ómögulega að byggjast. Í öðrum stað hafa og verið tóftir, kallaðar Litlanes. Þær tóftir meina menn hafa verið býli, hefur nú Árnassá mestallar þær tóftir af brotið. Kann ómögulegt að byggjast", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Finnbogastaðaskóli stendur nú á nesinu við Árnassá, stórt og mikið steinhús. Ræktað tún þar sem Finnbogastaðaskóli stendur. Norðar, á flötinni nær árbakkanum, er leikvöllur fyrir börn. Enginn viðmælenda kannast við tóftir, hvað þá býli á Litlanesi sem yfirleitt er kallað Náthaganes. Engin ummerki tófta eru þar sjáanleg. Ekki er óhugsandi að þær hafi horfið vegna landbrots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VII, 339

ST-013:020 heimild um fjárhús

66°00.653N 21°29.875V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu útihús um 250 m norðvestur af bænum, á mörkum ræktaðs túns.

Ræktað tún. Engin ummerki útihúsa eru sjáanleg. Guðmundur Þorsteinsson telur að fjárhús hafi verið á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-013:021 *Nýju húsin* tóft útihús

66°00.699N 21°29.878V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 240 m norðvestan við bæ 001. Þar er nú tóft.


Í norðvesturhorni ræktaðs túns, um 8 m vestan við þjóðveg, er tóft fast heiman við Heimsta Náthaga 004. Gaddavírgirðing er fast austan- og norðanvið tóftina.

Á þessum stað var tóft um miðja 20. öld sem var farið að nota undir gæsir að sögn Guðmundar

Þorsteinssonar og Pálinu Þórólfsdóttur. Hún var endurbætt og er því enn mjög greinileg. Guðmundur og Pálína eru hinsvegar sammála um að þarna hafi staðið fjárhús einhverntíma. Tóftin snýr norður-suður og er 18 x 12 m stór. Hún er tvískipt og alveg opin að sunnan. Einnig er op norðarlega á vesturhliðinni. Opið er á milli hólfa, vestast á innveggjum sem liggur austur-vestur. Ekkert grjótt er að sjá í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort frá 1917



ST-013:022 heimild um útihús 66°00.638N 21°29.771V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m norðnorðvestur af bæ 001. Ræktað tún. Engin ummerki um hús eru sjáanleg. Túnið hefur verið stækkað töluvert til vesturs en hægt er að greina gamla túnjaðarinn því önnur áferð er þar á gróðri. Guðmundur Þorsteinsson telur að viðkomandi útihús hafi verið hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917



ST-013:023 tóft 66°00.895N 21°28.672V
40 m sunnan við Fiskaberg er tóft - austan í Kumlabrekkum 011. Grasspilda milli þjóðveggar og Fiskabergs. Tóftin er undir grónum, litlum hrygg sem liggur samsíða veginum (austur - vestur). Tóftin er nokkuð stór, 20 m x 11 m, og snýr norður - suður. Tvö meginhólf sjást í tóftinni en umrót og allt í kring. Tóftin er óslétt og öll eins og aflöguð. Töluvert af grjóti er í stærri tóftinni (syðri) og sjást fjórar steinaraðir þegar best lætur. Ekki er opið á milli hólfa en þau eru bæði opin til endanna, þ.e. til norðurs og suðurs. Ekki vel gott að segja til um hvaða hlutverki hún hafi þjónað þó er ekki ólíklegt að hlutverkið hafi eitthvað tengst útgerð því tóftin er aðeins nokkra metra frá sjávarmáli. Í Finnbogasögu ramma segir að húskarlar hans hafi "staðið að fiskidrætti" (Haukur Jóhannesson 2001, 39) við Fiskaberg. Gryfja, 1 m x 1 m og um 0,6 m djúp, hlaðin að innan, er á suðurhluta vesturveggjarins og var hún gerð á seinni hluta 20. aldar sem skotbyrgi að sögn Guðmundar bónda.

Hættumat: engin hætta

ST-013:024 heimild um útihús 66°00.623N 21°29.583V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 10 m suðsuðvestur af bænum 001. Það var smiðja að sögn Guðmundar Þorsteinssonar. Nú standa dráttarvélar á blettinum, snúrustaurar, staflar af rekaviði og annað smálegt. Engin ummerki um smiðjuna eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-013:025 heimild um útihús 66°00.632N 21°29.556V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m suðaustur af bænum 001. Bárujárnsklætt útihús stendur nú á sama stað. Ekki laust við að hóll sjáist rétt sunnan við núverandi útihús en ekki víst að hann sé gamall. Annars er engin ummerki að sjá um húsið sem Guðmundur Þorsteinsson telur að hafi verið fjós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-013:026 Ból heimild um kvíar 66°00.656N 21°29.350V
"Í framhaldi af túninu utanverðu voru svonefndir náthagar. Í þeim var Ból þar sem færíkvíar voru og kýr voru mjólkaðar. (3 mínútna gangur frá bæ)", segir í örnefnaskrá. 15 m suðaustur af núverandi fjárhúsum. Ræktað tún. Bólið, svokallað, var í austurhorni náthagans 010.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 3

ST-013:027 Skothúsbali heimild um skotbyrgi 66°00.632N 21°29.243V

"Utan við Nátthaga var Skothúsballi. Tóftir voru þar, en ekki veit Guðjón til, að þær væru notaðar. Skothúsballi náði út að Króklæk, sem rann í hlykkjum úr mýrunum ofan við ..", segir í örnefnaskrá. Skothúsballi er um 60 m austan við Mýrarmógrafir 018 og rétt rúma 250 m austur af bæ 001.


Þar er nú ræktað tún. Engin ummerki tófta eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Finnbogastaðir, 3

ST-013:028 Bogahúsin tóft útihús

66°00.653N 21°29.790V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús, um 150 m norðvestur af bæ 001. Guðmundur Þorsteinsson segir að það hafi verið fjárhús, svonefnd Bogahús og sést móta fyrir þeim. Ræktað tún.

Örðugt er að lýsa tóftunum vel vegna mikillar grósku í þeim. Tóftirnar eru ekki upphleyptar heldur "signar" og er því aðeins "för" að sjá. Svæðið er um 10 m austur-vestur og 6 m norður-suður. Það markar fyrir þremur hólfum sem snúa norður-suður. Hvert hólfi er um 2 m breitt og á milli hólfa er eins og dýpra far, 0,5 - 0,6 m á breidd. Erfitt er að átta sig á "tóftinni" því engir veggir eru sjáanlegir og ekkert grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

ST-013:029 gryfja 66°00'692N 21°29.936V


Neðan við Heimsta nátthaga 004, 4 m vestan við þjóðveginn - rétt við mörk Heimsta- og Mið-Nátthaga 003 er gryfja.

Grasi vaxin, dálítið flöng dokk, gryfja, á milli þjóðvegur og túngirðingar.

Í gryfjunni var sagaður rekaviður. Vestari bakki gryfjunnar er ekki hlaðinn heldur er hann hluti af landinu sem er hærra þeim megin. Austurbakkinn er hinsvegar hlaðinn úr torfi og er því gryfjan manngerð. Ytri mál eru 8 m norður - suður og 4 m á breidd en innri málín eru 6 m x 2 m. Dýptin er rétt tæpur metri.



Hættumat: hætta, vegna rasks



ST-013:030 tóft sjóbúð

66°00.719N

21°29.718V

Fast austan við þjóðveginn, 30 m norðan við heimreiðina á Finnbogastöðum er tóft.

Grasblettur á annars smágrýttri strönd. Guðmundur Þorsteinsson segir að tóftin hafi verið sjóbúð.

Tóftin er 11 m austur - vestur og 11 m í norður - suður og er alveg opin í vestur. Mesta hleðsluhæð er 0,8 m. Guðmundur Þorsteinsson segir að ekki hafi verið búið í búðinni heldur notuð sem veiðafæragæymsla og slippur - bátum var velt á þartilgerð tré fast sunnan við tóftina. Á austurgafli er op syðst. Veggir eru mest úr torfi en einnig úr grjóti.

Hættumat: engin hætta

ST-013:031 heimild

"Í landinu í einum stað eru tóftir og girðing, sem sýnist kunni að hafa verið býli, en af því veit enginn að segja. Kann ómögulega að byggjast", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

Enginn viðmælenda kannast við "tóftir og girðingu" sem gæti verið það sem hér er vísað til af Árna Magnússyni og Páli Vídalín.

Heimildir: JÁM VII, 339

ST-014 Bær

Dýrleiki 20 hundruð.

Tún 3.1 ha. 1917. 1/4 slétt.

ST-014:001 Bær bæjarhóll bústaður

66°00.514N 21°30.179V

"Í hávestur frá Kirkjugarðinum [002] er gamli Bæjarhóllinn. Þar hafa bæjarhús og fleiri hús staðið frá upphafi byggðar í Bæ. Er hóllinn orðinn allhár af því torfi og hnaus, sem byggt hefur verið úr. Þar stóð torfbær fram undir 1940. Nú hafa þær tóftir verið jafnaðar við jörðu og bæjarhús færð af hólum", segir í örnefnaskrá. Um 50 m suðaustan við bæjarhólinn stendur núverandi íbúðarhús, með kjallara.

Sléttuð tún allt í kringum bæjarhólinn.

Bæjarhóllinn rís nokkuð hátt yfir umhverfi sitt eða allt að 2,5 - 3 m og er vel greinilegur. Hann er gróinn grasi og sóleyjum og snýr hér um bil norður-suður á lengdina en er alls um 80 x 40 m. Bærinn stóð syðst á hólum og vísaði framhlið í suðsuðaustur að sögn Hjalta Guðmundssonar. Ummerki eru varla sjáanleg eftir bæinn, þó má greina örlítið brot í landið, eða far, ef vel er að gáð. Nyrst á hólum eru þvottasnúrir og þar við hafa verið settir nokkrir múrsteinar í hólinn á tveimur stöðum til að gera stæði fyrir blómaker. Samantalin eru þessi mannvirki ekki meira en einn fermetri. Steypu- og járnadrasli hefur verið fleygt norður af hólum vestanverðum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 14; túnakort frá 1917

ST-014:002 tóft+garðlag kirkja

66°00.499N 21°30.104V

"Í túninu í Bæ, beint fram af Bæjarhólum [001], til s.v. er forn húsatóft úr torfi og kringum hana



hlaðinn garður úr torfi. Garður þessi er 20x22 m á kant. Veggir hans mynda því sem næst beina línu, en eru þó bogmyndaðir í hornunum. Í hávestur er auðsæilega hlið á garðinum, sáluhlið? Hústóftin er sem næst 6x7 að grunnmáli. Garður þessi er nú eina þúfnastykkið í Bæjartúni og sker sig úr því. Hann er nú friðlýstur (1930-1933). Áður en hann var friðlýstur hafði Elías Guðmundsson, bóndi í Bæ, frá 1918-1942, sléttuð túnþýfið kringum kirkjugarðinn, en skilið hann eftir. Naut þar við framsýni hans, annars hefði svo getað farið að sléttað hefði verið yfir þessar sögulegu minjar", segir í örnefnaskrá. "Bær. Kirkjugarður forn. (Finnboga ramma að sögn), í túninu. Sbr. Kalund 1877: 625. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933" kemur fram í skrá um friðlýstar

fornleifar. Kirkjugarðurinn er rétt um 30 m suðaustan við bæjarhól (001).

Tóftin er í stórþýfðum garði - kirkjugarði sem markast af þokkalega greinilegu garðlagi. Annars eru sléttuð tún allt í kring. Tóftin í miðju garðsins er ógreinileg - hlaupin í þúfur en þó er nokkuð sléttur flötur fyrir miðju (2 x 2 m). Suðurhornið er einna greinilegast. Ekkert grjótt er að sjá í tóftinni sem er um 8 m á lengd og 7 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Útveggir kirkjugarðsins eru nokkuð greinilegir og töluvert hærri en þúfurnar innan veggja (fyrir utan tóftarbrotnið í miðju garðsins). Norðausturhliðin er þó ógreinilegust. Leiði eru ekki sjáanleg en hlið á garðinum er skýrt og snýr mót vestnorðvestri, í átt að bæjarhól (001). Garðurinn er 21 m norðaustur-suðvestur og 19 m norðvestur-suðaustur. Ekkert grjótt er sjáanlegt í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Bæjar, 1-2; FF, 39

ST-014:003 heimild um fjárhús

66°00.501N 21°30.272V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m norðan bæjarlækjar, vestan bæjarhóls 001. Um 70 m austan bæjar 001. Mói er vestur að Árnésá en túnbleðlar á hinar hliðarnar þrjár.

Á þessum stað er töluverður höll sem rís nokkuð yfir landinu umhverfis. Höllinn er 35 m norður-suður og 27 m austur-vestur. Rústir fjárhúsa eru sjáanlegar - steypur grunnur og spýtnabrák.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-014:004 garðlag túngarður

66°00.601N 21°30.208V

"Aðrar sögulegar minjar voru og eru enn auglýsilegar hér á Bæ, einnig kenndar við Finnboga ramma. Var þar garður hlaðinn úr torfi á þrjá vegu umhverfis túnið, og þó nokkuð utan við þau mörk, sem túnið hafði. Að neðan (norðanverðu) lá þessi garður frá barðinu, þar sem nú er heimreiðin, neðan við bæjarhólinn [001], eftir mýrarslakkanum fyrir neðan það sem bærinn og fjárhúsin standa nú. (Þar sem garðurinn lá niður að landamerkjalæknum er nú opinn vélgrafinn skurður). Síðan meðfram



Landamerkjalæknum, að norðanverðu, upp mýrarjaðarinn fyrir utan og ofan við túnið, dálítið bogadreginn, svo í gegnum þýfið til vesturs fram á bakka bæjarlæksins", segir í örnefnaskrá.

Gamli túngarðurinn er nánast alveg horfinn. Búið er að slétta hann undir tún nema norðnorðaustan við

bæinn (001) þar sem ræma er eftir af honum. Garðurinn er úr torfi og nokkuð jafnhár, 0,6 - 1 m og lítið hrúnnur. Hann er u.þ.b. 1 m á breidd. Heimreiðin liggur nú í gegnum þennan bít sem eftir er. Hann er alls 57 m langur.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 2

ST-014:005 Dalkot tóftir býli

65°59.308N 21°34.178V

"Hlíðin frá Neðri-Þröskuldum og ofan Búhólsmýra nefnist Grænahlíð. Heiman við Búhólsmýrar og fram af Nónhyrnuhjöllum rennur lækur, Fremra-Sólteigagil. Fyrir heiman það og niður af Nónhyrnu eru Fremri-Sólteigar. Eru þar mýrar neðan til, en ofar þurrlendara. Þar hafa skriður runnið niður úr Nónhyrnunni, sem eru orðnar vel grónar. Þangað sækir fé mikið til beitar á sumrin. Ofan við mýrlendið í Fremri Sólteigum er eyðibýlið Dalkot. Árið 1878 eða 1879 tók Björn Björnsson, frá Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði sér bólfestu þarna. Áður hafði Björn verið bóndi í Bæ, frá 1857-1870. Byggði hann sér nýbýli þarna, sem hann nefndi Sólheima. Ekki stóð byggð Björns lengi þarna. Árið 1882 flosnaði Björn upp frá búi sínu vegna bjargarskorts. Var hann og fjölskylda flutt heim á bæina á



útmánuðum. Honum, konu hans og börnum var svo komið fyrir hér og þar. Síðan hefur ekki verið búið þar. Nafnið Sólheimar festist aldrei við býlið. Hefur ef til vill þótt kenna fordildar í nafngiftinni. Hefur það síðan verið nefnt Dalkot. Þarna hefur Björn verið búinn að búa vel um sig á svo skömmum tíma. Þarna hefur hann byggt þriggjustafgólfa baðstofu (9 álna langa), fjós, fjárhús, hlöðu og brunnhús. Sér enn glöggleg merki þessara bygginga, enda hlaðnar úr grjóti og torfi, sem hvortveggja var nærtækt og gott hleðslugrjót", segir í örnefnaskrá. Tóftin af Dalkoti er rétt tæpa 4 km vestsuðvestur af bænum (001).

Grasi gróin hlið - mýrar nær ánni en þurrara eftir því sem ofar dregur í hliðina. Hliðin er aflíðandi og ágætis beiti- og engjaland. Dalurinn, nefndur Árneshólur að norðan og Bæjardalur að sunnan, er grösugur. Hallamýrar teygja sig frá Árneshólur upp í hliðarnar báðumegin en þó eru móaholt og hálfgrónir melar á milli.

Á Dalkoti eru vel greinilegar rústir, alls 8 talsins. 4 hús eru sambyggð, bæjarhúsin (a) austast, fjós (b), fjárhús (c) og hlaða (d) vestast að sögn Hjálta Guðmundssonar. Einum metra austan við bæjarhúsin er lækur og yfir hann er hlaðin brú (e) úr torfi og grjóti. Lengd tóftarinnar (austur-vestur), með brúnni, er 33 m og breiddin er 6 m. Brúin er mjórri, um 2 metrar og 5 m á lengd. Veggir tóftarinnar eru mikið til hlaðnir út grjóti og má sjá allt að þrjár steinaraðir. Grjótið er kantað og gott hleðslugrjót, sennilega sótt upp í hliðina (Nónhyrnu) sunnan við tóftina. 22 m norður af bæjartóftinni er lítil tóft (f), 6 x 4 m og snýr norður-suður. 5 m þar norður af er önnur lítil tóft (g), 4 x 3 m og snýr einnig norður-suður. Mesta hleðsluhæð þessarar litlu tófta tveggja er 0,3 m. Engar dyr er að sjá á tóftunum tveimur. Ekki er ósennilegt að hey hafi verið borið þar upp. 8 m norður af bæjarhúsunum er lítil skvampa (h) (tæplega 1 x 1 m og 0,4 - 0,5 m djúp) og er vatn í botni hennar. Steinar liggja hjá henni og getur verið að dældin hafi verið hlaðin að innan þótt ekki sé það vel greinilegt. Hugsanlegt er að þar hafi verið brunnur. Á bæjarhúsi (a) eru dyr austarlega á norðurvegg. Grjót er í austur- og vesturveggjum en innangengt er vestur í fjós (b). Þar er einna helst grjót í vesturvegg. Úr fjósinu er innangengt vestur í fjárhúsin (c) en austast á norðurvegg (útvegg) þeirra eru dyr. Grjót er mikið innanvert í öllum veggjum fjárhúsa og einnig í garða sem er nokkuð greinilegur. Dyr eru á milli fjárhúsa og hlöðu (d). Fyrir miðjum suðurvegg hlöðu eru dyr. Grót er ekki mikið að sjá í hlöðuveggjum nema að utan á austurveggjum. Þar er ágætis grjóthleðsla sem tekur yfir allan austurvegginn.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Bær, 4

ST-014:006 tóft heystæði

Ofarlega í Göngumannaskarðspati, fyrir miðju (austur-vestur), er tóft. Um 1,5 km suðvestur af bæ 001.

Votlendi á báða bóga en þurr blettur er þar sem tóftin er.

Frekar óregluleg tóft sem rís nokkuð hátt yfir umhverfið, allt að tæpum metra. Tóftin er á þurru bletti í votlendi og snýr austur-vestur og er alls um 8 x 5 m. Eiginlegir veggir sjást ekki nema á vesturhlið en þar mótast fyrir garðlagi á 1 m kafla. Fast sunnan við það garðbrot hefur hugsanlega verið op. 10 metrum austan við tóftina er hnappur af stórum þúfum sem skera sig úr sléttlendinu þótt ekki sé tóftarlag þar á. Ekkert grjót er sjáanlegt á svæðinu.



Hættumat: engin hætta

ST-014:007 tóft heystæði

200 - 250 m norðan við Rauðaskriðu er tóft. Hún er rétt tæpan 1 km

suðsuðvestan við bæ 001 og tæpan hálft km suðvestur af Árneshólur (015:001). Votlent nema þurr blettur er þar sem tóftin er.

Tóftin er frekar óregluleg, 8 x 4 m og snýr austur-vestur. Brot útveggja greinanleg en annars stórþýft inni í tóftinni. Hvorki dyr né grjót er sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta

ST-014:008 garðlag túngarður


66°00.441N 21°30.158V

Garður, hugsanlega túngarður, liggur nokkurnvegin austur-vestur, um 150 m suður af bæjarhólunum. Gæti verið í samhengi við (004) en þarf ekki að vera. Er í vesturhorni sléttads túns. Töluvert rytjulegri heldur en túngarðsstubburinn að norðanverðu (004) - útflattari og lægri að jafnaði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-014:009 náma mógrafir

65°59.970N 21°31.625V



66°00.08N 21°30.580V

65°59.395N 21°33.968V

200 - 300 m austur af Dalkoti (005), í svipaðri hæð í hlíðinni eru mógrafir. Flóabakki ofan í lækjarhvilft sem liggur norður-suður. Svæðið er mjög afmarkað, um 10 x 10 m. Dýptin er um 0,8 m.

Hættumat: engin hætta

ST-014:010 Þórðartóftir tóft heystæði


65°59.933N 21°32.536V

"Fyrir heiman Hornfljótið koma nokkuð víðlendar eyrar meðfram ánni og mýrar, þegar dregur frá ánni, með smátjörnum. Það heita Daleyrar. Ofan þeirra er Þórðarpartur. Þar eru móaholt, Þórðarholt, og á þeim Þórðartóftir. Lítur helst út fyrir að þar hafi verið heygarður, en ekki húsatóftir. Í öllum þessum engjapörtum: Heimri-Sólteigum (011), Hádegisparti (012) og Bolaparti (013) eru nokkur tóftabrot, flest nálægt ánni. Um þau er það sama að segja og Þórðartóftir, að líklega hafi þar verið borin upp hey og hlaðið utan að þeim torfi eða hnaus", segir í örnefnaskrá.

Hálfgrónir melar og mýrar sitt á hvað. Melarnir eru nokkuð þýfðir og mosa- og lyngvaxnir. Tóftin er 8 x 5 m og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð utan í stein, stór steinn (4 x 2 m) lokar henni að vestan. Annað grjót er ekki sjáanlegt. Tóftin er vel gróin grasi, mosa, lyngi og ljónslöpp. Mesta hleðsluhæð er um hálfur metri. Engar dyr eru sjáanlegar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 6



ST-014:011 tóft heystæði

65°59.711N 21°33.419V



"Í öllum þessum engjapörtum: Heimri-Sólteigum (011), Hádegisparti (012) og Bolaparti (013) eru nokkur tóftabrot, flest nálægt ánni. Um þau er það sama að segja og Þórðartóftir (010), að líklega hafi þar verið borin upp hey og hlaðið utan að þeim torfi eða hnaus", segir í örnefnaskrá. Tóftin er fast niður við á - nokkru vestar heldur en Daleyrar og Hornfljótið.

Tóftin er á þurru bletti en mýrlent er umhverfis hana. 6 m norðan við tóftina rennur áin, Árnesá.

Tóftin er óregluleg og stórþýfð. Hún er 11 x 5 m og snýr austur-vestur. Örfáir steinar sjást á stangli í veggjum en annars er tóftin grasi gróin; ljónslöpp, fíflar og sóleyjar. Mesta hleðsluhæð er 0,9 m. Það mótast fyrir útveggjum en annars stórþýft inni í tóftinni. Engin sérstök op eru sjáanleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 6

ST-014:012 tóft heystæði

65°59.826N 21°33.225V

"Í öllum þessum engjapörtum: Heimri-Sólteigum, Hádegisparti og Blaparti eru nokkur tóftabrot, flest nálægt ánni. Um þau er það sama að segja og Þórðartóftir, að líklega hafi þar verið borin upp hey og hlaðið utan að þeim torfi eða hnaus", segir í örnefnaskrá. Tóftin er alveg niðri við á, vestast á Daleyrnum, 250 m norðaustan við 011 og um 550 m vestsuðvestan við 010.


Mýri allt í kring en þó er nokkuð þurrt fast við ána þar sem tóftin er.

Heystæðið er óreglulegt - einna skýrast að sunnan en óljósara þegar norðar dregur. Tóftin er 14 x 7 m og snýr austur-vestur. Rétt sunnan við miðju, inni í tóftinni, er skvampa (1 x 1 m). Tóftin er stórþýfð og gras er sinuskotið. Steinn

og steinn sést á stangli í veggjum. Mesta hleðsluhæð er um hálfur metri. Hvorki garðlag né dyr á tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 6




ST-014:013 tóft heystæði

65°59.854N 21°32.868V

"Í öllum þessum engjapörtum: Heimri-Sólteigum, Hádegisparti og Bolaparti (013) eru nokkur tóftabrot, flest nálægt ánni. Um þau er það sama að segja og Þórðartóftir, að líklega hafi þar verið borin upp hey og hlaðið utan að þeim torfi eða hnaus", segir í örnefnaskrá. Tóftin er ofan við Daleyrarnar, vestarlega. 50 m sunnan við sléttan flóa sem liggur niður að Árnésá.

Hálfrónir melar, móaholt þar sem keldur eru inn á milli. Tóftin er á þurru svæði. Aflíðandi halli er frá því og niður að á. Tóftin snýr austur-vestur og er 8 x 4 m. Hún er mest grasi og sinugróin en einnig er mosa og ljónslöpp að sjá. Hleðslur virðast mestmegnis úr torfi en þó sjást nokkrir steinar í gólfinu - nokkuð tilviljanakennt að því er virðist. Tóftin rís hæst (0,7 m) að sunnanverðu. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Bær, 6**ST-014:014** Göngumannaskarð gata leið

65°59.827N 21°31.571V

"Heiman við fjallendið, Nónhymubungur, sem áður hefur verið lýst, kemur nokkuð djúp lægð í fjallgarðinn, Göngumannaskarð, oftast kallað Göngumannaskörð, enda greinist það í tvö skörð, þegar kemur inn úr því. Framan við gilið, á vesturbakka þess, liggur vegurinn úr Víkinni inn yfir skarðið til Reykjarfjarðar. Þar kemur vegurinn niður Klakk, sem er klettur niður við sjó, Reykjarfjarðarmegin. Þessi vegur var fjölfarinn á fyrri árum, einkum á sumrin og af þeim, sem ekki ætluðu að fá flutning úr Naustavík. Mér hefur verið sagt að Jakob Thorarensen, kaupmaður í Kúvíkum hafi gengið fram í því að ryðja og gera umbætur á þessum vegi. Sér þess enn merki, einkum að innanverðu", segir í örnefnaskrá. Frá Bæ eru um 1,6 km að Göngumannaskörðum í suðvestur. Á þessum stað er land farið að hækka og jafnframt að þorna. Skarðið greinist í tvö skörð sem eru gróðurlaus en mosaþembur eru á milli þeirra. Lækur rennur úr vestara skarðinu og vatnsagi er úr því austara líka. Lækurinn nefnist Prestalækur þegar komið er niður á jafnsléttu. Stígur eins og fjárgata liggur upp í gilið.

Hættumat: hætta, vegna rofs**Heimildir:** Ö-Bær, 7**ST-014:015** Langholtssund náma mógrafir

65°59.864N 21°32.445V


"Fyrir heiman Þórðarpart og Daleyrar tekur við Langholtspartur. Það er allmikið engjaland, allt ofan úr hlíð niður að Árnésá. Rétt heiman við partamæti Þórðarparts og Langholtsparts er Langholt. Liggur það næstum þvert gegnum partinn ofanverðan. Ofan við það er mýrarsund, Logholtssund. Þar hefur verið tekin upp mór ofan við holtið og þurkaður á því", segir í örnefnaskrá.

Sunnan við Langholt er votlendisspilda 200-250 m löng austur-vestur og 30-40 m breið. Þar hefur víðast hvar verið stunginn mór.

Grafirnar eru hvorki mjög reglulegar né djúpar. Sú dýpsta er rétt um 0,8 m.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Bær, 7-8**ST-014:016** tóft heystæði

65°59.959N 21°31.663V



"Í Göngumannaskarðsparti [014] ofanverðum eru nokkur tóftabrot. Þar hafa sennilega verið borin upp hey á einhverri tíð. Ekki bera þau nein sérheiti", segir í örnefnaskrá. Tóftin fannst vestast í partinum.

Votlendi á báða bóga en þurr blettur þar sem tóftin er.

Tóftin er nokkuð regluleg - köntuð. Hún er 10 x 5 m og liggur austur-vestur. Tóftin er þýfð að austan og lækkar austur. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Það má greina garðlag sem er eins og útveggur en ekkert annað sem lítur út fyrir að vera hleðsla. Ekki er op vel greinanlegt en þó er tóftin nánast opin að norðaustan. Ekkert grjótt er að sjá í tóftinni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Bær, 9**ST-014:017** Naustvíkurskörð gata leið

66°00.013N 21°30.809V

"Austur af Göngumannaskarði eru hæðir af sömu gerð og Nónhrynubungur, gróðurlausar, en víðast mosavaxnar. Þær kallast Milliskarðabungur, Efri Milliskarðabunga upp á fjallinu, en í kinninni, neðar, Neðri Milliskarðabungur. Ganga þær til austurs, allt að Naustvíkurskörðum. Þar er lægð í fjallgarðinn. Um þau liggur alfaravegur úr Víkinni inn að Naustavík. Var sú leið fjölfarin fyrrum, áður en vegur kom út fyrir Kjörvog um Kjörvogshlíð", segir í örnefnaskrá. Rétt um kílómetri er í Naustvíkurskörð frá bænum 001 í suðvestur. Þurrt að kalla neðan við skörðin - móaholt en stutt í mýrarfláka neðan við. Skörðin eru töluvert brött og djúp en mosagróin. Ekki voru leiðir áberandi en fjárgata lá í átt að skörðunum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Bær, 9

ST-014:018 *Baltarmógrafir* náma mógrafir 66°00'12N 21°30.348V

"Niður af Nautahjalla utanvert við Rauðuskriðu gengur hjallrani, hallandi niður á jafnsléttu, Böltur. Hann er nokkuð gróinn, en klettanibbur og grjót stendur víða upp úr honum. Þar hefur eflaust verið hrísi vaxið til forna. Undir honum hefur verið tekinn upp mór í mýri, sem gengur fast upp að honum. Þar var ágætt mótak, aðeins ein stunga ofan af og undir 3-5 stungur. Baltarmógrafir. Í mótakinu var mikið af lurkum. Jaðraði hitagildi hans við hitagildi kola. Þessi móstunga var orðin fullnýtt um það bil sem hætt var að taka upp mó, fyrir ca. 10-13 árum", segir í örnefnaskrá sem rituð var 1975. Grafirnar eru tæpan kílómetra suður af Bæ. Slétt mýri upp að rótum Finnbogastaðafjalls.

Svæðið er um 50 x 60 m. Grafirnar eru óreglulegar og frekar ógreinilegar. Þær eru nánast algrónar grasi, störum, sinu og mosa og ekki svo blautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 10

ST-014:019 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 66°00.504N 21°29.964

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 140 m suðaustur af bæjarhól 001. Hjalti Guðmundsson segir að það sé Hesthúshóll en um hann segir í örnefnaskrá: "Yst út undir jaðri Steinsmýrar var Hesthúshóll. Þar hafði lengi staðið hesthús og hóllinn myndaður af rústum þeirra. Enn er þar hóll, sem ber það nafn." Túnið nær norður að landamerkjum Finnbogastaða. Búið er að plægja það upp og því er svæðið eitt flag. Hesthúshóll er vel greinilegur og er um 20 m í þvermál. Hjalti Guðmundsson segir að á hólnum hafi staðið hesthús mjög lengi. Nú sjást engin ummerki þeirra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 14; Túnakort frá 1917

ST-014:020 *Stekkjarmógrafir* náma mógrafir 66°00.215N 21°29.965V

"Fyrir heiman Bölt, neðan Skriðu, er Múlapartur. Fyrir utan Múlann út að landamerkjum Bæjar og Finnbogastaða, er mýri allt heim að túni. Hún skiptist í Efri-Steinsmýri og Neðri-Steinsmýri. Niður undan Múlanum lá lækjarlæna fyrst niður, síðan þvert út í gegnum Steinsmýrina. Sú læna skiptir Steinsmýrinni í Efri- og Neðri-Steinsmýri. Nú er þessi læna horfin í skurð þar sem hún var. Yst í Múlaparti eru miklar mógrafir, Stekkjarmógrafir. Þar var tekinn upp mór um áratugi, bæði af ábúendum Bæjar og Árness", segir í örnefnaskrá. Þetta er um 550 m suður af Bæ.

Framræst tún eru á þrjár hliðar en Finnbogastaðafjall að sunnan.

Mógrasvæðið, sem er algróið, er um 100 x 100 m í það minnsta og bálkar á milli. Mýrarflæmi er allt umhverfis og öruggt að mór hefur verið tekinn þar víða. Grafirnar eru nokkuð jafndjúpar, um einn metri. Nákvæm stærð er því óljós.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bær, 11-12

ST-014:021 *Nátthagi* tóft nátthagi 66°00.404N 21°30.216V

"Neðan við Stekkjarmógrafir [020] voru þurir balar með grunnum jarðvegi. Þangað var mόνum ekið og hann þurkaður þar. Þessir balar drógu nafn af því og voru kallaðir Móbalur eða bara Balarnir. Heiman við þá og neðan við Bæjarlækinn, sem rennur niður undan Belti og úr Svartagilsparti voru grasigrónir, þýfðir móar. Í þeim miðjum voru tóftir og hafði myndast nokkur hóll af þeim. Þetta voru gamlar tóftir. Eftir þeim voru móarnir nefndir Stekkur. Neðst í mόνum við lækinn hafði verið hlaðinn hringmyndaður torfgarður, Nátthagi, og í horni hans Kvíar. Neðan þeirra, niður með læknum, er Ból. Nú eru öll þessi kennimerki horfin, nema Nátthaginn, komin undir ræktun og orðið samfelld tón", segir í örnefnaskrá. Nátthaginn er tæpa 200 m suðvestur af bænum. Fast vestan við nátthagann rennur lækur og vestan við er gróinn melur og svo í framhaldi sléttað tún. Tún eru einnig norðan og austan við nátthagann. Sunnan við er túnblettur en svo taka Stekkjarmógrafir (020) við.


Vesturhlíð nátthagans er heillegust, þar er veggurinn frístandandi en að austan markast nátthaginn af

náttúrulegum bakka, þar sem landið hækkar. Þar er því ekki frístandandi veggur. Norður- og suðurhliðar eru töluvert skemmdar því vegarslóði liggur þar í gegn en eru og hafa verið hlaðnar. Náttthaginn er sporöskjulaga, 36 x 19 m og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m. Engin ummerki kvía eru sjáanleg innan náttthagans né heldur ummerki bóls utan veggja náttthagans, við lækinn. Lækurinn hefur að öllum líkindum étið úr landinu norðan og vestan við náttthagann. Téður stekkur er að sögn Hjalta Guðmundssonar kominn undir tún.

Hættumat:

hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 12



ST-014:022 Húsatún heimild um fjárhús

66°00.539N 21°30.114V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 80 m norðaustur af bæjarhól 001. Um sama stað segir í örnefnalýsingu: "Heiman Prestalækjar, milli Sandlágur og Árnésar var stórt og stórpýft móastykki, Húsatúnsmóar. Heiman og neðan þeirra er Húsatún. Það var fremur lítill rani, nokkuð sléttur, norðan við Bæjarlækinn, þar sem hann rennur niður með Bæjarhólnum. Á því var fjárhús og hlaða og er svo enn. Nú eru Húsatúnsmóar allir orðnir að sléttu túni." segir í örnefnaskrá. Hús og tún á allar hliðar. Rétt við núverandi hlað, 40 m í suðaustur, eru steipt fjárhús þar sem gömlu fjárhúsin stóðu. Engin merki um þau eru sjáanleg en u.þ.b. 50 metrum norðaustar er þúfnaklasi sem er dreifður á 300 - 400 fm svæði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 13 ;Túnakort frá 1917

ST-014:023 heimild um fjárhús

66°00.511N 21°30.108V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m austnorðaustur af bæjarhól 001.

Verið er að endurnýja tún, það hefur verið plægt og er því eitt flag.

Engin ummerki bygginga eru sjáanleg.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-014:024 Dagsbúð heimild um verbúð

66°00.628N 21°30.129V

"Þar fyrir neðan voru Stórumóar, ákaflega stórpýfðir. Neðst í þeim [Stórumóum] var, fram að 1950 gömul verbúðartóft, Dagsbúð, kend við Dag Sveinsson, sem bjó að Bæ 1868-1883. Tvær aðrar tóftir voru þar án nafngreiningar. Nú er þetta sléttuð tún", segir í örnefnaskrá. 50 m sunnan við þjóðveginn - nyrst í landareigninni - rétt rúma 200 m norður af bænum.

Nokkuð þýfður túnblettur á milli túna sem notaður er sem réttarhólf.

Hjalti Guðmundsson telur að Dagsbúð hljóti að hafa verið á þessum slóðum. Engin ummerki tófta eru þó sjáanleg.

Heimildir: Ö-Bær, 15

ST-014:025 heimild

66°00.626N 21°30.111V


"Þar fyrir neðan voru Stórumóar, ákaflega stórpýfðir. Neðst í þeim var, fram að 1950 gömul verbúðartóft, Dagsbúð [024], kend við Dag Sveinsson, sem bjó að Bæ 1868-1883. Tvær aðrar tóftir voru þar án nafngreiningar [025, 026]. Nú er þetta sléttuð tún", segir í örnefnaskrá. 50 m sunnan við þjóðveginn - nyrst í landareigninni - rétt rúma 200 m norður af bænum.

Nokkuð þýfður túnblettur á milli túna sem notaður er sem réttarhólf.

Engin ummerki tófta sjáanleg sem eiga að hafa verið á sama svæði og Dagsbúð 024.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 14-15



Kort af túni Bæjar 1917

ST-014:026 heimild

66°00.642N 21°30.152V

"Þar fyrir neðan voru Stórumóar, ákaflega stórpýfðir. Neðst í þeim var, fram að 1950 gömul verbúðartóft, Dagsbúð, kend við Dag Sveinsson, sem bjó að Bæ 1868-1883. Tvær aðrar tóftir voru þar án nafngreiningar. Nú er þetta sléttað tún", segir í örnefnaskrá. 50 m sunnan við þjóðveginn - nyrst í landareigninni - rétt rúma 200 m norður af bænum. Nokkuð þýfður túnblettur á milli túna sem notaður er sem réttarhólf. Engin ummerki tófta sjáanleg sem eiga að hafa verið á sama svæði og Dagsbúð 024.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bær, 14-15

ST-014:027 heimild um fjós

66°00.479N 21°30.199V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 60 m suðvestur af gamla bænum (001). Hjalti Guðmundsson telur að það hafi verið fjós. Þar er nú sléttað tún. Engin ummerki fjóss sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-014:028 heimild um útihús

66°00.510N 21°30.173V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús norðarlega á bæjarhól 001, um 6 m norðan við bæjarstæðið gamla en um 30 m sunnan við læk. Grasi vafinn bæjarhóll - tún og hús eru allt í kring. Engin ummerki um útihús eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-014:029 óstaðsetjanleg fornleif, sjá viðauka bls. 139.

ST-015 Árnes

Dýrleiki 18 hundruð. Þeir köru at kanna landit fyrst, sigldu síðan inn eftir flóanum ok lögðu fyrst á víkina fyrir Árnesi,... Þá bjó þar ríkr maðr, Eiríkr snara, er land hafði numit milli Ingólfsfjarðar ok Ófæru í Veiðileysu... (Ísl. Sög. VI, Grettis saga Ásmundarsonar, kaf. 9, bls.18)
Tún 5 ha. 1917 1/3 slétt.

ST-015:001 Árnes bæjarhóll bústaður

66°00.709N 21°30.577V

Gamla bæjarhóllinn í Árnesi er þar sem íbúðarhúsið í Árnesi I stendur nú, 20-30 m norðan við kirkjuna. Heimkeyrsla er úr vestri og þar er bílastæði úr mól framan við húsið. Austanvert við húsið á hólnum er útihús sambyggt því.

Bæjarhóllinn er ávalur og greinilegur þótt hvorki sé hann hár né brattur. Stærð hans er um 50 x 50 m. Húsið sem á honum stendur nú er steinhús með kjallara, byggt upp úr 1950. Til er ljósmynd af Árnesi frá 1909. Þar sést að hlaðið fjós var á hólnum austanverðum, sambyggt íbúðarhúsinu sem var snoturt timburhús. Einnig var skemma á hlaðinu og framyfir aldamót stóð á bæjarhól timburhús, svonefnt Frúarhús (sjá 015), en það var flutt burt í heilu lagi fyrir 1910. Nýlega var grafið fyrir litlu blómabeði framan við íbúðarhúsið og var strax komið niður á hleðslugrjót. Hæð hólsins er líklega allt að 2 m en brúnir hans eru hvergi skarpar.


Hættumat: hætta, vegna bygginga

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-015:002 Stekkar tóftir stekkur

66°01.211N 21°31.186V

"Árnesjaðar er hvarfið á hlíðinni sem sést frá Árnesbænum og er hann í daglegu tali aðeins nefndur Stekkanes og markar Hvalvíkina Árnesmegin. Upp á nesinu eru Stekkar sem eru slægjur upp á nesinu og þar er tóft af stekk við efri hólinn á nesinu," segir í örnefnalýsingu. Stekkar eru 1 km norður af bæ, uppi á hæð sem skagar fram úr Árnestindi ofan vegar. Sléttar flatir eru uppi á hæðinni sem er líklega einn grösugasti bletturinn í landi Árness fyrir utan heimatún. Mjög líklegt er að slegið hafi verið á Stekk. Tvær eða þrjár tóftir eru hjá litlum kletthólum þar sem nesið rís hæst. Sú nyrðri er 14 x 5 m að stærð, hlaðin vestan við aflangan klett sem þjónar sem austurlangveggur. Hún virðist hafa verið tvískipt og er minna hólfið hærra, það er innar en rekið hefur verið inn að sunnan. Veggir eru mjög signir. Hin tóftin er 10 m suðvestar, hlaðin sunnan við stakan klett og snýr A-V, þvert á hina tóftina. Tóftin er 12 x 5 m að stærð og sýnilega tvískipt. Í veggjum glittir í grjót. 30-40 m suðaustur af þessari tóft vottar fyrir hringlaga tóft sem er um 8 m í þvermál. Hún er óljós og ekki ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt þótt giska mætti á heystæði. Tóftir þessar voru skoðaðar af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York, sumarið 1990.



Hún virðist hafa verið tvískipt og er minna hólfið hærra, það er innar en rekið hefur verið inn að sunnan. Veggir eru mjög signir. Hin tóftin er 10 m suðvestar, hlaðin sunnan við stakan klett og snýr A-V, þvert á hina tóftina. Tóftin er 12 x 5 m að stærð og sýnilega tvískipt. Í veggjum glittir í grjót. 30-40 m suðaustur af þessari tóft vottar fyrir hringlaga tóft sem er um 8 m í þvermál. Hún er óljós og ekki ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt þótt giska mætti á heystæði. Tóftir þessar voru skoðaðar af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York, sumarið 1990.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Árnes, 2; Fornleifaskrá Hunter

College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-015:003 Mógrafir náma mógrafir

66°00.161N 21°31.930V

Á norðurbakka Árnesár, suðvestur af móburrkunarstæðunum 020 og jeppaslóða inn Árnesdal, eru mógrafir. Votlendi. Áin er að suðvestan en hálfgróinn melur að norðaustan. Mógrafasvæðið er um

300 m langt norðvestur-suðaustur og um 30 m breitt. Tvö önnur mógrafasvæði eru neðar við sömu á, yngri og óreglulegri.

Hættumat: engin hætta

ST-015:004 *Gamla-Lending* heimild um lendingu


66°00.782N 21°30.355V

"Flúrnar upp af skerinu [Selskeri] heita einnig Selsker. Þá tekur við vík sem er niður af fjárhúsunum og heitir hún Lending [025]. Í henni er Gamla-Lendingin sem áður hét aðeins Lendingin. Í Gömlu-Lendingunni er Kattarvogur sem er lítið sund upp í flúrnar", segir í örnefnalýsingu. Talið er að Gamla-Lending hafi verið í krikanum þar sem Oddanes mætir landi að norðan, um 70 m norðaustur af núverandi fjárhúsi í Árnestúni.

Sandfjara, ekki mjög grýtt. Í brekku ofan við staðinn er tóft sem gæti verið af nausti (sjá 027).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss



ST-015:005 tóftir heystæði 66°00.371N 21°31.605V
Tóftaleifar eru fast vestan við litla tjörn, um 500 m vestur af tóft 031. Þetta er sunnan Árneshjalls, um miðja vegu milli Árnestinds og Þverdals.

Afgirtur reitur þar sem lítil tjörn er. Lúpína vex í reitnum en einnig mosi, starir og krækilyng.

Sennilega er um að ræða tvær tóftir þótt heldur sé það óljóst. Allt svæðið er 25 x 9 m og snýr austur-vestur. Sjást þar tvær á móta stórar þústir sem rísa hæst um 1,5 m. Einstakar veggjahleðslur sjást ekki vel og hvergi sér í grjóti. Sennilega hefur verið sett upp hey á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

ST-015:006 *Flosanaust* tóft naust 66°00.769N 21°30.503V


"Nú heitir Lending [025] beint niður af bænum vestan við Sandodda. Flosanaust er gróið naust heiman til við Gömlu-Lendingu [004] en hét áður Trékylisvíknaust. Í daglegu máli er það nefnt Naustið", segir í örnefnalýsingu. Í Friðlýsingarskrá segir: "Árnes: "Trékylisnaust", er svo kallast, norðan til í Árnestúni við sjóinn. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.06.1933." Tóftin er 100 m norðaustur af gamla bæjarstæðinu 001, í suðausturhorni túngirðingar. Jaðar á sléttuðu túni. Girðing liggur eftir suðurlangvegg tóftarinnar endilöngum.

Tóftin er sýnileg en mjög sigin og hlaupin í þúfur. Hún snýr NA-SV með op í norðaustur, að sjónum en tæplega 100 m eru í sjávarborð.

Tóftin er alls 17 x 7 m að stærð. Veggjarbrúnir eru ógreinilegar, renna saman við túnið og hafa sennilega verið sléttaðar. Tóftin er breiðust fremst og sér þar í grjóti á einum stað, norðvestarlega. Sunnan eða suðvestan við tóftina, handan girðingarinnar, vottar óljóst fyrir þústum sem gætu verið útsléttaðar tóftir. Þetta er lág bunga sem liggur eins og naustið, um 12 m löng og 6-7 m breið. Í henni sjást tvær á móta stórar dældir, um 2 m í þvermál hvor.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss; FF, 39




ST-015:007 tóft

66°00.745N 21°30.784V

Tóft er fast neðan við veginn beint austur af Árneshi II, um 100 m suður af bátaskýli sem stendur neðan vegar. Grasbakki. Fáeinum metrum austar er núverandi kartöflugarður Árneshinga. Tóftin er sigin og allgróin en samt greinileg. Hún er regluleg, alls 10 x 6 m að stærð og nálega ferköntuð, með op í norður. Inn í tóftinni er óljós þúfnakragi meðfram veggjum, of reglulegur til að geta talist hrún, og einnig að norðanverðu sem myndar hólfi inni í tóftinni, litlu minna en tóftin er í heild. Nálægt innanverðu suðvesturhorni tóftarinnar er ferköntuð dæld og engu líkara en þar hafi verið stungið úr tóftarveggnum. Stærð er rúmlega 2 x 2 m. Hvergi sést grjóti í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss




ST-015:008 Oddalending heimild um lendingu

66°00.779N 21°30.198V

"Sagt er að fyrrum hafi verið lending austan á nesinu og hét hún Oddalending og eru þar tóft af verbúð," segir í örnefnalýsingu. Þetta er í Oddaneskrika, þar sem nesið mætir landi að austan. Það er rúma 300 m ANA af 001. Grjótlaus sandfjara. Engin merki eru um naust á þessum stað og ekki vitað hvenær lendingin var notuð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Örnefnaskrá Árnass



ST-015:009 heimild um verbúð 66°00.756N 21°30.203V

"Sagt er að fyrrum hafi verið lending austan á nesinu og hét hún Oddalending [008] og er þar tóft af verbúð", segir í örnefnalýsingu. Sandfjara, upp af henni er vel gróinn sléttur grasbakki en sýnilega sendið undir. Um 80 m sunnar rennur Árnasáin.

Talið er að verbúðin sé horfin. Uppi á grasbakknum, innan 10 m frá sjávarkampinum, er dæld og vottar óglögg fyrir hleðslu umhverfis hana. Hugsanlega eru þetta leifar af verbúð en um það er auðvitað ekkert hægt að fullyrða. Um 10-15 m sunnar vottar fyrir hleðslu, 8 x 8 m, út frá suðausturhorni túngirðingar. Hleðslan er lág og ungleg, líklega ekki tengd hleðsluleifunum sem á undan var lýst. Hugsanlega eru þetta undirstöður undan girðingu.

Hættumat: hættu, vegna sjávarrofs

Heimildir: Örnefnaskrá Árnass

ST-015:010 Sel tóftir sel


66°00.353N 21°32.480V

Í örnefnalýsingu segir: "Ganghlíð er utan við þverdal og þverdalsgangur eða Gangur er græn rein sem liggur upp eftir Ganghlíðinni og endar í grænu dýi. Gangahlíðin nær út að Breiðuskriðu. Þverdalshlíð heitir hlíðin niður undan og innan við þverdal en breytir um nafn þegar niður kemur og heitir þá Þvergilslækur. Nautalág er neðan undir brún Þverals beggja megin gilsins. Undir Gangshlíð eru tættur af bæjarhúsum sem nefnast Sel. Engar sagnir eru um byggð þar og ekki er þess getið í jarðabókinni." Seltóftirnar eru fast við rætur Árneshalls, 1,6 km suðvestur af bæ.

Þar er land tekið að hækka upp að fjalli. Niður að Árnasá til suðurs skiptast á hálfgróinir melar og votlendi. Tóftirnar eru nokkuð þýfðar, grasi grónar og töluverð sina á veggjum. Annars vegar er á Seli stór tóft sem snýr austur-vestur og er alls 24 x 7 m. Í henni sjást tvö hól. Það vestara er opið í vestur og alls 8-10 m langt. Hið eystra er 4-5 m langt og á því eru dyr í suður. Milli hólfanna tveggja sést dálítil dæld í tóftinni, óljós. Fast norðan við austurenda stóru tóftarinnar er önnur tóft aðskilin. Hún er einföld, um 4 x 6 m stór og snýr norður-suður með dyr í suður, að stóru tóftinni. Tóftirnar eru báðar á gróskumiklum hól sem liggur norður-suður og er alls um 40 x 45 m að stærð. Hugsanlegt er að hann feli í sér upphlaðnar mannvistarleifar.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Örnefnaskrá Árnass



ST-015:011 tóftir heygarður 65°59.810N 21°33.344V

"Miðengi er fyrir neðan Heimsta-þrílæk og nær að Breiðahrygg. Þar er nokkuð um tóftir sem líklega eru heygarðar," segir í örnefnalýsingu. Tóftir sem passa við þessa lýsingu eru framan við þverdal en utar eða austar en Dalkot sem er sunnan Árnasár. Þær eru 20-30 m norðan við ána og 70-80 m sunnan við rætur Þverdallsfjalls. Undirlendið milli



Þverðalsfjalls og Árnæsár er rúmlega 100 m breiður flói eða mýri. Næst ánni er þurrt og þar eru tóftirnar. Þar er grösugt og ljónslöpp í nokkrum mæli. Á þessum stað sjást þrjár tóftir á svæði sem er um 30 x 10 m. Sú vestasta er um 7 m í þvermál, sú í miðjunni um 8 m en sú austasta um 6 m. Tvær vestari tóftirnar eru samliggjandi og gætu hafa verið sambyggðar. Allar tóftirnar eru sporöskjulaga upphækkanir með dældum í miðju. Heytóftir á þessu svæði voru skoðaðar sumarið 1990 af fornleifafræðingum frá Hunter College, New York.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-015:012 Réttin tóft rétt

66°00.326N 21°31.217V

Í örnefnalýsingu segir: "Berghylur er í Árnæsá niður af Dalholti sem er Bæjarmegin við ána. Niður af Fossunum að Snoppu Bæjarmegin er Réttarflói og í honum er Réttin. Þarna var síðast réttað 1936." Réttartóftin er 80 m norðan við Árnæsá, tæpa 900 m beint austur af Seli 010.



Fast við ána og á svæði því sem réttin stendur á er þurrlent en skammt norðan við hana tekur votlendi við.

Útveggir réttarinnar eru hlaðnir úr torfi, hvergi sér í grjóti. Hins vegar hafa dilkarnir að öllum líkindum verið úr timbri, víða sjást timburleifar í sverðinum. Útveggir eru mjög greinilegir og dilka má greina á því að landið í miðju réttarinnar er lægst en

hækkar svo bersýnilega út til hliðanna. Réttin snýr austur-vestur og er alls um 48 x 27 m. Virðist hafa verið rekið inn á suðvesturhorni. Vestarlega í réttinni er hlaðinn veggur sem snýr norður-suður og nær rúma hálfa leið yfir réttina þvera. Eins er greinilega hlaðið hólfi norðanmegin fyrir miðju.

Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss



ST-015:013 Kvíar hleðsla kvíar 66°00.727N 21°30.761V

"Kvíar eru austur af Árnési II og ofan við veginn", segir í örnefnalýsingu. Hleðsluleifar sem passa vel við þessa lýsingu eru fast ofan eða sunnan vegar, rúma 100 m suðaustur af Árnési II, í krika milli vegarins og bílastæðis við húsið Kört. Annars virðist örnefnið Kvíar óþekkt í seinni tíð. Sléttur grasskiki.

Í kriknum er hleðsla frá norðvestri til suðausturs, 8-9 m löng og 1,5 m breið, hæð 0,5 m. Grjót sést ekki. Frá norðurenda hleðslunnar liggur ógreinilegur veggútur í framhaldi af henni til austurs en hverfur undir veginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss

ST-015:014 Brunnhús heimild um brunn

66°00.677N 21°30.585V

"Kvíar [013] eru austur af Árnési II og ofan við veginn. Brunnhúsflöt er hægra megin við heimreiðina að Árnési I ofan við kirkjugarðinn. Þar stóð Frúarhúsið [015] og undir barðinu við veginn var Brunnhúsið", segir í örnefnalýsingu. Brunnhús var 80-100 m suður af Frúarhúsi.

Þar er óslétt, grösugt svæði milli vegar og túnjaðars.

Húsið er alveg horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnæss

ST-015:015 Frúarhúsið heimild um bústað

66°00.693N 21°30.622V

"Brunnhúsflöt er hægra megin við heimreiðina að Árnese I ofan við kirkjugarðinn. Þar stóð Frúarhúsið og undir barðinu við veginn var Brunnhúsið [014]", segir í örnefnalýsingu. Frúarhús sést á túnakorti frá 1917, það stóð þá um 50 m vestur af bæjarhól 001.

Grasi vaxið sléttlendi milli afgirts túns og vegar.

Frúarhús var rífið upp úr 1980, fyrir komu Vigdísar Finnbogadóttur, þáverandi forseta. Það var upphaflega á bæjarhól en var flutt þaðan, líklega fyrir 1910, á þennan stað að vetrarlagi, dregið á ís. Húsið var úr timbri og undir lokin komið í eigu Þjóðminjasafns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnese

ST-015:016 *Dúnhúsið* heimild um 66°00.697N 21°30.641V

"Dúnhúsflöt var vinstra megin við heimreiðina og þar stóð Dúnhúsið", segir í örnefnalýsingu. Húsið sést á túnakorti 1917, það var fast norðan við Frúarhús 015.

Grasflöt milli vegar og túngirðingar. Á þessum stað eru staflar af rekaviði.

Húsið er horfið. Það var notað til að verka dún en einnig til sögunar á rekaviði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Árnese

ST-015:017 *Lendingin* heimild um landingu

66°01.138N 21°29.233V

"Suðvestast á eyinni [Árnesey] er sandrif sem nær langleiðina í land og heitir það Rif. Vestan við það er Lendingin. Upp af Lendingunni er stór hleðsla sem nefnist Tóftin [036]. Í henni var hitað kaffi þegar verið var í eyinni við slátt eða dúntekju", segir í örnefnalýsingu. Lendingin er enn notuð nú, er syðst á eyinni. Bogadregin, lítil vík með sandborinni strönd.

Heimildir: Örnefnaskrá Árneseyjar

ST-015:018 *Álfaklettur* frásögn huldufólksbústaður

66°01.398N 21°29.098V

"Innarlega og austarlega í Hólmunum eru Álfaklettur og þar áttu álfa að búa", segir í örnefnalýsingu.

Þetta er í Árnesey, nánar tiltekið nálægt norðausturhluta eyjarinnar. Klettarnir eru í flæðarmálinu.

Þeir eru allt að því stuðlamyndaðir. Aðalkletturinn er um 5 m hár.

Ekki hefur verið almenn trú á álfa á þessum stað eftir miðbik 20. aldar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Árneseyjar

ST-015:019 *Hænsnakofur* þúst hænsnakofi

66°01.274N 21°29.141V


"Skammt suðvestur af Loðingjótu er lítill klettasnös sem heitir Hænsnakofi en nú yfirleitt aðeins nefnd Kofinn. Þar voru áður höfð hænsni yfir sumarið því þau vildu skemma þekjurnar á bæjarhúsunum", segir í örnefnalýsingu. Þetta er í Árnesey, rúma 260 m NNA af Lendingunni 017.

Grænt þýfi undir kletti. Kofinn var uppvið klett að vestan og sjást leifar hans óljóst. Hann hefur verið lítill, líklega um 1,5 x 1 m eða svo. Það eina sem eftir stendur af kofanum nú eru tvær samgrónar þúfur, 0,3-0,4 m háar. Nú eru á þessum stað fuglahræður og skjól fyrir æðarkollur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Árneseyjar

ST-015:020 *tóftir* móstæði 66°00.176N 21°31.936V



Leifar af hleðslum um móhrauka sjást um 40 m norðaustan við Árnese, fast suðvestan við jeppaslóða inn dalinn en um 500 m suðaustur af Seli 010. 40 m norðar er stór, stakur og áberandi steinn. Grasi- og mosagróið holt, þurt en votlendi beggja megin við það. Tvær hringmyndaðar hleðslur sjást. Sú syðri er 4 x 5 m stór en hin nyrðri 5-6 m í þvermál. Um fjórir metrar eru á milli þeirra. Að sögn bræðranna Ingólfs og Valgeirs Benediktssona var mór settur upp í hrauka á þessum stað. Hleðslurnar eru lágar og litlar um sig.

Hættumat: engin hætta

ST-015:021 *tóft* 66°00.582N 21°31.630V

Tóft er rúma 700 m vestan við Árnese II, á framræstu túni. Norðvesturhorn túnsins er uppvið Ganghlíð.

Tóftin er vestast í túninu og hefur smásvæði þar verið skilið eftir við sléttun. Framræst tún í rækt. Á þessum stað er land farið að hækka dálítið í norður, í átt að Árneshjalli. Tóftin er utan í ruðningi, uppmokstri sem komið hefur úr framræsluskurði. Þetta er fremur óljós og þýfur hóll sem þó eru greinilegar hleðsluleifar í honum. Stærð er um 20 x 15 m og snýr hollinn norður-suður. Í honum miðjum sjást leifar tveggja dælda, sú syðri er um 2 x 4 m stór en hin nyrðri einungis um 1 m í þvermál. Hugsanlega hefur verið sett upp hey á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-015:022 heimild um kirkju

66°00.707N 21°30.535V

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 15

1244: Eftir Flóabardaga, Kolbeinn ungi kom í land í Árneshesi og lét kanna kirkjuna og vildi vita hvað þar væri þeirra manna er honum þætti slægur til vera, fann engan, þá rændi þeir kirkjuna og tóku slíkt er þeir fengu; Þórðarsaga kakala, Sturl, 527

[1327]: Arnnes.

Þetta fe a kirkian j arnesi.

fimm liknneski. fiogur lijknneski. messuklædi fornn. brijkur ij. alltarisklædi ij. kertistikur ij onnur læst. kross. duk. alltarisduk vijgdann. refil fornann. äue märia. klockur fiorar. reidustol.

kyr vj. ær niu. tuo hundrud j uoru.

j hualreka fiordung. og ad auk so mikid sem gudmundur skalld gallt. milli spors oc äross oc allur vidreki j þessu takmarki.

tijunndi lutur af ollum hualflutnnijngum hvertt sem fliutar vid skip eda ä skipi millum geirolfzgnupz oc kallbakz kleifar.

halfann vidreka ä dranga urd er jon sueinsson gaf milli skumuhellirs og drannga tannga.

þridiungur vættar skreidar af huerium bonda oc huerium fiskimanni ef hann er thil fiskiar.

halfann manud eda leingur.

vidrif j naustuijkur.

halfa tijund a kalfaneskirkia j skialldbiarnar vijk; Máld DI II 617-618 [Guðmundur skáld dó 1330. Jón Sveinsson er sennilega bóndinn í Hvammi í Hvammssveit d. 1355]

[1327]: WmmBodsBref wmm reka

Þennan maldaga giorum vær brodir jon med gudz myskun ä eign kirkiunnar j arnesi. oc vmmbodi kirkiunnar j skalaholtti.

ad biskupstijunndir skulu takast heim j skalholtt or arnes hrepp. skal hann hafa helmijnng spikz vr þeim huolum sem j arnes rekamarki kunna a land ad koma. so hid sama af tijunndarhuolum sem þangad eigu ad greidast. enn sallta nidur uorn hluta oskaddann oc flytia [j] hrutafiardar botnn oc äbyrgist med handvommum þeirra sem med fara. oc senda skýr ord j skalholtt. nær vitia skal. j trekýllisey leigir hann hunndradi. oc avijkurland halft fyrir mork. hier med tekst vmmbod ä ollum þeim Rækum sem skalholttz kirkiustadur ä ä stronndum med þeim hætti ad sa sem vmmbod hefur skal þa huali til sijn flytia oc fara med ad aullu sem fyrr er skrifad oc hafa þar af þridiung spikz enn skalholttz stadur ij. hluti; DI II 618

5.4.1383: Einar Eiríksson gefur kirkjunni í sitt testamenti 2 hundruð; DI III 366

[1394]: cxlvi. Kirkia j arnese a fimm likneske.

les vilchinsbok þui það ber samann vtann hier stendur.

viderif j naustvijkur. halfa tijund a kalfaness kirkia j skialldabiarnar vijk; Hítardalsbók DI III 229-230

1397: [á hvalreka Þ.á.m.] so micid sem Gudmundur skälld gallt milli Spors oc Äross oc allur vidreki i þessu takmarki.

tiundi hlutur af ollumm hualfluttningumm huort sem flutter eru med skippe edur a skippe millum Geiralfsgnvps oc Kalldbakskleifar.

Þridiungur vættar skreidar af huerium bonda oc af hverium fiskimanni ef hann er til fiskiar

halfann manud edur leingur.

halfa tiund a Kalfanes kirkia i Skalldbiarnarvijk.

portio Ecclesiæ vm xiiij är medann Marteinn Petursson hieilt xx hundrud; Máld DI IV 132

3.8.1460: Reykjarfjörður og Kjós eru í Árneshesi kirkjusókn; DI V 216

30.4.1481: Jarðirnar Munaðarnes og Fell í Trékyllisvík eru í Árneshesi kirkjusókn. DI VI, 351 sbr. 350

1.7.1500: Krossnes, Melar, Norðurfjörður og Seljanes á Ströndum eru í Árneshesi kirkjusókn. DI VII, 506

1575: Máld DI XV 562

1599: ... þangað liggja til sóknar xxiiij bæir og iiij bænhús; fylgir þeim ekkert, hvorki í föstu né lausu nema j kúgildi bænhúsínu á Draungum. Heyrst hefir þau hafi fylgt því tvö. ... Lbs. 108 4to, bl. 524-25.

1599: ... halfkirkjur eru hier onguar j þessari sokn.

iiij bænhus og fylger eitt kugilldi (ei)nu þessu bænhus. eckj neitt fylger þeim annad huorcke j fostu nie lausu. hef eg heyrð .ij. kugilldi fylgdi þui dranga bænhus. heyrar það til vatzfirdi. ... Lbs 108 4to, bl. 524-25.

c. 1705: Kirkjusókn er úr Árneshrepp öllum til Árness (milli Geirhólms og Kolbeinsvíkurspena); Ath.gr. AM - JÁM XIII: 487-8

"Nú eru í Árnesi tvær kirkjur. Sú eldri var reist árið 1850 og er með gullinsniði og stendur í hinum forna kirkjugarði. Önnur nýrri er ofan vegar og var hún reist um 1990 og ber svipmót af Reykjarneshyrnu" [Lesið í landið, bls 79]. Eldri kirkjan og kirkjugarðurinn sjást á túnakorti frá 1917 og eru 20-30 m suður af bæjarhól 001.

Kirkjugarðurinn er afgirtur. Heimkeyrslan liggur milli hans og bæjarhólsins 001 og svo áfram að steinsteypum fjárhúsum sem standa norðar í túninu. Kirkjan er í góðu ástandi, enda var hún gerð upp fyrir nokkrum árum. Hún stendur á grjóthlöðnum grunni norðarlega í kirkjugarðinum sem var sléttaður fyrir nokkrum árum. Elstu sjánlegir legsteinar eru fast sunnan við kirkjuna, frá því um miðja 19. öld. Áður var torfgarður um kirkjugarðinn en talið er að hann hafi horfið við sléttun á bilinu 1950-60. Þó örlar á upphækkun innan núverandi girðingar en norðaustan kirkjunnar sem gætu verið leifar hleðslu. Garðurinn hefur á síðari árum verið stækkaður mest til austurs. Þegar túnakort var gert 1917 var stærð garðsins um 70 x 50 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917; Lesið í landið, 79

ST-015:023 heimild um útihús

66°00.711N 21°30.514V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 20 m norðan við kirkjuna. Þar er nú sléttað tún. Engar byggingaleifar sjást á þessum stað og ekki er vitað hvaða hlutverki þetta útihús gegndi nákvæmlega. Þó minnst Ingólfur og Valgeir Benediktssynir þess að hleðsluleifar og spænir hafi komið hér upp við sléttun og geta sér þess til að hér hafi staðið hús sem m.a. hefur verið notað við smíðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-015:024 heimild um fjárhús


66°00.748N 21°30.414V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 150-160 m austur af bæjarhól 001.

Á þessum stað standa nú steipt fjárhús með hlöðu á dálítilli hæð. Engin ummerki eru um eldri hús. Ingólfur Benediktsson telur þó að á þessum stað hafi áður verið eldri útihús úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917



Kort af túni Árnass 1917

ST-015:025 Lending heimild um lendingu 66°00.785N 21°30.806V

"Grund er norðan bæjar frá Króknum og út að tanganum beint niður af bænum. Tangi sá heitir Sandoddi og fremst á honum er lítið sker sem nefnist Selsker. Flúrunar upp af skerinu heita einnig Selsker. Þá tekur við vík sem er niður af fjárhúsunum og heitir hún Lending", segir í örnefnalýsingu. Þetta er þar sem lendingin er ennþá, beint niður af Árnasi II.

Lítið grýtt sandfjara. Engar leifar mannvirkja sjást á þessum stað, nema tóft 007. Þetta er talin fremur ung lending.


Hættumat: engin hætta

ST-015:026 heimild um útihús 66°00.697N 21°30.612V

Samkvæmt ljósmynd sem tekin var 1909 og er varðveitt á byggðasafninu á Kört, stóð útihús vestur af bæjarhól, líklega um miðja vega milli bæjarhóls 001 og Frúarhúss 015. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti 1917 og hefur líklega verið aflagt þá. Sléttað tún. Húsið hefur af myndinni að dæma verið fremur lítill kofi með grjóthlöðnum veggjum, hugsanlega hesthús eða hjallur. Ekkert er vitað um það nú og engin ummerki sjást um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917



ST-015:027 tóft naust 66°00.776N 21°30.340V

50-70 m austan við núverandi fjárhús, þar sem áður stóðu hús 024, er aflöng tóft, líkast til eftir naust. Þetta er um 130 m suðaustur af Trékyllisnausti 006 og beint ofan við staðinn þar sem talið er að Gamla-Lending 004 hafi verið. Grösug, lág brekka mót norðri, hallar niður að sjónum. Dálitlir klettur eru í henni efst.

Tóftin er sigin, alls 10 x 6 m að stærð. Leifar grjóthleðslu sjást innanvert í suðurskammhlið. Veggheðslur tóftarinnar eru ógreinilegar, þannig er hún líkari geil sem hlaðið hefur verið út frá til norðus.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917



Tóft St-015:027, horft í norðvestur

ST-015:028 heimild um fjárhús

66°00.708N 21°30.668V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m norðvestur af 001. Sléttað tún utan við staur sem markar norðausturhorn túnblettis umhverfis íbúðarhús. Á þessum stað var aflangt fjárhús og sést það vel á ljósmynd sem tekin var 1909 og er varðveitt í minjasafninu á Kört. Það hefur verið vel hlaðið úr torfi og grjóti. Húsið er nú alveg horfið og sést engin misfella í túninu þar sem það stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-015:029 heimild um fjós

66°00.716N 21°30.686V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús í túnjaðri um 25 m norður af fjárhúsi 028. Alsléttað, vel ræktað tún. Á þessum stað var fjós, að mestu torfhlaðið og með járnþaki. Talið er að það hafi verið byggt eftir 1909 því að fram að því var fjós á bæjarhól, sambyggt bænum, það sést á ljósmynd sem varðveitt er í minjasafninu á Kört.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917


ST-015:030 Lýðshús heimild um fjárhús

66°00.734N 21°30.698V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu útihús 25-30 m norður af fjósi 029. Alsléttað, vel ræktað tún. Hér tekur land að lækka niður að sjó. Á þessum stað stóðu fjárhús sem hétu Lýðshús. Þau eru nú alveg horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917.



ST-015:031 tóft

66°06.606N

21°31.275V

Tóft er um 500 m norðvestur af Árnosi II, um 20 m suðaustan við bíslóðann sem liggur inn Árnadal.

Svæðið er á milli túna, í dragi, smápýft. Grasi- og mosavaxið, þurrt að kalla.

Tóftin er 8 x 5 m stór og snýr norður suður. Hún skiptist í tvö hólf, hið minna er innar og liggur austur-vestur. Op er á milli hólfanna og á suðurvegg tóftarinnar eru dyr. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum sem ná allt að 0,5 m hæð. Utan við tóftina norðvestanverða er hálfniðurgrafinn járantankur, 3 x 1 m stór, sem kannski hefur skemmt hleðslur að hluta.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-015:032 tóft heystæði 66°00.336N 21°31.246V

12 m norðan við réttina í Réttarflóa (sjá 012) er tóft.

Þar er þurr blettur en annars votlent allt í kring. Tóftin gæti verið af heystæði. Hún er hlaupin í þúfur, 10 x 5 m stór og snýr norður suður. Ekki sést teljandi dæld í miðju hennar og engar dyr.

Hættumat: engin hætta



ST-015:033 tóft

66°00.824N 21°31.029V

Tóft er rúma 230 m suðvestur af tóft 007, fast ofan við veg, inni í afgirtu beitarhólfi sem er norðan fjárhúsa frá Árnesei II.

Þýft beitarhólf, að mestu í halla mót austri. Mjög grösugt.

Í hólfinu er rústabunga, alls 16 x 10 m. Norðantil í henni er aflangt hólf, 13-14 m langt, skýrast innst eða vestast. Það er ekki þráðbeint en sýnist opið í norður. Suður af því er hæsti hluti bungunnar, sléttur að ofan en ekki óhugsandi að þar hafi verið annað hólf. Hvergi sér í grjót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-015:034 garðlag

66°00.841N 21°31.336V

Sunnan í Árnestindi, 630 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 100 m ofan við raflínu sem liggur N-S í hlíðinni, vottar fyrir tveimur óljósum garðlögum.

Mýrlend grasbrekka mót suðri eða suðaustri. Bæði garðlögin eru hlaupin í þúfur og ógreinileg, vart breiðari en 0,3 m hvort um sig. Bæði sjást þau á 20-30 m kafla og mætast neðst í hvössu horni. Ekkert er vitað um tilgang garðlaganna en helst mætti giska á að þau hafi verið til að veita regnvatni ofan úr fjallinu á neðsta part hlíðarinnar þar sem líklegt er að hafi verið slægjur.

Hættumat: engin hætta

ST-015:035 tóft

66°00.911N 21°31.369V


Sunnan í Árnestindi, 130 m norðaustur en garðlög 034 og ofar í brekkunni, er tóft. Grösug hlíð í halla mót suðaustri. Tóftin er óljós og mjög hlaupin í þúfur. Þó eru útlínur hennar skýrar en ekkert hægt að segja til um einstakar vegggleðslur eða hólf. Stærð 8 x 5 m og vísar tóftin niður brekkuna, liggur semsagt norður-suður.

Hættumat: engin hætta

ST-015:036 Tóftin tóftir

66°01.150N 21°29.215V

"Suðvestast á eyinni [Árnesey] er sandrif sem nær langleiðina í land og heitir það Rif. Vestan við það er Lendingin [017]. Upp af Lendingunni er stór hleðsla sem nefnist Tóftin. Í henni var hitað kaffi þegar verið var í eyinni við slátt eða dúntekju", segir í örnefnalýsingu. Tóftin er beint upp af Lendingunni sem er nær ávallt notuð nú.



Eyjan er hér, eins og víðast hvar, lág og mjög grösug en jafnframt þýfð.

Töluverður tóftaklasi er á þessum stað, 2-3 tóftir. Stærsta tóftin og sú sem næst er Lendingu er 3-4 hólf, alls um 15 x 20 m. Stærsta hólfid er um 10 x 7 m, snýr N-S. Minni hólf eru við það að sunnan og vestan og þá er stór (10 x 6 m) þúst áföst því að austanverðu. Í 90° krika milli tveggja hólfa á þessari tóft en samt aðskilin henni er tóft, um 9 x 6 m að stærð. 10 m norður af þessum klasa er svo stök tóft, um 8 x 5 m að stærð. Allar eru tóftirnar greinilegar en veggir farnir að síga. Hvergi sér í grjót í þeim og ekki vottar fyrir greinilegum dyrum neinsstaðar. Ekkert er vitað um hlutverk tóftanna en langlíklegast að þetta hafi verið heystæði. Mikill heyskapur var í eyjunni vel framyfir 1950 og var þar m.a. hlaða sem enn sjást leifar af (sjá 044). Ekki er vitað til þess að þar hafi nokkur tíma verið búið, þar hamlar fyrst og fremst vatnsskortur. Hins vegar voru kindur oft hafðar í Árnesey á vetrum engin vitneskja um

að þar hafi verið fjárhús eða önnur skýli.

Hættumat: engin hætta

ST-015:037 tóft heystæði

66°01.186N 21°29.240V

Tóft er í Árnesey um 100 m norður af Tóftinni 036 við Lendingu 017. Grasþýfi. Tóftin er hlaupin í þúfur, alls 4 x 6 m að stærð og gæti verið af heystæði. Hæð um 0,3 m, hvergi sér í grjót.


Hættumat: engin hætta

ST-015:038 tóft heystæði 66°01.226 N 21°29.318 V
Tóft er fast sunnan við Fjóshamar 039 í Árnesey.

Grasi gróðið sléttlendi.

Einföld tóft sem gæti vel verið af heystæði, alls 5 x 9 m. Hún er heldur breiðari vestan til en austan, snýr A-V. Hvergi sjást dyr og ekki sér í grjóti í hleðslum.

Hættumat: engin hætta



ST-015:039 Fjóshamar tóft fjós

Fjóshamar er í Árnesey norðvestarlega, 180 m norðvestur af Tóftinni 036.

Hamarinn er allt að 2 m hár að sunnan en brattari að norðan, allt að 5 m hár.

Ekki er vitað til þess að fjós hafi nokkurntíma verið í eygni og ekki heldur búskapur. Hugsanlega er nafnið til komið vegna sjávarmiðs. Í seinni tíð var miðað við að Fjóshamar bæri í kirkjuna; þar gæti áður hafa staðið fjós. Reyndar stóð fjósið í Árnesi í seinni tíð (e. 1900) og líklega fyrrum einnig á bæjarhól, ekki fjarri kirkjunni. Ekki vottar fyrir tóftum á klettinum sjálfum, hins vegar vottar fyrir tóft undir honum að sunnan. Þar er iðagrænt þýfi á 6 m breiðum og 15-18 m löngum kafla. Ekkert er vitað um mannvirki þarna en benda má á að þetta er eini staðurinn á eyinni þar sem eitthvert aðhald er frá náttúrunnar hendi.

Hættumat: engin hætta

ST-015:040 hleðsla

66°01.261 N 21°29.403 V

Norðan við Fjóshamar 039 heitir Benediktspartur. Frá honum gengur lítið nes til vesturs og á því vottar fyrir garðhleðslu. Gróskumikið þýfi. Lágur klettur gengur þvert yfir nesið og vottar fyrir hleðslu ofan á honum. Það er lág torfhleðsla sem sést á 10-15 m löngum kafla. Hún sveigir til austurs þar sem nesinu sleppir. Líklegt er að garður þessi hafi verið hlaðinn til skjóls fyrir æðarkollur.


Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs

ST-015:041 garðlag

66°01.352 N 21°29.112 V

Norðantil á Árnesey, suðvestur af Álfaklettum 018 en vestur af Frúarkletti eru garðleifar, á sjávarkampinum. Grasþýfi en svo tekur við smágrýtt fjara. Garðurinn lá í sömu stefnu og grasbakkinn, austur-vestur. Hann er nær alveg horfinn en var vel greinilegur fram til 1995. Þá gerði ofsaveður og garðinum skolaði að mestu burt. Aðeins lág steinaröð sést nú. Garðurinn var hvorki hár né mikill um sig og jafnan talið að hann hafi verið hafður til skjóls fyrir æðarkollur.

Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs



ST-015:042 tóft heystæði

66°01.236 N 21°29.216 V

Tóft er um 90 m suðvestur af Hænsnakofum 019.

Grösug, lág hæð norðvestur af Loðingjótu en suðaustur af Fjóshamri 039.

Tóftin er líklega af heystæði, óregluleg og alveg hlaupin í þúfur, stærð 7 x 5 m.

Hættumat: engin hætta

ST-015:043 garðlag

66°01.185 N 21°29.016 V

Syðst í Árnesey, til móts við skerið Klakk, er garðlag við sjávarkampinn. Grasþýfi. Lágur, gróinn garður sem liggur í boga. Hann er um 30 m langur, 0,2-0,3 m hár. Austurendi hans er við sjávarbakkann en vesturendinn nokkra metra frá honum. Garður þessi var hlaðinn til skjóls fyrir æðarkollur.

Hættumat: engin hætta

ST-015:044 tóft hlaða

66°01.174 N 21°29.244 V

10-15 m norður af tóftum 036 beint upp af Lendingu 017 eru rústir hlöðu.


Sléttur stallur utan í grasbakka. Hlaðan var byggð utan í bakka þar sem land tekur að hækka; þar heitir Barð. Hún var úr rekaviði, að hluta grafin inn í bakkann en samt ekki niðurgrafin. Engar hleðslur voru í hlöðunni sem fauk í ofsaveðri 1991. Hún var talin frá því um aldamótin 1900 að stofni til. Stærð hlöðunnar hefur verið um 10 x 5 m. Hún var með dyrum á suðurlanghlið og hlerar voru á öðrum gaflinum þar sem heyið var sett inn. Síðast var slegið í eyinni um 1968 og hlaðan var enn í notkun milli

1960 og 1970. Ekkert heillegt er eftir af henni nú en rekaviður liggur á hússtæðinu.

Hættumat: engin hætta

ST-015:045 tóft

66°00.354N 21°32.432V



Tóft er uppundir Ganghlíð í Árneshjalli, rétt utan við Þverdal og um 20 m suðaustur af Seli 010.

Fast við hlíðina, þar er land tekið að hækka upp að fjalli. Þurrlent er þar sem tóftin er en blautt sunnan við hana, svo skiptast á hálfgrónir melar og votlendi allt suður undir Árneshá.

Tóftin er nokkuð greinileg. Hún er alls 7 x 4 m, snýr norðaustur-suðvestur og er með dyr á syðri langvegg. Tóftin skiptist í tvennt með þvervegg vestan við innganginn. Veggur þessi nær þó ekki alla leið yfir tóftina og er þannig opið milli hólfanna tveggja. Ekkert grjótt er sjáanlegt í veggjum og hleðsluhæð aðeins tæpir

0,4 m.

Hættumat: engin hætta

ST-015:046 Eggjakofi heimild um útihús

66°01.282N 21°50.888V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 60-70 m NA af útihúsi 024. Þetta er á líkum stað og tóftin af Trékyllisnausti 006 eða dálítið austar. Í örnefnalýsingu segir: "Í Gömlu-Lendingunni er Kattarvogur sem er lítið sund upp í flúrnar. Þar upp af var Eggjakofi og var þar lagt að með egg..." Þessi lýsing virðist geta átt við húsið á túnakortinu og líklega að það hafi verið teiknað upp 1917 en tóftir Trékyllisnausts. Grösugt svæði. Engin tóft sést nú á þessum stað og núverandi ábúendur í Árneshá muna ekki eftir húsi þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-016 Melar

Dýrleiki 24 hundruð. Eyðihjáleigan Hlíðarhús er 1805 talin með.

Tún 1917 4.3 ha. 2/3 slétt.

ST-016:001 Melar bæjarhóll bústaður

66°01.497N 21°32.596V

Gamla bæjarstæðið er um 220 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Melum II.

Hóll í túni. Engar byggingar eru á hólum sem er sleginn í dag. Um er að ræða nokkuð myndarlegan bæjarhól sem er á náttúrulegum hrygg í túninu. Þar sem hóllinn hefur verið sléttaður er erfitt að sjá hvar hinum náttúrulega hrygg sleppir og bæjarhóllinn tekur við, en þó er líklegt að bæjarhóllinn sé um 60 x 40 m að stærð og líklega um 3-4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

ST-016:002 Náthagi garðlag náthagi

66°01.381N 21°32.153V

"Vestur af Hvalvíkurbökkum er mýri, sem heitir Hvalvíkurmýri. Upp af henni, við fjallið (Árneshjalli), var náthagi. Hann var notaður fyrir kindur bæði vor og haust, og er grjóthleðslan að mestu uppistandandi enn." segir í Örnefnaskrá Mela. Náthaginn er um 150 m suðaustur af Stórhólum (003) Grasi vaxinn, öldóttur mói við rætur fjallshlíðar. Garðlagið sést allan hringinn um Náthagann ef undan er skilinn lítill bútur austast sem lent hefur undir uppgreftri úr skurði sem þar er. Sá hluti garðlagsins sem liggur undir fjallshlíðinni er úr grjóti en afgangurinn er torfhláðinn. Hleðsluhæð garðlagsins er mest um 1 m en breidd um 0,5 m. Svæðið sem garðlagið afmarkar er líklega um 180 x 90 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 2

ST-016:003 Stórhóll huldufólksbústaður

66°01.469N 21°32.262V

"Lækur rann meðfram Náthagannum (002) og til sjávar. Hann skipti mýrinni í Hvalvíkurmýri og Mógrafir, sem ná alla leið heim undir túnfót. Þar var mótekja. Ofan við Mógrafir að vestanverðu eru grasi grónir hólar, kallaðir Stórhóll. Það var álagablettur, og mátti ekki slá þar. Ef út af var brugðið, drapst stórgripur" segir í Örnefnaskrá Mela Stórhóll er um 170 m austsuðaustur af gamla bæjarstæðinu

(001) Þar var talinn vera álfabústaður að sögn heimildamanns. Stórhóll er grasi vaxinn skriðtaumur.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 3

ST-016:004 *Stekkur* heimild um stekk

66°01.521N 21°31.916V

"Norðvestan við Hundsháls er nafnlaus vík. Í henni eru klettur niðri við sjó. Syðri klettarnir heita Stekkur, og sáust merki um, að þar hefði verið fjárrétt. Nokkru norðar í vikinni er klettur, sem kallaður er Fornunaust, og mun þar hafa verið uppsátur" segir í Örnefnaskrá Mela. Hundsháls er hæð um 400 m austsuðaustur frá bæ. Framundan Hundshálsi skagar fram í sjó langur og nokkuð hár rani hraundranga sem einu nafni nefnast Hundshálsstapar. Þar örlítið norðar er lágur klettur sem örnefnaskrá nefnir Stekk en í daglegu tali er talað um Kvíakletta. Grastorfa liggur meðfram ströndinni beggja vegna Kvíakletta. Ekki sést til mannvirkja við Kvíakletta. Fjarlægð austur frá bæ er um 400 m.

Uppgróinn sjávar kambur við kletta. Ekki sést til fornleifa við Stekk/Kvíakletta og er ekki ólíklegt að leifar fjárréttarinnar séu horfnar vegna ágangs sjávar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 3

ST-016:005 *Fornunaust* gryfja uppsátur

66°01.558N 21°32.137V

"Nokkru norðar í vikinni [en Stekkur 004] er klettur, sem kallaður er Fornunaust, og mun þar hafa verið uppsátur" segir í Örnefnaskrá Mela. Fornunaust nefnist klettur sem gengur í sjó fram næst vestnorðvestur af Stekk. Vestur frá Fornunaustum gengur grasbakki eða torfa meðfram fjörunni. Fremst á henni eru 3 dældir eða skorur þar sem bátar voru settir upp. Grastorfa við sjó. Þrjár skorur eða dældir eru fremst á torfunni. Voru þær notaðar sem uppsátur. Dældirnar eru mikið til grónar og sést hvergi í hleðslugrjóti. Af þessum sökum og vegna þess hversu óreglulegar þær eru að lögun er ekki hægt að segja til um það hvort þær eru náttúrulegar eða manngerðar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 3

ST-016:006 heimild um fjárhús

66°01.572N 21°32.527V

"Gamla túnið náði frá sjó og upp í fjallshlíð. Lækur rann í gegnum það, kallaður Bæjarlækur. Neðsti hluti túnsins, bæði sunnan og norðan við lækinn, heitir Grundir. Upp af þeim sunnan við lækinn eru Neðri- og Efríbali. Að norðanverðu eru Sigurðarbali og Þórðarbali. Sagt er, að þeir hafi verið kenndir við bændur sem bjuggu á Melum. Nú standa bæjarhús og fjós á Melum I á þessum böllum. Árið 1938 byggði Sigmundur Guðmundsson íbúðarhús (Melar II) sunnanvert við Bæjarlækinn, beint á móti Melum I. Þar voru áður fjárhús og hlaða" segir í Örnefnaskrá Mela. Íbúðarhúsið á Melum II er nú á þessum stað. Í túni. Ekki sést til fornleifar, útihúsin gömlu hafa horfið þegar íbúðarhúsið var byggt.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 3

ST-016:007 tóft 66°01.452N 21°32.396V

Tóft er vestsuðvestan til í Stórhól (sjá 003).

Grasi gróinn skriðtaumur eða hól.


Tóftin er um 9 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur, með dyr á vesturgafli. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Nokkuð er hrútið úr hleðslum, þær gengnar til og gróðið yfir þær, en lögun er samt sem áður greinileg.

Hættumat: engin hætt



ST-016:008 *Ból* tóft kvíar

66°01.427N 21°32.566V



"Ofan við túnið er Ból með gömlum tóftum eftir kvíar. Fært mun hafa verið frá til 1927-8" segir í Örnefnaskrá Mela. Kvíatóftin er um 130 m suðaustur af gamla bæjarstæðinu (001).


Öldóttur og þýfður, óræktaður grasmói, umkringdur ræktuðu túni. Stórgrýti eða smáklettur standa víða upp úr sverðinum.

Tóftin er nokkuð gróin og hleðslur gengnar til, en lögun hennar er samt nokkuð greinileg. Tóftin er um 6 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur með dyr á suðvestur-

enda. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 4



ST-016:009 tóft 66°01.410N 21°32.005V

Tóft er við norðausturhorn Náttþaga (002) um 250 m suðaustur frá Stórhól (sjá 003.)

Grasi vaxinn, öldóttur mói við fjallsrætur.

Tóftin er talsvert sigin og afmynduð af þýfi en þó er lögun hennar vel greinileg. Hún er tvískipt, liggur austur-vestur og er með óljósar dyr á vesturenda. Tóftin er um 9 x 6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

ST-016:010 náma mógrafir

66°01.794N 21°34.021V

"Neðan við hlíðina voru slægjulönd og mótekja niður að Melaá. Grafarpartur heitir neðan við Stúlkuhjalla, nær niður að á. Framan við hann, fram undir Fossabrekkur, heitir Mópartur. Mótekja var í báðum þessum pörtum" segir í Örnefnaskrá Mela. Talsvert mýrlendi er undir hlíðum Hlíðarhúsafjalls og eru mógrafir þar víða. Fjarlægð vestnorðvestur frá bæ er um 1 km.

Grasi vaxinn, smáþýfður, votlendur mói.


Grafirnar eru misgrónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 7

ST-016:011 Hlíðarhús tóftir býli

66°01.901N 21°33.092V



"Við fjallsrætur, nokkru nær sjó, var gamalt býli, sem nefndist Hlíðarhús. Það var í byggð 1706 að sögn Jarðarbókar. Talið er, að það hafi eyðst í snjóflóði. Það sést votta fyrir húsatóftum. Upp af Hlíðarhúsum er gjá í fjallinu. Hún nefnist Bæjargjá. Hæsti tindur yst í fjallinu heitir Urðartindur" segir í örnefnaskrá Mela. "Hjáleiga ein er í heimalandi kölluð Hlíðarhús. Hún er kölluð víii c af

Uppdráttur gerður eftir mælingum Hunter College manna

heimajörðunni en byggð saman við hana" segir í Jarðabók Árna og Páls. Hlíðarhús eru um 30 m vestan þjóðvegjar þar sem hann liggur niður frá Urðarnesi, 800 m norðvestur frá Melum. Sjást rústirnar vel frá þjóðveginum. Hóll neðst í fjallshlíð við dalsmynni. Mýrlendi er inn af hólnum.

Um er að ræða 3 tóftir sem eru í röð frá austri til vesturs og liggja nokkurn vegin austur-vestur. Eru þær á nokkuð myndarlegum rústahól, líklega um 25 x 50 m stórum og um 2 m háum. Stærsta rústin og sú austasta er talsvert skýrari hinar og sést víða vel í hleðslur. Er hún um 20 x 10 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1m. Víða sést í hleðslugrjóti. Rústin skiptist í 3 hólf, og er hún opin austurenda. Hinar rústirnar eru algrónar og mikið signar og gat skrásetjari sumarið 2002 ekki áttað sig vel lögun þeirra. Árið 1990 mældu Fornleifafræðingar frá Hunter College í New York, rústirnar upp og samkvæmt þeirra niðurstöðum er miðrústin um 15 x 6 m að stærð skiptist í tvö hólf, með dyr austast á suður-vegg. Vestasta rústin er einföld og um 7 x 7 m að stærð. Ekki fylgja upplýsingar um hleðsluhæð niðurstöðum bandarísku fornleifafræðinganna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 5; JÁM VII, 335; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-016:012 tóft

66°01.394N 21°32.017V

Tóft er um 30 m suðvestur af tóft 009.

Grasi vaxinn, öldóttur mói við fjallsrætur.

Hér er um að ræða greinilegt mannvirki en svo afmyndað af þýfi að erfitt er að átta sig á lögun þess. Virðist tóftin vera 5 x 6 m að stærð en hleðsluhæð er óljós sökum þýfis.

Hættumat: engin hætta



ST-016:013 tóftir 66°01.664N 21°34.312V

Mikið signar og grónar tóftir eru rétt norðan við veginn til Ingólfsfjarðar rétt áður en hann fer upp á Eyrarháls. Þetta er 1,3 km vestnorðvestur af Melum. Grasi og lyngi gróinn, þýfður mói.

Tóftirnar liggja þétt saman og er sú vestari í framhaldi af þeirri eystri og snýr eins, þe. austur-vestur. Báðar eru mikið signar, þýfðar og lyngi grónar. Hleðsluhæð veggja í þeim báðum er um 0,4 m. Báðar tóftirnar eru einfaldar. Eystri tóftin og jafnframt sú stærri er um 7 x 5 m að stærð. Dyr sjást ekki. Vestari tóftin er um 5 x 4 m að stærð. Dyr sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort frá 1917



Kort af túni Mela 1917

ST-016:014 heimild um hesthús

66°01.599N 21°32.591V

Hús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 200 m norður frá bæjarstæðinu (001). Var um að ræða fjós og hlöðu úr timbri og járni og hesthús úr torfi og grjóti sem var sambyggt hinum. Núverandi íbúðarhús í Melum I stendur nú á þessum stað. Í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-016:015 heimild um útihús 66°01.554N 21°32.495V
Hús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 160 m norðvestur af bæjarstæðinu (001). Í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-016:016 heimild um útihús 66°01.513N 21°32.604V
Hús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 10 m norðvestur frá bæjarstæðinu (001). Á þessum stað sprettur vatn upp úr jörðinni og er þar nú aðalvatnsból bæjarins. Húsið sem sýnt er á túnakortinu var brunnhús, en einnig voru þvegnir þvottar þar. Var húsið úr torfi og grjóti. Í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-016:017 tóft 66°01.809N 21°34.043V
Rústahóll er norðvestarlega á mógrafasvæði 010 um 1 km norðvestur frá Melum. Rústahóllinn er um 60 m norðan Melaár, nálægt rótum Eyrarháls.

Grasi vaxinn, smáþýfður og votlendur mói.

Um er að ræða greinilegan rústahól sem þó er það afmyndaður að erfitt er að átta sig á mannvirkjum sem á honum eru. Hóllinn er nánast hringlaga og um 14 m í þvermál. Dæld er í hann miðjan.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-016:018 heimild um útihús 66°01.543N 21°32.447V
Hús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 80 austsuðaustur frá 006. Í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-016:019 *Mógrafir* náma mógrafir 66°01.467N 21°32.252V
"Lækur rann meðfram Náthaganum (002) og til sjávar. Hann skipti mýrinni í Hvalvíkurmýri og Mógrafir, sem ná alla leið heim undir túnfót. Þar var mótekja. Ofan við Mógrafir að vestanverðu eru grasi grónir hólar, kallaðir Stórhóll. Það var álagablettur, og mátti ekki slá þar. Ef út af var brugðið, drapst stórgripur" segir í Örnefnaskrá Mela. Stórhóll er um 170 m austsuðaustur af gamla bæjarstæðinu (001). Þar var talinn vera álfabústaður að sögn heimildamanns. Eru mógrafirnar í mýrlendi suður og austur undir hólum. Grasi vaxinn og þýfður votlendismói við rætur skriðutaums. Mógrafirnar sem eru nokkuð grónar, sjást á víð og dreif austur og norður undir hólum.

Heimildir: Örnefnaskrá Mela, 2-3

ST-017 Norðurfjörður

Dýrleiki 8 hundruð

Tún 3.8 ha. 1917. 4/5 slétt.

ST-017:001 *Norðurfjörður* bæjarhóll bústaður 66°02.989N 21°34.405V
"Þá förum við aftur niður á láglandi og byrjum við Krók. Fyrst kemur Framtún. Það er syðsta hornið á túninu og liggur með hlíðinni. Næst kemur stykki, sem heitir Mýri og er norðan við Framtún. Mýri er lítið stykki. Heimapartur er þar áfram norður af. Hann er allur norðan við Bæjarlæk. Þá er Hærribær. Þar voru tóftir, sem nú hafa verið sléttaðar. Þarna var gamla bæjarstæðið í Norðurfirði. Hóllinn er um 30 m í þvermál" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Hóllinn er um 240 m vestnorðvestur af fjárhúsunum í Norðurfirði I. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hvenær bærinn var færður á þann stað sem sýndur er á túnakorti frá 1917 (sjá 018), en Gunnsteinn Gíslason telur þó líklegt að það hafi gerst einhvertíma á 19. öld. Rústirnar voru sléttaðar í kringum 1950.

Í ræktuðu túni. Hóllinn er uppi á náttúrulegri hæð og er um 30 m í þvermál, en sökum þess að búið er að slétta hann er effitt að átta sig á því hvar rústahólum sleppir og sá náttúrulegi tekur við. Hæð hólins er líklega um 3-4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 9

ST-017:002 *Svarðarflói* heimild um mógrafir 66°03.143N 21°34.746V

"Þá tekur við (af Traðarparti 012) Móflói, og er hann norðan við Traðarpartinn og nær niður að læk. Norðan tekur við Stakkagarðsflói; þar var stakkgarður, og innan við hann er Þrýhyrna, sem var þríhyrningslaga. Í Þrýhyrnu var tekinn mór sem var þurkaður á Móholti, sem er norður af stykkinu. Þetta var líka slægnaland. er beint á móti Móflóa, hinu megin við lækinn. Þar var mótekja. Mórinn var fluttur á Svarðarholt, sem liggur milli Svarðarflóa og Ljósumýrarlæks. Tungan neðan Svarðarholts og Svarðarflóa heitir Eyrar. Ljósumýrarlækur rennur niður með Svararholti og Eyrinum og niður í svoneft Síki" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Fjarlægð norðvestur af 001 er um 380 m norðvestur af Hæribæ (001). Framræst mýri sem breytt hefur verið í tún sem nú eru fallin í órækt. Mógrafirnar eru horfnar á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 10

ST-017:003 *garðlag túngarður* 66°02.860N 21°34.076V

Túngarður er meðfram Norðurfjarðartúni austan- og sunnanverðu. Túnjaðar. Malarvegir eru fast sunnan og austan við túnið. Lengd túngarðsins meðfram suðurjaðri túnsins er um 140 m en 270 m við austurjaðarinn. Túngarðurinn er grjóthlaðinn. Hleðsluhæð er um 1 m og breidd um 0,5 m. Að sögn Gunnsteins Gíslasonar er túngarðurinn talinn ævaform að grunni til og var honum haldið við fram á fimmta áratug 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-017:004 *Tröllahlaði þjóðsaga tröll* 66°02.426N 21°32.758V

"Nú skulum við hverfa aftur niður í fjöru. Nokkru innar en Skuggi er klettabrík, sem gengur í sjó fram. Hún er líkt og hlaðin. Hún heitir Tröllahlaði. Um hana er eftirfarandi þjóðsaga: Tröll nokkurt ætlaði að hlaða þvert yfir Norðurfjörð í Berg á Krossnesi, en dagaði uppi" segir í örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Tröllahlaði er sérkennilegur berggangur sem gengur í sjó fram um 350 m suðaustur af Gvendarsæti (006). Klettótt strönd. Tröllahlaði dregur nafn sitt af því að tilsýndar lítur hann út eins og hlaðinn veggur eða brúasporður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 2

ST-017:005 *Hágata* heimild um leið 66°02.504N 21°33.115V

"Þegar kemur heiman til við Tröllahlaða [004], tekur við smágraslendi, sem heitir Básabreiða. Þá tekur við smávogur, sem gengur inn í klettana og heitir Básar. Örstutt innan við Bása er Stórakleif, Klettaneft, sem skagar fram úr klettunum. Göngugatan lá nokkuð hátt í skriðunum og hét Hágata frá Stórukleif að Nesvík. Vegurinn liggur nú undir Stórukleif og fram úr þeim og neðan vegar er Stórukleifarstaði, og í honum er eins konar sæti, Gvendarsæti [sjá 006], hvar Guðmundur góði átti að sitja, er hann vígði Urðirnar" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Vestanmegin í Norðurfirði eru nokkur klettabelti í hlíðinni niður við þjóðveginn. Fyrst talið úr norðri, er svonefnd Litla-kleif, því næst koma Kleifar og þá Stóra kleif. Hágata nefndist sá hluti gömlu leiðarinnar út með firðinum sem lá uppi í hlíðinni á milli Stóru- kleifar og Nesvíkur. Liggur þjóðvegurinn nú á sömu slóðum og er Hágata horfin af þeim sökum en þó má sjá hluta leiðarinnar inn með firðinum annarsstaðar neðan vegarins, t.d fyrir neðan Litlu-kleif. Grjótskriða í fjallshlíð. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 3

ST-017:006 *Gvendarsæti* þjóðsaga 66°02.542N 21°33.207V

"Þegar kemur heiman til við Tröllahlaða (sjá 004), tekur við smágraslendi, sem heitir Básabreiða. Þá tekur við smávogur, sem gengur inn í klettana og heitir Básar. Örstutt innan við Bása er Stórakleif, Klettaneft, sem skagar fram úr klettunum. Göngugatan lá nokkuð hátt í skriðunum og hét Hágata frá Stórukleif að Nesvík. Vegurinn liggur nú undir Stórukleif og fram úr þeim og neðan vegar er Stórukleifarstapi, og í honum er eins konar sæti, Gvendarsæti, hvar Guðmundur góði átti að sitja, er hann vígði Urðirnar" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Vestanmegin í Norðurfirði eru nokkur klettabelti í hlíðinni niður við þjóðveginn. Fyrst talið úr norðri, er svonefnd Litla-kleif, því næst kemur langt klettabelti sem nefnist einu nafni Kleifar og loks annað minna belti sem nefnist Stóra kleif. Gvendarsæti er hraundrangur sem gengur í sjó fram fyrir neðan þjóðveginn þar sem hann liggur undir Stóru-Kleif. Grýtt fjara, klettótt á köflum. Gvendarsæti er dálítill skál sem sjórinn hefur sorfið inn í ein af dröngum berggangsins. Áður fyrr lá gatan mun lægra en núverandi vegur og horfðu menn

þá upp í sætið. Nú liggur vegurinn örlítið hærra en það.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 2-3

ST-017:007 Stekkur tóft stekkur

66°02.763N 21°33.856V

"Stutt norðan við Kleifalækinn er Litlacleif sem er hjallarani, sem vegurinn liggur nú gegnum. Upp á henni var Stekkur. Kleifarar eru milli Litlacleifar og Stóruleifar. Stekkur þessi var hlaðinn og notaður af Ólafi Ólafssyni og Soffíu konu hans" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns.



Vestanmegin í Norðurfirði eru nokkur klettabelti í hlíðinni niður við þjóðveginn. Fyrst talið úr norðri, er svonefnd Litlacleif, því næst kemur langt klettabelti sem nefnist einu nafni Kleifar og loks annað minna belti sem nefnist Stóruleif. Stekkjartóftin er fremst á Litlacleif. Nokkuð þýfður grasmói, votlendur á köflum, uppi á klettabelti í fjallshlíð. Tóftin sem er grjóthlaðin skiptist í tvö misstór hólfr er hún um 8 x 5 m á stærð. Tóftin liggur vestnorðvestur-austsuðaustur og er minna hólfið sambyggt því stærra við suðurhornið. Opið er á milli hólfa. Stærra hólfið er opið í norðvesturenda. Talsvert er hrúnið úr veggjum og gróid yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 3-4

ST-017:008 Hleinar heimild um lendingu

66°02.804N 21°33.916V

"Skammt innan við Litlacleif fellur Hleinalækur. Lækurinn fellur til sjávar á litlu klettanesi. Það nefnist Hlein eða Stórahlein. Norðan við hana er klettarmi, sem liggur í sjó fram og nefnist Litlahlein. Einu nafni heita þær Hleinar. Þarna var oft lent" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Vestanmegin í Norðurfirði eru nokkur klettabelti í hlíðinni niður við þjóðveginn. Fyrst talið úr norðri, er svonefnd Litlacleif, því næst kemur langt klettabelti sem nefnist einu nafni Kleifar og loks annað minna belti sem nefnist Stóruleif. Hleinar eru um 70 m beint norður af Litlacleif. Grýtt fjara. Lendingin við Hleinana var eingöngu þrautalending sem notuð var þegar ekki var hægt að lenda í sandfjörrunni í fjarðarbotninum vegna brims.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 4

ST-017:009 Kvíar hleðsla kvíar

66°02.853N 21°34.091V

"Þar sem ströndin beygir fyrir fjarðarhornið, heitir Krókur. SG talar um, að bakkinn ofan við Kleifar hafi verið nefndur Kleifabakkar. Í Króknum ofan vegar voru Kvíar og bletturinn nefndur þar eftir. Ofan við Kvíarnar er lágt klettari, sem heitir Kvíaklettur. Kvíarnar fóru undir bílveginn, er hann var lagður, og eru því horfnar, en túnið í Norðurfirði nær að þeim" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Kvíarnar voru um 24 m vestur frá mótum þjóðvegarsins og vegar sem liggur upp að sumarbústað sem stendur skammt sunnan við Norðarfjarðartún. Kvíarnar voru í eða við náthaga sem umlukinn var hlöðnum garði og má sjá leifar hans skammt vestur af Kvíaklettum. Kvíarnar voru undir dálitlu klettabelti, neðst í annars grasvaxinni hlíð. Kvíarnar eru nú nánast alveg horfnar ef undan er skilinn dálítill veggstubbur, um 1 m að lengd sem gengur út frá Kvíaklettum. Að sögn Gunnsteins Gíslasonar var hér um að ræða nokkuð myndarlega rétt og mynduðu klettarnir suðurvegg hennar. Um 20 m langur stubbur sést enn af garðlaginu sem var umhverfis náthagann. Liggur hann norður-suður frá veginum að sumarbústaðnum og er einsýnt að aðrir hlutar hans hafi lent undir veginum. Hleðsluhæð hans er mest um 0,5 m og er hann hlaðinn úr torfi og grjóti. Heildarstærð svæðisins er líklega um 70 x 30 m

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 4


ST-017:010 Stekkjarhjallar örnefni stekkur

66°02.834N 21°34.231V

"Ofan við Kvíaklettana [sjá 009] er grásflái, nokkurt svæði, sem heitir Börð. Ofan við Börðin taka við Stekkjarhjallar, en þeir eru tveir smáhjallar. Þeir voru nefndir hvor um sig: Neðri-Stekkarhjalli eða Norðari-Stekkarhjalli, og Efri-Stekkarhjalli eða Fremri-Stekkarhjalli" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Stekkur sá sem hjallarnir eru nefndir eftir fannst ekki við vettvangskonun og mundi Gunnsteinn Gíslason ekki heldur eftir mannvirkjaleifum á þessu svæði. Klettabelti í annars grasvaxinni og aflíðandi brekku sem er þýfð á köflum. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 4



Kort af túni Norðurfjarðar 1917

ST-017:011 *Kálfatindur* þjóðsaga

"Þá tekur við Kálfatindur, sem er efst á Krossanesfjalli. Sagt er, að Kálfar eða Kálfur nokkur hafi þar grafið skip sitt með gersemum, og á skipið að vera grafið í skarðinu milli tinda" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Ekki var farið á staðinn sumarið 2002.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 8

ST-017:012 *Tröð* heimild um brú

66°03.073N 21°34.795V

"Norðan við Hæribæ [001] er lækur, sem heitir Hæribæjarlækur. Vestur af Hæribæ er Traðarpartur. Hann liggur með hlíðinni og er sunnan lækjar. Eins konar brú, svokölluð Tröð, var gerð fyrir hesta um partinn sem var mjög blautur" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Svæðið hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem áður var. Mýrin hefur verið ræst fram og tún sléttuð. Þau hafa reyndar ekki verið notuð um árabil og eru því fallin í órækt. Tröð, sem var hlaðinn vegspotti, hvarf þegar tún voru sléttuð. Var hún um 400 m norðvestur af bæjarhól 001.

Framræst mýri sem breytt hefur verið í tún, nú í órækt. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 10

ST-017:013 *Móflói* náma mógrafir

66°03.096N 21°34.914V

"Þá tekur við (af Traðarparti 012) Móflói, og er hann norðan við Traðarpartinn og nær niður að læk. Norðan tekur við Stakkagarðsflói [014] þar var stakkgarður, og innan við hann er Þrýhyrna, sem var þríhyrningslaga. Í Þrýhyrnu var tekinn mór sem var þurkaður á Móholti, sem er norður af stykkinu. Þetta var líka slægnaland. Svarðarflói er beint á móti Móflóa, hinu megin við lækinn. Þar var mótekja. Mórinn var fluttur á Svarðarholt, sem liggur milli Svarðarflóa og Ljósumýrarlæks. Tungan neðan Svarðarholts og Svarðarflóa heitir Eyrar. Ljósumýrarlækur rennur niður með Svarðarholti og Eyrum og niður í svonefnt Síki" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Svæðið hefur tekið

miklum stakkaskiptum frá því sem áður var. Mýrin hefur verið ræst fram og tún sléttuð. Þau tún hafa reyndar ekki verið notuð um árabil og eru því fallin í órækt. Mógrafir eru á víð og dreif um svæðið, t.d. um 430 m NV af 001

Gömul framræst mýri sem breytt hefur verið í tún sem nú eru fallin í órækt.

Misgrónar mógrafir eru á víð og dreif um svæðið


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 10

ST-017:014 *Stakkargarðsflói* tóft heystæði

66°03.109N 21°35.009V

"Þá tekur við (af Traðarparti 012) Móflói, og er hann norðan við Traðarpartinn og nær niður að læk. Norðan tekur við Stakkagarðsflói; þar var stakkgarður, og innan við hann er Þrýhyrna, sem var þríhyrningslaga. Í Þrýhyrnu var tekinn mór sem var þurkaður á Móholti, sem er norður af stykkinu. Þetta var líka slægnaland. Svarðarflói [002] er beint á móti Móflóa, hinu megin við lækinn. Þar var mótekja. Mórinn var fluttur á Svarðarholt, sem liggur milli Svarðarflóa og Ljósumýrarlæks.



Tungan neðan Svarðarholts og Svarðarflóa heitir Eyrar. Ljósumýrarlækur rennur niður með Svarðarholti og Eyrnum og niður í svonefnt Síki" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Svæðið sem lýst er hér að framan hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem áður var. Mýrin hefur verið ræst fram og tún sléttuð. Þau hafa reyndar ekki verið notuð um árabil og eru því fallin í órækt. Tóft er efst (nyrst) í Stakkagarðsflóa og er mögulegt að hún sé eftir stakkgarð þann sem flóinn heitir eftir. Fjarlægð norðvestur frá bæjarhól 001 er um 500 m. Framræst mýri sem breytt hefur verið í tún sem nú eru fallin í órækt.

Tóftin er um 6 x 5 m að stærð og er hleðsluhæðin allt upp í 0,7 m. Veggir eru algrónir og afmyndaðir af þýfi. Tóftin liggur austur-vestur. Dyr eru ekki greinilegar. Rústahóllinn

sem tóftin er á nær nokkuð út fyrir hana að vestanverðu eða líklega um 7 m. Heildarstærð hólans er um 12 x 9 m og er hann mest um 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 10

ST-017:015 *Rafthúsrani* heimild

66°02.993N 21°34.083V

"Neðan við Síkið er Stykki, sem heitir Bali. Þar standa nú fjárhús Bernharðs. Andrésónar í Norðurfirði I. Sunnan til á balanum hét Rafthúsrani, en ekki Rafnshúsrani, eins og stendur í skránni hinni eldri. Hús úr röftum stóð þar einu sinni" segir í Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns. Fjárhúsin sem tilheyra Norðurfirði I standa nú þar sem Rafthúsið stóð, um 60 m norðvestur af bæjarstæði 018. Í túni. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns, 10

ST-017:016 *Brunnhús* hleðsla brunnur

66°03.100N 21°34.016V

"Meðfram læknum að austan liggur Langholt, og austan þess er Litlilækur, sem rann í Brunnhús, sem eitt sinn stóð niður undir Síki," segir í örnefnalýsingu. Hleðslur eftir brunnhúsið sjást í báðum bökkum lækjarins um 350 m norðaustur af bæjarhól 001. Hvor hleðsla um sig er um 2 m breið og sjást allt að 5 umfögrjótis í bökkunum. Nú liggja þrír rekaviðarraftar yfir lækinn, sem er um 2 m breiður, á þessum stað.

Heimildir: Örnefnaskrá Norðurfjarðar og Steinstúns

ST-017:017 heimild um útihús

66°02.944N 21°34.129V

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917, um 40 m suðvestur af bæjarstæði 018. Engar leifar er nú að finna á þessum stað. Í túni. Ekki sést til fornleifar.

Heimildir: Túnakort 1917.

ST-017:018 bæjarstæði bústaður

66°02.963N 21°34.111V

Bæjarstæði er sýnt á túnakorti frá 1917 í miðju Norðurfjarðartúni. Engar byggingar eru nú á þessum stað sem er um 60 m SV frá núverandi fjárhúsum í Norðurfirði I. Að sögn Gunnsteins Gíslasonar var bærinn sem síðast stóð á þessum stað rifinn 1944 eða 1945. Var um að ræða torfbæ með nokkrum viðbyggingum úr timbri sem byggður var upp úr 1920, en meðal þeirra húsa sem sambyggð voru

bænum voru fjós og hlaða. Í túni. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-017:019 vegur traðir

66°02.961N 21°34.105V

Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1917 og lágu þær að bænum í vestnorðvestur-austsuðaustur stefnu frá austurjaðri túnsins. Traðirnar eru nú horfnar. Í túni. Traðirnar sem voru sléttaðar á árunum 1944-1945, voru niðurgrafnar, en einnig voru þær afmarkaðar af tveim torfgörðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-018 Krossnes

Dýrleiki 24 hundruð. 1805 er eyðihjáleigan Steinstún talin með. 1913-14 var nýbýlið Njálstaðir byggt úr landi Krossnes.

Tún 2.8 ha. 1917. 1/3 slétt.

ST-018:001 Krossnes bæjarstæði bústaður

66°02.830N 21°30.252V

"Gamli bærinn, sem brann um árið, stóð á Bæjarhól, en sá ný litlu neðar, fast við Smiðjuflöt (009), sem EV kallar Smiðjupart. Þegar grafið var fyrir sökkum nýja hússins, komu upp mannabein (6)", segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn stóð 10-15 m norðaustan við núverandi bæ.

Bæjarhóllinn hefur nú verið sléttaður og þar byggt hús. Húsið er lítið einbýlishús (sumarbústaður) án kjallara þar sem foreldrar Úlfars Eyjólfssonar bónda dvelja á sumrin.

Ummerki bæjarhóls eru engin; malarborið hlað og svo ræktuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 6; Túnakort 1917

ST-018:002 Hagagarður garðlag

66°03.785N 21°31.093V

"Örnefni eru talin frá merkjum við Fell. Hagagarðsbás er þröngur klettabás, sem er allur í landi Fells. Innanvert við hann er Hagagarður, og um hann eru landamerkin. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og liggur frá fjallsrótum út á klettasnösina innanvert við básinn", segir í örnefnaskrá Hauks Jóhannessonar. Til eru tvær örnefnaskrár fyrir Krossnes, önnur eftir Eyjólf Valgeirssyni og hin eftir Hauk Jóhannesson. Þeim ber ekki saman um hvað sé "Hagagarður" eða "Merkishryggur". Annarsvegar er hlaðinn garður úr grjóti (sá sem er tiltekinn hér) og hinsvegar er gróinn hryggur. Ekki virðist vera eining um hvor beri hvaða nafn. Aðeins grjótgarðurinn er skráður hér. Stórgrýtt, nokkuð brött hlíð sem endar í þverhnípi við sjóinn. Fyrir neðan er grjótfjara. Hlíðin er harla gróin á milli skriða og steina. Vegurinn liggur rétt ofan við brúnina.

Garðurinn nær svotil alveg frá sjó og um 200 m upp í hlíð, upp að raflínuvegi sem hefur verið ruddur og sennilega skemmt efsta hluta garðsins. Garðurinn er hlykkjóttur og ekki sérlega haganlega gerður. Sumstaðar eru skörð í garðinn, það stærsta þar sem þjóðvegurinn liggur um, u.þ.b. tíu m breitt. Breidd garðsins er 0,4 - 0,8 m og mesta hleðsluhæð 1,1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 2; Ö-Krossnes EV, 1-2.

ST-018:003 Hveramýri álagablettur

66°03.155N 21°30.293V

"Upp af Hverunum og upp af og inn af Laugarvíkinni er Hveramýri. Þar er álagablettur, sem ekki mátti slá. Hann er norðan við laugar. Ásgeir Guðmundsson fyrrum bóndi á Krossnesi sló blettinn tvisvar og missti í annað skiptið hest, en í hitt skiptið kú," segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skráður sérstaklega sumarið 2002. Nú er tún á staðnum sem Úlfar Eyjólfsson slær.

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 4

ST-018:004 Þverhamrar þjóðsaga huldufólksbústaður

66°03.438N 21°30.499V

"Nokkru innar [vestar] eru Þverhamrar. Þeir eru þverhníptir og í nefinu utan við sundlaugina. Innan við Þverhamrana og inn fyrir sundlaugina er Laugarvík. Bakkarnir utan við víkina út undir skriðu og ofan við Þverhamra nefnast Bakkar. Í Þverhömrum átti að búa huldufólk", segir í örnefnaskrá.

Stórgrýtis- og klettafjara. Klettur gengur út úr brúninni fram í stórgrýtta fjöruna, 30 -40 m frá sjó (á flóði) og rís hæst eina 10 m mót sjó.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 4

ST-018:005 heimild um sundlaug

66°03.361N 21°30.403V

"Í og ofan við bakkann ofan og innan við Laugarvíkina er Laug, sem í daglegu tali var ávallt nefndir Hverar. Þá var og sagt Hverarnir. Undir bakkanum er sundlaug", segir í örnefnaskrá. Laugin er neðan þjóðvegarins, undir bröttum bakkanum og sést ekki vel frá vegi nema á einum stað.

Í vikinni þar sem sundlaugin er, er grjótfjara u.þ.b. 70 m breið. Núverandi laug er steipt og nýmáluð og er sennilega frá 5. áratug 20. aldar. Rétt við núverandi laug munu sjást ummerki gamallar laugar sem var manngerð. Upplýsingar um hana bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var hún því ekki skoðuð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 4

ST-018:006 *Pétursvogur* heimild um lendingu 66°03.107N 21°30.052V

"Næsta vík við [sunnar] Laugarvík er Miðvík. Út undan oddanum heiman til við víkina eru flúrur, og á þeim er stakur 20 m hár klettur, sem er Pétur. Innanvert við hann er sund í gegnum flúrurnar, sem heitir Pétursvogur. Þar lenti Guðmundur Pétursson á Ófeigi", segir í örnefnaskrá. Klettafjara og þar upp af brattur, næstum þverhniptur bakki. Flúrur í sjónum sem eru í hálfboga frá landi (bugðan vísar út á haf) en sunnanvert í flúrunum er 20 - 30 m vik þar sem lendingin var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 4-5


ST-018:007 *Kirkjuklettur* álagablettur huldufólksbústaður 66°03.155N 21°30.293V

"Nokkru utar, undir svonefndu Múlaskeggi, sem eru tveir klettarimar út úr hlíðinni undir Krossnesmúlanum er stakur klettur, Kirkjuklettur. Þar eiga álfar bú", segir í örnefnaskrá. Kletturinn er um 40 m vestan við þjóðveginn, um 600 m norðan við bæinn (001) og tæpa 400 m sunnan við sundlaug (005). Kletturinn rís neðst í hlíðarfætinum þar sem er grasigróið. Umhverfis rísa sérkennilegir, litlir klettar alveg heim að Krossnesi. Kletturinn rís 4 - 5 m mót austri (lægri að vestan). Á honum eru eins og tvö háreist þök, oddmjó. Kletturinn er álíka hár og hann er breiður, þ.e. um 4,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 5

ST-018:008 *Garðsendavík* garðlag stekkur 66°02.969N 21°30.030V



"Heiman til við Garðsendavík er Garðsendanef, og er nafnið þannig til komið, að fyrrum mun hafa verið hlaðinn garður frá bænum þangað út eftir. Hann er nú horfinn", segir í örnefnaskrá. Að sögn Úlfars Eyjólfsssonar lá garðurinn frá bænum og að stekk sem enn er vel sjáanlegur í miðri Garðsendavík. Garðurinn sést hinsvegar ekki. Nokkurnveginn í miðri vikinni er stakur klettur. Utan í honum, að norðan, er stekkurinn.

20 m breið grasspilda ofan við tiltölulega smágrytta fjöru í vikinni. Stekkurinn er tvískiptur og að mestu hlaðinn úr grjóti þótt einhverjar torftutlur sjáist ofan á veggjunum. Téður klettur myndar suðurhlið stekkjans. Tóftin er 8 m x 4 m og snýr austur-vestur. Stekkurinn er alveg opin að austan og er því stærra hólfið, 5 m x 3 m, opið austur. 0,5 m op á millivegg er inn í minna hólfið sem er 3

m x 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 5

ST-018:009 *Smiðjupartur* hús smiðja 66°02.847N 21°30.297V

"Gamli bærinn, sem brann um árið, stóð á Bæjarhól [001], en sá nýi litlu neðar, fast við Smiðjuflöt, sem EV [Eyjólfur Valgeirsson] kallar Smiðjupart", segir í örnefnaskrá. Nyrst í gamla túninu, fast heiman við gamla túngarðinn sem sést móta fyrir (034), stendur smiðja sem ekki er sýnd á túnakorti en Úlfar Eyjólfsson telur gamla. Rétt framan við smiðjuna er malarlóði og verkfæraskemma vestan við. Annars er tún framan við smiðjuna en mói aftan eða norðan við, utan túns. Úlfar Eyjólfsson veit ekki hve gömul smiðjan er en telur hana vera gamla. Húsið hefur í seinni tíð verið notað sem reykhus. Húsið er hlaðið út torfi og grjóti en hefur eitthvað verið lagfært með timbri og einni bárujárnsplötu. Nokkuð er farið að hrynja úr veggjum og þekjan á ekki langt eftir. Járnstöð hefur verið komið fyrir undir mæninum. Að innan sjást fjórar raðir steina í veggjum og er strengur á milli steinaraðanna. Sennilega er fimmta og jafnvel sjötta röðin komin á kaf í svörð. Húsið er um 2,3 m á hæð, 5 m á lengd og líka 5 m á breidd. Framgaflinn vísar mót suðri og er úr timbri. Dyr eru á honum miðjum (0,6 m x 1,3 m) og gluggi þar fyrir ofan (0,4 m x 0,6 m, liggjandi). Veggir eru um 1,2 m á þykkt og 1,3 á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 6

ST-018:010 mannabein legstaður

66°02.821N 21°30.216V

"Þegar grafið var fyrir sökklum nýja hússins, komu upp mannabein. Fyrst var komið ofan á 3 beinagrindur, sem lágu frá austri til vesturs. Þær voru anzi fúnar, en tennur furðuheilar, og engin merki um tannskemmdir. Mjög fúinn viður var í kringum eina beinagrindina, líklega af kistu. Við þessa atburði var húsið fært um 1-2 m. En enn komu upp bein, og voru þau husluð jafnóðum. Þeir sem að uppgreftrinum stóðu, töldu að beinagrindurnar væru af fremur smávöxnu fólki", segir í örnefnaskrá. Túnblettur er frá núverandi íbúðarhúsi og niður að brún við sjóinn. Þrjár beinagrindur fundust 1 - 2 m neðan (sunnan) við íbúðarhúsið þegar var verið að grafa fyrir sökklinum. Þær liggja þar enn því sökullinn var færður um einhverja tvo m til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 6

ST-018:011 Hjallapartur tóft hjallur

66°02.777N 21°30.103V

"Á bakkanum ofan við Básinn er Grjóthóll, og í kringum hann Grjóthólspartur. Ofan við Grjóthól var dý, sem hét Víti. Heiman frá bænum og út undir Garðsendanef voru sléttar randir, Rimar. Þeir hafa upphaflega verið forn fjöllumörk, en eru nú horfnir. Innan við Grjóthólspartinn kom Hjallapartur", segir í örnefnaskrá. 140-160 m suðaustur af bænum, í Hjallaparti eftir því sem næst verður komist, er tóft.

Ræktað tún niður við sjó. Úlfar Eyjólfsson segir að hjallurinn hafi hrunið fram af barði, niður í sjó, á 7. áratug 20. aldar. Merki um hann eru því ekki mikil en þó má greina útlínur tóftar, þó ekki alveg fremst á sjávarbakkanum. Sá hængur er á að rekaviðardrumbum hefur verið staflað ofan í tóftina sem er þó ekki alveg útflött. Hún virðist um 11 m x 6 m og snúa í austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7

ST-018:012 Öskuhaugur öskuhaugur

66°02.811N 21°30.265V

"Frá bænum og niður að Vogum er Brekkubrún, og upp á henni Brekkubrúnarpartur. Undir brekkunni, niður undir fjörunni er Lambaflöt. Hún nær frá Sigurðarvogi inn að Öskuhaug, sem var í brekkubrúninni inn undir miðri vík", segir í örnefnaskrá. Brúnn sem öskuhaugurinn lá fram af er rétt um 40 m vestsuðvestan við hlað núverandi íbúðarhúss. Niður að brekkubrún er gras. Sjálf brekkan, sem er snarbrött, er gróin grasi og sóleyjum. Öskuhaugurinn var rétt við brúnina. Ummerki eru ekki greinileg en ruðningar (hrun) eru meira og minna niður alla brekkuna. Þegar nýja íbúðarhúsið var byggt hefur líklega verið sléttað í kringum bæjarstæðið og einhverjum jarðvegi verið ýtt fram af brúninni með gröfu eða ámóta vinnuvélum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7

ST-018:013 Náthagi heimild um náthaga

66°02.830N 21°30.351V

"Norðan við fjárhúsin [steypt hús sem enn eru í notkun] [er] breitt vik upp í brekkuna eða hlíðarfótinn. Þar var Náthagi næst hlíðinni, en nær húsunum svonefnt Flag, sem var slétt flöt...Milli fjárhúsanna og Kvíakletta [015] var Garður. Þetta var blettur, sem hlaðinn garður var í kringum", segir í örnefnaskrá. Náthaginn er undir Húsaklettum 014.



Svo virðist sem vestasti hluti norðurhlíðar og vesturhlíð gamla túngarðsins hafi verið nýttar sem tvær

hliðar náttuga. Þessir hlutar garðsins sjást harla vel en hinar tvær hliðar náttugans sjást ekki enda standa stór steipt fjárhús á hluta þess svæðis sem kallast nú Náttugagi; svæði á milli túngarðs í norðri og núverandi fjárhúsa, einskonar túnbleðill. Svæðið teygir sig lítið eitt vestur af fjárhúsunum.

Gaddavírgirðing er ofan á túngarðinum, bæði á vestur- og hluta norðurhliðar. Lækur rennur eftir nokkuð miklum skurði um svæðið en svæðið virðist ekki gegna öðru hlutverki en því að vera einhverslags hólf og/eða athafnasvæði tengt fjárhúsunum. Garðurinn er um 1m á breidd þar sem hann er breiðastur en ekki nema um 0,5m hár. Neðst, rétt við sjávarbrúnina, er og var hlið. Gamla heimreiðin lá þar að úr vestri (úr Norðurfirði) sjá 042.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7

ST-018:014 *Húsaklettur* hleðsla brunnur

66°02.840N 21°30.368V

Beint upp af fjárhúsunum [steiptum, enn í notkun] eru klettur, sem heita Húsaklettur, og innan við þá er sund upp með þeim, sem heitir Mýri; Þar var vatn tekið", segir í örnefnaskrá. Á milli klettasteina er "brunnur".

Afliðandi lágir klettur (klappir) og mýrarflákar og -sund upp með þeim.

Klettarnir eru hluti af afar óvenjulegu klettabelti. Klettarnir á svæðinu í kringum Bæjarvíkina eru ljósir og eins og sorfnir - ávalir. Klettarnir eru ekki háir, þeir hæstu um 5-6 m. Upp með Húsaklettum er mýrarsund lítið sem kallast "Mýri". Þar er gamall brunnur eða skvampa, 0,2 m djúp, og 1 m x 1 m og hefur nokkrum steinum verið raðað hringinn, innanvert. Ekki er um að ræða mikið mannvirki. Mold og mosi er mest áberandi sem þó er hvorttveggja vel blautt. **Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7

ST-018:015 *Kvíaklettur* frásögn huldufólksbústaður

66°02.798N 21°30.413V

"Innan við Mýrina eru aðrir klettur, Kvíaklettur; þar átti að vera huldufólkskirkja. Undir þessum klettum voru Kvíar [016]", segir í örnefnaskrá. Kvíaklettur eru rúma 100 m vestur af Krossnesbænum. Ávalir klettur og gras fyrir neðan sem teygir sig upp á milli klettanna. Kvíaklettur rísa hæst úr klettabeltinu (klappapýrping), tæpa sex metra og snúa mót austri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7-8

ST-018:016 *Kvíar* tóft kvíar

66°02.799N 21°30.412V

"Innan við Mýrina eru aðrir klettur, Kvíaklettur; þar átti að vera huldufólkskirkja [015]. Undir þessum klettum voru Kvíar", segir í örnefnaskrá. Rétt um 100 m vestur af Krossnesbænum.



aðeins verið grafin niður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 7-8

ST-018:017 *tóft* naust

66°02.753N 21°30.964V

Í miðri Ytri-Skötuvík, um 60 m austan við fornleif (029) er tóft.

Tóftin er neðan við snarbratta gróna brekku þar sem við tekur gróf grjótfjara. Undir brekkunni er undirlendisræma næst fjörunni. Uppi á brún liggur þjóðvegurinn.

Tóftin snýr þvert á fjöruna en virðist vísa niður að lítilli vík eða vogi sem ekki flæðir upp í lengur.



Það mótar fyrir 2 samhliða tóftum, líklega naustum sem liggja saman þótt veggur sé á milli, það nyrðra mun skýrara. Svæðið er um 10 m á lengd austur-vestur og 7 m á breidd. Nyrðri tóftin er um 9 m á lengd austur-vestur og um 4 m á breidd, dýptin er um 0,6. Syðri og minni tóftin er 5 m á lengd austur-vestur og um 3 m á breidd - töluvert grynri.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ST-018:018 *Egilsgjóta* frásögn

66°02.741N 21°30.419V

"...neðan Kvíakletta [015] og vegarins, er klettaskora, Egilsgjóta. Þar var að sögn reft yfir, og fól sig þar maður að nafni Egill, sem seinna var brenndur", segir í örnefnaskrá. Rúma 200 m suðsuðvestur af Krossnesbænum er Egilsgjóta. Næstum þverhnipt klettabelti sem gengur þvínæst fram í sjó.

5 m hár klettur. Gjótan er á milli klettarins og klettastálsins og er op upp úr gjótunni sem einnig er hægt að komast í að neðanverðu. Efra opið er um 0,5 x 0,5 m í þvermál. Erfitt gæti reynst fyrir fullorðinn mann að komast þar niður nú.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 8

ST-018:019 *Láturhús* tóft

66°02.907N 21°31.586V

"Um 500 m innar [en Hempusteinn] er smávík, sem heitir Fúlavík. Þar rekur þara upp í stórum stíl og úldnar. Utan við víkina er Ytra-Fúlavíkurnef, og innan við það er Innra-Fúlavíkurnef. Á bakkanum upp



af Fúlavík eru tættur, Láturhús. Þar út undan mun vera Krossneslátur", segir í örnefnaskrá. Tóftin er fast ofan (norðan) við þjóðveginn á milli tveggja ræktaðra túna. Rétt um 1 km vestur af Krossnesbænum 001. Tóftin er neðst í aflíðandi hlíð þar sem tún eru ofanvið. Fast neðan við tóftina er þjóðvegurinn og fast neðan við hann er snarbrött brekka niður í sjó.

Bletturinn er kargapýfður. Tóftin er mjög ógreinileg, ekki síst vegna þess að framræsluskurðir eru á alla kanta og því erfitt að greina hvað er uppmokstur og hvað hugsanlegar hleðsluleifar. Allt svæðið er 23 m norður-suður og 35 m austur-vestur en flöturinn sem líkist mest tóft er 12 m austur-vestur og 4 m norður-suður. Út úr honum austast gengur garðbrot í hánorður, um 6 m langt. Nánast ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni. Það er mál manna í sveitinni að býli hafi staðið þar sem Láturhúsin stóðu. Þegar vegurinn var lagaður síðast er líklegt að tekið hafi verið neðan af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 9; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.


ST-018:020 *Ytri-Naustavík* tóft naust

66°02.903N 21°31.847V

"Innan við Innra-Fúlavíkurnef tekur við Ytri-Naustavík og þá Innri-Naustavík. Í þeim báðum eru tættur af naustum og þaðan mun hafa verið útræði á fyrri tíð", segir í örnefnaskrá. Tóftin í Ytri-Naustavík sést vel af þjóðveginum og er heldur innar (vestar) heldur en Láturhúsið (019) sem er ofan við veg. Tóftin er nánast alveg í flæðarmálinu.

Snöggur grasbali alveg við sjóinn, undir snarbrattri hlíð.

Tóftin er alveg opin niður að sjó (til suðurs). Fast vestan við hana er garðbrot sem er samhliða megintóftinni og jafnlangt vesturvegg tóftarinnar. Á milli þessa garðbrots og vesturveggjar tóftar er óregluleg, ílöng dokk. Hleðslur eru ekki merkilegar - lítur út fyrir að



tóftin hafi verið niðurgrafin, sérstaklega að austan og norðan. Að vestan er greinilega hlaðinn garður úr torfi og grjóti. Þónokkuð er um lausa steina innan í tóftinni, vestanmegin. Tóftin er 8m löng og 5m breið og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 1,1m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 10; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-018:021 *Innri-Naustavík* heimild um naust 66°02.908N 21°31.871V

"Innan við Innra-Fúlavíkurnef tekur við Ytri-Naustavík og þá Innri-Naustavík. Í þeim báðum eru tættur af naustum og þaðan mun hafa verið útræði á fyrri tíð", segir í örnefnaskrá. Litlu innar (vestar) en Ytri-Naustavík (020). Mörkin milli Ytri- og Innri-Naustavíkur eru ekki mjög skýr: 13 m eru á milli naustatóftanna en þó er flúra út í sjó á milli þeirra.



Lítið sem ekkert undirlendi en þó er nokkuð lárétt grasræma alveg við sjóinn. Snarbrött brekka er ofan við, upp að vegi og grjótfjara að neðanverðu.

Nauststóftin er alveg við sjóinn og stendur stök. Op er á miðjum veggnum sem vísar að sjónum (suður). Tóftin snýr norður-suður og er alls 6m x 5m. Fimm steinar sjást í hleðslu, eitt umfar, innanvert en tóftin er algróin að utan. Norður- og austurhliðar eru grafnar inn í landið og því ekki um frístandandi veggir að ræða nema vesturvegginn og stubbarnir sitthvorumegin við opið á suðurveggnum. Tóftin er löguleg og þónokkuð djúp. Lengdin er 6 m og breiddin 5 m en mesta hleðsluhæð er um 1,2 m. Skv. upplýsingum sem bandarískir fornleifafræðingar frá Hunter College höfðu eftir heimildamanni sínum árið 1990 var tóftin líklega í notkun um aldamótin 1900.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 10; Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-018:022 *Torfamýri* náma mógrafir 66°03.110N 21°32.346V

"Þá tekur við Ytri-Bergisvík, og innan við hana er þverhníptur klettaveggur, og er þar forvaði, Berg. Upp af Ytri-Bergisvík er Bergispartur, og upp af Berginu ofar og innar en Bergispartur er Torfamýri; Þar var tekinn mór", segir í örnefnaskrá. Stallur í hlíðinni ofan þjóðveggarins nokkru austar en kaupfélagið, eftir að farið hefur verið upp bratta brekku sem þjóðvegurinn liggur eftir. Afleggjari liggur að mýrinni upp með undarlegu, litlu gluggalausú húsi sem sést frá vegi.

Ræktuð, framræst tún austanmegin og afgirt mannvirki tengt vatnsbóli er innst á stallinum.

Á milli litla undarlega hússins og túna er mýrarblettur þakinn fífum og mótur fyrir skornum kanti upp í hlíðina. Annars sjást ekki eiginlegar grafir.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 10

ST-018:023 *Thórshústangi* heimild um bústað 66°03.019N 21°32.660V

"Innan við Thórshúsvík er Thorshústangi; þar stóð húsið. Þar var skömmu fyrir aldamót reist timburhús og var ætlunin að reka þar verslun. Stutt var í verslunarrekstrinum því eigandinn féll frá eftir hálf ár. Thór Jensen mun hafa átt húsið og til stóð að hefja útgerð frá þessum stað. Thór sendi kúttur sem hét Höler (Heuler) og fjóra árabáta er áttu að fiska í hann. Þetta var seinni hluta sumars eitt árið um miðjan fyrsta áratuginn. Veður voru þó óstillt og gæftir slæmar og lítið aflaðist. Er útgerðin hafði staðið í nokkrar vikur gerði norðangarð og brotnuðu tveir árabátanna við síðuna á kúttinum og rak þá upp í Melavíkinni handan fjarðarins. Hinum tveimur bátunum var þá hvolft sinn hvoru megin við húsið. Nokkru síðar fœuk húsið af grunninum og braut annan bátinn. Hinn var síðar í þjónustu kaupfélagsins. Minna varð því úr en til stóð, en víkin og tanginn fengu þó nafn af", segir í örnefnaskrá. Í dag er svæðið athafnasvæði innri hafnarinnar. Thórshústanginn er þar sem ytri höfnin var gerð en húsið stóð neðan við og nokkrum metrum austar en verbúðin er í dag, á milli innri og ytri hafnarinnar, þó öllu nær innri höfninni. Allt svæðið, öll víkin er orðin að hafnarsvæði. Ytri höfnin var gerð út frá Thorshústanga og þannig skemmdist hann. Rústum Thorshússins var rutt burt með jarðýtu þegar var verið að útbúa höfnina.

Engin ummerki húss eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Krossnes HJ (b), 9

ST-018:024 *Silfursteinn* þjóðsaga 66°03.168N 21°33.347V

"Bakkarnir innan við Breiðavíkurnef heita Bakkar eða oftar Háubakkar. Upp á Bökkunum skammt utan við Hreggnasa er Silfursteinn og í kring Silfursteinapartur. Silfursteinn er hár steinn með hellu ofan á.

Sú saga fylgir, að sá sem getur tekið helluna ofan af með handafli, megi eiga silfrið sem undir henni er. Fyrir nokkrum árum fóru nokkrir strákar með járnkarl og tóku helluna ofan af, en ekkert fundu þeir silfrið", segir í örnefnaskrá. Rétt utan við Steinstún kvíslast vegurinn, annar liggur áfram niðri við sjó og að kaupfélaginu og höfninni en hinn liggur upp brekku og ofan við höfnina og kaupfélagið. Þar sem afleggjarinn liggur upp brekkuna er Silfursteinn 2 m ofan við veginn, rétt áður en komið er upp úr brekkunni en hellan er horfinn í veginn.

Steinninn og vegurinn liggur í nokkuð brattri fjallshlíð sem er gróin að mestu en malarlinsur á milli. Steinninn er 2 x 2 m og 1 m á hæð. Hann liggur flatur en nyrðri endinn er heldur hærri en sá syðri. Hellan var jafnstór í þvermál. Gunnsteinn Gíslason segir að steinninn hafi verið snarheilagur þegar hann var að alast upp og þeim börnunum verið bannað að vera með læti í kringum steininn. Þá var hellan enn á steininum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 11

ST-018:025 Stekkur tóft stekkur


66°03.143N 21°33.298V

"Miðja vegu milli Breiðavíkurnefs og Hreggnasa heitir Stekkur. Þar var áður stekkur, en þar byggði í eina tíð Guðjón heitinn Jónsson fjárhús. Mýrarblettur er í kringum stekkin", segir í örnefnaskrá. Þetta er hér um bil miðja vegu milli kaupfélagsins í Norðurfirði og Steinstúns, rétt ofan við veginn.

Tóftaleifarnar eru utan í snarbrattri brekku sem gengur nánast fram í sjó nema hvað þjóðvegurinn liggur neðst utan í hlíðinni, rétt við sjávarborðið. Undirlendi er ekkert.

Neðri hluti tóftanna hefur greinilega eyðilagst sökum vegagerðar. Svæðið er um 19m norður-suður en ekki nema 5m austur-vestur því sennilega hefur sem nemur helmingi tóftanna verið fjarlægður.

Hugsanlega er um tvær aðskildar tóftir að ræða en ekki þarf það samt að vera. Garði sést greinilega í stærri tóftinni en klippt hefur verið á hann og gefur það vísbendingu um að tóftin hafi að minnsta kosti verið helmingi stærri, í átt að sjónum, norðaustur-suðvestur. Minni tóftin virðist snúa norðvestur-suðaustur og því hefur vegagerðin skemmt hana minna en þó er hún ekki skýr. Þónokkuð sést af grjóti í tóftinni, mest laust grjót en þó 1-2 umför á stöku stað.



Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 11

ST-018:026 Lending heimild um lendingu

66°02.780N 21°30.299V

"Lendingin var innanvert í Bæjarvíkinni innan við flúrurnar. Þó var stundum lent í Egilsgjótuvog", segir í örnefnaskrá. Lending í Egilsgjótuvogi er ekki skráð.

Grjót- og klettafjara undir nokkuð brattri grasi gróinni brekku.

Að sögn Úlfars Eyjólfssonar er lendingin grunn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krossnes HJ, 13

ST-018:027 Steinstún tóftir+garðlag býli


66°03.208N 21°33.823V

"Þar hefur í landinu verið hjáleiga kölluð Steintun. Hefur hún reiknuð verið iii c af jörðinni, menn segja hún skuli í gamaldaga reiknuð verið hálf jörðin. Þar sést gamall túngarður [027b]. Húsin eru nú niður fallin, því hún er í eyði komin fyrir við árum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gamli bærinn stóð fast við núverandi íbúðarhús og sambyggt honum voru hlaða og fjós. Ummerki túngarðs, brunns, hluta bæjarsamstæðunnar og nokkur útihús eru enn greinileg í túni.

Bæjarhlað. Bærinn stóð nokkrum metrum norðar heldur en núverandi bær sem er tvílyft steinhús.


Bærinn var um 20m vestan við lítið gil og hefur staðið í nokkrum halla en stallur sést í honum þar sem bærinn stóð. Allt í kringum bæinn eru sléttuð tún að undanskildum skika norðaustan við bæinn.

Í Steinstúni má sjá ógreinilegan bæjarhól, leifar af bæjarsamstæðu, útihústóftir og garðlag. Bæjarheildinni verður hér lýst og hverri fornleif gefin bókstafur til einföldunar. A) Bæjarhóll er varla greinanlegur því upphleðsla er ekki mikil. Íbúðarhús,




tóft (A)

bæjarlækinn. Brunnhúsið stóð þar sem lækurinn hverfur undir hlaðið. Raftur sést liggja þvert yfir lækinn, undir torflagi, og nokkuð ógreinileg grjóthleðsla er utan í bökkunum. B) Rétt vestan við núverandi íbúðarhús á Steinstúni, vestan við hlaðið, sést túngarður nokkuð greinilega þar sem hann liggur niður brekkuna til suðurs. Garðurinn liggur umhverfis heimatún á Steinstúni og er því að miklu leyti á og utan í ræktuðum túnnum en einnig í órækt og liggur yfir eitt lítið gil. Alveg við bæinn sést garðurinn ekki vel en um 20m vestan við hlaðið sést hann vel, um 70m til suðurs. Suðurhliðin er ekki eins greinileg því varla sést móta fyrir garðinum á um 150m kafla en hann sést svo aftur nokkuð vel á um 50m kafla alveg upp í suðausturhornið. Austurhliðin er nánast alveg heil en hún er þó ekki nema um 30m löng. Frá norðausturhorni er garðurinn vel greinilegur á rúmlega 150m kafla en sést svo varla fyrr en komið er u.þ.b. 30m vestur fyrir bæinn. Samtals er garðurinn því 450m langur. Garðurinn virðist einungis vera byggður úr torfi og að jafnaði um 1m breiður og allt upp í 0,7m hár. C) Kálgarður var um 140m SSA af bæjarstæði Steinstúns, að sögn Gunnsteins og Ágústs Gíslasona (A) og um 15m norðan við læk. Ekki mótast fyrir garðlagi heldur frekar eins og óljósu fari í brekkuna. Jeppaslóði liggur þvert í gegnum svæðið. D) Samkvæmt túnakorti var útihús tæpa 10m austur af bæjarstæði Steinstúns (A). Engin ummerki hússins eru sjáanleg. E) Óljósar leifar af útihúsi sem merkt var inn á túnakort frá 1917 sjást tæpa 200m SVS af gamla bæjarstæðinu (A)- á um 20m breiðri gróðurspildu, samhliða og heiman við þjóðveginum. Gunnsteinn og Ágúst Gíslasynir segja það hafa verið fjárhús sem kallað hafi verið Jenshús. Gaddavírsgirðing er samhliða þjóðveginum og tún þar fyrir innan. Tóftarbot sést utan við girðingu en hefur greinilega verið sléttað yfir þann hluta sem hefur náð inn á túnið. Hægt er að greina útveggi en ekki innveggi. Rétt utan við girðinguna, miðsvæðis í tóftinni norður-suður, er greinileg hækkun í landinu; nokkurskonar stallur. Hann er um 16m x 8m og snýr norður-suður. F) Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús u.þ.b. 70m suður af bænum (001). Það var hesthús að sögn Gunnsteins og Ágústs. Nokkuð brött grasgróin brekka sem er slegin. Þetta er skammt



tóft (E)



norðaustan við heimreið. Þarna er sléttaður blettur sem þó er óvenju stórpýfður, 20m x 20m. Eiginleg tóft er ekki sjáanleg. G) U.þ.b. 130m suðaustur af bæ (A) og um 40m vestan við þjóðveg var útihús skv. túnakorti frá 1917. Tóftin er vel greinileg, óvenju köntuð. Hún er 6m x 4m og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð að hluta inn í brekkuna en dæld (1m í þvermál) er fyrir miðjum vegg, í kverkinni þar sem norðurveggur gengur inn í brekkuna. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Samkvæmt Gunnsteini og Ágúst var tóftin notuð sem hrútakofi en seinna sem reykhus. H) Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 140 m SSA af bæjarstæði Steinstúns (A). Að sögn Gunnsteins og Ágústs var húsið íshús og stóð þar sem nú er töluvert brött grasbrekka - nokkuð óslétt. Vegarslóði hefur verið ruddur yfir staðinn þar sem tóftin er talin hafa verið - nokkrir steinar sjást í röð útundan slóðanum. I) Brunnur sem

tóft (G) var sambyggður (A). J) Kálgarður 50-60 m norðan við þjóðveg, 10 m austan við (G) sem fólk frá Norðurfirði hafði afnot af.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM VII, 333 og túnakort 1917

ST-018:028 heimild um fjárhús

66°02.835N 21°30.263V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 10 m norður af bæjarstæðinu gamla (001), þar sem nú er lítið einbýlishús (sumarbústaður). Snöggur blettur á heimatúninu, rétt við hlaðið. Úlfar Eyjólfsson segir að hnúllungar séu undir sverðinum, ólíkt öðrum hlutum túnsins. Ummerki bygginga eru engin. Úlfar Eyjólfsson telur að þarna hafi fjárhús staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-018:029 tóft naust


66°02.758N 21°31.037V

Við sjóinn vestast í Ytri-Skötuvík, rétt undir Skötuvíkurnefinu, er tóft af uppsátri. Það er á milli Skarfatanga og Skötuvíkurvoga. Uppsátrið er um 600 m vestur af bænum Krossnesi.

Tóftin er neðan við snarbratta gróna brekku þar sem við tekur gróf grjótfjara. Undir brekkunni er undirlendisræma næst fjörunni. Uppi á brún liggur þjóðvegurinn.

Efri hluti tóftarinnar er hlaðinn, mest úr grjóti en neðri hlutinn, nær sjónum er náttúrulegur að mestu. Sjórinn er farinn að naga töluvert neðan af tóftinni. Fast vestan við tóftina sést niðurgrafið hvolfré og lág hleðsla þar sem bátum hefur verið hvolft. Tóftin er um 9m x 5m og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna rofs



ST-018:030 brunnur

66°02.808N 21°30.281V

Rétt tæpa 50 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu þar sem nú er lítið einbýlishús (sumarbústaður), í brekkunni miðri, er brunnur. Kafloðin brekka, tiltölulega aflíðandi. Lítil stallur er í brekkuna við brunninn. Brunnurinn er hlaðinn, að innan og má sjá sex umför af frekar litlum steinum. Brunnurinn er um 2m í þvermál en sunnan til er torf- og grjóthleðsla yfir eins og 1/3 hluta brunnsins. Mesta hleðsluhæð er um 0,8m.

Hættumat: engin hætta

ST-018:031 heimild um útihús

66°02.828N 21°30.242V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um tæpa 10 m suðsuðaustur af bæjarstæðinu gamla (001) þar sem nú stendur lítið einbýlishús (sumarbústaður). Ræktað tún rétt við bæ. Engin ummerki hússins eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-018:032 heimild um útihús

66°02.833N 21°30.048V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 140 m austur af bæjarstæðinu gamla þar sem nú stendur lítið einbýlishús (sumarbústaður). Þetta er skammt utan við gamla túngarðinn sem sést móta fyrir 034. Ræktað tún. Á þesum stað sést lægð í landið og snögg gras í lægðinni. Fast við lægðina er arfa- og grasivaxin bunga.

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-018:033 heimild um útihús

66°02.830N 21°30.030V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 140 m austsuðaustur af bæjarstæðinu gamla (001) þar sem nú er lítið einbýlishús (sumarbústaður). Óslættað horn á túni - 50m-60m frá sjó. Stórar þúfur eru á staðnum en ekkert tóftarlag að sjá á þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-018:034 garðlag túngarður

66°02.872N 21°30.225V

Um 150 m austan við bæjarstæðið gamla (001) þar sem nú stendur lítið einbýlishúsi (sumarbústaður), er túngarður sem á upptök sín niðri við sjó.

Ræktað tún að langmestu leyti.

Garður þessi liggur sunnan frá sjó (SA-horn; byrjunarreitur) um 200 m norður yfir ræktað tún upp í norðausturhorn túngarðsins. Þar í horninu er nokkuð myndarlegt gerði, 17 x 7 m og snýr austur-vestur. Í því er ræktaður er rabbarbari. Túngarðurinn myndar norðurhlíð gerðisins og heldur svo áfram í vestur að smiðjunni 009 og þaðan áfram í vestur að náttuganum 013 og beygir svo til suðurs niður að sjónum. Með sjónum er engin garður. Þá erum við kominn á byrjunarreit en sá hluti, syðsti hluti austurhlíðar garðsins, alveg við sjóinn, er mjög greinilegur tæpa 30 m í norður. Eftir það sést ekki nema smá hryggur í túninu, eins og áður sagði, upp að gerðinu í norðausturhorninu. Frá gerðinu og vestur í vesturhlíð, sést nánast ekki neitt af garðinum nema alveg vestast (á norðurhlíðinni). Eiginleg hleðsla er ekki til staðar, nema á byrjunarreitnum; um 30 m syðst á austurhlíðinni þar sem hún nær 1,1 m hæð, 1 m breidd og grjót er neðst í veggnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-018:035 gata leið


66°02.917N 21°31.737V

Litlu vestar en Láturhústóftirnar (019), ofan við naustatóftirnar (020, 021, 036), og heldur nær Norðurfirði en Krossnesi er gata; reiðleið.

Leiðin liggur töluvert ofan við miðja hlíð sem er snarbrött en gróin. Hlíðin er milli þjóðveggar og sjávarbakka.

Leiðina má greina hér og hvar allt frá Krossnesi, þar sem hún sést nokkuð vel, og innundir Thorshúsvík (sjá 023). Hún liggur langleiðina utan í hlíðinni og þar sem hún sést best er hún að jafnaði um 2 m breið. Á köflum er eins og leiðin hafi verið grafin í hlíðina: láréttur stallur í snarbratta hlíð.

Hættumat: hætta, vegna rofs



ST-018:036 tóft naust 66°02.901N 21°31.779V

Um 40 m austur af Ytri-Naustavík (020), nokkrum metrum ofar, er tóft.

Grasi gróin spilda við sjóinn, undir snarbrattri brekku. Um 8 m eru niður í fjöru.

Tvær tóftir, hugsanlega sem gætu hafa verið sambyggðar en virðist þó vera einn metri á milli þeirra. Báðar snúa þær norður-suður og eru opnar niður að sjó, mót suðri. Sú vestari er heldur stærri, 5m x 3m en sú minni er 3,5m x 3m. Ekkert grjót er sjáanlegt. Övenju litlar tóftir fyrir naust.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ST-018:037 heimild um útihús 66°02.818 21°30.227

Nr. 3 á túnakorti. Í dag stendur núverandi íbúðarhús á staðnum, um 30 suðaustur af 001. Sléttað tún og malarhlað í kringum núverandi steinsteypu íbúðarhús með kjallara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

ST-019 Fell

Dýrleiki 8 hundruð. [1224] Máldagi Reykjarholtskirkju [iv]. Þessa reka a kirkiai rekia holtti. Vndir felli ytra þriðvngv hvalreka ok halfr viðreki ok land halft. Vndir iðra felli þriðvngv hvalreka ok likt i agoða. Sem vndir ytra felli. Þriðvngv hvarttveggja i agoða. A mvnaðar nesi fiorðvngv hvalreka. Að kambi fiorðvngv i hvalreka. I byrgisvík fiorðvngv i hvalreka. (Ísl.Fornbréfasafn I 476) Öundur tréfortr, sonr Ófeigs burlufótar, Ívarssonar beytils, Öundur var á móti Haraldi konungi í Hafursfirði ok lét þar fót sinn. Eftir þat fór hann til Íslands ok nam land frá Kleifum til Ófæru, Kaldbaksvík, Kolbeinsvík, Byrgisvík, ok bjó á Kaldbak til elli... Kolli hét maðr, er nam Kollafjörð ok Skriðsenni ok bjó undir Felli, meðan hann lifði... Þorbjörn bitra hét maðr. Hann var víkingr ok illmenni. Hann fór til Íslands með skuldalið sitt. Hann nam fjörð þann, er nú heitir Bitra, ok bjó þar (Ísl.sög. I Landsaga og landnám kaf.32 bls.118). Í Jarðabók Árna Magnússonar er Felli skipt í Nyrðra Fell og Innra Fell. Tún 2.5 ha 1917. 1/2 slétt.

ST-019:001 Fell bæjarstæði bústaður

66°04.940N 21°32.465V

Samkvæmt Maríasi H. Björnssyni er gamla bæjarstæði Fells um 30 m austur af núverandi íbúðarhúsi sem byggt er í tvennu lagi, einhverntíma á árunum 1940-1944 og 1965. Er þetta líklega rétt ef lítið er á

afstöðuna gagnvart öðrum húsum sem sýnd eru á túnakorti frá 1917, en örugg vissa er fyrir staðsetningu þeirra (sjá 003 og 013). Hefðbundinn búskapur hefur ekki verið á Felli um árabil en landeigendur nýta jörðina sem sumardvalarstað.

Í túni. Bæjarstæðið er í sléttu túni sem til skamms tíma var í rækt en nú er Fell einungis sumardvalarstaður. Eiginlegur bæjarhóll sést ekki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-019:002 *Litlafell* heimild um beitarhús

66°04.046N 21°31.308V

"Norðanvert við Vogsbótinn var áður Litlafell, býli. Faðir Ólafs bygði þar beitarhús. Litlafellshöfuð er grasi gróinn höfði fram af Litlafelli, laus frá landi, fjara fyrir ofan hann, sem alltaf er gengt um. Vík er norðan við Litlafell. Þar eru tóftir, sennilega eftir naust (004) og stekk (005)" segir í Örnefnaskrá Fells. Í Jarðabók Árna og Páls er Felli skipt í Fell Innra og Ytra og sagt að Fell Innra sé í eyði. Líklegt er að það hafi verið sama og Litlafell. Litlafell var um 2 km suður frá Felli (001). Beitarhúsin sem byggð voru á sama stað eru nú horfin vegna túnslettunar. Sagt er að Litlafellsbærinn hafi farið í snjóflóði en Marías H. Björnsson man þó ekki eftir snjóflóði á þessum stað, en snjóflóð eru fremur algeng í nágrenni Fells. Segir hann hins vegar að nokkuð hafi verið um skriðuföll úr hlíðinni fyrir ofan Litlafell og hafi sumar skriðurnar náð alveg fram í sjó.

Tún sem fallið er í órækt.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 2; JÁM VII, 331-332

ST-019:003 *Hesthúshóll* heimild um hesthús

66°04.898N 21°32.473V

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917, um 60 m suðvestur af bænum. Þar er hóll sem nefnist Hesthúshóll og voru lengi á honum tóftir sem nú hafa verið sléttaðar.

Hóll í túni.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-019:004 tóftir naust 66°04.090N 21°31.430V

"Norðanvert við Vogsbótinn var áður Litlafell, býli. Faðir Ólafs bygði þar beitarhús [sjá 002]. Litlafellshöfuð er grasi gróinn höfði fram af Litlafelli, laus frá landi, fjara fyrir ofan hann, sem alltaf er gengt um. Vík er norðan við Litlafell. Þar eru tóftir, sennilega eftir naust og stekk," segir í Örnefnaskrá Fells. Tóftir þriggja hlaðinna nausta eða uppsátra eru á grastorfu í víkinni norðan við Litlafellshöfuð (sjá 002).

Grastorfa á sjávarhambum.


Tóftirnar sem hér eru nefndar a, b og c, eru mjög áþekkar að gerð. Þær eru allar hlaðnar úr grjóti, snúa austur-vestur og opnar í austurenda (sjávarmegin). Þær eru þó misgrónar og sést einna best í hleðslugrjóti í tóft b. Hleðsluhæð er 0,5 -1 m. eru tóftirnar nefndar hér a, b og c. Tóft a) sem er syðst er einföld og um 10 x 7 m að stærð. Tóft b) sem er um 50 m norður af tóft a) er einnig einföld og um 9 x 6 m að stærð. Tóft c er um 50 m norður af tóft b. Hún skiptist í tvö jafnstór samsíða hólf og er um 12 x 8 m að stærð. Heildarstærð rústasvæðisins er líklega um 130 x 20 m.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 2

ST-019:005 heimild um stekk

"Norðanvert við Vogsbótinn var áður Litlafell, býli. Faðir Ólafs bygði þar beitarhús [sjá 002]. Litlafellshöfuð er grasi gróinn höfði fram af Litlafelli, laus frá landi, fjara fyrir ofan hann, sem alltaf er gengt um. Vík er norðan við Litlafell. Þar eru tóftir, sennilega eftir naust [sjá 005] og stekk," Stekkjarrústin fannst ekki 2002 og vissi Marías H Björnsson ekki hvar hún hefði verið en lýsing örnefnaskrár bendir þó til þess að stekkjartóftin muni hafa verið á svipuðum slóðum og tóftirnar sem skráðar eru sem 004. Grastorfa á sjávarhambum.



430V

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 2

ST-019:006 *Lending* heimild um lendingu

66°04.951N 21°32.346V

"Klettur frammi í sjó, skammt frá landi, fram af Lendingu heita Stóri- og Litli Klakkur. Norðan við lendinguna er hleinn, sem heitir Jörundarhleinn. Stundum var lennt við hana um fjöru," segir í Örnefnaskrá Fells. Lendingin var um 100 m niður og austur frá núverandi íbúðarhúsi.

Hár sjávarbakki við klettótta strönd. Lendingin er í nokkru vari frá lágum skerjagarði. Ströndin er þó bæði klettótt og strógrýtt, og undirlendi við klettana of lítið til þess að hægt sé að setja báta þar upp. Því neyddust menn til að draga bátana upp á háann sjávarbakkann og er gamalt dráttar spil sem þar er til vitnis um það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 3

ST-019:007 *Hjallhóll* heimild um hjall

66°04.973N 21°32.508V

"Ofan við túnið eru klettur, sem heita Hjallar. Hjallhóll er norðan og neðan við þá, norðast í túni að hluta en að hluta utan túns. Snös heitir Kattarsnös, sem gengur fram niður af honum innan túngirðingar," segir í Örnefnaskrá Fells. Hjallhóll er hár og mikill hóll, um 60 m norður af núverandi íbúðarhúsi. Standa núverandi fjárhús norðan til á eða í hólum. Ekki sést til fornleifa á hólum og mundi Marías H. Björnsson ekki eftir byggingum á hólum. Er mögulegt að hollinn dragi nafn sitt af klettum þeim sem örnefnaskráin nefnir Hjalla.

Hár, uppgróinn hóll. Malarplan er efst á á hólum fyrir framan hlöðudyr fjárhúsanna.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 5

ST-019:008 *Ból* heimild

66°04.976N 21°32.512V

"Ofan við túnið eru klettur, sem heita Hjallar. Hjallhóll [sjá 007] er norðan og neðan við þá, norðast í túni að hluta en að hluta utan túns. Snös heitir Kattarsnös, sem gengur fram niður af honum innan túngirðingar. Norðan við Hjallhól var svonefnt Ból. Þar voru tóftir," segir í Örnefnaskrá Fells. Hjallhóll er hár og mikill hóll um 60 m norður af núverandi íbúðarhúsi. Standa núverandi fjárhús norðan til á eða í hólum. Tóftirnar á Bóli hurfu þegar fjárhúsin voru byggð. Hár, uppgróinn hóll. Malarplan er efst á á hólum fyrir framan hlöðudyr fjárhúsanna.

Ekki sést til fornleifar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 5

ST-019:009 *Stekkur* tóft stekkur

66°05.218N 21°32.519V

"Stekkur var á tunganum milli Ólafsvoga. Þar var stíað og ær mjólkaðar meðan fært var frá, en það mun hafa verið til um 1914. Hann er 8-10 mín. gang frá bæ," segir í Örnefnaskrá Fells. Stekkurinn er um 500 m norður af bænum á klettóttum sjávarbakka upp af tanga sem er á milli svonefndra Ólafsvoga. Sjávarbakki við klettaströnd.



Tóftin, sem er grjóthlaðin, er mjög illa farin vegna ágangs sjávar og hleðslur hrundar, og að auki hefur mikið grjót borist yfir hana. Af þeim sökum er ekki hægt að sjá hvort hún hafi verið hólfuð niður á einhvern hátt. Tóftin er um 9 x 6 m að stærð, snýr austur-vestur og er hleðsluhæðin um 1 m þar sem tóftin er í bestu ástandi.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 5-6

ST-019:010 *Stekkjarlágur* örnefni stekkur

66°04.685N 21°32.794V

"Dalurinn upp af Felli heitir Fellsdalur. Sunnanvert við hann er nokkur hæð með hjöllum. Efst og fremst í henni, þ.e. Næst brúninni, er blettur, sem heitir Grýlublettur. Gróskumeiri gróður er þarna en annars staðar, sennilega vegna vætu úr djúpum. Frá hjöllunum og Grýlubletti upp eftir heita Hæðir sunnan við dalinn. Neðst og syðst í dalnum, upp af Innrihólum heita Stekkjarlágur. Ekki er vitað um stekk þar," segir í Örnefnaskrá Fells. Stekkjarlágur eru í raun ein lág sem liggur frá mynni Fellsdals meðfram fjallshlíðinni að sunnanverðu í dalnum. Ekki sér til stekkarins sem lágarnar draga nafn sitt

af. Fjarlægð austurenda lágarinnar, suðvestur af bænum er um 500 m.
Grasi og lyngi vaxin lág í litlum dal þar sem mikið er um hæðir og hóla.
Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 6

ST-019:011 *Suðurlág* heimild um mógrafir

66°04.738N 21°33.308V

"Sunnanvert í dalnum er Grænalág, lág með meiri gróðri en annars staðar. Móholt og Móholtshæð taka við ofar í dalnum. Hún gengur upp í Hæðirnar. Á holtinu var þurrkaður mór. Ofar í dalnum er Suðurlág. Þar var tekinn mór," segir í Örnefnaskrá Fells. Suðurlág er syðst í Fellsdalsbotni. Fjarlægð vestur frá bæ er um 730 m.

Grasi gróin og mýrlend lægð í dalbotni.

Austanvert í láginni er stórt samfellt mógrafasvæði með misgrónum mógröfum. Stærð svæðisins er líklega um 50 x 50 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 6

ST-019:012 *Vörðuholt* varða leið

66°04.743N 21°32.928V


"Norðan við Stekkjarlágur eru holt, sem heita Vörðuholt og Háuholt. Á Vörðuholti var varða. Reiðholt heitir sandholt upp í dalnum norðan við Suðurlág. Vegurinn milli Fells og Munaðarness lá yfir holtið, þegar farið var upp Fellsdal og niður Skalladal í Munaðarneslandi," segir í Örnefnaskrá Fells. Vörðuholt er um 150 m norður af austurenda Stekkjarlágur (010). Holtið er nokkuð áberandi og er dálítið vörðubrot efst á því. Við rætur holtsins að austanverðu er skeifulaga lægð með mógröfum (sjá 015).

Uppgróið melholt í fjalladal.

Varðan er að mestu hrunin en er þó enn nokkuð greinileg. Hleðsluhæð hennar er um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Fells, 6-7



Kort af túni Fells 1917

ST-019:013 heimild um fjárhús

66°04.911N 21°32.394V

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917, um 70 m suður af bæjarstæðinu gamla (001). Var um að ræða fjárhús sem notað var af núverandi ábúendum. Húsið var að mestu úr timbri og bárujarni fyrir utan einn hluta sem var úr torfi og grjóti. Yngsti hluti hússins var byggður eftir 1950. Húsið er nú horfið. Í túni. Ekki sést til fornleifa en túnið er þó mjög mishæðótt á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort frá 1917.**ST-019:014** Dys dys legstaður

66°05.093N 21°32.588V

Dys er um 400 m norður af núverandi íbúðarhúsi, rétt neðan vegar sem liggur utan í fjallshlíðinni og skammt norðan við svonefndar Landeyjar sem eru nokkur klettabelti norður af bænum. Var venja hér áður fyrir að kasta grjóti í Dysina þegar menn áttu leið þar um.

Uppgróinn skriðtaumur við rætur fjallshlíðar.

Skriðtaumurinn/dysin er um 10 m á lengd og um 5-6 m á breidd.

ST-019:015 náma mógrafir

66°04.787N 21°32.773V

Norður af austurenda Stekkjarlága (010) er dálítill skeifulaga, mýrlend lægð. Þar eru mógrafir. Fjarlægð norður af Stekkjarlágum er um 100 m. Mýrlend lág í litlum dal þar sem mikið er um hæðir og hóla. Mógrafirnar eru vatnsmiklar og djúpar. Svæðið sem mógrafirnar eru á er líklega um 20 x 10 m.

Hættumat: engin hætta**ST-020 Munaðarnes**

Dýrleiki 24 hundruð. 1805 eru eyðihjáleigurnar Miðhús og Eyðishús taldar með. [1224] Máldagi Reykjarholtskirkju [iv]. Þessa reka a kirkiaí rekia holti. Vndir felli ytra þriðvngur hvalreka ok halfr viðreki ok land halft. Vndir iðra felli þriðvngur hvalreka ok likt i agoða. Sem vndir ytra felli. Þriðvngur hvarttveggja i agoða. A mvnaðar nesi fiorðvngur hvalreka. Að kambí fiorðvngur i hvalreka. I byrgisvík fiorðvngur i hvalreka. (Ísl.Fornbréfasafn I 476)

ST-020:001 Munaðarnes bæjarhóll bústaður


66°04.732N 21°37.128V

"[Eldra] Íbúðarhús Guðmundar G. Jónssonar stendur á Bæjarhólnum sem í daglegu tali er ávallt nefndur Hóllinn." segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Bæjarhóllinn er um 80 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi Guðmundar. Á hólnum stendur nú steinhús (kjallari, hæð og ris) sem byggt var á árunum 1941-1943. Austan við steinhúsið, einnig á hólnum, stendur skemma úr timbri með steypum sökkli. Þar áður voru tveir bæir á hólnum sem sýndir eru á túnakorti frá 1917 og voru þeir báðir úr torfi og grjóti. Fyrir nokkrum árum gróf Guðmundur um 0,5 m djúpa gryfju í hólinn og kom þá upp talsvert af beinum sem hann taldi vera úr sel. Í túni. Ekki sést til fornleifa. Hóllinn er líklega um 60 x 40 m að stærð og er hæð hans líklega um 2 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Haukur Jóhannesson: Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 15**ST-020:002** Fagrihvammur bæjarstæði býli

66°03.500N 21°36.034V

"Nú förum við enn inn að Höfðum og höldum þaðan út með sjónum. Áður er nefnd Höfðavík. Í lægðinni undir Eiðinu er hvammur. Þar stofnaði Þórarinn Þórðarson frá Munaðarnesi nýbýli kringum 1940. Hann nefndi það Fagrahvamm sem er í daglegu tali ávalt nefndur Hvammur. "Sagt er að fara inn í Hvamm" og Norðfirðingar segja "að fara yfir í Hvamm". Hann fór í eyði árið 1951. Þarna mun hafa verið býli fyrir á öldum og sést móta fyrir áberandi bæjarhól. Á honum var reist íbúðarhús en litlu ofar er grunnur af skemmu. Skemman var síðar flutt að Felli og stendur þar enn. Þessar byggingar voru utan við Eiðislækinn en innan við hann eru tóftir af fjárhúsum frá sama tíma. Áður en að Fagrihvammur var byggður upp hét þarna Hlöður og enn fyrir Eiðishús. Hóllinn sem bærinn stóð á heitir Bæjarhóll,"segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. "Aðrar tóftir sjást í þar í landinu, kallaðar Eydishus. Hvert það hafi verið býli vita menn ekki. Kann ómöglegt að byggjast." segir í Jarðabók Árna og Páls. Fagrihvammur, Hlöður




tóft (B)

eða Eyðishús er um 1,6 km suður af Miðhúsum (sjá 009). Steinsteypdur sökkull síðasta íbúðarhússins í Fagrahvammi sést enn á hólnum og örlítið austar er sökkull skemmunnar sem flutt var að Felli. Er þessum leifum ekki lýst nánar hér þar sem þær eru frá 20. öld og teljast því ekki til fornleifa. Umhverfis bæjarhólinn eru fjórar tóftir. Þar af er ein eftir fjárhús frá síðasta búskaparskeiði í Fagrahvammi. Henni verður lýst hér þar sem hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Bæjarhólinn er hér merktur a, en tóftirnar b, c, d, og e.

Hvammur í grasi vaxinni hlið sem liggur að sjó.


Bæjarhólinn (a) er nokkuð myndarlegur, eða um 30 x 20 m að stærð og er hæð hans líklega um 2 m. Ekki sjást aðrar leifar á hólnum en þær sem áður hafa verið nefndar og eru frá 20. öld. Tóft b) er um 50 m norðvestur af bæjarhólnum (a). Tóftin er einföld, liggur austur-vestur og er hún um 7 x 6 m að stærð. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóftin er algróin og eru hleðslur mikið gengnar til og signar sem bendir til þess að tóftin sé eldri en svo að hún geti verið frá síðasta búskaparskeiði í Fagrahvammi. Dyr eru á



tóft (C)

vesturenda tóftarinnar. Tóft f (c) sem að sögn Guðmundar Gísla Jónssonar er eftir fjárhús frá síðasta byggingarskeiði í Fagrahvammi, er um 50 m suðvestur frá bæjarhólnum. Tóftin er um 12 x 11 m að

stærð og hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Líklegt er að fjárhúsið hafi að hluta verið úr timbri, þar sem nokkuð vantar upp á vegg tóftarinnar. Tóft d) er um 25 m norðvestur af tóft c. Tóftin er algróin og hleðslur gengnar til og hlaupnar í þúfur sem bendir til þess að hún sé gömul. Tóftin er um 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður, með dyr nyrst á vesturvegg. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Tóft e) er á dálitlum hjalla á grastorfunni í fjörunni um 70 m vestur frá bæjarhólnum. Tóftin er nokkuð óljós enda eru hleðslur mikið signar og grónar. Tóftin sem snýr austur-vestur er um 5 x 4 m að stærð og virðast hafa verið dyr á vesturenda hennar. Hleðsluhæð



tóft (D)

tóftarinnar er um 0,2-0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 7; JÁM.VII, 330

ST-020:003 Götur gata leið

66°04.325N 21°37.129V

"Miðhlíðis frá Eiðinu út að Munaðarnesi var gönguleiðin, og hét hún Götur. Sagt var "að fara inn Götur", þegar farið var til Norðurfjarðar," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Götur þessar sjást enn neðan (vestan) við veginn heim að Munaðarnesi, allt inn að svonenfndri Vetrarbrekku en hverfa undir veginn eftir það. Grasi vaxin fjallshlíð. Göturnar eru allgreinilegar og er ýmist um að ræða einfalda troðninga eða nokkra samliggjandi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 6

ST-020:004 náma mógrafir

66°03.534N 21°35.430V

Mógrafir eru beggja vegna vegarins á milli Norðurfjarðar og Munaðarness, þar sem hann liggur yfir Eiðið undir svonefndum Eiðishömrum. Er þetta nálægt landamerkjum á milli Norðurfjarðar og Munaðarness. Fjarlægð norðvestur frá gamla bæjarstæðinu í Norðurfirði (ST-017:001) er um 1,4 km. Votlendur grasmói undir fjallshlíð. Grafirnar eru allgreinilegar en þó talsvert grónar. Að sögn Guðmundar Gísla Jónssonar voru mógrafir víða á leiðinni yfir Eiðið.

Hættumat: engin hætta

ST-020:005 heimild um útihús

66°04.750N 21°37.049V

Hús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 70 m norðaustur frá bæjarhólnum 001. Guðmundur Gísli Jónsson man ekki eftir húsi á þeim stað. Í jaðri ræktaðs túns. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917.

ST-020:006 Lending heimild um lendingu

66°03.470N 21°36.109V

"Áður en að Fagrihvamur var byggður upp hét þarna Hlöður og enn fyrir Eiðishús [002]. Hólinn sem bærinn stóð á heitir Bæjarhóll. Hlaðið var fremst á hólnum. Hlöðulækurinn hét stórilækur niður við

bæinn og í honum er foss sem hét nafni sem nú er gleymt. Annar lækur minni var utan við bæinn og hét hann Bæjarlækur eða Litililækur. Lending var beint niður af bænum," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Lendingin er um 80 m suðvestur frá bæjarhólum í Fagrahvammi (sjá 002).

Grýtt fjara. Uppi á grastorfu í fjörunni við lendinguna er tilhöggvinn rekaviðardrumbur sem stendur upp á endann og voru bátar bundnir við hann. Þar til hliðar eru bátslaga dældir þar sem vottar fyrir hleðslum og er líklega um að ræða leifar hlaðinna uppsáttra eða nausta.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 7

ST-020:007 garðlag

66°04.111N 21°37.199V

Garðlag er um 130 m suðaustur frá Miðhúsum (009). Þýfður og votlendur grasmói. Um er að ræða um 37 m langan garð eða garðbrot sem liggur norðaustur-suðvestur. Er garðlagið illgreinanlegt og sigið, en hleðsluhæðin er mest um 0,2 m. Garðlagið er ærið fornfálegt á að líta en þó er líklegt að aðstæðurnar ráði þar nokkru, enda liggur það um votlendismóa. Breidd garðlagsins er mest um 2 m.

Hættumat: engin hætt

ST-020:008 Torfvíkur heimild um rist

66°04.043N 21°37.173V

"Litlu utar taka við Torfvíkur. Upp af þeim var áður rist torf og þótt gott til húsagerðar. Víkurnar eru tvær, Innri- og Ytri-Torvík. Ofan við Innri-Torvík er klettahöfði sem nefnist Torfvíkurhöfði. Utan við víkurnar tekur við breitt nes. Þar heita Miðhús," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Torfvíkur eru um 250 m suður af Miðhúsum (009). Nokkuð sléttur grasmói á sjávarbakka, votlendur á köflum. Við Torfvíkur er talsvert slétt og votlent graslendi sem vel má ímynda sér að hafi hentað vel til rist.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 8

ST-020:009 Miðhús heimild um býli

66°04.165N 21°37.318V

"Utan við víkurnar [Torfvíkur 008] tekur við breitt nes. Þar heita Miðhús. Þar mun hafa verið búið fyrir nokkrum öldum, en gömul munnmæli herma að byggðina þar hafi tekið af í snjóflóði. Í jarðabókinni 1706 er tekið svo til orða að þar hafi "til forna verið býli" en ekki verður séð af heimildum að þar hafi verið búið síðan. Á þessum stað er einna mesta snjóflóðahætta í landi Munaðarness og hafa komið þar flóð sem engin mannvirki geta staðist," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. heimalandi hefur til forna verið býli, kallað Midhus. Þar sjest til tófta og túngarðs. Munnmæli eru að það býli skuli eyðilagst hafa í snjóflóði. Kann ómögulegt að byggjast," segir í JÁM. Miðhús eru um 1,1 km suðvestur frá Munaðarnesi (001). Þar voru miklar rústir sem sléttar voru fyrir um 10-15 árum og var jarðýta notuð við verkið. Kom þá upp eitthvað af munum að sögn Guðmundar Gísla Jónssonar, m.a. brýni. Túnið sem rústirnar voru í sést vel frá veginum heim að Munaðarnesi. Rafmagnsstaur er í miðju túninu á svipuðum slóðum og rústirnar voru. Ræktað tún á breiðu nesi við sjó. Ekki sést til fornleifa.


Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 8 ; Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VII. Kaupmannahöfn 1940, 330

ST-020:010 tóft naust

66°04.226N 21°37.281V

"Ennþá sést þó til tófta utan við túngirðinguna [í Miðhúsum] og eru þær líklega af nausti," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Tóftin er rétt utan við túngirðinguna, um 100 m norðaustur frá Miðhúsum (009). Fjarlægð suðvestur frá Munaðarnesi (001) er um 950 m (001).



Grasi vaxinn sjávarbakki undir dálitlu klettabelti. Tóftin sem er tvískipt er um 14 x 8 m að stærð og snýr hún austsuðaustur-vestnorðvestur. Dyr eru á vestnorðvesturenda. Tóftin sem er vinkillaga, er grjóthlaðin og standa hleðslur nokkuð vel þótt farið sé að gróa yfir þær.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes

örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 8

ST-020:011 Stekkur tóft stekkur

66°04.308N 21°37.280V

"Utan við Miðhús er Stekkur og eru þar stekkjahléðslur á grasgrund niður við sjóinn," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Tóft stekkjarsins er við sjóinn um 270 m norðvestur af Miðhúsum

(009) og um 800 m suðvestur frá bænum (001).

Grasgrund við sjó undir klettabelti.


Tóftin sem er tvískipt er um 12 x 6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og opnast bæði hólfin í suðvesturenda. Tóftin er byggð utan í klettabelti og myndar það annan langvegg hennar. Tóftin er eingöngu hlaðin úr grjóti og er nokkuð gróið yfir hleðslur.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 9

ST-020:012 *Kofapartar* tóft

"Þá taka við Kofapartar tveir, og ná þeir nokkuð út fyrir Forvaðann. Parturinn mun draga nafn af kofa sem þar verið hefur í eina tíð og sjást tóftarbrotin enn." segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Kofatóftin í



.426V



Kofapörtum er um 430 m norðvestur af Fagrahvammi (002), rétt neðan (vestan) við rafmagnslínu sem þar liggur meðfram ströndinni.

Óræktaður og öldóttur grasmói í fjallshlíð sem nær fram á sjávarbakka. Tóftin er mjög greinileg og sést frá veginum að Munaðarnesi ef vel er að gáð. Tóftin er einföld, snýr austur-vestur og virðast dyr hafa verið á vesturenda hennar. Stærð tóftarinnar er um 4x3 m og hleðsluhæð um 0,7 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 13

ST-020:013 *Bænhúsvöllur* tóft+garðlag


66°04.659N 21°37.156V

"Hár bakki er bæjarmegin við Sandvíkina og heitir flatinn upp af honum Bænhúsvöllur. Það er bakkinn undir hlíðarfætinum þar sem vegurinn beygir niður að bænum. Má vera að þar hafi staðið bænhús til forna þó þess sé ekki getið í heimildum," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Bænhúsvöllur er grasi vaxinn en ójafn mói rétt suðvestan við bæjarhólinn (001). Ekki sjást ummerki um bænhús það sem völluminn dregur nafn sitt af, en þar er þó að finna tóft sem er sambyggð grjótgarði sem umlykur völluminn að mest. Er tóftin beint upp af sumarbústaðnum í Náthaga (sjá 014). Þýfður grasmói.

Tóftin, sem er grjóthlaðin, er um 5 x 4 m að stærð og er hún nálægt því að snúa austur-vestur. Hleðsluhæð er um 0,5 m og er tóftin opin í austurenda. Tóftin er sambyggð grjótgarðinum við norðausturhorn hennar. Grjótgarðurinn sem umlykur Bænhúsvöll að mestu, er mikið til hruninn en nær þó á köflum um 0,5 m hleðsluhæð. Breidd hans er 0,5-1 m. Heildarstærð Bænhúsvallar er líklega um 160 x 90 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 14



ST-020:014 *Náthagi* tóft+garðlag náthagi

66°04.668N 21°37.193V

"Eggertsklettur er heiman til og neðan við Bænhúsvöllinn, og undir honum er Náthagi. Álfar eru sagðir eiga heima í Eggertskletti. Eggertsklettur er stærsti kletturinn sem gengur fram úr hjallanum. Í kringum náthagann var hlaðinn grjótgarður sem enn sér til og í honum miðjum var garðtóft sem nú er alveg horfin. Kvíaærnar voru áður reknar í Náthagann og mjólkaðar í kví þar sem garðtóftin var. Fært var frá á Munaðarnesi fram um 1930," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Náthaginn var þar sem nú er sumarbústaður um 130 m suðvestur af bæjarhólum (001).


Grasi vaxin kvos undir klettabelti við stórgrýtta fjöru.

Vel má greina leifar grjótgarðsins umhverfis Náthaga þótt nánast sé alveg gróið yfir hann á köflum. Nær hann mest 0,4 m í hleðsluhæð en er líklega mest um 1 m á breidd. Tóft er nyrst í Náthagannum og

hefur hún verið hlaðin upp nýlega af eigendum sumarbústaðarins. Telur Guðmundur Gísli Jónsson mögulegt að um sé að ræða kvíar þær sem fjallað er um í örnefnaskrá. Tóftin er um 3 x 3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,6 m. Dyr eru á miðjum vesturvegg og við suðausturhorn tóftarinnar. Kvosin sem Náttahaginn er í er um 40 x 20 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 14.




ST-020:015 Brunnhús tóft vatnsból

"Niður með Bæjarhólnum að vestanverðu fellur bæjarlækurinn. Ofan við bæinn stóð áður fyrri brunnhús yfir bæjarlækinn sem nú er fallið og sjást aðeins veggjarbrot eftir. Þar heitir enn í dag Brunnhús," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Bæjarlækurinn rennur fast sunnan við bæjarhólinn frá suðaustri til norðvesturs. Brunnhúsið stóð um 30 m suðsuðaustur frá gamla bæjarstæðinu (001)

Í túni á lækjarbakka.

Um er að ræða tvö veggjarbrot, sitt hvoru megin við lækinn. Er þau mikið sigin og gengin til auk þess sem



gróíð er yfir hleðslur að mestu. Þó sést glitta í hleðslugrjóti hér og þar. Húsið virðist hafa verið um 5x5 m að stærð og er hleðsluhæð veggjarbrotanna um 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 15

ST-020:016 Réttin heimild um rétt

66°04.750N 21°36.986V

"Þar sem þjóðvegurinn sveigir nú niður að bænum hefur verið gert breitt útskot sem nefnist Planið. Skammt norður af Planinu er grunnur af bílskúr sem tók af í snjóflóði. Nokkru norðar, neðst á Skrautuhrygg var rétt sem fé var rekið í og sést vel til hennar enn. Hún var nefnd Réttin og er það nú notað yfir þennan stað," segir í Munaðarnes örnefni og hlunnindi. Réttin var á dálitlum hjalla í fjallshlíðinni um 100 m austur frá bæjarstæðinu (001) Sléttur hjalli í grasi vaxinni fjallshlíð. Réttin sem var úr timbri er nú alveg horfin. Telur Guðmundur G. Jónsson að hún hafi verið byggð fyrst um eða upp úr aldamótunum 1900.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 15

ST-020:017 Búðartóft heimild um verbúð

66°04.751N 21°37.151V

"Niður af bænum var húsarúst sem var kölluð Búðartóft. Þar var sjóbúð sem legið var við um hákarlatímenn, en síðast var búið í þeim um eða skömmu fyrir 1930. Síðastir bjuggu þar Jón og Guðrún Grímsdóttir og þeirra sonur var Jón Kútur. Neðan undir Búðartóftinni var kartöflugarður í eina tíð og nefnist þar enn Garður," segir í Munaðarnes örnefni og hlunnindi. Búðartóft var um 40 m norðvestur af gamla bæjarstæðinu 001. Tóftin og garðurinn voru sléttuð með jarðýtu 1955 eða 1956.

Í túni. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 16

ST-020:018 heimild um fjárhús

66°04.785N 21°37.052V


Útihús er sýnt á túnakorti frá 1917 um 120 m austur af gamla bæjarstæðinu (001). Var um að ræða fjárhús úr torfi og grjóti sem rifin voru rétt fyrir 1950 og voru þá byggð önnur úr timbri og bárujárni. Þau hús voru rifin 1978 og staðurinn sléttuð með jarðýtu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917



Kort af túni Munaðarness 1917

ST-020:019 Hesthúsabrekka tóft hesthús


66°04.834N 21°36.969V

"Upp á hjallanum ofan við Jónsflöt er Balinn, sem öðru nafni heitir Rimi og er hann vestan undir fjárhúsunum og hefur að hluta til verið umturnað. Þá tekur við Níuálnavöllur, og ofan við hann er grösug brekka Hesthúsabrekka. Hún dregur nafn af hesthúsi sem stóð á klettbarði efst í túninu," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Núverandi fjárhús standa við rætur Hesthúsabrekku. Efst í henni er dálítið klettbarð eða belti og er nokkuð stór tóft fast undir því. Fjarlægð suðaustur frá fjárhúsunum er um 20 m. Telur Guðmundur Gísli Jónsson líklegt að þarna hafi einnig verið fjárhús.

Óræktuð, þýfð grasbrekka undir klettabelti. Mannvirki þetta er mjög óljóst þar sem mikið til er gróið yfir hleðslur og þær hrundar, sem gerir það að verkum að talsvert erfitt er að greina á milli einstakra hluta. Virðist þó vera um að ræða röð þriggja hólfa sem liggja frá austnoraustri-vestnorðvesturs meðfram klettunum. Er það hólf sem er austnorðaustast, hvað skýrast en hin eru öllu óljósari. Sökum þess hve tóftin er illa farin er fátt sem varpað getur ljósi á hlutverk einstakra hluta hennar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 16-17; túnakort 1917



ST-020:020 Garðar garðlag

66°04.867N 21°36.953V

"Hesthúsabrekka er breiður sveigur upp í Krossakletta norðan og ofan við fjárhúsin. Utan við

Núálnavöll eru tvær gamlar grjóthleðslur, leifar af grjótgörðum sem nefndar eru Garðar og er jafnan sagt "að fara út að Görðum," segir í Munarðarnes: örnefni og hlunnindi. Garðar þessir eru um 50 m austnorðaustan við núverandi fjárhús í Munaðarnesi. Rennur lækur á milli garðanna.

Óræktaður og þýfður grasbali. Garðarnir eru mikið til hrundir og illgreinanlegir þar sem mikið til er gróid yfir hleðslugrjótið. Eru þeir þar sem lækurinn rennur meðfram dálítilli grjótskriðu til austurs á um 19 m kafla en sveigir síðan snarlega til norðurs og rennur í þeirri stefnu til sjávar. Annað garðlagið er samsíða læknum að norðanverðu þar sem hann rennur meðfram grjótskriðunni og fylgir honum til norðurs á um 10 m löngum kafla. Hitt garðlagið gengur út frá grjótskriðunni til norðurs og liggur samsíða læknum austanverðum eftir að hann sveigir til norðurs á um 12 m löngum kafla. Er síðarnefnda garðlagið talsvert óljósara en það fyrrnefnda. Breidd garðlaganna er um 1 m og hleðsluhæð mest um 0,4 m. Ekki er ljóst hvert hlutverk þessara mannvirkja hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 17

ST-020:021 *Lending* heimild um lendingu

66°04.764N 21°37.189V

"Á miðjum Sandinum er Bolahleinn og heiman til við hana er Lendingin. Þar er uppsátur fyrir báta. Ofan við Lendinguna er Kampurinn sem er malarkampur ofan við fjöruna. Vestan við Lendinguna er Tanginn og milli hans og Dýpri-Gástöðvar er Vogurinn. Sagt er að "lenda í Vognum," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi. Lendingin er um 70 m norður af gamla bæjarstæðinu (001). Dálítill vík á milli bergganga (hleina). Sand og malarfjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 18


ST-020:022 *Mundahús* tóft fjárhús

66°04.837N 21°37.075V

"Þar skammt utar er Siggavík sem kennd er við Sigurð Guðbrandsson. Siggavík er beint niður af Fellsmanafliót. Þar taka við lágir klettur með sjónum sem Húsaklettur heita. Stóriklettur skagar fram úr miðjum Húsaklettum. Skömmu fyrir miðja þessa öld voru reist fjárhús ofan við Húsaklettana og voru þau nefnd Mundahús eftir Guðmundi Guðbrandssyni sem byggði þau," segir í Munaðarnes: örnefni og hlunnindi.

Mundahús eru á fjörukambinum um 30 m norðvestur af núverandi fjárhúsum í Munaðarnesi. Grasi vaxinn fjörukambur.

Tóftin, sem er grjóthlaðin, er uppistandandi að hluta en sumpart hrúnnin eða horfin. Þó er mögulegt að hluti hennar hafi verið úr timbri sem skýrir afhverju veggir vantar á tóftina. Auk þess er eitt hólfa tóftarinnar með steiptum veggjum. Stærsta hólfið sem myndar meginhluta byggingarinnar er vinkillaga og um 16 m á lengd en mest um 9 m á breidd. Hólfið liggur austnorðaustur-vestsuðvestur. Sambyggt því við austnorðausturendann er hólfið sem er um 5x4 m að stærð og í framhaldi af því er síðan minna hólfið sem er um 4x2 m að stærð. Þessi þrjú hólfi eru öll úr torfi og grjóti, en þau tvö fyrst nefndu eru hvað heillegust. Meðfram norðvesturhliðum



hólfanna tveggja sem fyrst voru nefnd raðast síðan 4 lítill hólfi. Er steipta hólfið eitt af þeim, en hvað varðar hin þrjú þá sjást ekki hleðslur þar heldur er um að ræða þrjár grunnar dokkir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 19

ST-020:023 *tóft naust*


66°04.756N 21°37.175V

Naust var á sjávarkambinum um 50 m norðvestur af gamla bæjarstæðinu (001) og sjást þar enn óljósar veggjarleifar.

Sjávarkambur í túnjaðri. Um er að ræða tvö veggjarbrot sem eru mikið gengin til og sigin. Virðist húsið hafa verið um 5 x 4 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort frá 1917.




ST-020:024 *Kvíar* tóft kvíar

66°05.041N 21°36.811V

"Í Stekkjarnesinu er laut og í henni vegghleðsla og heitir lautin Kvíar en hafa ekki verið notaðar svo menn muni. Í kringum lautina eru klettur sem nefndir eru Kvíaklettur eða Klettarnir við Kvíarnar. Kvíarnar markast af endanum á Stekkjarnesi og tveimur bríkum austur við Mölina," segir í Munaðarnes örnefni og hlunnindi. Kvíaklettur eru fremst á Stekkjarnesi. Austan til í klettunum er dálítil laut og vestast í henni, undir klettunum er grjóthlaðin tóft. Fjarlægð norðaustur frá gamla bæjarstæðinu 001 er um 600 m.

Grasi vaxin laut undir klettabelti við stórgrýtta strönd. Tóftin, sem er tvískipt, snýr norðaustur-suðvestur. Heildarstærð tóftarinnar er um 10 x 9 m og er hleðsluhæðin mest um 0,5 m. Eru vestnorðvestur veggir beggja hólfa tóftarinnar myndaðir af áðurnefndum klettum, en tveir grjóthlaðnir veggir liggja síðan út frá þeim í vinkel. Norðaustara hólfið sem jafnframt er minna er opið að norðaustanverðu en dyr eru á suðvestara hólfinu norðaustast á austsuðausturvegg. Ekki er opið á milli hólfa.



Hættumat: engin hættu

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 20

ST-020:025 Strútur heimild um leið

Þegar farnar voru póstferðir kringum Krossanesfjall var sagt "að fara kringum Strút". Á ströndum eru uppmjó fjöll oft nefnd Strútar og sem dæmi þá heitir efsti hluti Reykjaneshyrnu Strútur. Eitt sinn var verslunarmaður á Kúvíkum sem Karsten hét. Hann var kvenhollur og átti nokkur börn í hreppnum. Stundum fór hann kynnisferðir til að hitta vinkonur sínar m.a. Á Krossnesi og víðar. Því var [einnig] stundum sagt þegar menn hringgengu Krossanesfjallið "að þeir væru að fara Karstensgang".

Grasi vaxnar fjallshlíðar


Engar sérstakar götur eru sjáanlegar á þessari leið, utan þær sem skráðar eru sem 003.

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992.

ST-020:026 Byrgi tóft beitarhús

66°04.938N 21°35.342V

"Á bakkanum austan Skallár eru húsatóftir, sem eru kallaðar Byrgi og smávík þar niður undir heitir Byrgisvík. Byrgisvík markast af litlum hleinum sem ganga í sjó fram. Tóftirnar eru af beitarhúsum sem stóðu þar framan af öldinni og nefnd voru Byrgishús. Þar voru hafðir sauðir. Þar fyrir utan eða austan er nokkuð hár klettur með skúta undir og grjóthleðslu fyrir framan. Hann heitir Hallvarðsberg," segir í Munaðarnes örnefni og hlunnindi. Byrgishús eru á sjávarkambinum um 20 m austur af Skallá þar sem hún fellur til sjávar. Fjarlægð austsuðaustur frá Kvíaklettum (024) er um 1,1 km.



Uppgróinn sjávarkambur. Tóftin, sem er tvískipt, er um 14x6 m að stærð. Hún er hlaðin úr grjóti og snýr norður-suður, með dyr á norðurgafli. Er um að ræða dæmigert fjárhús með hlöðnum garða í miðju og hlöðutóft við annan endann, í þessu tilviki þann syðri. Hleðsluhæð um 0,5-1 m. Nokkuð er hrútið úr veggjum og gróðið yfir hleðslur að hluta.

Hættumat: hættu, vegna sjávarrofs

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992, 23

ST-020:027 Grafir náma mógrafir

66°04.960N 21°35.948V

Í Villingagirðingu er mikið af mógröfum sem nú eru að mestu grónar. Þær eru nefndar Grafir. Villingagirðing er afmörkuð skák um 660 m austsuðaustur frá Kvíaklettum (024). Hún nær fram á sjávarbakka og eru mógrafirnar norðarlega í girðingunni. Votlendur, ójafn grasmói á sjávarbakka. Um er að ræða allmiklar mógrafir sem ná yfir nokkuð stórt svæði. Þær eru að mestu grónar. Svæðið sem grafirnar ná yfir er lílega um 90 x 60 m að stærð. Mýrlendið sem grafirnar eru í hefur að miklu leyti verið ræst fram. Að sögn Guðmundar G. Jónssonar var mór tekinn í Munaðarnesi allt framundir 1970.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992.

ST-020:028 Vörðubrún varða óþekkt


Vörðubrún heitir innan og ofan við Völuhrygg. Áður fyrr var varða á brúninni en mun nú hrunin. Varðan var móts við Ytra-Hæaribrúnarhorn. Ekki var farið á staðinn sumarið 2002. Var varðan horfin fyrir tíð Guðmundar Gísla Jónssonar og vissi hann ekki hvert hlutverk hennar hafði verið.

Heimildir: Haukur Jóhannesson, Munaðarnes örnefni og hlunnindi, RVK 1992.

ST-021 Eyri

Dýrleiki 8 hundruð.

Tún 1.8 ha. Allt slétt.



Kort af túni Eyrar 1917

ST-021:001 Eyri bæjarhóll bústaður

66°01.439N 21°37.516V

"Þá er best að snúa sér að Eyrinni. Utan við Eyrará er túnið, og ofan við það stendur gamli bærinn. Efst í túninu er Bæjarhóllinn, og á honum stendur Eyri. Niður með honum að innan rennur Bæjarlækurinn, og innan við hann er Innri-Bæjarhóll, sem fjárhúsin standa á." segir í örnefnalýsingu. Steinsteyppt íbúðarhús, byggt 1929, stendur á gamla bæjarstæðinu og er það jafnframt austasta íbúðarhúsið á Eyri. Á hæð í túni. Lækur rennur vestan við hæðina. Ekki sést til fornleifa. Bæjarstæðið er uppi á dálítilli náttúrulegri hæð eða hól nyrst í túninu og er erfitt að greina hvar hinni náttúrulegu hæð sleppir og bæjarhóllinn byrjar. Engin kjallari er undir íbúðarhúsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Eyra, 7-8

ST-021:002 garðlag túngarður

66°01.410N 21°37.548V

Túngarður er umhverfis Eyrartún, hlaðinn af Guðmundi Hallgrímssyni árið 1915.

Í túni. Túngarðurinn er allur hlaðinn úr grjóti nema austurhlíðin sem er torfhlaðin. Breidd garðsins er um 1 m og hleðsluhæðin einnig. Samanlögð lengd hans er um 650 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-021:003 *Nátthagi* heimild um nátthaga

66°01.361N 21°37.882V

"Eyrará kemur úr Eyrardal, sem er ofan við Eyrina. Þar er nú margt breytt rá fyrri tíð, og er Grundunum lýst af ÓG, eins og þær voru, og skal það tekið hér upp orðrétt: "Ysti hluti Grundanna er sléttur og þurrlendur. Þar var Nátthagi girtur með torfgarði, nokkuð stór. Í honum var Stekkur, eins konar rétt, sem kindur voru mjólkaðar í og reknar inn vor og haust. Áföst við réttina var svonefnd Lambakró, sem lömbin voru geymd í á nóttunni hálfan mánuð til þrjár vikur til að venja þau við áður en fært var frá. Þá voru ærnar mjólkaðar á morgnana áður en lömbunum var hleypt til þeirra. Fært mun hafa verið frá fram um 1908. Þarna var síðar byggð síldarverksmiðja," segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn var þar sem nú er stóra síldarverksmiðjan á Eyri og byggingar tengdar henni. Torfgarðurinn sem girti af nátthagann og stekkurinn hurfu þegar verksmiðjan var byggð. Þetta er um 480 m suður af bæjarhól 001.

Uppgróin eyri.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 3

ST-021:004 *Hjallurinn* heimild um hjall

66°01.439N 21°37.795V

"Eyrará skipti sér í tvær kvíslar, hún kom fram úr Gljúfrunum, og á milli þeirra var og raunar er Hólmi. Í honum er Hjallurinn, gamall hákarlahjallur," segir í örnefnalýsingu. Hólminn er nú landfastur vestanmegin við ána um 200 m vestnorðvestur frá bæjarhól (001). Hjallurinn er nú horfinn. Vélsögun var í Hólmanum frá 1936-1939 og mun hún hafa verið sú fyrsta sem starfrækt var á Ströndum. Var hún síðar flutt til Hríseyjar og er þar enn.

Uppgróinn hólmi eða eyri á árbakka.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 4

ST-021:005 garðlag varnargarður

66°01.414N 21°37.737V

"Áður rann svonefndur Grundarlækur úr ánni, þar sem hún kom úr Gljúfrinu og niður Grundirnar og í sjó fram, þar sem nú er hafskipabryggjan. Hann var illur yfirferðar í vatnavöxtum og flæmdist um. Því var hlaðinn garður með ánni frá Berjahjallahorninu og niður í fjöru," segir í örnefnalýsingu. Garðurinn sést enn meðfram Eyrá vestanverðri, en hann var hlaðinn einhvern tíma á árunum 1945-1950. Fjarlægð vestur frá bæ (001) er um 180 m.

Árbakki.

Garðurinn sem er grjóthlaðinn, nær frá brúnni yfir Eyrá og til sjávar. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m við brúna en síðan fer garðurinn lökkandi er nær dregur sjónum, og hverfur loks alveg við fjöruna. Breidd garðsins er um 1,2 m og lengdin um 65 m.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga


Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 4-5

ST-021:006 tóft fjárhús 66°01.249N 21°38.277V


Tóft úr torfi og grjóti er uppi á torfunni um 300 m suðvestur af stóru síldarverksmiðjunni á Eyri. Segir Gunnar Guðjónsson að hún sé eftir fjárhús. Grastorfa við hlíðarrætur, við smágrýtta fjöru.

Tóftin, sem er að hluta til grafin inn í fjallshlíðina, er um 7 x 7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m. Tóftin snýr norður-suður og er opin í norðurenda. Þar má þó sjá leifar eftir timburgafl.

Hættumat: engin hætta

**ST-021:007** tóft fjárhús

66°01.414N 21°37.555V



"Efst í túninu er Bæjarhóllinn, og á honum stendur Eyri. Niður með honum að innan rennur Bæjarlækurinn, og innan við hann er Innri-Bæjarhóll, sem fjárhúsin standa á," segir í örnefnalýsingu. Tóft fjárhúsanna sést enn um 50 m suðvestur frá bæjarstæðinu (001).

Á hæð í túni.

Tóftin skiptist í fjögur hólf. Sjálf fjárhústóftin er grjóthlaðin og er um að

ræða þrjú samsíða hól sem liggja norðvestur-suðaustur og eru hlaðnir garðar í tveim þeim austari. Þvert á hólfin með gördunum að suðaustanverðu, eru leifar steinsteyprar hlöðu. Heildarstærð mannvirkisins er um 17 x 12 m og er hleðsluhæðin mest um 0,7 m

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 8; Túnakort frá 1917.

ST-021:008 *Eirnýjarhaugur* þjóðsaga tröll 66°01.735N 21°59.318V

"Innst á þessum rana er sandhóll, Eirnýjarhaugur. Þar á Eirný tröllkona að hvíla, og hún á að sjá um að enginn óvættur komist landveg að Ingólfsfirði. Fjallið upp af haugnum er mjög skriðurunnið og heitir Eyrarfell, og vestan við það er annað mun hærra, Glissa," segir í örnefnalýsingu. Eirnýjarhaugur er 1,2-1,3 km upp og austur af Eyri. Hægt er að aka svonefndan Smalaveg til suðurs að haugnum frá veginum milli Mela og Eyrar. Melhólar norðan við Eyrarfjall.

Haugurinn er náttúrumynd, melhóll eða skriðutaurmur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar

ST-021:009 *Strýta* heimild um leið

"Tjarnirnar í Nónskarði heita Nónskarðsvötn. Geitarhlíð, sem ÓG nefnir Geitahlíð, heitir heitir hlíðin innan við Grímsdali inn að Strýtum og fyrir ofan Skriðurnar. Strýturnar eru tvær. Hærristrýta en nípumynduð strýta á fjallsbrúninni, en Neðristrýta er utar og neðar og beint upp af gili, sem skriðurnar koma úr. Milli Strýtnanna var götuslóði, og var það kallað að fara á milli Strýtna, " segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið á staðinn sumarið 2002. Að sögn Gunnars Guðjónssonar þá var þessi leið farin ef menn vildu stytta sér leið yfir í Norðurfjörð, en annars var yfirleitt farið meðfram Geitahlíð, um Höfðaholt og um Eiðið á milli Ingólfsfjarðar og Norðurfjarðar, sjá 010.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 12

ST-021:010 *Höfðaholt* gata leið

66°02.947N 21°35.911V

"Upp og inn af Hróaldshöfðavík er slakki í hlíðinni [Geitahlíð] sem hét Hvolf, og innan við hann er Höfði, sem er höfði út úr bökkunum. Upp af honum er Höfðaholt, sem er nokkuð áberandi hjalli í hlíðinni. Þar var farið upp, þegar farið var með hesta yfir í Norðurfjörð." Gömlu göturnar frá Eyri og út með firðinum til Norðurfjarðar og Munaðarness, sjást nokkuðuð vel.

Göturnar liggja ýmist um grýtta fjöru eða grasi vaxna fjallshlíð. Víða eru smálækir í fjallshlíðinni.


Göturnar hlykkjast út með firðinum og liggja ýmist niður við fjöru eða upp í fjallshlíðinni. Göturnar eru hvað skýrastar í nágrenni við Eyri og þar sem þær liggja yfir Höfðaholt, þegar nær dregur Norðurfirði og Munaðarnesi, en göturnar voru ruddar reglulega af bændum hér áður fyrr svo í raun er hægt að tala um rudda slóða frekar en götur á hluta leiðarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 12

ST-021:011 *Grímsnes* tóft beitarhús

66°02.764N 21°36.132V



"Utan við Grímsnesið er Grímsnesvík. Upp af Grímsnesinu er lítill hvilft, sem heitir Grímsdalir, og hlíðin neðan hans, utan lækjarins og ofan við barðið upp af nesinu, heitir Grímsnespartur. Í Grímsdölum er sandhaugur, Grímshaugur, og á Grímur tröllkarl að vera heygður þar [sjá 012]. Á Grímsnesi voru í gamla daga beitarhús," segir í örnefnalýsingu. "Í einum stað í landinu er kallað Grímsnes, þar eru tóftir, sem menn vita ei hvert gamalt býli hafi verið eður ei, en hitt vita menn, að fyrir fjórtíu árum eða þar um skeið gjörði maður nokkur sjer hús og var þar einn vetur. Kann ómöglegt að byggjast án eyðingar heimajarðarinnar," segir í Jarðabók Árna og Páls. Grímsnes er lítill en nokkuð áberandi gróinn skagi um 2,6 km norðaustur frá Eyri. Beitarhúsatóftir eru á nesinu en ekki sést til annara mannvirkja. Lítið, en nokkuð hátt, öldótt og grasi gróið nes við sjó. Um er að ræða fjárhús og hlöðu sem eru sambyggð. Veggir fjárhússins eru steypfir en annars grjóthlaðnir að mestu. Hlaðan er eingöngu steinsteypt. Hlaðan er undir þaki en þekja fjárhússins er fallin og má sjá leifar stoða og sperra á víð

og dreif í tóftinni. Hlaðinn garði er í miðju fjárhúsinu. Til samans eru fjárhúsið og hlaðan um 10 x 5 m

að stærð og er hleðsluhæð veggja fjárhússins mest um 2 m.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 11 ; JÁM VII, 328.

ST-021:012 *Grímshaugur* frásögn tröll

66°02.847N 21°35.665V

"Utan við Grímsnesið er Grímsnesvík. Upp af Grímsnesinu er lítill hvílt, sem heitir Grímsdalir, og hlíðin neðan hans, utan lækjarins og ofan við barðið upp af nesinu, heitir Grímsnespartur. Í Grímsdölum er sanhaugur, Grímshaugur, og á Grímur tröllkarl að vera heygður þar. Á Grímsnesi voru í gamla daga beitarhús," segir í örnefnalýsingu. Grímsdalur er dálítill skál í fjallið beint upp af Grímsnesi (sjá 011). Lyngi vaxin, en grýtt skál eða dalur í fjallshlíð. Grímshaugur er hár og mikil skriðutaumur í miðjum dalnum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 11

ST-021:013 *Hvalhamarsháls* heimild um leið

66°01.863N 21°36.680V

"Gamla leiðin yfir að Melum lá upp frá Hvalhamri, og var hlíðin stundum nefnd Hvalhamarsháls," segir í örnefnalýsingu. Hvalhamar er há klettaborg um 750 m norðaustur af stekk 014. Efst á Hvalhamri er siglingamerki, grjóthlaðin varða með ljósmerki. Frá Hvalhamri má sjá gömlu göturnar sem liggja að Melum, hlykkjast upp hlíðina til suðurs. Er um að ræða kvísl frá leið 010.

Grasi og lyngi vaxin fjallshlíð. Gömlu göturnar frá Eyri og út með firðinum sjást talsvert vel, enda var þeim haldið vel við af Eyrarbændum og ruddar regglulega, sérstaklega í næsta nágrenni við Eyri. Er því frekar um að ræða ruddann slóða en götur. Sjást göturnar til Mela einnig vel þar sem þær hlykkjast upp eftir fjallshlíðinni frá Hvalhamri.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 10

ST-021:014 *Stekkur* tóft stekkur

66°01.545N 21°37.289V


"Utan og ofan við Stóra-Bæjarhamar eru tveir hjallar, sem halla út og enda niður í fjöru. Sá lægri heitir Litli-Hjalli en efri Stekkjarhjalli. Þar sem Litlihjalli kemur í fjöruna, heitir Stekkjarnes, og um 60m utar kemur Stekkjarhjalli niður í fjöruna; þar heitir Kattarnes. Stekkur var fyrir innan Stekkjarnes," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er undir lágu klettabelti um 100 m austur frá Réttinni (015).

Grastorfa við sjó undir lágu klettabelti.

Tóftin, sem skiptist í þrjú hólfi, er um 12 x 8 m að stærð. Tóftin er grjóthlaðin og nokkuð hrúð úr hleðslum og gróið yfir. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Hólf hennar er einfaldri röð frá vestsuðvestri til austnorðausturs. Vestsuðvestast er hólf sem liggur vestsuðvestur-austnorðaustur og er það um 4 x 3 m að stærð með dyr á vestsuðvesturenda. Því næst kemur hólf sem liggur þvert á það, sem er um 8 x 3 m að stærð með dyr á norðurhorni. Þriðjahólfið er myndað af hálfmánahleðslu sem opnast í átt að hinum hólfunum og eru dyr inn í hólfið við báða enda hleðslunnar. Þvermál hálfmánans er um 8 m. Hleðslur þessa hólfs eru talsvert óljósari en hleðslur hinna.


Hættumat: engin hætt

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 9



ST-021:015 *Rétt* tóft rétt

66°01.501N 21°37.404V



"Skammt utan við Lendinguna [018] er Litli-Bæjarhamar, og þar fyrir utan er Stóri-Bæjarhamar. Innan við hann er Réttarlækur, og utan til við lækinn var Rétt," segir í örnefnalýsingu. Stóri Bæjarhamar er um 140 m norðaustur frá bæ (001). Er réttin undir hamrinum vestanverðum.

Grasi gróinn sjávarbakki undir klettum.

Réttin, sem er grjóthlaðin, er um 12 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Myndar Stóri-

Bæjarhamar austuvegg hennar. Hleðsluhæð er mest um 1,3 m. Réttin er opin við norðvesturhornið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 9

ST-021:016 tóftir naust



66°01.467N 21°37.554V

"Neðst í túninu er Garðshorn, og þar er Sögunarhúsið, sem Sögun hf. reisti á sínum tíma. Við Garðshornið eru tóftir, sem munu vera tættur eftir útihús [019] Þar voru fjárhús. Einu sinni í tíð afa Gunnars kom klakastífla í ána upp í Gljúfurkjaftinum, og hljóp hún þá yfir túnið og yfir fjárhúsin. Þá köfnuðu 30 gemlingar þar. Neðan undir túninu, út undir Lendingunni, eru Naust. Þar voru 3 naust. Rústir naustanna eru um 30 m vestur af lendingunni og uppsátrunum (018).

Grastorfa við smágrýtta fjöru. Lækur rennur fast austan við rústirnar. Tóftirnar eru liggja allar norður-suður og eru opnar í norðurenda. Tvær austari tóftirnar liggja þétt saman og eru þær báðar með bátslagi. Austari tóftin (a) er um 10 x 4 m að stærð, en sú vestari um 9 x 4 m að stærð. Vestasta tóftin (c) sem tengist tóft (b) með um 4 m löngum vegg er nokkuð minni en hinar eða um 6 x 3,5 m að stærð. Hleðsluhæð tóftanna er mest um 0,5 m. Heildar stærð rústasvæðissins er um 16 x 10 m

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 8



ST-021:017 tóft

66°01.420N 21°37.540V

Tóft er um 30 m vestur frá bænum (001) eða miðja vegu á milli hans og fjárhústófta 007.

Í túni. Tóftin sem er mikið sigin, er um 6 x 5 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,3 m. Tóftin snýr austnorðaustur-vestsuðvestur og er opin í norðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ST-021:018 Lendingin heimild um lendingu

66°01.471N 21°37.507V

"Beint niður af gamla bænum, í vikinni utan við Eyrina, er Lendingin; þar var lent, áður en bryggjurnar voru gerðar," segir í örnefnalýsingu. Lendingin var um 60 m norðaustur frá bænum (001) við norðausturhorn heimatúnsins. Þar eru uppsátur og grunnur sjávarhúss (sjóbúðar). sem reist var snemma á 20. öld. Að sögn Gunnars Guðjónssonar er talið að frá ómunatíð hafi staðið þarna byggingar sem tengdust sjósókn. Lág grastorfa í túnjaðri, smágrýtt fjara.

Engin önnur mannvirki eru greinileg á þessum stað að sjávarhúsinu frátöldu sem var úr timbri. Uppsátrín voru ekki manngerð og voru bátarnir einfaldlega dregnir upp á grastorfuna.

Hættumat: hætta vegna rofs


Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar 8

ST-021:019 tóft fjárhús

66°01.453N 21°37.729V

"Neðst í túninu er Garðshorn, og þar er Sögunarhúsið, sem Sögun hf. reisti á sínum tíma. Við Garðshornið eru tóftir, sem munu vera tættur eftir útihús. Þar voru fjárhús. Einu sinni í tíð afa Gunnars kom klakastífla í ána upp í Gljúfurkjaftinum, og hljóp hún þá yfir túnið og yfir fjárhúsin. Þá köfnuðu 30 gemlingar þar," segir í örnefnalýsingu. Norðvesturhorn gamla túnsins á Eyri nefnist Garðshorn. Þar sést enn steypdur grunnur Sögunarhússins og fjóss og hlöðu sem voru sambyggð því. Um 15 m austur frá Garðshorni og um 150 m vestnorðvestur frá gamla bænum (001) er tóft fjárhúsanna sem nefnd eru hér að framan. Þau eyðilögðust í flóði einhvern tíma á árunum 1890-1915. Í túni á sjávarkambi.

Rústir fjárhúsanna eru algrónar og erfitt að átta sig á lögun þeirra. Er einungis hægt að átta sig á tveim hólfum rústarinnar með góðu móti, en þau eru nyrst á svæðinu.



Húsin virðast þó hafa verið um 20 x 10 m að stærð og hafa snúið norður-suður. Hleðsluhæð er um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 8

ST-021:020 *Hádegisvarða* varða eyktamark

Beint upp af botni dalsins er Árneshjall. Handan við dalinn upp af eyrinni er annað skriðurunnið fjall, Haugsfjall. Bak við það er háls, áður en komið er að Árneshjalli. Mitt á þessum hálsi er Hádegisvarða. Hana ber við himin frá Eyri séð, og er hádegi, er sólin ber þar yfir. Ekki var farið á staðinn sumarið 2002.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 7

ST-021:021 *Skarðið við Eyrarfell* heimild um leið

"Innst á þessum rana er sandhóll, Eirnýjarhaugur. Þar á Eirný tröllkona að hvíla, og hún á að sjá um að enginn óvættur komist landveg að Ingólfsfirði. Fjallið upp af haugnum er mjög skriðurunnið og heitir Eyrarfell, og vestan við þar er annað mun hærra, Glissa. Þegar farið var vestur með Eyrarfelli, var kallað að fara Skarðið við Eyrarfell. Var þessi leið farin þegar farið var yfir í Reykjarfjörð" Ekki var farið á staðinn sumarið 2002, en leiðin samt sem áður merkt inn á kort. Að sögn Gunnars Guðjónssonar var þessi leið farin þegar gengið var yfir í Reykjarfjörð. Var farið upp frá Eyri, vestur með Eyrarfelli, fyrir botn Árneshjalls, þaðan yfir í svonefnd Göngumannaskörð og úr þeim niður í Reykjarfjörð.

Heimildir: Örnefnaskrá Eyrar, 7

ST-022 Ingólfsfjörður

Dýrleiki 12 hundruð. 1805 er eyðihjáleigan Þórustaðir talin með. Herröður hvítaský var göfugur maður. Hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð... Eiríkr snara hét maður, er land nam frá Ingólfsfirði til Veiðilausu ok bjó í Trékyllisvík. (Ísl.sög. I Landsaga og landnám. Kaf 31, bls. 116)

ST-022:001 *Ingólfsfjörður* bæjarhóll bústaður

66°01.105N 21°40.373V

"Ingólfsfjarðarbærinn stendur á Hólnum. Neðan hans allt að Ósnum er tún, sem nefnist Flatir. Ofan við þær og utan við bæinn er Steinavöllur. Niður á hann hrundi oft grjót úr hjöllumum í hlíðinni. ", segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn stóð nokkrum metrum vestar en núverandi íbúðarhús. Hann sést á túnakorti frá 1917. Bæjarhóllinn er nyrst í fjarðarbotninum, undir mikilli hlíð sem nær út að Seljanesi. Innan við bæinn er flatt dalverpi, Ingólfsfjarðareyrar. Gras grær umhverfis bæinn og dalverpið er grösugt. Fjaran er nokkuð breið, sand- og grjótfjara. Fjós var byggt á rústum gamla bæjarins og sjást steyptir veggir þess ennþá. Bæjarhóllinn er um 40 x 40 m, en virðist náttúrulegur að hluta og erfitt að átta sig á upphleðslu. Ummerki gamla bæjarins eru engin sjáanleg. Ekki er lengur búið í Ingólfsfirði en íbúðarhúsið er notað til sumardvalar af Bjarnveigu Samúelsdóttur og hennar fjölskyldu.


Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 5; Túnakort frá 1917.

ST-022:002 tóft sjóbúð

66°00.894N 21°39.479V

"Nokkru innar [en Ytraness og Heimraness] fellur á niður hlíðina, sem heitir Seljá, en ekki Seljadalsá, eins og á kortum stendur. Utan við hana eru hjallar, sem nefnast Seljánhjallar. Áin fellur til sjávar á



aurkeilu, sem heitir Seljargrund. Þar hafði Eiríkur Eiríksson frá Eyri sjávarhús", segir í örnefnaskrá. Tóftin er nánast ofan í Seljanni, sem er nokkurveginn gegnt Ingólfsfjarðarbænum (001) (hinumegin við fjörðinn), fast sunnan við veginn. Undirlendi er svotil ekkert: vegurinn liggur rétt ofan flæðarmáls að norðan en nokkuð brött hlíð rís strax sunnan við veg. Tóftin er einföld og frekar óregluleg. Seljain er farin að éta úr tóftinni að vestan. Í miðju tóftarinnar er tiltölulega djúp hola, 1 x 1 m í þvermál. Grjót er ekki mikið sjáanlegt en þó sjást nokkrir steinar, lausir á veggjunum og eins umfara hleðslur í dyrum sem eru á vesturhlíð. Tóftin er um 6 x 5 m og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 2

ST-022:003 Seljárdalur örnefni sel

66°00.359N 21°39.373V

"Allnokkru innar er örlítið nes, ef nes skyldi kalla, Ytranes, og innar er annað lítið, Heimranes. Milli nesjanna er slétt grund. Nokkru innar fellur á niður hlíðina, sem heitir Seljá . . . Seljain rennur fram úr dal, sem heitir Seljardalur. Engar sagnir eru um sel þar", segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls segir um selstöðu í Ingólfsfirði: "Selstaða hefur þar lángrandi aldrei brúkuð verið, en menn ætla að til forna muni þar selstaða verið hafa ei alllángt frá í heimalandi, sem nú sýnist þó til lítills þarfa að brúka." Áin sker veginn og u.þ.b. 30 m ofan (sunnan) við veginn er gil og flúðir. Ef gílinu sem Seljain fellur um er fylgt, er komið upp í Seljárdal. Þegar komið er upp í dalinn er vegalengdin u.þ.b. 1, 5 km frá Ingólfsfjarðarbænum (001) í suðustaustur.

Nokkuð bratt er upp í dalinn sem hallar mót norðri. Beitiland er þökkalegt í dalnum en ansi blautt. Snjór liggur þar sennilega langt fram á sumar því í byrjun júlí eru þónokkrir snjóskafar hér og hvar í dalnum. Mýrar og lyng- og mosagróin holt skiptast á. Rjúpnalauf, starir og krækiberjalyng er áberandi en mikið bláberjalyng neðar í hlíðinni.

Engar tóftir eru sjáanlegar og kannast enginn við að sel hafi verið í dalnum.

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 1-2; JÁM VII, 326-327

ST-022:004 Svarðarholt náma mógrafir

66°00.784N 21°40.301V


"Bak við Melinn eru Ingólfsfjarðareyrar eða Eyrar, og taka þær yfir allt láglendið. Innan við Melinn er nokkuð breiður hjalli, sem heitir Svarðarholt. Milli þess og Hreggnasa er vík. Á Svarðarholti var gott mótak", segir í örnefnaskrá. Svarðarholt er um 600 m suðaustur af Ingólfsfjarðarbænum (001).

Svarðarholt er gróið grasi og lyngi og er sunnanmegin í fjarðarbotninum.

Á holtinu er u.þ.b. 80 x 40 m spilda sem er meira og minna sundurgrafin. Grafir eru hvorki reglulegar né djúpar (0,8m) en harla blautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 2



ST-022:005 tóft naust

66°01.186N 21°40.160V

200 m austan við bæinn, rétt ofan við veginn og 30 m vestan við austurhlið túngarðsins (007) er tóft.

Tóftin er í gömlu túni - aflíðandi grasbrekku þar sem 8 m eru niður að sjó.

Tóftin snýr hér um bil norður-suður, opin til suðurs, og er 10 x 6 m stór. 2 m vestan við hana er stakt garðlag heldur styttra en sjálf tóftin. Á milli tóftar og garðlags er ílöng dokk og ekki er ósennilegt að bátum hafi verið hvolfi á tré í dokkinni. Mesta hleðsluhæð er 1,1 m og eru veggir að langmestu leyti úr torfi - grjótið virðist liggja tilviljanakennt um tóftina nema syðst í austurvegg, við opið, má grilla í eitt umfar steina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ST-022:006 Þórustaðir heimild um býli

66°01.017N 21°40.542V

"Nálægt túninu sjást tóftamyndir so sem verið skyldi hafa býli, kallað Þórustader. Munnmæli eru að bærinn skuli hafa þar verið til forna, en tekið af fyrir snjóflóði og verið síðan færður þangað sem nú er Ingólfsfjarðarbær, og nafn gefið af firðinum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

"Undir Stórholtinu eru Þórustaðir. Þar á að hafa verið býli, en snjóflóð hefði fallið úr hlíðinni og tekið bæinn af. Hafi hann þá átt að vera fluttur þangað sem Ingólfsfjarðarbærinn er nú. Þarna sáust merki um hús og fjós, en nú er þar tún", segir í örnefnaskrá. Þórustaðir voru um 200 m suðaustur af Ingólfsfjarðarbænum (001). Gamalt tún sem farið er að hlaupa í þúfur. Votlent allt í kring.

Túnið var sléttað og því sjást engin ummerki mannvirkja.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: JÁM VII, 327; Ö-Ingólfsfjörður HJ, 3

ST-022:007 garðlag túngarður

66°01.014N 21°40.638V

Garður, að öllum líkindum túngarður, er um 50 m ofan við túnið þar sem Þórustaðir (006) eiga að hafa verið. Strax norðaustan við garðinn fer landið að hækka til fjalls. Niðri á flatlendinu er votlent.

Garðurinn liggur vestsuðvestur-austnorðaustur og er úr torfi að mestu en eitthvert grjót er í honum. Meðfram garðinum er framræsluskurður og hefur garðurinn skemmst á stöku stað í þeim

framkvæmdum. Þó er hann nánast þráðbeinn og lítið rofinn þessa 140 m sem sjást af honum. Breiddin er um 1,2 m að jafnaði og hæðin um 1,2 m. Bjarnveig Samúelsdóttir telur garðinn vera ævaforman. Hann er vissulega siginn.

Hættumat: engin hætta

ST-022:008 *Biskupsgata* heimild um leið 66°01.100N 21°43.021V

"Ef gengið er fyrir ofan Björg og yfir fjallið í Húsadal í Ófeigsfirði, er farið innan við tvö vötn, það nyrðra miklu stærra. Þau heita Mjóuvötn. Frá þeim er farin Biskupsgata niður í Húsadal", segir í örnefnaskrá. Um 100 m norður af nyrsta hluta Mjóavatns hins nyrðra er lítil varða. Frá vörðunni eru 2 km heim að bæ á Ingólfsfirði í loftlínu. Þessi varða ætti að marka Biskupagötuna.

Mosavaxin klettaholt og dý og keldur inn á milli. Töluvert af hreindýramosa og krækiberjalyngi. Snjó nokkuð víða. Í norðri sjást 2 vörður í röð. Annars er leiðin ekki greinanleg, ekki sést fyrir slóða. Það sér ofan í Húsadal - dalbotninn í suðvestri.

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 4

ST-022:009 *Ingólfshaugur* kuml legstaður 66°00.005N 21°42.398V

"Ef gengið er fyrir ofan Björg og yfir fjallið í Húsadal í Ófeigsfirði, er farið innan við tvö vötn, það nyrðra miklu stærra. Það heita Mjóuvötn. Frá þeim er farin Biskupsgata [008] niður í Húsadal. Allnokkru framar en vötnin er mosavaxið klettaholt, sem heitir Ingólfshaugur. Þar á Ingólfur, sem fyrstur á að hafa búið í Ingólfsfirði, að vera heygður. Hóllinn er Húsadalsmegin við vatnaskilin", segir í örnefnaskrá. Ingólfshaugur er 2,6 km suðvestur af Ingólfsfjarðarbænum (001). Þegar komið er upp úr Ingólfsfirði, upp á brún, blasir grjóthóll við í suðvestri. Tveir aðrir hólar, heldur vestar, koma hugsanlega til greina sem Ingólfshaugur en þó verður sá austasti að teljast langlíklegastur, bæði út frá örnefnaskrá sem og leiðbeiningum Bjarnveigar Samúelsdóttur fyrrverandi ábúanda.

Hálfgróin og ógróin holt, keldur, mosi og rjúpnalauf. Skaflar víða og grjót. Í suðvestri er gleitt dalverpi sem á rennur eftir.

Klettahóll þaðan sem sér ofan í Ingólfsfjörð í norðaustri - þó ekki fjarðarbotninn. Hóllinn rís nokkuð hátt úr landinu umhverfis og er mosagróinn svotil upp á topp. Efst eru 2 klettur sem sér á milli úr fjarlægð.

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 5

ST-022:010 *Lending* heimild um lendingu 66°01.192N 21°40.111V

"Út undan bænum eru grynningar, sem heita Rif. Utan við Bólið er Lendingin. Þar stendur enn tréspil", segir í örnefnaskrá. Lending er um 40 m norðaustan við naust 005 og um 250 m norðaustur af Ingólfsfjarðarbænum (001). Grjótfjara og lágur grasbakki þar upp af. Utan í grasbakkanum er grjótruðningur eða mjög gróflega hlaðinn grjótgardur, 5m á lengd. Stungið hefur verið úr barði, 3 x 3 m, og tréspili komið þar fyrir við enda grjótruðningsins (garðsins) sem hugsanlega er hluti gamla túngarðsins. Spilið er ekki gamalt, því var komið fyrir í tíð Bjarnveigar Samúelsdóttur sem kom að Ingólfsfirði 1964. Ekki er að sjá að sérstaklega góðar aðstæður séu til lendingar á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 5

ST-022:011 *Brekkuvegur* gata leið 66°01.250N 21°40.000V

"Vegurinn til Ófeigsfjarðar lá upp vikið milli Bólhjallanna og síðan sneiðingar upp á Brekkubrún. Þar fyrir ofan er Brekkuskarð. Vegurinn hét Brekkuvegur í daglegu máli, eða Brekkan, en hét fullu nafni Ingólfsfjarðarbrekka. Þetta þótti illur vegur", segir í örnefnaskrá. Fast norðan við veginn út í Seljanes er lítil varða eða steinhruða sem markar upphaf leiðarinnar.

Hlíðin er snarbrött, grasivaxin neðantil en ógrónir klettur taka við eftir því sem ofar dregur.

Að neðan má sjá móta fyrir leiðinni, slóðanum, í hlíðinni en þó er hún óskýr á köflum.

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 5


ST-022:012 *Bólhjallar* heimild

"Vegurinn til Ófeigsfjarðar lá upp vikið milli Bólhjallanna og síðan sneiðingar upp á Brekkubrún. Þar fyrir ofan er Brekkuskarð. Vegurinn hét Brekkuvegur í daglegu máli, eða Brekkan, en hét fullu nafni Ingólfsfjarðarbrekka. Þetta þótti illur vegur", segir í örnefnaskrá. Bólhjallar ættu að vera 400-500 m norðaustan við Ingólfsfjarðarbæinn (001), skammt frá fornleif (011).

Í Ingólfsfjarðarbrekku sjá 011.

Ekki voru "Bólhjallar" skoðaðir sumarið 2002.

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 5



Kort af túni Ingólfsfjarðar 1917

ST-022:013 heimild um leið

66°00.658N 21°41.489V

"Öll hliðin frá Teigum og inn að Björgum var nefnd Ingólfsfjarðarbrekka. Þegar Brekkuvegur [011] var ófær vegna harðfennis á vetrum, var farið fyrir Björg. Þá var farið framan við Ingólfsfjarðarbörg og svo um Skúlaskarð milli Töflu og Hádegisfjalls. Brekkubrún var í daglegu máli nefnd Brún", segir í örnefnaskrá. Leiðin liggur nánast beint upp úr botni Ingólfsfjarðar.

Nokkuð gróin og stöllótt hlið. Undir Björgunum er slægja en annars lítið undirlendi.

Leiðin "fyrir Björg" virðist kvíslast einmitt undir Björgunum því fótgangandi fóru til norðvesturs þar sem styttra er upp á brún en brattara. Ríðandi fóru hinsvegar suðvestar þar sem er meira aflíðandi. Sú leið er lengri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ingólfsfjörður HJ, 7

ST-022:014 Fjárhúshóll heimild um fjárhús

66°01.085N 21°40.195V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 100 m suðaustur af Ingólfsfjarðarbænum (001). Þar er hóll sem nefnist Fjárhúshóll. Gamalt sléttað tún sem farið er að hlaupa í þúfur.

Engin tóft er sjáanleg en þó er Fjárhúshóllinn vel greinilegur. Bjarnveig Samúelsdóttir hefur eftir stjúpa sínum að þar hafi staðið fjárhús. Seinna voru steipt fjárhús byggð nokkru norðar. Þau hanga enn uppi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-022:015 heimild um kálgarð

66°01.161N 21°40.189V

Nr. 3 á túnakorti. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtagarður um 140 m austur af Ingólfsfjarðarbænum (001) sem ekki sést fyrir lengur. Gamalt tún sem farið er að hlaupa í þúfur.

Engin ummerki tóftar eða nokkurra mannvirkja eru sjáanleg en vegurinn liggur nokkra metra neðan við og gæti hæglega hafa hróflað við mannvistarleifum. Bjarnveig Samúelsdóttir kannast ekki við matjurtagarð á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort frá 1917

ST-022:016 náma mógrafir

66°00.878N 21°39.386V

Um 40 m austan við Seljá og 60 m ofan við veg eru mógrafir.

Grasigróinn stallur sem gengur fram úr hliðinni. Hálfþurr mýri.

Á stallinum hefur verið tekinn mór á svæði sem er um 80 x 30 m og liggur austur-vestur. Ekki er þó

mjög þétt stungið, bakkar eru víða á milli grafa. Dýpsta gröfin er um 0,7 m.

Hættumat: engin hætta


ST-022:017 tóft naust

Vestan megin (bæjarmegin) í Ingólfsfirði, alveg niður við veg, er tóft sem er um 6 m frá flæðarmálinu. Um 550 m norðaustan við Ingólfsfjarðarbæinn (001).

Grasi gróin og nokkuð brött brekka en slakki þar sem tóftin er.

Tóftin er hlaðin upp í brekkuna - mikið til úr grjóti. Hún er opin niður að sjó, alls 8 x 4 m og snýr norður-suður. Austari langveggurinn er mjög greinilegur, eingöngu úr grjóti en sá vestari er mun grónari og hrundari. Mesta hleðsluhæð er 0,9 m. Fast norðan við tóftina er lítill, láréttur stallur sem hugsanlega hefur verið fyrir spil eða annan útbúnað til dráttar.

Hættumat: engin hætta



896V



ST-022:018 tóft stekkur

Um 140 m vestur af Ingólfsfjarðarbænum 001, undir nokkuð háum og áberandi hjalla sem nefnist Nautahjalli, er tóft. Bjarnveig Samúelsdóttir telur að tóftin sé af stekk.

Aflíðandi og lynggróin hlíð. Kletthjalli ofan við og svo snarbrött hlíðin en tún neðan við.

Tóftin er nokkuð heilleg og skiptist í þrjú hól, tvö mynda meginhluta hennar og er opið á milli þeirra en svo er eitt byggt utan á þau. Tóftin er opin í suður en er byggð utan í tvö grettistöð að norðan. Töluvert grjót er í veggjunum þótt meginefni þeirra sé torf. Tóftin snýr norður-suður og er 16 x 10 m stór með grettistöðunum og utanálggjandi hólfinu. Mesta hleðsluhæð er 1,4 m.

Hættumat: engin hætta

ST-022:019 tóft beitarhús

66°00.867N 21°39.587V

Um 40 m vestan við Seljá, 30 m ofan við veg er tóft.

Aflíðandi, grasi- og lynggróinn hlíðarfótur.

Tóftin er eitt hól og mótar fyrir garða í miðju hennar. Hún er opin til norðurs og liggur norður-suður, alls 10 x 6,5 m. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Nokkrir steinar eru utanvert í veggjum að sunnan. Lítið viðbyggt hól er nyrst á vesturveggjum, 3,5 m á lengd og um 2 m á breidd.

Hættumat: engin hætta



66°01.196N 21°40.189V

ST-022:020 garðlag túngarður

Um 200 m norðaustan við Ingólfsfjarðarbæinn (001) sést greinilega horn túngarðs sem hlaðinn er úr grjóti.

Túngarðurinn er á þurru sléttlendi að mestu þótt blautt sé að suðvestan.

Túnakort virðist vera rétt með tilliti til túngarðsins, hann afmarkar að mestu túnið nema að norðan þar sem hann er u.þ.b. 20 m norðar en túnakortið segir til um. Túngarðurinn er meira og minna heill allan hringinn í kringum túnið eða í það minnsta vel sjáanlegur. Það er helst með sjónum sem hann hefur verið skemmdur vegna vegagerðar. Norður- og austurhlíð eru einvörðungu úr grjóti en suður- og vesturhlíð úr torfi og grjóti. 140 m gat er í vegginn á norðurhlíðinni. Mesta hleðsluhæð er 1,3 m og breiddin frá 0,5 m upp í 1 m. Garðurinn sést alls á um 680 m kafla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

5. Fornleifar og byggð

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, góflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum og geta orðir á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því oft mikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Á jörðunum 14 voru skráðir 12 bæjarhólar og 5 bæjarstæði. Skilgreiningin *bæjarhóll* er notuð ef uppsöfnun byggingarefna og ösku er greinileg á yfirborði. Ef hólmyndun sést ekki er hins vegar talað um *bæjarstæði*. Bæjarhólar í Árneshreppi eru yfirleitt vel sjáanlegir á yfirborði og í stærri lagi. Þótt bæjarhólar séu á vel á flestum bæjunum á skráningarsvæðinu er ástand þeirra misjafnt. Best varðveittir eru þeir líklega á Gjögri, Bæ og í Reykjanesi, lítið hefur verið hróflað við þeim í seinni tíð. Samt eiga þeir allir sameiginlegt að rústum á þeim hefur verið jafnað út en þó er ekki að sjá að þeir hafi verið lækkaðir mikið við þær framkvæmdir. Bæjarhólar á Melum og í Norðurfirði hafa verið sléttaðir út að nokkru leyti þótt ekki hafi verið byggt á þeim aftur. Í Litlu-Ávík, á Finnbogastöðum, í Árnesi, Krossnesi og Munaðarnesi standa nú íbúðarhús með kjallara, og því líklegt að þeir séu allir skemmdir. Á bæjarhól Eyrar hefur einnig verið byggt en það hús er reyndar án kjallara, þá var fjós sem nú hefur verið rífið á Ingólfsfjarðarhólnum. Á Felli er vitað hvar gamli bærinn stóð en þar sjást engin merki um bæjarhól; annaðhvort hefur hann því verið sléttaður eða uppsöfnun byggingarefna verið minni þar en víðast annarsstaðar á svæðinu.

Að auki voru skráð nokkur bæjarstæði, yfirleitt býla sem byggð voru um skamma hríð. Gíslabali í landi Litlu-Ávíkur var í norðurhlíð Arkarinnar. Þar var búið til 1959 og er túnstæðið allt óspillt með fjölda tófta (St-011:009). Hjalli hét annað býli í landi Litlu-Ávíkur, byggt um 1930 skammt utan túns. Þar var torfbær en öll ummerki um býlið hafa verið sléttuð undir tún. Hraun (St-012:012) hét bær sem byggður var skammt frá Stóru-Ávík 1908. Leifar bæjarins lentu undir steinsteyptu fjárhúsi en tóftir útihúsa frá býlinu sjást þar skammt frá. Í örnefnalýsingu greinir frá því að annað smábýli hafi verið nyrst í túni Stóru-Ávíkur þar sem heita *Tóftir*. Þar

sjást tvennar nokkuð umfangsmiklar tóftir en örðugt að sjá hvort þær eru af útihúsasamstæðum eða litlum bæjum. Í Jarðabók Árna og Páls er getið um tvennar býlisrústir í landi Finnbogastaða. Aðrar segja þeir að Árnesá hafi brotið að mestu en staðsetningu hinna er ekki lýst og sumarið 2002 fundust engar tóftir sem gefa tilefni til að ætla að þær séu af fornu býli. Dalkot (St-014:005) hét býli í Árnesdal, í landi Bæjar. Tóftir þess sjást enn vel, líklega best varðveittu tóftir smákots á skráningarsvæðinu. Á Seli (St-015:010) í landi Árness eru töluverðar tóftir og hafa verið uppi getgátur um að þar hafi verið býli. Um það verður ekki dæmt af útlitinu einu saman. Hlíðarhús (St-016:014) hét hjáleiga frá Melum sem var í byggð 1706 en sagnir greina frá að bæinn hafi tekið af í snjóflóði. Þar sést þó rústahóll og greinilegar tóftir að auki sem ekki er óhugsandi að séu af yngri mannvirkjum. Önnur gömul hjáleiga, Steinstún, var í Krossneslandi. Bærinn var í eyði 1706 en þá var greint frá gömlum byggingarleifum þar. Hann hefur svo byggst upp síðar og er enn í byggð. Felli var árið 1706 skipt í Fell Innra og Fell Nyrðra. Var Fell Innra þá sagt í eyði. Nú er til örnefnið Litlafell og vitað að þar voru rústir og síðar beitarhús en nú eru öll þessi ummerki horfin undir tún. Líklegt er að Innra Fell og Litlafell hafi verið einn og sami bærinn. Eyðishús hét fornt býli í Munaðarneslandi (St-020:002), þar var aftur byggt á 20. öld og hét þá Fagrihvammur. Þar sést nokkuð myndarlegur bæjarhóll og nokkrar tóftir að auki, sennilega frá síðasta byggingarskeiði Fagrahvamms. Miðhús (St-020:009) hét annað býli sem heimildir greina frá í Munaðarneslandi en nú sjást engar leifar þess, enda hefur tún verið gert á staðnum. Samkvæmt munnmælum tók bæinn af í snjóflóði fyrir mörgum öldum. Í Jarðabók Árna og Páls er greint frá því að búið hafi verið um eins árs skeið á Grímsnesi (St-021:011) við Ingólfsfjörð, norðaustur frá Eyri. Þar sást einnig töluverðar tóftir og garðlög sem þóttu benda til að þar hefði verið föst búseta á árum áður. Nú sjást þar einungis beitarhúsatóftir. Þórustaðir voru enn eitt býlið sem Jarðabók Árna og Páls getur um, skammt frá Ingólfsfjarðarbænum (St-022:006). Þar einnig eru nær öll ummerki horfin vegna túnræktar en þó vottar fyrir mjög fornlegum túngarði skammt utan túnsins.

heiti (nr.)	í byggð	ástand rústa
Gíslabali (St-011:009)	seinni hl. 19. aldar - 1959	gott
Hjalli (St-011:004)	1930-	horfið
Hraun (St-012:012)	1908-1948	rústir útihúsa sjást
Litlanes (St-013:019)	löngu fyrir 1706	horfið
-ónefnt- (St-013:031)	löngu fyrir 1706	horfið
Dalkot (St-014:005)	1878-1882	gott
Sel		
Hlíðarhús (St-016:011)	1706	sæmilegt
Steinstún (St-018:027)	í eyði 1706, byggt aftur síðar	sæmilegt
Fell Innra (Litlafell) (St-019:002)	komið í eyði 1706	horfið
Eyðishús/Fagrihvammur (St-020:002)	komið í eyði 1706, byggt aftur 1940-1951	slæmt
Miðhús (St-020:009)	löngu fyrir 1706	horfið
Þórustaðir (St-022:006)	fyrir 1706	horfið
Grímsnes (St-021:011)	löngu fyrir 1706	horfið

Yfirlit helstu býla á skráningarsvæðinu

Nokkur smábýli voru í landi Gjögurs, þeirra helst Grænhóll og Fagrabrekka en byggðust ekki fyrr en upp úr aldamótunum 1900 og eru því ekki í fornleifaskránni. Hjalli er hér aftur á móti skráður því vitað er að það var torfbær. Eins og sést af þessari samantekt hefur byggð á svæðinu vaxið á 19. öld og allt fram á þá 20. Tengist þessi vöxtur vafalaust aukinni sjósókn og þá einna helst hákarlaútgerð frá Gjögri. Ekki hafa verið miklir möguleikar til þenslu í landbúnaði, enda landrými lítið. Ágætis dæmi um það er býlið Dalkot sem aðeins byggðist í fáein ár seint á 19. öld en fór svo í eyði „vegna bjargarskorts“. Upplýsingar eru til um nokkur býli til viðbótar en af mjög skornum skammti og ekkert vitað um hvenær þau byggðust eða hversu lengi byggðin varði, aðeins er ljóst að það hefur verið löngu áður en Jarðabók Árna og Páls var rituð 1706. Það er athyglisvert að um þau næstum öll segir í jarðabók eða munnmælum að þau hafi eyðst vegna snjóflóða. Það er ekki sérstök ástæða til að efast um að snjóflóð hafi ógnað byggðum bóllum á Vestfjörðum. Samt er freistandi að geta þess til að um sé að ræða e.k. alþýðuskýringu. Samsvarandi útskýringar á

eyðingu byggðar eru til víða en yfirleitt þess eðlis að bæir hafi eyðst í Svartadauða eða plágunni. Samkvæmt Fitjaannál náði plágan síðari ekki til Vestfjarða og virðist henni sjaldan kennt um eyðingu byggða á Vestfjörðum, a.m.k. í jarðabókinni. Vert er að velta fyrir sér öðrum orsökum fyrir eyðingu byggða, t.d. að landið hafi einfaldlega ekki borið öll þessi býli þegar frá leið. Væri fróðlegt að leita svara við þeirri spurningu hvort vægi fiskveiða hafi í upphafi verið mjög mikið en síðan minnkað á kostnað landbúnaðar, t.d. sauðfjárræktar, sem krafðist landrýmis. Ruslalögin sem grafin voru upp á Gjögri styðja þessa tilgátu. Þar voru fiskbein í yfirgnæfandi meirihluta neðst í haugnum en þegar ofar dró urðu bein úr húsdýrum meira áberandi. E.t.v. er þetta vísbending um þróun búskapar og byggðar í hreppnum en frekari vitneskja um efnið krefst víðtækra fornleifarannsókna.

Kirkjur og mannabein

Kuml úr heiðnum sið hafa ekki fundist í hreppnum frekar en annarsstaðar í Strandasýslu. Orsakir þessa kumlaskorts eru ekki ljósar. Hugsanlegt er að um megi kenna tiltölulega litlum framkvæmdum í landbúnaði miðað við mörg önnur héruð. Þá er lítið sem ekkert um rof af völdum uppblásturs í Árneshreppi en flest kuml á Íslandi hafa einmitt fundist vegna gróðureyðingar.

Sóknarkirkja var í Árnesi og er hennar getið í kirknaskrá Páls árið 1200. Nú standa, eins og kunnugt er, tvær kirkjur á staðnum, sú eldri byggð um 1850 og er hún nýuppgerð. Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og harla litlar leifar sjást um eldri mannvirki þar utan óljósra leifa torfgarðs norðan kirkjunnar. Í Bæ er friðuð kirkjutóft ásamt kirkjugarði, kennd við Finnboga ramma. Samkvæmt munnmælum byggði hann sér bæ á Finnbogastöðum, skaut ör af boga af bæjarhlaðinu og byggði sér kirkju þar sem hún kom niður, við Bæ. Ennfremur herma sagnir að kirkjan hafi síðar verið færð í Árnes því að ljós sást oft að kvöldlagi á balanum handan við Árnesá og þótti það bending frá almættinu um að færa kirkjuna.⁴ Margt má ráða af munnmælum sem þessum þótt þau hafi á sér þjóðsögubrag. Ljóst er að fólk hefur fundið hjá sér þörf til að útskýra staðsetningu kirknanna og ástæðu þess að svo skammt var milli kirkna og greftrunarstaða á Bæ og í Árnesi. Vísbendingar um bænhús eða hálfkirkjur eru á tveimur öðrum bæjum á svæðinu. Í Krossnesi fundust nokkrar beinagrindur þegar grafið var fyrir húsgrunni nálægt gamla bæjarstæðinu (sjá St-018:010). Sneru þær frá

⁴ Haukur Jóhannesson 2001, 40.

austri til vesturs og voru engir gripir hjá beinagrindunum. Bendir það til að grafreiturnar sé úr kristni. Í Reykjanesi heitir Bænhúsflöt (St-010:002) skammt sunnan bæjarhóls en þar sjást engar mannvirkjaleifar nú. Svipaða sögu er að segja af Munaðarnesi; þar er Bænhúsvöllur (St-020:013) en þar eru nú aðeins unglegar hleðsluleifar, líklega af náttuga.

Verbúðir

Alkunna er að sjósókn var um aldaraðir og líklega frá upphafi mikilvæg fyrir afkomu þeirra sem í hreppnum bjuggu. Verbúðir voru því algengar við sjávarsíðuna þar sem bátar voru gerðir út. Langflestar hafa þær verið á Gjögri, endar var þar mikil hákarlaverstöð allt til fyrri hluta 20. aldar. Yfirgnæfandi meirihluti þessara verbúða er nú horfinn. Til er nokkuð greinargóð lýsing á verbúðum á Gjögri eins og þær litu út á síðari hluta 19. aldar:

Búðir þessar voru byggðar þannig, að allir veggir voru úr torfi og grjóti. Lengdin var 6-9 álnir og breiddin 5-6 álnir. Þær, sem ætlaðar voru tveimur skipshöfnum, voru vitanlega stærri. Allar voru þær byggðar með grind, portbyggðar og með lofti. Rúm voru með báðum hliðum á lioftinu. Þiljað var bak við rúmin upp að syllum og svo fyrir báða gafla. Reisifjöl var á langböndum eður þétt árefti. Litlir gluggar voru á annarri hliðinni rétt við gafl. Á hinni hliðinni voru dyr að litlu eldhúsi, sem var þeim megin búðarinnar. Búðir þessar líktust því allmjög venjulegum sveitabaðstofum, eins og þær tíðkuðust á þeim árum, og sízt lakari en hinar lélegustu, enda ekki vanþörf á þolanlegum húsakynnum þar, sem menn áttu að búa harðasta og kaldasta tíma ársins og leita þar húsa að loknum sjóferðum, sem oft höfðu staðið yfir, svo að sólarhringum skipti, og þá oft í kafaldsbyljum og frosti.⁵

Heimildir geta um alls 24 búðanöfn á Gjögri og verða þau hér sett upp í töflu til einföldunar með tilvísan í heimild og lýsingu á ástandi.

Nafn búðar	Heimild	Ástand
Broddanesbúð	Ö-Gjögur, 2	horfið
Hleinabúðir	Ö-Gjögur, 2	horfið
Djúpubúðarhólar	Haukur Jóhannesson 2001, 31	ekki vitað
Veröld	Pétur Jónsson 1947, 115	staðsetning óljós
Nesbúð	Ö-Gjögur, 5; Pétur Jónsson 1947, 124; Kort Nielsar Jónssonar af 1913	horfið (sást enn 1938)

⁵ Pétur Jónsson 1947:115.

Fellsbúð	Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Félagsbúð	Ö-Gjögur, 5; Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Jónsbúð	JÁM VII, 344	staðsetning óþekkt
Samsonarbúðir	Ö-Gjögur, 6	horfið
Hellubúð	Kort Nielsar Jónssonar 1913; Pétur Jónsson 1947:114-115	horfið
Minni-Hellubúð	Kort Nielsar Jónssonar 1913; Pétur Jónsson 1947:114-115	horfið
Jónatanshús	Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Kleyfabúð	Kort Nielsar Jónssonar 1913; Pétur Jónsson 1947:114-115	horfið
Reykjanesbúð	Túnakort frá 1917; Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Bæjarbúð	Túnakort 1917; Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Þórðarbúð	JÁM VII, 343	staðsetning óþekkt
Andresarbúð	JÁM VII, 343	staðsetning óþekkt
Meinþröng/Ræpa	Ö-Gjögur, 5; Kort Nielsar Jónssonar 1913	horfið
Björnsbúð	JÁM VII, 343-344	staðsetning óþekkt
Sigurðarbúð	JÁM VII, 343	staðsetning óþekkt
Búð Einars Pálssonar	JÁM VII, 343	staðsetning óþekkt
Búð Einars Magnússonar	JÁM VII, 343	staðsetning óþekkt
Búð sr. Bjarna	JÁM VII, 342	staðsetning óþekkt

Líklegt er að gegnum aldirnar hafi verið til mun fleiri búðanöfn sem nú eru glötuð. Þetta þarf þó ekki að þýða að búðirnar hafi verið jafnmargar og nöfnin gefa til kynna; væntanlega hafa þær verið endurbyggðar eftir þörfum og nefndar eftir formönnum áhafna eða bæjum, allt eftir því hvað átti við. Þá er ljóst að sumar búðanna voru sambyggðar, t.d. Fellsbúð og Nesbúð. Aðrar voru þekktar undir fleiri en einu nafni, þannig eru Meinþröng og Ræpa líklega ein og sama búðin.

Eins og sést af töflunni eru allar þær búðir sem heimildir geta um á Gjögri nú horfnar. Stafar þetta af mikilli uppbyggingu á staðnum snemma á 20. öld, örlög flestra verbúðanna hafa verið að lenda undir nýbyggingum. Þrátt fyrir þetta má enn finna verbúðaleifar á Gjögri. Ber þar fyrst að nefna tóftir í Akurvík (St-009:043) sem voru rannsakaðar með fornleifauppgrefti um 1990 og fjallað var um í 3. kafla. Þá fundust við vettvangsathugun tóftir (St-009:023) við Sog, sunnan Akurvíkur sem hugsanlega gætu verið af gömlum verbúðum. Ennþá sunnar við ströndina vottar fyrir

nokkrum samhangandi, litlum tóftum (St-009:031) sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndu en vitanlega er ekki hægt að skera úr um það nema með fornleifarannsókn.

Vitað er um nokkrar verbúðir á öðrum bæjum á skráningarsvæðinu. Á Bæ var Dagsbúð (St-014:024), kennd við Dag Sveinsson bónda á Bæ á síðari hluta 19. aldar. Í örnefnalýsingu Árness er talað um verbúðartóft (St-015:009) við Oddalendingu. Þar sést nú aðeins óglögg dæld og ekkert er vitað frekar um verbúðina. Svonefnd Búðartóft (St-020:017) var skammt frá Munaðanesi og sagt að þar hafi verið legið við um hákarlatímenn. Hún var sléttuð undir tún. Þótt þessar síðarnefndu tóftir hafi verið kallaðar „verbúðir“ er eins líklegt að þær hafi tengst heimræði frá bæjunum og frekar verið notaðar til geymslu á vergögnum en að menn hafi raunverulega hafst við í þeim líkt og á Gjögri.

Sel og beitarhús

Eins og fram hefur komið hér að framan byggðist afkoma íbúa í Árneshreppi að miklu leyti á sjósókn en landbúnaður, einkum sauðfjárrækt, var einnig töluverð atvinnugrein. Það er einmitt athyglisvert að skoða fjölda og dreifingu mannvirkja sem tengjast sauðfjárrækt í hreppnum, t.d. í samanburði við landbúnaðarhéruð.

Aðeins er vitað um sel á þremur bæjum af tólf: Í Árnesi (St-015:010) og Litlu- og Stóru Ávík (St-011:010 og St-012:037). Rústir Ávíkurseljanna eru á Ávíkurdal, sínar hvorumegin við Ávíkurá. Selin hafa verið nálega gegnt hvort öðru og á báðum stöðum sjást myndarlegar rústir. Sel í Árnesi var á Árnesdal, við rætur Árnesfjalls. Þar eru fornlegar rústir allmiklar og hafa verið uppi getgátur um að hafi verið býli forðum. Örnefnið Seljá og Seljárdalur eru í Ingólfssfirði en hvergi sjást þar selrústir og heimildir greina ekki frá seli í nágrenninu.

Beitarhús eru þekkt á 7 bæjum: Reykjanesi, Ávík meiri, Finnbogastöðum, Felli, Munaðarnesi, Eyri og Ingólfssfirði. Í öllum tilvikum nema einu hafa þau verið byggð skammt upp af sjávarkampinum og fénu því verið beitt í fjöruna. Undantekningin er *Beitarhúsa hjalli* í landi Finnbogastaða, þar sést tóft sem reyndar líkist ekki dæmigerðum beitarhúsum (St-013:015). Önnur beitarhús á Finnbogastöðum voru niður við sjó (St-013:013), þakið á þeim hangir enn uppi. Bæði á Reykjanesi og Munaðarnesi hafa beitarhúsin verið byggð á svonefndu Byrgi. Það gæti bent til að þar hafi áður verið minni byrgi fyrir útigangsfé, e.k. forverar beitarhúsanna. Það er athyglisvert að mesta gras- og undirlendi svæðisins, Ávíkurdalur og Árnesdalur, hafa ekki verið nýttir fyrir vetrarheit. Ástæðan fyrir því

er líklega einföld: Þar er of snjóþungt. Fé hefur hins vegar átt greiða leið að þangi í fjörunni, burtséð frá snjóalögum. Því hefur legið beinast við að hafa beitarhús þar, ef menn höfðu þau á annað borð. Á heildina litið hefur seljabúskapur tíðkast óvenjulítið á skráningarsvæðinu sem og sá siður að hafa fé á beitarhúsum. Þetta kemur líklega fáum á óvart og helgast að mestu af atvinnuháttum og litlu landrými.

Stekkir og kvíar

Kvíar og stekkir voru á flestum bæjum á Íslandi fram á 20. öld. Hvoru tveggja voru aðhöld sem voru ómissandi við fráfærur og mjaltir á ám. Yfirleitt voru þau hlaðin úr torfi og grjóti en í seinni tíð fóru þó að tíðkast færiskvíar úr trégrindum. Stekkir voru yfirleitt í nokkurri fjarlægð frá bæ, notaðir fyrst á vorin meðan lömbin gengu enn undir mæðrum sínum. Kvíar voru hins vegar oftast í túnnum eða túnjöðrum. Í þeim voru ærnar mjólkaðar eftir að lömbin höfðu verið vanin undan þeim og rekin á fjall. Fráfærur tíðkuðust víða fram á 20. öld.

Í Árneshreppi og víðar á Vestfjörðum eru örnefni með orðliðnum *–ból-* mjög algeng. Virðast þau oft vísa á kvíaból og stundum eru beinar heimildir fyrir því að kvíar hafi verið á bólunum. Víða sjást tóftir á þeim. Bólbrekka (St-010:014) er skammt utan Reykjanestúns, þar eru greinilegar tóftir sem gætu reyndar einhverjar verið af útihúsum. *Ból* (St-011:012) er á Litlu-Ávík og þar sjást óveruleg tóftabrot en kvíar voru einnig í Gamla-Nátthaga (St-011:006) sem enn er heillegur. *Fornaból* (St-012:014) er í Stóru-Ávík, þar eru greinileg fornleg tóftabrot. *Ból* (St-013:026) hét eitt horn nátthaga á Finnbogastöðum; þar voru færiskvíar í seinni tíð. Annað *Ból* var á Melum (St-015:013) og þar er tóft sem er sögð eftir kvíar. Þá var *Ból* (St-019:008) á Felli og þar munu hafa verið tóftir sem nú eru horfnar undir byggingar. *Bólhjallar* eru í Ingólfsfirði en ekki er ljóst hvort þar eru tóftir (St-022:012). Tóftir með með heitinu *Kvíar* voru á fjórum stöðum. Tvær þeirra eru illa farnar vegna vegagerðar, í Árnesi (St-015:013) og Norðurfirði (St-017:009). Heillegar kvíatóftir eru hins vegar í Krossnesi (St-018:016) og Munaðarnesi (St-020:024).

Tóftir stekkja voru á mörgum bæjum og stundum fleiri en einn á hverjum bæ. Á Gjögri var stekkur (St-009:007) byggður á tanganum Hleinabúðum, sennilega á rústum verbúða. Tóftir hans eru enn greinilegar. Á Reykjanesi er vitað um tvær stekkjatóftir, aðra neðst í hlíðum Reykjaneshyrnu (St-010:009) en hina við Stekkjarvatn (St-010:012). Í Litlu-Ávík er örnefnið Litli-Stekkur við sjóinn norðan bæjar en þar eru óverulegar tóftaleifar (St-011:005). Hins vegar voru þar tveir afgirtir

nátthagar utan túns og líklegt að stíað hafi verið í þeim. Í Stóru-Ávík er lagleg stekkjartóft í Stekkjarvík og í Árnesi eru tvær tóftir á Stekkanesi (St-015:002). Á Finnbogastöðum er tóft við sjávarsíðuna sem líklega er af stekk (St-013:012). Á Melum er til örnefnið Stekkur en þar sjást engin mannvirki og hugsanlegt að þau hafi látið undan síga fyrir ágangi sjávar. Í Norðurfirði benda heimildir til tveggja stekkja, vel varðveitt stekkjartóft (St-017:007) er á Stekk en hins vegar sjást engin mannvirki við Stekkjarhjalla (St-017:010).

Mótekja

Vitað er um geysimarga staði þar sem mór var tekinn á skráningarsvæðinu, eða alls 27. Ekki er vitað um mógrafir á tveimur jarðanna, Gjögri og Eyri. Annarsstaðar var mó að hafa og sumsstaðar mikinn, t.d. á báðum Ávíkurbæjunum og í Bæ. Ávíkurdalur er víða undirlagður af mógröfum, einkum austan Ávíkurár. Sömu sögu er að segja af Árnesdal og mýrlendinu upp af Norðurfirði. Mógrafir eru óvíða jafn greinilegar og bæjunum á skráningarsvæðinu, enda var mór tekinn óvenju lengi í hreppnum, allt fram undir 1970 á sumum bæjum. Þá sjást enn víða leifar af smátóftum á þurrlendum holtum og hæðum við grafirnar, þar hefur verið hlaðið um mó þótt einhverjar tóftanna kunni að vera af heystæðum.

6. Niðurstöður

Með þessari skýrslu er lokið fyrri áfanga fornleifaskráningar í Árneshreppi. Ætla má að með skýrslunni fáið mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa á umræddu svæði þótt ekki sé þar með sagt að hún sé tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á alla þekkta minjastaði og við þá yfirreið fundust allmargir staðir sem heimildir gátu ekki um. Heildarfjöldi skráðra minjastaða í þessum áfanga er 462. Hættumat var gert fyrir alla minjastaði og reyndust 190 staðir ekki í neinni hættu en 213 staðir í hættu. Í stórhættu eru einungis tveir staðir. Annars vegar er það sjóbúðartóft (St-022:002) í Ingólfsfirði. Leifar hennar sjást enn á bakka Seljár en ljóst að áin grefur undan tóftinni og þannig brotnar stöðugt af henni. Hins vegar er það stekkjartóft (St-019:009) í Fellslandi, hún er á sjávarbakka og berst grjót yfir hana. Yfirleitt steðjar ekki bráður voði að tóftum sem teljast í hættu. Flestar eru þær metnar svo vegna ábúðar, þá yfirleitt af því að þær eru í túnum eða nálægt öðrum svæðum

sem líkleg eru til að raskast við venjulegan búskap eins og túnrækt, skepnubeit og þess háttar. Aðrar algengar hættuorsakir eru vegagerð og rof, þá aðallega af sjávar völdum.

Friðlýstir staðir á svæðinu eru tveir, Trékyllisnaust í Árnesi (St-015:006) og leifar kirkjugarðs í Bæ (St-014:002). Báðir staðirnir voru friðlýstir 1930. Á þeim tíma var algengast að friðlýsa minjar sem tengdust annaðhvort þing- eða helgihaldi eða fornmönnum, þá helst með tilvísan í Íslendingasögur eða önnur fornrit. Falla báðir þessir minjastaðir ágætlega í þennan flokk. Ástand beggja er með ágætum þótt reyndar sé nauststöftin á góðri leið með að hverfa í stórbýfi.

Ekki er hægt að ljúka skýrslu sem þessari án þess að minnst á hinar stórbrotnu minjar um síldarvinnslu á Eyri í Ingólfsfirði. Þær teljast ekki til fornleifa í lagalegum skilningi en eru engu að síður ómetanlegur vitnisburður um atvinnuhætti og uppsveiflu þá sem varð í hreppnum á síldarárunum. Líklega er það vilji margra að varðveita sem flest húsanna á Eyri en slíkt kostar auðvitað mikla fjármuni. Óhætt er að mæla eindregið með varðveislu síldarmannvirkjanna, a.m.k. að reynt verði að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu á þeim.

Kynning og varðveisla minja

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um kynningu og varðveislu minja. Það skal ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Eftirtaldir staðir skara þó framúr að einhverju leyti og hafa ýmist varðveislu-, rannsóknar- eða kynningargildi:

1) Minjar í Akurvík og við Hákarlavog (St-009:022, 023 og 043).

Fornleifarannsókn hefur leitt í ljós að hluti af rústum verbúða við Akurvík er allt frá 13. öld eða jafnvel fyrr. Líkar rústir eru skammt sunnar, við Hákarlavog, og þá er stór rúst ofar við Akurvíkina sem gæti verið af bæ. Engar heimildir eru um búsetu eða búðsetu í Akurvík. Í rústunum felst mikil vitneskja um upphaf og fyrirkomulag fiskveiða á Íslandi.

2) Bæjarhóll á Gjögri (St-009:001). Margir bæjarhólar á skráningarsvæðinu eru vel varðveittir og óvenju stórir um sig. Bæjarhóllinn á Gjögri er líklega þeirra stærstur og fornleifarannsókn hefur sýnt að lífrænar leifar í honum eru í góðu

ástandi en það er ekki sjálfgefið. Bæjarhóllinn er merkt rannsóknarefni og hann ætti hiklaust að varðveita.

- 3) **Rústir kirkju og kirkjugarðs á Bæ** (St-014:002). Friðlýstar minjar sem alls ekki má raska. Ekki er vitað hvenær kirkjugarðurinn fór úr notkun en það eitt og sér er merkt rannsóknarefni. Þá geta mannabein gefið upplýsingar um sjúkdóma, matarræði, aldur og kyn fólks svo eitthvað sé nefnt.
- 4) **Túnstæðið á Reykjanesi**. Það er eina túnið frá seinni tíð á skráningarsvæðinu sem stendur óspillt með bæjarhól og flestum rústum útihúsa ásamt túngarði. Túnstæðið er í heild sinn mikilvæg heimild um búskap á svæðinu fram yfir miðja 20. öld.
- 5) **Seltóftir Litlu- og Stóru-Ávíkur á Ávíkurdal** (St-011:010 og St-012:037). Af fornleifaskráningu að dæma hefur seljabúskapur lítið verið stundaður á skráningarsvæðinu. Seltóftirnar eru ósnortnar með öllu og mikilvægar heimildir um þennan þátt í búskaparsögu Árneshrepps.
- 6) **Síldarminjar á Eyri**. Þótt þær teljist ekki til fornleifa er ljóst að um merkar minjar er að ræða. Hiklaust ætti að koma í veg fyrir að þær eyðileggist enn frekar.
- 7) **Fagrihvammur** (St-020:002). Þar sjást miklar rústir, misgamlar, og bæjarhóll. Býli var þar fyrr á öldum en var komið í eyði fljótlega eftir 1700. Tóftirnar hafa rannsóknar- og varðveislugildi.
- 8) **Beitarhús á Hellisgrundum** (St-013:013). Húsin eru ekki mjög gömul en byggð í gömlum stíl og hangir þak á þeim enn uppi. Þau standa á fallegum stað við Trékyllisvíkina og gætu vafalaust haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þá eru þau prýðileg heimild um verklag sem er óðum að hverfa.
- 9) **Hlíðarhús** (St-016:011). Á Hlíðarhúsum er talið að hafi verið býli sem þó var komið í eyði 1706. Þar sjást rústir, líklega misgamlar. Þær hafa ótvírætt varðveislugildi.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- FF:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Finnboga saga ramma. 1981. Íslendingasögur, IX. bindi. Ritstjóri G. Jónsson. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Grettis saga Ásmundarsonar. 1981. Íslendingasögur, VI. bindi. Ritstjóri G. Jónsson. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Haukur Jóhannesson. 2001. *Stundir á Ströndum*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Haukur Sigurðsson. 1992. „Íshús Nielsar Jónssonar á Gjögri.“ *Strandapósturinn* 26, 129-149.
- JÁM VII:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VII. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- McGovern, Thomas & Thomas Amorosi. 1992. *Archaeological Investigations in Arneshreppur, Northwest Iceland: A Preliminary Report of Results of the 1990 Field Season of the Icelandic Paleoeconomy Project* [Áfangaskýrsla].
- McGovern, Thomas. 1992. „Frumniðurstöður fornleifakönnunar í Arneshreppi, Strandasýslu, árið 1990.“ *Strandapósturinn* 26, 36-43.
- Pétur Jónsson. 1947. *Strandamannabók*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Ragnar Edvardsson. 2002. *Fornleifar í Arneshreppi á Ströndum. Svæðisskráning* (FS174-02051). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Sturlunga saga I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.
- .

Óprentaðar heimildir

- Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory. New York.
- Kort Nielsar Jónssonar af Gjögri 1913. Afrit geymt á Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Bær:** Örnefnalýsing Bæjar. Skráð af Guðmundi P. Valgeirssyni 1975. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Finnbogastaðir:** Örnefnalýsing Finnbogastaða. Skráð eftir Guðjóni Magnússyni 1979 með hliðsjón af eldri lýsingum. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Gjögur, aths. og viðb. A: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Gjögurs, skráðar eftir Valdimar Thorarensen 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Gjögur, aths. og viðb. B: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Gjögurs, skráðar eftir Valdimar Thorarensen 1988 eða 1989. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Gjögur: Örnefnalýsing Gjögurs. Skráð eftir Sörla Hjálmarssyni 1958. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ingólfsfjörður EÓ: Örnefnalýsing Ingólfsfjarðar. Elísabet Óladóttir og Jón Valgeirsson skráðu 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ingólfsfjörður HJ: Örnefnalýsing Ingólfsfjarðar. Haukur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Krossnes EV: Örnefnalýsing Krossness. Skráð eftir Eyjólf Valgeirssyni 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Krossnes HJ (b): Örnefni í og við fjöru á Krossnesi í Árneshreppi. Haukur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands.


Ö-Krossnes HJ: Örnefnalýsing Krossness. Haukur Jóhannesson skráði eftir Skarphéðni Njálssyni með hliðsjón af eldri lýsingum. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Litla Ávík HJ: Örnefnalýsing Litlu-Ávíkur í Árneshreppi. Haukur Jóhannesson tók saman. Reykjavík - febrúar 2002.


Ö-Litla-Ávík: Litla Ávík. Pálína Þórólfsdóttir og Þórólfur Guðfinnsson skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stóra-Ávík HJ: Örnefnalýsing Stóru-Ávíkur í Árneshreppi. Haukur Jóhannesson tók saman. Reykjavík - febrúar 2002.


Ö-Stóra-Ávík: Stóra-Ávík. Skráð eftir Ingibjörgu Guðmundsdóttur 1978. Örnefnastofnun Íslands.




Kort 1: Yfirlitskort. Dreifing minjastaða og landamerki, sýnd með rauðri brotalínu. Gráu skikarnir eru útlínur túna eins og þau voru 1917.




Kort 2: Gjógur og Reykjanes




Kort 3: Litla- og Stóra-Ávík




Kort 4: Árneshreppur, Bær og Finnboga- staðir



Kort 5: Melar



Kort 6: Norðurfjörður, Krossnes og Fell



Kort 7: Ingólfssfjörður, Eyri og Munaðarnes

Viðauki: Óstaðsetjanlegir minjastaðir úr fornleifaskrá Hunter College (sjá umfjöllun í 3. kafla). Þar sem getið er um staðsetningu er stuðst við minjakort í skýrslu um svæðisskráningu í Árneshreppi.⁶ Það var byggt á ónákvæmum gögnum.

Reykjanes

ST-010:032 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu vísindamenn frá Hunter College, New York, tóft sem er innan við 2 km austur af bæjarstæði Reykjanes (001). Þeir töldu að tóftin gæti verið eftir móhruk eða heystæði. Hún var ekki skoðuð aftur sumarið 2002.

Lýsingin úr dagbók þeirra er svona: "Another turf drier located on a low gravel spit. No real southern exposure. Site is also located near a turf cutting area."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-010:033 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft sem er hátt í 4 km suðaustur af bæjarstæði Reykjanes (001). Töldu þeir líklegt að hlaðið hefði verið um hey eða móhruk. Tóft þessi var ekki skoðuð á ný sumarið 2002; þó er ekki útilokað að hér sé að ferð sama mannvirki og hér er skráð númer 020. Teikningum af mannvirkjunum ber þó ekki saman og því eru þau skráð hér sitt í hvoru lagi.

Lýsingin frá 1990 er svona: "Once again another turf structure/ drier facing southerly direction. The southern wind acts as a good updraft. Site is also sheltered into what looks to be a higher lake terrace."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

Ávík Minni

ST-011:025 tóftir óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, fjórar tóftir norðarlega í Ávíkurdal. Þeir töldu að tóftirnar væru misgamlar en höfðu engar tilgátur um hlutverk þeirra. Þær voru ekki skoðaðar aftur sumarið 2002. Þess má geta að langflestar tóftir í Ávíkurdal eru af heystæðum eða eftir móhruka og ekki ólíklegt það eigi við um þessar tilteknu tóftir.

Lýsingin frá 1990 er svona: "All of the ruins are situated on banks of gravel, sticking up from the bog around it. Vegetation is pretty dense but some erosion on the surface of the banks. Mouth of Ávíkurdalur. Not more than 50 m between structures. From the vegetation it seems that the structures are of different period. (NB This site is recored three times)."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:026 garðlag óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft suðvestan Reykjaneshyrnu. Staðsetning tóftarinnar er býsna ónákvæm á korti sem til er í handriti. Svæði var skoðað lauslega sumarið 2002 en engin tóft fannst sem kemur heim og saman við lýsingu þeirra. ...

Lýsing þeirra er á þessa leið: "No artifacts present. Garden with a southern exposure and protection from a southerly seaward wind – similar to (4901-a) 4901-30."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:027 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft skammt sunnan Reykjaneshyrnu. Að öðru leyti er staðsetning ónákvæm en engin tóft fannst þar sumarið 2002.

Lýsingin frá 1990 er svona: "The site is 30m at a bearing of 232° from 4901-24. Well preserved structure, tall straight walls, ca. 40 m tall, good green vegetaiton on walls. In Ávíkurdalur. The structure might be a rectangular hut wich overlaps another structure."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:028 tóft óþekkt

⁶ Sjá: Ragnar Edvardsson 2002, 113.

Sumarið 1990 skráðu bandarískir fornleifafræðingar ásamt Vilhjálmí Erni Vilhjálmssyni tóft nálægt mynni Ávíkurdals. Nákvæm staðsetning hennar er óþekkt.

Lýsingin á tóftinni er fremur fátægleg: "Ávíkurdalur. Site is a rounded structure perhaps walls ." Sennilega var þessi tóft ekki skoðuð sumarið 2002, þó er þetta af teikningu að dæma hugsanlega sama mannvirki og hér á undan er merkt nr. St-011:011. Sennilega eru það ummerki eftir móhrauk.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:029 garðlag óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft á Ávíkurdal, ekki langt frá mynni hans. Að öðru leyti er staðsetning hennar óþekkt og tóftin líklega ekki skoðuð sumarið 2002.

Lýsingin frá 1990 er svona: "Two structures visible these are adjoining garden plots. The construction of the garden is rather simple. A stone lined foundation and an approximately 5 meters of turf placed on top. The gardens also have a good southern exposure and protected from the southerly wind. There are high þúfur directly to the north and east. Perhaps some of this turf is the result of turf cutting activities. The þúfur's height in the extreme approaches 8m. 10.7.90." Ekki er óhugsandi að þetta sé sami staður og hér á undan hefur númerið St-011:032.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:030 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu bandarískir fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft norðarlega í Ávíkurdal. Að öðru leyti er staðsetning fremur óljós. Þessi tóft var ekki skoðuð aftur 2002.

Lýsingin frá 1990 er býsna gloppótt: "Low melted, very collapsed small building on a low ridge running on a..... of about 45°. The ridge is higher than the surrounding mýri and is covered Walls are about 30m high - turf + some rock - perhaps....."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:031 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tvær tóftir í Ávíkurdal, á svæði þar sem klárlega hafði verið mótekja og torfrista. Staðsetning tóftanna er harla óviss. Þær voru líklega ekki meðal þeirra tófta sem skráðar voru sumarið 2002. Sennilega hafa þær verið í námunda við Mólæk 034.

Lýsingin frá 1990 er svona: "In Ávíkurdalur. Two turf structures. Three turf cutting areas. The two turf structures are on the southern face of this gravel spit. Similar to 4901-30. I would assume this orientation is for wind protection against a seaward southerly wind. As to the actual function of these turf structures, perhaps there are two: 1) A garden of sorts. There high up from the mýri and well drained.

2) Turf drying areas. Although they have a southern exposure. There is enough wind to act as a freeze drier for turf. (What the fuck?) Also there is some disturbance from the phone lines going across this area. The 1706 Árni Magnússon register mentions that the head of the Ávíkurdalur was a good place for cutting turf and fuel. 4901-41 would seem to be such an area. There are two types of turf that could be collected here. A turf for construction and one for fuel. It seems that 4901-41 has evidence for both. I would assume that the larger flat areas are for construction. The smaller rounder and deeper cuttings for fuel. 11.7.90."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:044 náma rista

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóftir í Ávíkurdal.

Lýsingin er svona: "Ávíkurdalur. As with 4901-30, 4901-41 these structures also have a southerly exposure. However these sites are more exposed to the southerly wind from Trékyllisvík. There is also a large turf cutting area 30m to the south of this site, the area of the cutting is approx. 100*20 m. If one walks toward the river bank there similar cutting areas. Perhaps then these structures represent drying area for turf." Af uppdætti að dæma er hugsanlegt að þetta séu tvær þriggja tófta sem skráðar voru sumarið 2002 og eru númer 024 í skrá þessari.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:045 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft innarlega í Ávíkurdal. Annars er staðsetningin mjög ónákvæm.

Lýsingin frá 1990 er slitrótt og óljós: "Ávíkurdalur. Well defined stone structures ... lots of vegetation on walls ... 14.7.90."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:046 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft innarlega í Ávíkurdal, norður af Gíslabala 009. Annars er staðsetningin mjög ónákvæm.

Í lýsingu frá 1990 segir: "Ávíkurdalur Well defined turf building..... [afgangurinn ólæsilegur]." Af upprætti að dæma hefur tóftin verið einföld, snúið norðaustur-suðvestur og verið um 8 x 5 m stór.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:047 náma rista

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal, líklega 1-2 km norðvestur af Gíslabala 009. Annars er staðsetningin mjög ónákvæm.

Í lýsingu frá 1990 segir: "This structure might actually be an animal "hús". Why: 1) Some sort of doorway. 2) Its size, Its closer to a sheep house. 3) It's downhill orientation. The structure also seems older than the others (30,41,42,28,29). It has low turf walls and the veggie communities do not have as bright a green color to them."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:048 tóftir óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóftir innarlega í Ávíkurdal sem þeir töldu vera af seli. Gengið var um allan Ávíkurdal sumarið 2002 en engar tóftir sem eiga við lýsinguna voru skoðaðar. Eina selið sem vitað er um í landi Litlu-Ávíkur er nr. 010 í þessari skrá.

Í lýsingunni frá 1990 segir: "A sel site on drained plain at the confluence of two stram sheltered from wind, fair grazing about the structure. Walls about 30cm high. Higher up in the valley is a pond a turf cutting and poorer vegetation, more erosion. Sel inside Ávíkurdalur. On mountain slope to north. Slopes of mountain are east. The site is at the bottom of a bowl, the backs of the houses about (the western walls) on the bottom of the slope of a terminal moraine running n/s."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:049 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal, sennilega norðarlega. Til er teikning af henni sem kemur ekki heim og saman við neina þeirra tófta sem skoðaðar voru á svæðinu sumarið 2002.

Lýsingin frá 1990 er afar fátægleg: "One possible beitarhús. Possibly belongs to Ávík."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:050 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal, að því er virðist norðarlega, um 300 m SSV af afleggjara að Minni-Ávík. Til er teikning af henni sem kemur ekki heim og saman við neina þeirra tófta sem skoðuð var á svæðinu sumarið 2002. Var þó gengið um þetta svæði.

Í lýsingu frá 1990 segir: "Rectangular turf and stone structure. Not eroded - Walls are covered with vegetation and mossy. Seems to be an old structure. Farmer at Ávík does not know it. About 300 m ssw of the road about s-Ávík. Belongs to Ávík. NA yet another beitarhús in Ávíkurdalur says Sophie."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:051 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tvær tóftir að því er virðist vestan undir Reykjaneshyrnu. Ekki voru þær skoðaðar sumarið 2002 og ekki var gengið upp í hlíðar Reykjaneshyrnu, enda virðist það harla ólíklegur staður fyrir tóftir þar sem hún er brött að vestanverðu.

Í lýsingu frá 1990 segir: "The apparent function of these structures is not clear. However structure 2 would appear to be associated with some type of turf cutting activity."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:052 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft norður af Gíslabala (sem þeir nefna Gíslabæli). Ekki er ljóst hvort þessi tóft er ein þeirra sem skoðuð var sumarið 2002, þó hugsanlega geti þetta verið sú sem er nr. 032 í skrá þessari.

Í lýsingu frá 1990 segir: "The structure is a small set of walls built on a sw looking slope. Rising out of the mýri north of Gíslabæli. It seems to be a complex of rooms perhaps sheep house with a hay storage

area. Belongs to Gíslabæli."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:053 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft vestur af Gíslabala (sem þeir nefna Gíslabæli). Ekki er ljóst af lýsingu þeirra hvort tóftin hefur verið 350 m vestur eða austur af Gíslabala, sjá hér á eftir. Þessi tóft fannst ekki sumarið 2002.

Í lýsingunni frá 1990 segir: "A hut of simple construction sod and stone walls about 30 m tall. Gíslabæli about 350m directly west of. Gíslabæli main farm ca. 300 m east of stream. Belongs to Gíslabæli."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:054 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal en ekki er ljóst hvar.

Lýsingin frá 1990 mun að mestu ólæsileg í handriti: "Ávíkurdalur. Site on a rocky mýri" Til er teikning af tóftinni, hún virðist einföld, um 6 x 4 m og snúa með dyr í suðvestur.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:055 tóftir óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal sunnanverðum sem þeir töldu hugsanlega af seli. Gengið var um allt það svæði sumarið 2002 en engar tóftir sem passa við lýsinguna fundust. Einu tóftirnar sem nú eru þekktar sem seltóftir í landi Minni-Ávíkur hafa í þessari skrá númerið 010.

Í lýsingu frá 1990 segir: "Ávíkurdalur. Site may be a sel sort of a site. Structure B might be a house (2 rooms with a beitarhús, and possibly a very small kvíar. Walls of B stand 40cm tall, B ca. 25. A walls about 25-30 cm tall. All are of stone/turf - lots of stone available."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:056 tóft fjárhús

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft, sennilega í Ávíkurdal þótt ekki sé það alveg ljóst.

Í lýsingunni frá 1990 segir: "The structure might be one of the more recent in the valley. The turf is high and approx. 5 meters. Also the Grass communities seem even greener in the rain. Perhaps more nitrates in the soil to cause this greener color. Again it has a southern exposure, and a nice view."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:057 tóft útihús

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft, sennilega í Ávíkurdal þótt ekki sé það alveg ljóst.

Í lýsingunni frá 1990 segir: "Site located on stonier ground than others nearby. Southern exposure. Mix between more recent alchemilla ? And an older succession of climax communities." Til er teikning af rústinni sem hefur verið um 5 x 7 m og tvískipt.

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:058 tóftir óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóftir í Ávíkurdal, líklega vestur af Gíslabala 009 þótt ekki sé það alveg ljóst. Virðast þær hafa verið fjórar talsins.

Í lýsingunni frá 1990 segir: "Ávíkurdalur. Walls 25-35m tall. Structure 4901-33 a) ...turf structure some rock 14.57 inside. Walls ca. 30 cm tall. B) Small ... structure ph 5.0 inside. Walls ca. 25cm. c) Rectangular structure. Ph.5.8 inside. Walls 30 cm tall. Wall across the middle – 2 rooms. d) Rectangular structure – ph 5.9 inside. Walls 25cm tall. 13.7.90."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

ST-011:059 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skráðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft í Ávíkurdal og töldu hana tilheyra eyðibýlinu Gíslabala 009. Ekki er ljóst hvar tóftin var eða hvort hún var skoðuð aftur sumarið 2002, lýsingar þeirra Hunter College manna eru of fáorðar til að unnt sé að skera úr um það.

Í lýsingunni frá 1990 segir eingöngu: "Structure might belong to the abandoned farm at Gíslabæli. 9.7.90."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

Stóra-Ávík

ST-012:401 tóft óþekkt

Sumarið 1990 skoðuðu fornleifafræðingar frá Hunter College, New York, tóft á Ávíkurdal, í eða undir hlíðum Finnbogastaðafjalls. Tóft þessi var ekki skoðuð aftur sumarið 2002.

Lýsingin frá 1990 er svona: "In Ávíkurdalur. The site is on a dry hill on a wet east-facing slope, under Finnbogastaðafjall. The structure is somewhat indistinct as there have been many frost ... and reworking of hummocky ground by slope's feet. (Probably belongs to Finnbogastaðir). 10.7.90 [According to the description the mountain Finnbogastaðafjall has east facing slopes in Ávíkurdalur and that side of the mountain belongs to Stóra Ávík. Red March 2002]."

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

Bær

ST-014:029 garðlag heygarður

Situated about 200m of 4901-55 (Dalkot) very clear on the surface in the boggy slope. The ruin is probably not very old and very 'Hammocky'. In Árnesdalur. 27.07.90. Fannst ekki við skráningu í júlí 2002.

Sjá 005

Heimildir: Fornleifaskrá Hunter College, Zooarchaeology Laboratory.

